

Milli mála

Milli mála

Tímarit um erlend
tungumál og menningu

Sérhefti:
ORDASAMBANDAFRÆÐI
18. árgangur

Gestaritstjórar
Erla Erlendsdóttir
Oddný G. Sverrisdóttir

Aðalritstjórar
Geir Þórarinn Þórarinsson
Þórhildur Oddsdóttir



STOFNUN
VIGDÍÐAR FINNBOGADÓTTUR
I ERLENDUM TUNGUMÁLUM

*Styrktarsjóði SVF er þakkaður
stuðningur við útgáfu tímaritsins*

*Milli mála er ritrýnt tímarit
og er ritrýnum þakkað þeirra framlag*

Reykjavík 2025

© Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og höfundar/þýðendur efnis.

Umbrot: Valgerður Jónasdóttir
Hönnun kápu: Ragnar Helgi Ólafsson
Aðlögun kápu: Valgerður Jónasdóttir

DOI: 10.33112/millimala.17.1

Efni

Frá ritstjórum	7
<i>Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir</i> Orðasambandafræði fyrr og nú	9
<i>Oddný G. Sverrisdóttir</i> Orð til taks. Af eiginleikum og flokkum fastra orðasambanda	36
<i>Dmitrij Dobrovol'skij og Elisabeth Pürainen</i> Falsvinir í venjubundnu myndmáli	60
<i>Guðrún Kvaran</i> Nokkur íslensk orðtök.....	83
<i>Anður Hauksdóttir</i> Orðtök og samskiptafrasar í dönsku og dönskunámi ..	108
<i>Erla Hallsteinsdóttir</i> Föst orðasambönd í tungumálakennslu	133
<i>Rósa Elín Davíðsdóttir</i> Orðasambönd í tvímála orðabók milli íslensku og frönsku	156
<i>Nuria Frías Jiménez</i> Orðastæður í tungumálakennslu og námi	175
<i>Azucena Penas Ibáñez og Erla Erlendsdóttir</i> Með hjartað í lúkunum eða buxunum. Um myndhvörf í spænskum og íslenskum orðasamböndum	201

Höfundar, þýðendur og ritstjórar.	234
--	-----

Frá ritstjórum

Notkun orðasambanda í ræðu og riti auðga tunguna og gera hana blæbrigðaríka og kjarnmikla. Að undanfögnu hafa sjónir beinst æ meir að því sviði málvísinda sem lúta að (föstum) orðasamböndum og er óhætt að fullyrða að mikil gróska hafi verið í rannsóknum fræðimanna um eiginleika, formgerðir, myndmál og flokkun fastra orðasambanda, gildi þeirra sem hluta af orðaforða tungumálsins, sem og mikilvægi í kennslu og námi erlendra tungumála. Föst orðasambönd eru tvö eða fleiri orð sem standa saman og mynda merkingarbæra heild. Mörg eru notuð í málsamfélaginu líkt og um eitt orð væri að ræða, og oft eru þau í yfirfærðri merkingu. Sem dæmi má nefna *leggjast undir feld* í merkingunni ‚íhuga lausn á vandamáli í einrúmi‘, *bitta naglann á höfuðið* ‚hafa á réttu að standa‘, og *bata gráu ofan á svart* ‚gera illt verra‘.

Frá árinu 2022 er Rannsóknastofa í orðasambandafræði (RÍÓ) starfrækt við Háskóla Íslands. Hún heyrir undir Hugvísindasvið og starfar innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Rannsóknastofan er vettvangur fyrir fræðimenn og áhugafólk um orðasambandafræði. Markmið hennar eru meðal annars að vera vettvangur fyrir rannsóknir á sviði orðasambandafræði og beita sér fyrir útgáfu efnis um fræðin.

Með það fyrir augum að kynna þetta rannsóknarsvið nánar og gera grein fyrir helstu rannsóknum undanfarnna ára var ákveðið að helga sérhefti *Milli mála* 2025 þessu fræðasviði. Í heftinu sem hér kemur fyrir augu lesenda er fjallað um orðasambandafræði frá ýmsum hliðum. Nefna má umfjöllun um kenningar sem lúta að eiginleikum orðasambanda, flokkun og gerð þeirra, kennslu orðasambanda og orðasambönd í einmála og tvímála orðabókum sem og í þýðingum. Í fyrstu grein heftisins er farið vítt og breitt um

sögu fræðigreinarinnar fyrr og nú. Í kjölfarið fjallar Oddný G. Sverrisdóttir um helstu gerðir orðasambanda og flokkun þeirra. Í umfjöllun sinni gera Dmitrij Dobrovol'skij og Elisabeth Piirainen grein fyrir fyrirbæri sem kalla mætti falsvini (e. *false friends*) en orðasambönd geta reynst þýðendum óþægur ljár í þúfu og ekki óalgengt að þeim verði á í messunni þegar föst orðasambönd eru þýdd á milli tungumála. Sigrún Á. Eiríksdóttir þýddi greinina með góðfúslegu leyfi höfunda. Guðrún Kvaran segir frá uppruna og sögu valinna orðtaka í íslensku. Samskiptaformúlur og orðtök í dönsku og íslensku er umfjöllunarefnið í grein Auðar Hauksdóttur. Erla Hallsteinsdóttir fjallar um kennslu orðasambanda og aðferðir og kenningar þar að lútandi. Rósa Elín Davíðsdóttir beinir hins vegar sjónum að orðasamböndum í orðabókum og segir frá aðferð við að finna jafnheiti orðasambanda á milli íslensku og frönsku og Nuria Frías Jiménez segir frá samanburðarrannsókn sinni á orðastæðum í íslensku og spænsku. Í lokin er grein eftir Azucena Penas Ibáñez og Erlu Erlendsdóttur þar sem aðferð hugrænna fræða er beitt við samanburð á orðasamböndum milli mála; hér beinast augu að íslensku og spænsku.

Ritstjórar þakka höfundum, þýðendum, ritrýnum, prófarkalesara, ritstjórum ritraðarinnar og umbrotsmanni fyrir einstaklega gott samstarf við gerð tímaritsins. Jafnframt er Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum þakkað fyrir ómetanlegan stuðning við útgáfu heftisins.

Erla Erlendsdóttir
Oddný G. Sverrisdóttir


Orðasambandafræði fyrr og nú

1. Orðasambandafræði fyrr á tímum


Sem fræðigrein á orðasambandafræði sér ekki langa sögu. Upphaf hennar má rekja til 20. aldar. Söfnun málshátta, spakmæla og orðasambanda af ýmsu tagi á sér hins vegar ívið lengri sögu. Frá fyrri tíð hafa varðveist orðasambanda- og málsháttasöfn í handritum og í gömlum bókum. Verk af þessu tagi finnast víða í Evrópu og á ýmsum tungumálum. Eitt elsta varðveitta málsháttasafn er hið latneska kvæðasafn *Disticha Catonis* sem er talið vera frá 3. öld e.Kr. (Guðrún Brjánsdóttir 2024, 309). Þetta safn var þýtt á ýmis tungumál, m.a. íslensku en fjórar þýðingar hafa varðveist hér á landi. Sú fyrsta er *Hugvinnsmál* frá 13. öld og þrjár þýðingar eru frá 17. öld (Guðrún Brjánsdóttir 2024, 310).

1.1 Norðurlönd

Málsháttakvæði er með elstu málsháttasöfnum sem hafa varðveist á Norðurlöndum. Það er að finna aftast í *Konungsbók Snorra-Eddu* frá 1325 (Gunnar Skarphéðinsson 2004). Það hefur að geyma rúmlega 100 málshætti.



GKS 2367 4to – Málsháttakvæði.



Ordsprog (14. öld) eftir Peder Låle.

Annað dæmi um verk af þessu tagi í norrænum heimi er *Ordsprog* eftir Peder Låle sem í grunninn er frá um 1350. Þar eru um 1200 setningar á latínu ásamt danskri þýðingu þeirra. Hér koma fyrir mörg elstu orðasambönd og orðatiltæki í danskri tungu og þá eru einnig mörg þeirra samnorræn. Safnið er talið hið elsta í norrænum heimi, fyrir utan áður nefnt *Málsháttakvæði*.

Á ofanverðri 17. öld sendi Peder Syv (1631–1702) frá sér tveggja binda verk titlað *Almindelige danske Ordsprog*. Þar má finna marga af þeim málsháttum sem koma fyrir í verki Peders Låle. Málsháttasafn hans var þýtt á sænsku snemma á 15. öld en í sænsku útgáfu verksins eru um 1100 málshættir og orðasambönd. Á 17. öld litu nokkur verk dagsins ljós í Svíþjóð, til að mynda safn sem sumir eigna fornfræðingnum og málvísindamanninum Johan Bure (1568–1652), og sem kom út árið 1604 (Kock og Petersens 1894; Ström og Elgström 1926); í því eru í kringum 1300 málshættir og orðasambönd. Um miðja 17. öld sendi Christopher Larson Grubb (1594–1681), málvísindamaður og varalandshöfðingi í Kalmar, frá sér stórverkið *Pennu proverbiale Dhet är: Ett ymnigt förråd aff allehanda Gambla och Nyja Svenska Ordseeder och Lährespråk [...]* (1655) með tæplega 4000 málsháttum. Það var endurútféð aukið og endurbætt árið 1677–1678. Málsháttunum í safninu viðaði höfundur að sér úr ýmsum áttum, innanlands sem utan, og við hverja flettu má lesa útskýringar skrásetjarans (Sköldberg 2010). Mörg

málsháttasöfn bættust við á næstu öldum og hið sama var uppi á teningnum í Danmörku. Þar kom verk Peders Låle út á prenti árið 1506 og aftur 1508; síðar 1515 og Hans Hansen Skonnig prentari í Árósum gaf það út á ný árið 1626. Á fyrri hluta 17. aldar var máls-háttasafn Hans Thomesen (1532–1573) *Ordsprog* gefið út og einnig *Farrago* sem Poul Enevoldsen (1557–1643) tók saman árið 1607. Talið er að Hans Chr. Sthen (1544–1610) hafi sett saman *Problemata et Proverbia moralia* sem var prentað og gefið út árið 1611 og á ný árið 1624. Frá árinu 1633 er *Proverbes* eftir Daniel Matras (1598–1689) en það var trúlega sett saman með það fyrir augum að nota í tungu-málakennslu og -námi. Í safninu eru málshættir á frönsku, dönsku, ítölsku og þýsku, yfir 1170 talsins. Iver Hansen (1609–1684), sóknarprestur í Korsør, setti saman málsháttasafn upp úr 1652 með um 2200 málsháttum og orðasamböndum. Önnur smærri málsháttasöfn voru gefin út á öldinni en án efa er áður nefnt safnrit Peders Syv hvað merkilegast (Korvenius Jørgensen 2020; Karker 1982–1983; Pedersen 2020). Málsháttahefti Eriks Pontoppidan (1698–1764) kom út árið 1739 með titlinum *Onde Ordsprog, som for-dærver Gode Sæder, igiendrevne af Guds Ord* og var endurútgefið 1833 og 1838. Prestar og aðrir kirkjunnar menn nýttu sér málshætti af trúarlegum toga til áherslu í predikunum sínum og var safnrit Pontoppidans kærkomin viðbót. Árið 1845 kom út *Danske Ordsprog og Mundheld* eftir danska prestinn, ljóðskáldið og stjórnmálamanninn N. F. S. Grundtvig (1783–1872). Í safnritinu eru rúmlega 3000 málshættir og orðasambönd af ýmsum toga. Grundtvig segist hafa stuðst við *Møenske Mundheld* frá 1735 þegar hann setti eigið safn saman en einnig leitaði hann fanga í málsháttasöfn Peders Låle og Peders Syv, ásamt *Den danske Rimkronike* frá 1495 (Ravn 2017). Á 19. öld birtust allmörg málsháttasöfn í Danmörku, meðal annars kom eitt stærsta málsháttasafn landsins út á síðari hluta aldarinnar. Þar má finna rúmlega 10.000 málshætti sem Evald Tang Kristensen (1843–1929) hafði viðað að sér úr ýmsum áttum (Ravn 2017).

Yfirlit yfir helstu íslensku málsháttasöfnin er að finna í verki Jóns G. Friðjónssonar *Orð að sönnu. Íslenskir málshættir og orðskeviðir* (2014). Jón nefnir í inngangi að bók sinni að af um 1140 máls-háttum í safnriti Peders Låle sé að finna „656 samsvaranir á ís-lensku og í íslenskum málsháttasöfnum“ (2014, xiii) og að íslenskir


málshættir í safni Peders Syv frá 17. öld séu 445 en í verkinu eru samtals um 11.300 orðasambönd og málshættir (xiv). Þá nefnir hann *Orðskviðaklasa*, mikilvæga heimild um íslenska málshætti. Kvæðið er eignað prestinum og sálmaskáldinu Hallgrími Péturssyni (1614–1674) en þar eru um 300 orðskviðir eða málshættir. Annað merkilegt safn er eftir Jón Rúgmann (1636–1679) fornfræðing í Svíþjóð. Hann setti saman tvö málsháttahefti. Í þeim eru hátt í 500 „sjálfstæðar setningar“, mestmegnis málshættir, orðskviðir og fleyg orð (xv). Annað safnrit frá þessum tíma tók saman Guðmundur Ólafsson (1652–1695) sem einnig starfaði sem fornfræðingur í Svíþjóð. Í safni hans eru um 3900 orðasambönd, þar af eru um helmingur málshættir (xvi). Allmarga málshætti og orðasambönd virðist Guðmundur hafa sótt í fyrrnefnt rit Peders Låle. Frá 18. öld er hið svokallaða stöfunarbarn séra Gunnars Pálssonar (1714–1791). Það hefur að geyma samtals 234 málshætti (xvii). Árið 1830 kom út orðskviðasafn séra Guðmundar Jónssonar, sem er allstórt að sniðum og telur um 10.000 málshætti og orðskviði. Ljóst þykir að Guðmundur hafi leitað fanga í rit Peders Låle. Það hefur Hallgrímur Scheving (1781–1861) einnig gert fyrir safnrit sín frá árunum 1834 og 1847. Önnur söfn eru Almanak Þjóðvinafélagsins sem birti 371 málshátt á árunum frá 1903 til 1907, málsháttasafn Finns Jónssonar (1858–1934) með um 6000 málsháttum en efnið var sótt í ýmsar heimildir og áður nefnd safnrit. Árið 1966 kom út verkið *Íslenskir málshættir* eftir Bjarna Vilhjálmsson og Óskar Halldórsson sem í eru um 7.400 málshættir. Að lokum nefnir Jón G. Friðjónsson nokkur minni safnrit frá 20. öld, meðal annars safn Guðrúnar Björnsdóttur frá Kornsa sem ekki er stórt í sniðum en þar er að finna „fjölmarga málshætti og málsháttarafbrigði sem ekki eru kunn úr öðrum heimildum“ (xxiv). Síðast en ekki síst skal nefna rit Jóns sem kom út árið 2014. Þar er á ferðinni sannur fjársjóður um tilurð, merkingu og sögu málshátta og orðskviða í íslensku.

1.2 Þýskur málheimur

Í þýskum málheimi hafa varðveist málshátta- og orðasambandalistar á latínu frá fyrri tímum. Nefna má safnritið *Fecunda Ratis* eftir Egbert von Lüttich (972–eftir 1023) sem er frá 11. öld. Í safninu

eru hátt í eitt þúsund málshættir sem flestir eru úr Biblíunni og öðrum trúarritum ásamt málsháttum úr safni Katós (Voigt 1889; Seiler 1922). Önnur merkileg safnrit frá sama tíma er *Proverbia Wiponis* og *Otloths liber proverbiorum*. Frá byrjun 12. aldar er safnið *Scheftlarn* með um annað hundrað málshætti. Þá má nefna *Proverbia Heinrici* sem varðveist hefur í handritum frá 12. og 13. öld. Fjöldi málshátta er misjafn eftir handriti eða frá 16 og upp í 106 (Seiler 1922). *Florilegium Gottingense* er talið vera frá 14. öld en í handritinu stendur ártalið 1366. Þar koma fyrir um 350 málshættir og orðasambönd í texta í bundnu máli. Efnið hefur höfundur sótt í eldri safnrit, eins og t.d. Kató, en einnig koma málshættir fyrir sem virðast vera samtímaefni (Seiler 1922; Kock og Petersen 1889–1894). Á 15. öld verða nokkur safnrit til, m.a. *Münchener Sprüche*. Þar má finna tæplega 50 málshætti á þýsku með latneskri þýðingu í bundnu máli. Vafalaust hefur höfundur viðað að sér efni úr eldri safnritum. Seiler (1922) telur að hér sé um skólabók latínunema að ræða. Þýski húmanistinn Heinrich Bebel (1472–1518) tók saman málshátta- og orðasambandarit titlað *Proverbia Germanica* sem kom út í Strassborg árið 1508. Í safnritinu eru um 600 málshættir og orðasambönd ásamt skýringum og með latneskri þýðingu eins og undirtitill verksins vitnar um: *Collecta atque in latinum traducta per Henricum Bebelium*. Safnið var endurútgefið ári síðar og enn á ný árið 1512 og 1514 í Strassborg. Árin 1541 og 1554 kom það út á nýjan leik í París (Reuvekamp 2008; Seiler 1922). Fyrsta þýska málshátta-safnið titlað *Drey hundred Gemeyner Sprichwörter, der wir Deutschen vns gebrauchen, vnd doch nicht wissen woher sie kommen* kom út árið 1529 en saman tók Johann Agricola (1492–1566). Í safninu eru um 300 málshættir og orðasambönd. Annað bindið kom út 1530 með um 450 málsháttum. Fjórum árum síðar kom út bindi með málsháttum úr báðum verkum Agricola og urðu þeir samtals 750 eins og fram kemur í titli verksins: *Sybenhundert und fünffzig teütscher Sprichwörter, verneüwert und gebessert* (Seiler 1922). Presturinn og predikarinn Sebastian Franck (1499–1542) sendi frá sér safnritið *Sprichwörter, Schöne, Weise Klugreden : Darinnen Teutscher unnd anderer Spraachenn Höflichkeit, Zier, Höhste Vernunft und Klugheit, Was auch zu Ewiger unnd zeitlicher Weißheit, Tugent, Kunst und Wesen dienet, gespürt und begriffen. Von Alten und Newen beschriben, In ettliche Tausennt zusammen bracht* árið

1541. Hann sækir málshætti og orðasambönd í verk Bebel's og Agricola, Erasmusar frá Rotterdam og Seneca svo helstu heimildir hans séu nefndar. Orðasamböndunum fylgir þýðing á latínu og síðan útskýring á þýsku (Seiler 1922).



Síður úr safnriti Sebastian's Franck, *Sprichwörter, Schöne, Weise Klugreden : Darinnen Teutscher unnd anderer Sprachenn Höflichkeit, Zier, Höbste Vernunft und Klugheit, Was auch zu Ewiger unnd zeitlicher Weißheit, Tugend, Kunst und Wesen dienet, gespürt und begriffen. Von Alten und Newen beschriben, In etliche Tausennt zusammen bracht* (1541).

Þess má geta að meðal elstu orðasambanda- og málsháttabóka á þýsku málsvæði eru tví- eða þrímálasöfn þar sem þýtt er úr latínu og grísku yfir á þýsku. Frá 1556 er verkið *Dictionarium Latino-germanicum* eftir Johannes Frisius (1520–1564) og *Lexicon trilingue* eftir David Schelling og Helfrich Emmel er frá 1586 (Müller 2001).

Á 17. öld verða ákveðin vatnaskil í gerð og útgáfu málshátta- og orðasambandasafna í þýskum málheimi. Safnritin verða stærri að umfangi og fleiri koma út. Hér má nefna fyrstan M. Friedrich Peters, eða Petri (1549–1617), sem sendi frá sér málsháttasafn, *Der Teutschen Weissheit*, í þremur hlutum á árunum 1604 og 1605 með tæplega 22.000 málsháttum og orðasamböndum. Flest lúta þau á einn eða annan hátt að kristinni trú og siðbætandi líferni (Seiler 1922). Þá má nefna verk Georgs Henisch (1549–1618), *Teutsche*

Sprach vnd Weisheit. Thesaurus Linguae et Sapientiae Germanicae, in quo vocabula omnia Germanica cum suis Synonymis, derivatis, proverbiiis continentur, sem kom út í Ágsborg árið 1616. Og annað merkilegt safnrit er eftir Christoph Lehmann (1568–1638) sem ber heitið *Florilegium Politicum oder politischer Blumengarten, darin auserlesene politische Sentenz, Lehren, Regula und Sprichwörter aus Jurisconsultis, Politicis, Historicis, Philosophis, Poeten und eigener Erfahrung unter 286 Titeln in locos communes zusammengetragen*. Það kom út í Frankfurt árið 1630 og var endurprentað og endurútgefið nokkrum sinnum á öldinni. Til að mynda var það endurútgefið í 4 bindum í Frankfurt árið 1662. Í safninu eru 22.922 málshættir, orðasambönd, spakmæli, orðatiltæki og útskýringar, m.m. (Seiler 1922). Á upplýsingaröldinni var lögð áhersla á að predika dygðugt líferni og ráðvendni og bera mörg málsháttasöfn þess merki að orðasambönd væru tilvalin til slíkrar útbreiðslu. Frá fyrri hluta 18. aldar er *Gemeyne Außlegung Teutscher Sprichwörter*. Þar fylgir hverjum málshætti stutt útskýring en málshættir eru í stafrófsröð. Efni í safnritið virðist að mestu leyti fengið úr verki Agricola (1529). Árið 1797 kom út í Nürnberg verk Andreasar Schellhorn (1761–1845) *Teutsche Sprichwörter, sprichwörtliche Redensarten und Denksprüche, gesammelt und mit den nötigsten Erklärungen begleitet* (Seiler 1922). Þegar litið er til 19. aldar standa upp úr verk Wilhelms Körte (1776–1846), *Die Sprichwörter und sprichwörtlichen Redensarten der Deutschen*, sem kom út í Leipzig árið 1837 og safnrit Karls Simrock (1802–1876), *Die deutschen Sprichwörter*, sem var gefið út í Frankfurt árið 1846. Í síðastnefnda ritinu eru rúmlega 12.000 málshættir og orðasambönd en engar skýringar fylgja (Seiler 1922). Árið 1836 kom út ritið *Das Sprichwort, betrachtet nach Form u. Wesen, für Schule* eftir Karl Friedhelm Wilhelm Wander, sem safnað hafði málsháttum um árabil. Fræðimaðurinn Klaus Dieter Pilz segir hann vera upphafsmann fræðilegrar málsháttafræði (þ. *Parömiologie*), en þann heiður hafði Samuel Singer áður eignað Friedrich Seiler. 1867–1880 kom út fimm binda verk eftir Wanderer, *Deutsches Sprichwörter-Lexikon*, eitt hið umfangsmesta á þýsku, en þar koma fyrir 250.000 málshættir, nú talið ómissandi verk á sviði málsháttafræða. Rit þeirra Idu von Düringsfeld og Otto, Freiherrn von Reinsberg-Düringsfeld, *Sprichwörter der germanischen und romanischen Sprachen* frá 1872 leggur síðan grunn að samanburðarrannsóknunum í


málsháttarfræðum. Á síðustu öld voru gefin út nokkur málsháttasöfn en flest þeirra byggjast á ritsöfnum frá fyrri tíð.

1.3 Bretlandseyjar

Eins og víðar í Evrópu hafa á Bretlandseyjum verið smíðuð máls- háttar- og orðasambandasöfn, eða erlend safnrit verið þýdd á ensku, allt frá miðöldum til dagsins í dag. Elstu söfnin eru í handritum frá 11., 12. og 13. öld. Hér má til að mynda nefna *Durham Proverbs*, handrit sem hefur að geyma 46 málshætti og orðasambönd á engil- saxnesku ásamt latneskri þýðingu þeirra (Arngart 1981). Annað þekkt safnrit er *The Proverbs of Alfred* frá miðri 12. öld (Penncock 1970; Deskis 2014, 2017). Þá má einnig geta *Proverbs of Hendyng*, málsháttakvæðis sem hefur varðveist í þremur handritum frá um 1250 og 1325 en brot af kvæðinu er að finna í öðrum sjö handritum (Caluwé-Dor 1984; Cameron 1998). Fræðimenn telja að kvæðið sé að hluta til þýðing á sambærilegu safni frá Frakklandi, það er *Proverbes au vilain*, og jafnvel að stuðst hafi verið við annað franskt safnrit: *Proverbes au conte de Bretagne* (Caluwé-Dor 1984). Hin svo- kölluðu *Lydgate Proverbs* voru tekin saman af munkinum og skáldinu John Lydgate (c1370–c1451) á 15. öld (Schieberle 2014). Árið 1477 gaf William Caxton (c1422–c1491) út þýðingu Anthonys Woodwill (1440–1483) á arabískum málsháttum og spakmælum, verk sem fékk enska titilinn *The Dictes and Sayings of the Philosophers*. Talið er að hann hafi stuðst við franska þýðingu sem aftur á móti hafði fylgt spænsku þýðingu textans *Los bocados de oro*, texti sem upphaflega var þýddur úr arabísku á tímum Alfonsos 10. hins fróða, eða um miðja 13. öld. Fyrsta málsháttasafn alfarið á enskri tungu er talið vera frá 1546 en þá kom út í Lundúnum safnrit Johns Heywood (1497?–1580) *A dialogue conteynyng the nomber in effect of all the prouerbes in the englishe tongue compacte in a matter concernyng two maner of mariages, made and set forth by Iohn Heywood*. Heywood var leikritahöfundur, skáld og málsháttasafnari.

Málsháttalisti Williams Camden (1551–1623) með um 335 máls- háttum og orðasamböndum birtist fyrst í orðabók Gruters árið 1611. Skömmu síðar, eða árið 1614, gaf Camden út verk sitt *Remains concerning Britain* og þar birtist sami listi. Í útgáfunni frá

1614 hafði hann bætt við 54 málsháttum og spakyrðum og í útgáfunni frá 1623 bættust 182 á listann. Aðalheimild Camdens var safnrit Heywoods frá 1546 (Dunn 1986). Þá má geta þess að árið 1622 kom út skoskt safnrit með titlinum *Adagia in Latine and English contayning five hundreth proverbes*. Hér er um þýðingu á málsháttasafni Erasmusar frá Rotterdam frá byrjun 16. aldar að ræða en ekki er vitað hver þýddi yfir á ensku. Önnur mikilvæg safnrit eru *Handbook of Proverbs* sem John Ray (1627–1705) gaf út árið 1670 og skömmu síðar, árið 1678, kom sama verkið út aukið og endurbætt með titlinum *A collection of English proverbs digested into a convenient method for the speedy finding any one upon occasion : with short annotations: whereunto are added local proverbs with their explications, old proverbial rhythmes, less known or exotick proverbial sentences, and Scottish proverbs* (Skeat 1919). Á 18. öld voru gefin út nokkur ensk málsháttasöfn en einnig var á ýmsum landsvæðum safnað saman málsháttum og spakmælum eins og til dæmis í verkinu *A complete Collection of Scottish Proverbs* eftir James Kelly sem kom út árið 1721. Þegar horft er til 19. aldar þá er helsta safnritið *A Handbook of Proverbs* eftir Henry Georg Bohn (1796–1884) frá árinu 1855. Árið 1870 gaf Ebenezer Cobham Brewer (1810–1897) út verk sitt sem hann titlaði *Brewer's Dictionary of Phrase and Fable*. Nokkrum áratugum síðar (1895) var það gefið úr á nýjan leik endurskoðað og aukið (Mieder 2004). Mörg af eldri málshátta- og orðasambandasöfnum hafa verið endurútgefin á 20. og 21. öld.



Síða úr *A dialogue conteynyng the number in effect of all the proverbes in the englishe tongue compacte in a matter concerning two maner of mariages, made and set forth by Iohn Heywood (1546).*

1.4 Frakkland

Um 30 lengri eða styttri frönsk málsháttasöfn eru varðveitt í handritum frá 13., 14. og 15. öld (Morawski 1922). Í mörgum

tilvikum er um þýðingar úr fornfrönsku yfir á latínu að ræða og ósjaldan eru þetta glósur eða verkefnabækur skólapilta. Þá tengjast sum málsháttasöfn Biblíunni og öðrum trúartextum sem klerkar eða aðrir kirkjunnar menn tóku saman í ýmsum tilgangi. Málshættir í öðrum safnritum enduróma boðskap um siðferði og sómasamlega hegðun. Sem dæmi um þennan fjársjóð má nefna *Cabier d'un écolier d'Arbois*. Hér er á ferðinni glósubók skólapilts sem er talin vera frá byrjun 14. aldar. Í handritinu eru 65 málshættir ásamt latneskri þýðingu þeirra og skýringum (Robert 1873). Annað merkt safnrit frá þessum tíma er *Livret du maître Serlon de Wilton* með 62 málsháttum á engilnormönnsku og latneskri þýðingu þeirra. *Proverbia rusticorum mirabiliter versificata* hefur að geyma 269 málshætti sem eru margir franskir að uppruna og í safninu fylgir þeim latnesk þýðing. Þá skal geta einmála safnrita þar sem málshættir eru á fornfrönsku eða frönsku. Textinn í mörgum ritanna eru í bundnu máli, og segja má að hér séu á ferðinni einskonar málsháttakvæði. Eitt elsta safnrit þessarar tegundar er *Proverbes au vilain* sem er talið sett saman á árunum 1174 til 1181. Annað safnrit með svipuðu sniði er frá fyrri helmingi 13. aldar og ber heitið *Proverbes au comte de Bretagne*. Í nokkrum málsháttaritum frá 14. og 15. öld eru mislangir listar með málsháttum og orðasamböndum. Þar má nefna *Rawlinson* handritið sem inniheldur 248 málshætti. Í verkum þýðandans og skrifarans Jean Miélot (c1420–1472) er listi með um 351 málshátt, og í nafnlausu safni frá sama tíma eru þeir tæplega 500. Sumir málsháttanna í þessum ritum endurspeгла líf og störf fólks til sveita, aðrir snúast um aðalinn, yfirstéttina og hið daglega líf þeirra í þéttbýli (Morawski 1922; Robert 1873). Næstu aldir bættust allmörg málsháttasöfn við. Árið 1577 kom út í Lyon safnrit Gabriels Meurier, *Tresor de sentences dorees, dicts, Prouerbs & Dictions communs, réduit selon l'ordre alphabetic*. Árið 1582 var það endurútgefið í París sem bendir til mikils áhuga meðal menntamanna þessa tíma (Meurier 1577, 1582). Vert er að nefna að upp úr miðri 17. öld sendi Jacques Lagniet (1600–1675) frá sér myndskreytt málsháttasafn, *Les Plus Illustres Proverbes* (1657), í þremur hlutum. Fyrsti hluti inniheldur málshætti og orðasambönd sem lúta að siðavendni og góðu líferni. Annar hluti geymir málshætti sem lýsa ys og þys í lífsins glaumi, og þriðji og síðasti hlutinn eru málshættir

sem varða líf og tungutak utangarðsfólks (Villers 2011). Teikningarnar sem fylgja málsháttunum eru skoplegar og óhætt er að segja að þær séu einskonar háðsádeila.



Teikning úr *Les Plus Illustres Proverbes* (1657) eftir J. Lagniet.

Ef litið er til 18. aldar má nefna nokkur athyglisverð málsháttasöfn sem voru gefin út, eins og til að mynda *Dictionnaire comique satirique critique burlesque libre et proverbial* sem kom út í tveimur bindum árið 1718. Höfundur þess er Philibert Joseph Le Roux (1718–1786). Verkið skipar ákveðinn sess í orðabókaflóru landsins einkum vegna vals á orðaforða í verkið, hvort sem um orð eða orðasambönd var að ræða. Með efnisvali sínu leitaðist Le Roux við að endurspegla málsmáfélagið á sínum tíma og ber málsnið orðaforðans í bókinni því vitni. Þar er að finna blótsyrði, orðfæri alþýðunnar, óformlegt orðfæri utangarðsfólks, formælingar, bölv og ragn ásamt


hástemmdu orðafari hástéttarfólks, rithöfunda og skálda. Verkið var endurprentað nokkrum sinnum á öldinni, síðast árið 1787 þrátt fyrir ritskoðun yfirlvalda (Mésangère 1821). Árið 1748 gaf rithöfundurinn og bóksalinn André-Joseph Panckoucke (1703–1753) út málsháttasafnið *Dictionnaire des proverbes françois et des façons de parler comiques*, þar sem málshættir og orðasambönd eru útskýrð og gerð er grein fyrir tilurð þeirra og uppruna (Mésangère 1821). Á 19. öld voru allmörg málsháttasöfn gefin út. Meðal annarra má nefna málsháttasafn kennarans og útgefandans Pierre de La Mésangère (1761–1831), titlað *Dictionnaire des proverbes français*. Það kom fyrst út í París árið 1821 en var fljótlega endurútgefið og kom til dæmis út á ný 1823. Mésangère leitaði í fjölmörg eldri safnrit og málsháttabækur til að víða að sér efni í bók sína eins og málsháttafræðingar gerðu alla jafna fyrr og nú. Hann gerir grein fyrir helstu heimildum sínum í greinargóðum inngangi að verkinu. Í safnritinu, sem er yfir 700 blaðsíður, útskýrir hann merkingu málsháttanna og oft-sinnis nefnir hann uppruna þeirra (Mésangère 1821). Verk Antoine Le Roux de Lincy (1806–1869) bóksala og fræðimanns, *Le Livre des proverbes français*, kom út í París árið 1842. Önnur útgáfa fylgdi árið 1859 og var hún síðar endurútgefin í Genf árið 1968 (Mésangère 1821). 1886 birtist safnritið *Nos vieux proverbes* eftir franska orðabókarmanninn og bóksalann Lorédan Larchey (1831–1902). Hér er á ferðinni verk sem hefur verið margsinns endurútgefið og allt fram á okkar daga.

1.5 Ítalskur málheimur

Á Ítalíu hefur verið gefinn út fjöldi málshátta- og orðasambandasafna í tímans rás hvort sem er á latínu, alþýðulatinu eða á hinum mismunandi mállyskum landsins. Á miðöldum var *Disticha Catonis* ein af handbókum skólapilta ekki einungis á Ítalíu heldur víða um álfuna, eins og áður sagði. Kverið var á latínu og þýtt á alþýðulatinu, eða alþýðumál, og að efni til málshættir þar sem settur var fram margvíslegur siðaboðskapur. Meginhlutverk verksins var að styðja við latínulærdóm skólapilta í landinu (Roberto 2014). Annað verk frá þessum tíma er feneysk-þýsk orðabók eftir Georg von Nürnberg sem kom út árið 1423. Í henni er orðasambandasafn á milli mál-

afbrigðisins sem var talað í Feneyjum á öldinni og þýsku (Autelli 2022). Lengri eða styttri málsháttasöfn sáu dagsins ljós á 16. og 17. öld. Má sem dæmi nefna verk á hinum ýmsu mállyskum eins og *Delle phrasi toscane* frá 1566 eftir Giovanni S. Montemerlo (1515–1572) þar sem koma fyrir ýmsir málshættir á latínu og toskönsku, ásamt orðtökum, orðastæðum og samskiptaformúlum sem á einn eða annan hátt tengjast kristinni trú eða Biblíunni.

Frá 1555 er *Tutte le Orationi d'Isocrate orator Atheniense; tradotte in lingua italiana da M. Pietro Carrario dottor Padouano* eða ræður gríska mælskufræðingsins Ísókratesar (4. öld) í ítalskri þýðingu. Þar bregður fyrir málsháttum og orðasamböndum sem gott var að hafa tök á þegar reyndi á mælskulist málhafa. Frá 1604 er *Flos Italicae linguae* eftir klerkinn og fræðimanninn Angelo Monosini (1568–1626). Í verkinu er safn innlendra málsháttar og orðasambanda og gerður er samanburður á þeim ítölsku annars vegar og grísku og latnesku hins vegar (Autelli 2022). Þegar kemur fram á 17. öld ber hæst á þessu sviði annars vegar ítölsk-þýsk og hins vegar þýsk-ítölsk orðabók kennarans Matthiasar Kramer, verk sem komu út á árunum 1676, 1678 og endurútgefin um aldamótin 1700 og á 18. öld. Í orðsgreinum orðabókanna koma fyrst fyrir jafngildi orðsins sem um ræðir og í framhaldinu koma orðasambönd ásamt merkingarskýringu. Þar má m.a. finna orðastæður og orðapör (Autelli 2021). Eins og víðar í Evrópu þá varð einskonar sprenging í útgáfu orðasambandabóka í landinu á 19. öld, einkum eftir sameiningu landsins. Má vera að tilgangur útgáfnanna hafi verið að styðja við og styrkja það afbrigði tungumálsins sem var valið sem opinbert mál landsins. Þess má geta að flest málsháttar- og orðasambandasöfn voru sett saman og gefin út til að nota í kennslu erlendra tungumála og



Síða úr *Delle phrasi toscane* frá 1566 eftir Giovanni S. Montemerlo.

einnig til að móðurmálshafar gætu stuðst við þau til að bæta málstíl sinn í ræðu og riti.

1.6 Spánn

Á Spáni hafa varðveist málshátta- og orðasambandasöfn allt frá miðöldum. Þar má fyrst nefna hið áður nefnda latneska kvæðasafn *Disticha Catonis* sem er til í spænskri þýðingu frá 14. öld, en samtals hafa varðveist fjórar þýðingar þess, annars vegar frá 16. öld og hins vegar frá 18. öld (Montoya Martínez 1993). Önnur merkileg söfn eru *Proverbios morales* eftir rabbínann Sem Tob de Carrión (1290–1369) frá fyrri hluta 14. aldar (Montoro del Arco, 2012). *Romancea proverbiorum*, sem telur um 150 málshætti, er frá miðri öldinni og öld síðar er *Seniloquium*, með tæplega 500 málsháttum, sett saman (O’Kane 1959; Sevilla Muñoz 1996; Cantera Ortiz de Urbina 2019). Fyrsta einmála málshátta- og orðasambandasafnið á Spáni er frá 15. öld. Það var Íñigo López de Mendoza, Marqués de Santillana, (1398–1458) sem markvisst safnaði málsháttunum á bók um miðja öldina. Í verkinu eru tæplega 730 málshættir og orðasambönd. Titill verksins, sem kom út á prenti í byrjun 16. aldar, er *Refranes que dizen las viejas tras el fuego*. Þess má geta að hér er á ferðinni fyrsta prentaða málsháttasafn í landinu og var það endurprentað fimm sinnum þessa sömu öld sem er til marks um vaxandi áhuga á viðfangsefninu og útgáfum af þessu tagi (Cantera Ortiz de Urbina og Sevilla Muñoz 2018).

Þá má nefna *Refranes famosísimos y provechosos glosados* frá lokum 15. aldar sem kom fyrst út á prenti í Burgos árið 1509 en þar má finna 279 málshætti og orðasambönd (Cantera Ortiz de Urbina 2019). Á lærdómsöld sá fjöldi safna af þessu tagi dagsins ljós á Spáni. Það má meðal annars rekja til verka Erasmusar frá Rotterdam en hann hafði sent frá sér málsháttasafnið *Adagiorum Collectanea* í kringum 1500, safn með grísk-latneskum málsháttum og orðtökum ásamt skýringum sem var margendurútgefið víða í Evrópu og þýtt á ýmis tungumál (Montoro del Arco 2012). Í byrjun 17. aldar koma málshættir og orðasambönd æ oftar fyrir í námsefni fyrir annarsmálsnema þess tíma. Hér má nefna ýmsar spænskar málfræðibækur og orðabækur fyrir útlendinga, meðal annars eftir


Frakkann César Oudin sem gaf út spænsk-franska málshátta- og orðasambandabók árið 1605, *Refranes o proverbios castellanos, traduzidos en lengua francesa*, og tvímálaorðabók á milli frönsku og spænsku árið 1607, *Tesoro de las dos lenguas francesa y española*. Orðasambönd af ýmsu tagi (orðtök, orðastæður, málshættir o.s.frv.) koma fyrir í orðabókum spænsku akademíunnar frá og með 18. öld og allt til dagsins í dag. Þá má segja að 19. öldin beri nafn með rentu sem safnaöldin mikla á þessu sviði en um tíu stór málshátta- og orðasambandasöfn sáu dagsins ljós á öldinni auk margra minni (Montoro del Arco 2012, Scandola 2003, Pablo Muñoz 2009; Lengert 1999).

Í málsháttasöfnum fyrri tíma hafa fræðimenn og höfundar reynt að flokka málshætti og spakmæli eftir merkingarsviðum og gerð. Má segja að það sé fyrsti vísir að því sem í dag kallast orðasambandafræði, eða fraseología (e. *phraseology*, sp. *fraseología*, þ. *Phraseologie*).

2. Orðasambandafræði nú á dögum

Ef sjónum er beint að 20. öld og litið á tilurð fræðasviðsins sem slíks þá ber að nefna forgöngumenn eins og Charles Bally, rússneska fræðimanninn Viktor Vladimirovich Vinogradov (1895–1969) og síðan þýskumælandi sérfræðinga eins og Harald Burger (1940), Peter Kühn, Annely Rothkegel (1942), Jürg Häusermann (1951) og Wolfgang Fleischer (1922–1999) svo þeir helstu séu nefndir (Burger 2005). Alla jafna er litið svo á að orðasambandafræði spretti upp sem svið innan stílfræði, orðfræði (þ. *Lexikologie*) og í tengslum við orðabókarfræði (þ. *Lexikographie*).

Árið 1909 gaf svissneski málvísindamaðurinn Charles Bally



Síða úr *Refranes que dicen las viejas tras el fuego* (16. öld) eftir Íñigo López de Mendoza, Marqués de Santillana.

(1865–1947) út ritið *Traité de stylistique française* þar sem hann bendir m.a. á orðasambönd sem hann telur að flokka megi eftir ákveðnum einkennum eins og t.d. orðtakseðli og festu. Sovéski fræðimaðurinn Vinogradov varð á námsárum sínum fyrir áhrifum af hugmyndum Ballys og átti síðar á ferli sínum sem orðafræðingur og orðabókarfræðingur eftir að beina athyglinni að orðasamböndum og flokkun þeirra. Vinogradov var um árabíl forstöðumaður rússnesku málvísindastofnunarinnar í Moskvu og stýrði fjölda rannsókna og verkefna á ýmsum sviðum málvísinda, auk þess að koma að gerð rússnesku orðabókarinnar *The Explanatory Dictionary of the Russian Language* (Толкóвый словáрь живóго великорýсского языка). Eftir hann liggja fjölmargar greinar og bækur og mörg verka hans voru á sínum tíma þýdd á önnur tungumál og þar með barst hróður hans út fyrir landsteina Sovétríkjanna. Vinogradov, ásamt Evgenij D. Polivanov, Boris A. Larin, Valeriy M. Mokienko og fleiri fræðimönnum sem byggðu hugmyndir sínar á skrifum Ballys, lagði hornsteininn að hinum nýju fræðum: orðasambandafræðum (Burger 2005). Fræðimennirnir Dobrovol'skij og Filipenko tala um þrjú tímabil í sögu rússneskrar orðasambandafræði (Burger 2005). Fyrsta tímabilið telja þeir að megi tímasetja á árunum frá 1940 til 1980, tímabil sem kallast þar alla jafna „klassíska tímabilið“ innan fræðanna. Á þessum tíma voru hugmyndir og skrif Vinogradovs leiðandi en hann fékkst einkum við það að skilgreina fyrirbærið og að flokka orðasambönd eftir einkennum þeirra. Á öðru tímabilinu, frá fimmta áratug tuttugustu aldar og fram til dagsins í dag, eru kenningar Igors Mel'čuk ríkjandi en þær lúta einkum að merkingarlegri flokkun orðasambanda. Þriðja tímabilið álíta þeir vera árin frá áttunda áratug og fram á 21. öld. Á þessum tíma ríkja kenningar hugrænna fræða og þjóðmenningarfræði.

Þau lönd sem voru í menningartengslum við fyrrum Sovétríkin og fræðimenn þar í landi voru fyrri til að taka upp hin nýju fræði en almennt gerðist meðal fræðimanna í Vestur Evrópu. Ignatowicz-Skowrońska og Sulikowska benda til dæmis á að orðasambandafræði eigi sér lengri sögu í Póllandi en í Þýskalandi þar sem pólskir fræðimenn birtu fyrstu ritgerðir sínar og verk á fræðasviðinu um miðja 20. öld, til að mynda Stanislaw Scorupka (Ignatowicz-Skowrońska

og Sulikowska 2015).

Fræðimenn í Sovétríkjunum á sviði orðasambandafræði voru í fararbroddi á sjöunda áratug síðustu aldar. Samstarf og tengsl við slavneska fræðimenn og fræðimenn í fyrrum Sovétríkjunum gerðu það að verkum að upplýsingar um fræðin bárust um Austur-Þýskaland til Vestur-Þýskalands og málvísindamenn á þýska málsvæðinu tóku forystu á þessu sviði á áttunda áratugnum. Rannsókn Annely Rothkegel, *Feste Syntagmen*, sem út kom 1973, markar þar visst upphaf. Þetta sama ár gáfu fræðimennirnir Harald Jaksche og Harald Burger út verkið *Idiomatik des Deutschen*. Hér er á ferðinni inngangsrit um orðasambandafræði þar sem fjallað var ítarlega um rannsóknir á slavneskum tungumálum, sem hafði áhrif á þýskumælandi fræðimenn á sviðinu. Árið 1977 gaf Jürg Häusermann út ritið *Phraseologie*. Sama ár kom út verkið *Hauptprobleme der deutschen Phraseologie auf der Basis sowjetischer Forschungsergebnisse* og *Redensarten. Linguistische Aspekte, Vorkommensanalyse, Sprachspiel* eftir Werner Koller en þar fjallar hann um mögulega flokkun fastra orðasambanda. Ári síðar birti Klaus Dieter Pilz rannsókn sína *Phraseologie. Versuch einer interdisziplinären Abgrenzung, Begriffsbestimmung und Systematisierung unter besonderer Berücksichtigung der deutschen Gegenwartssprache* þar sem hann kynnti beyginga- og setningarlega flokkun sína. Í þessu samhengi má nefna *Lexikon der sprichwörtlichen Redensarten* eftir Lutz Röhrich sem kom út árið 1982. Ritið hefur reynst ómissandi fyrir rannsóknir á föstum orðasamböndum þegar litið er til uppruna þeirra og sögu. Með útgáfu bókarinnar *Handbuch der Phraseologie* eftir Harald Burger, Annelies Buhofer og Ambros Sialm eru mörkuð tímamót í rannsóknum á orðasamböndum í þýsku máli. Ritið var afrakstur áralangs rannsóknasamstarfs undir stjórn fræðimanna við háskólann í Zürich. Sama ár birti austurþýski málvísindamaðurinn Wolfgang Fleischer verk sitt *Phraseologie der deutschen Gegenwartssprache*. Verkin, sem unnin voru óháð hvort öðru, grundvallast á kenningum og rannsóknaraðferðum frá Sovétríkjunum. Nálgun þeirra á viðfangsefnið er ólík: Fleischer beinir sjónum sínum að kerfisfræðilegum og orðfræðilegum spurningum en Burger, Buhofer og Sialm fjalla einkum um tileinkun og notkun fastra orðasambanda.

Óhætt er að fullyrða að þessi verk hafi haft mikil áhrif á rann-

sóknir á fræðasviðinu. Áhugi fræðimanna jókst til muna og fjöldi rita um orðasambandafræði voru gefin út í kjölfarið. Þá hafa fjölmargar alþjóðlegar ráðstefnur verið haldnar og útgáfa á nýjum ritum sem fjalla um ýmis undirsvið fræðanna fór vaxandi. Eins og áður sagði, þá einkenndi mikil gróska sviðið. Inngangsrit voru gefin út, má þar nefna að árið 1995 kom út rit Christinu Palm *Phraseologie. Eine Einführung* og Harald Burger sendi frá sér *Phraseologie – Eine Einführung am Beispiel des Deutschen* þetta sama ár. Það rit Burgers hefur verið endurbætt og endurútgefið margsinis og telst til grundvallarrita á fræðasviðinu. Harald Burger hefur með rannsóknum sínum á föstum orðasamböndum sett mikinn svip á umræðuna á síðustu árum og lagt grunninn að þeirri hugtakanotkun sem náð hefur hvað mestri útbreiðslu innan fræðigreinarinnar. Fullyrða má að Burger og rannsóknateymi hans við háskólann í Zürich hafi tekið forystuna á þessu rannsóknasviði og fengið fjölmarga fræðimenn frá ýmsum löndum til liðs við sig. Að öðrum ólöstuðum má segja að á þessum upphafsárum orðasambandafræðinnar hafi hann borið höfuð og herðar yfir aðra fræðimenn á sviðinu.

Margar ráðstefnur um orðasambandafræði voru haldnar á áttunda áratugnum og var mikið rætt um hvernig ætti að nálgast viðfangsefnið og hvernig bæri að skilgreina og flokka föst orðasambönd. Nú er almenn samstaða um það að flestar gerðir fastra orðasambanda séu hluti af fræðigreininni. Þá var einnig rætt hvort máls hættir ættu að teljast til rannsóknasviðsins en á því leikur nú enginn vafi. Þessar ráðstefnur voru haldnar í Mannheim (Þýskalandi) 1981, Zürich (Sviss) 1984, Oulu (Finnlandi) 1986, Straßburg (Frakklandi) 1988, Uppsölum (Svíþjóð) 1990, Saarbrücken (Þýskalandi) 1992 og í Graz (Austurríki) 1995. Eftir ráðstefnuna í Graz voru þýskufræðingar ekki reiðubúnir til að hafa forystu um áframhaldandi skref. Slóvenski málvísindamaðurinn Peter Ćurčo átti þá frumkvæðið að því að bjóða einnig enskum, frönskum og spænskum orðasambandafræðingum að taka þátt í ráðstefnu í Slóvakíu árið 1997. Þar kom upp sú hugmynd að stofna samtök um evrópsk orðasambandafræði og var undirbúningsfundur haldinn í Mannheim í Þýskalandi árið 1998. Þann 29. janúar árið 1999 voru síðan samtökin Europäische Gesellschaft für Phraseologie (EUROPHRAS)

stofnuð í Bielefeld í Þýskalandi. Fyrsti formaður samtakanna var Harald Burger frá Háskólanum í Zürich, síðan tók Kathrin Steyer frá IDS Mannheim við formennskunni og núverandi formaður er Natalia Filatkina frá Háskólanum í Hamborg. Frá stofnun samtakanna hafa EUROPHRAS-ráðstefnur verið haldnar annað hvert ár. Sú fyrsta var haldin árið 2000 í Aske/Uppsölum (Svíþjóð) og var þar fyrsti fundur EUROPHRAS- samtakanna. Síðan hafa verið haldnar ráðstefnur á eftirfarandi stöðum: 2002: Loccum (Þýskalandi), 2004: Basel (Sviss), 2006: Veszprém (Ungverjalandi), 2008: Helsinki (Finnlandi), 2010: Granada (Spáni), 2012: Maribor (Slóveníu), 2014: París (Frakklandi), 2016: Trier (Þýskalandi), 2018: Białystok (Póllandi), 2021: Louvain (Belgíu) (netráðstefna), 2023: Mílanó (Ítalíu), 2025: Árósum (Danmörku). Árið 2027 er fyrirhuguð EUROPHRAS-ráðstefna í Innsbruck (Austurríki). Árbók, *Yearbook of Phraseology* (þ. *Jahrbuch der Phraseologie*), er gefin út árlega. Þá styrkja samtökin minni ráðstefnur á milli EUROPHRAS-ráðstefnanna¹.

Það fer ekki á milli mála að orðasambandafræðin hefur haslað sér völl innan málvísindanna. Árið 2002 var einn kafli í HSK-handbókinni (*Handbücher zur Sprach- und Kommunikationswissenschaft*) um *Lexikologie* helgaður orðasambandafræði. HSK-handbækurnar eru grundvallarrit fyrir umfjöllun um málvísindi. Fimm árum síðar kom út viðamikil HSK-handbók í tveimur bindum um orðasambandafræði. Ritstjórar verksins eru auk Haralds Burger, rússneski orðasambandafræðingurinn Dmitrij Dobrovolskij og þýsku málvísindamennirnir Peter Kühn og Neal Norrick. 96 höfundar komu að samningu verksins sem er á þýsku og ensku. HSK-bindin tvö eru að sönnu stórvirki þar sem orðasambandafræðin er skýrð út frá hinum ýmsu sjónarhornum málvísindanna, fjallað er um hugtök og heiti, flokkun fastra orðasambanda, þýðingar þeirra og notkun svo nokkur dæmi séu nefnd. Í verkunum er einnig yfirlit yfir stöðu fræðanna í hinum ýmsu löndum. Einn kafli bókarinnar er helgaður málsháttum. Eins og fram kom hér að ofan eru málshættir og rannsóknir innan málsháttafræðinnar hluti af uppruna og tilurð rannsókna á orðasambandsfræðinni. Wolfgang Mieder háskólaprófessor (Bandaríkjum Norður-Ameríku) hefur verið leiðandi innan málsháttafræðanna og er meðal fremstu og virtustu sérfræðinga á því sviði. Á

1 Við þökkum Peter Durčo fyrir upplýsingar um stofnun og fyrstu ár EUROPHRAS.

upphafsárum orðasambandafræðinnar voru málshættir litnir ákveðnu hornauga og vildu sumir flokka þá sem þjóðfræði. Á því hefur orðið mikil breyting og er núna lítið á þá sem mikilvægan hluta af orðasambandafræðinni. Með yfirgripsmiklum rannsóknum sínum hefur Dmitrij Dobrovol'skij auðgað orðasambandafræðin á undanföllum áratugum og haft gífurleg áhrif á rannsóknasviðið. Hann heldur á lofti starfi sovésku fræðimannanna sem á sínum tíma lögðu grunn að fræðigreininni í Evrópu.

Ekki hafa birst mörg verk um rannsóknir á föstum orðasamböndum í mállýskum þýska málsvæðisins. Rannsóknir Elisabethar Piirainen eru þar undantekning en hún rannsakaði föst orðasambönd í vesturmünsterlensku, og vann þar mikið brautryðjendastarf. Þá ber að nefna tveggja binda verk hennar *Widespread Idioms in Europe and Beyond: Toward a Lexicon of Common Figurative Units* þar sem föst orðasambönd sem koma fyrir í evrópskum tungumálum voru kortlögð. Þar er íslenskunni einnig gerð skil en heimildarmaður um íslenskuna var orðasambandafræðingurinn Erla Hallsteinsdóttir (Árósum).

Frá germönskum heimi bárust kenningar og rannsóknaraðferðir á sviði orðasambandafræði yfir í rómanskan málheim. Kenningar og flokkanir Burgers urðu smám saman þekktar og fetuðu fræðimenn á Spáni, Frakklandi og Ítalíu í fótspor hans og annarra þýskumælandi fræðimanna.

Orðasambandafræðin hefur verið í brennidepli meðal fræðimanna á Norðurlöndunum og má hér nefna Jarmo Korhonen (Helsinki), Irmu Hyvärinen (Helsinki), Hartmut E.H. Lenk (Helsinki), Mariann Skog-Södersved (Vasa), Christine Palm (Uppsölum), Dessislava Stoeva-Holm (Uppsölum), Önnu Helgu Hannesdóttur (Gautaborg), Ken Farø (Kaupmannahöfn), Erlu Hallsteinsdóttur (Árósum), Guðrúnu Kvaran, Jón G. Friðjónsson og Jón Hilmar Jónsson (Reykjavík).²

Á íslensku hafa komið út uppflettirit um málshætti og föst orðasambönd. Benda má á rit Halldórs Halldórssonar *Íslenskt orðtakasafn* og Sölva Sveinssonar *Íslensk orðtök. Með skýringum og dæmum*, að ógleymdum þrekvirkjum þeirra Jóns Hilmars Jónssonar *Orðastadur. Orðabók um íslenska málnotkun* og *Íslenskt orðanet* og Jóns G.

2 Hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða.

Friðjónssonar *Mergur málsins. Íslensk orðatiltæki. Uppruni, saga og notkun* og *Rætur málsins*. Þá er tvímála orðasambandabók Auðar Hauksdóttur (o.fl.) frasar.net afar góð heimild um orðtök í dönsku og íslensku. Einnig hafa íslenskir fræðimenn skrifað doktorsritgerðir á sviðinu, auk þess sem birst hafa greinar á sviði orðasambandafræði í tímaritunum *Milli mála* og *Orð og tunga*. Að lokum má geta þess að innan Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er starfandi rannsóknastofan RÍÓ, Rannsóknastofa í orðasambandafræðum.

HEIMILDIR

- Arngart, Olof. 1981. „The Durham Proverbs.“ *Speculum* 52/2, 288–300.
- Autelli, Erica. 2022. „Ein Modell zur systematischen Erfassung genuenischer Phraseme in Wörterbüchern, illustriert am Beispiel der Forschungsprojekte GEPHRAS und GEPHRAS2.“ *Linguistik online* 115, 3/22, 3–28. DOI: <https://doi.org/10.13092/lo.118.9046>
- Autelli, Erica. 2022. „Les débuts de la phraséologie et les premières « phraséologie historique » italo-françaises.“ *Linguistik online*, 113/1, 16–47. <https://www.redalyc.org/journal/6645/664572589004/664572589004.pdf>
- Autelli, Erica. 2021. „The origins of the term “phraseology.”“ *De Gruyter Brill*, 7–38. <https://doi.org/10.1515/phras-2021-0003>
- Burger, Harald, Dmitrij Dobrovol'skij, Peter Kuhn og Neal Norrick (ritstj.). 2007. *Phraseology: An International Handbook of Contemporary Research*. Bd. 1–2. Berlín: de Gruyter.
- Burger, Harald. 2005. „30 Jahre germanistische Phraseologieforschung.“ *HERMES Journal of Language and Communication in Business* 18/35, 17–43. DOI: <https://doi.org/10.7146/hjlc.v18i35.25815>
- Burger, Harald. 2015. *Phraseologie. Eine Einführung am Beispiel des Deutschen*. Berlín: Erich Schmidt Verlag, 5. útg.
- Caluwé-Dor, Juliette De. 1984. „Les Proverbes de Hendyng.“ *Í Richesse du proverbe* 1. *Le proverbe au Moyen Âge*. Lille: Université de Lille, 55–73.
- Cameron, Louis. 1998. „Authority in Middle English Proverb Literature.“ *Florilegium* 15, 85–123.
- Cantera Ortiz de Urbina, Jesús. 2019. „Proverbs and sentences in medieval Spanish literature.“ *Paremia* 29, 25–42.
- Cantera Ortiz de Urbina, Jesús og Julia Sevilla Muñoz (ritstj.). 2018. *Refranes que dicen las viejas tras el fuego. Los refranes recopilados por el Marqués de Santillana*. Madrid: Centro Virtual Cervantes/Instituto Cervantes. https://cvc.cervantes.es/lengua/biblioteca_fraseologica/r3_cantera/refranes_recopilados_marques_santillana.pdf
- Deskis, Susan E. 2016. *Alliterative Proverbs in Medieval England Language Choice and Literary Meaning*. Columbus: The Ohio State University.
- Deskis, Susan E. 2017. „Proverbs of Alfred.“ *Wiley Online Library*. <https://doi.org/10.1002/9781118396957.wbemlb026>
- Dunn, R. D. 1986. „English Proverbs from William Camden’s “Remains concerning Britain”.“ *Huntington Library Quarterly* 19/3, 271–275.
- Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir. 2023. „Menning, staðhættir og saga sem endurspeglar í föstum orðasamböndum í íslensku, spænsku og þýsku.“ *Milli mála* 15, 11–47.
- Guðrún Brjánsdóttir. 2024. „,Ráð hef ég kennd í kvæði.“ Málsháttakvæði Jóns Bjarnasonar í AM 427 12mo.“ *Gripla XXXV*, 309–334.
- Gunnar Skarphéðinsson. (2004). „Málsháttakvæði.“ *Són. Tímarit um óðfræði* 2, 31–72.

- Ignatowicz-Skowrońska, Jolanta og Anna Sulikowska. 2015. „Zur Entwicklung und zum Gegenstandsbereich der deutschen und der polnischen Phraseologie.“ *Linguistik Online* 74/5. <http://dx.doi.org/10.13092/lo.74.2224>
- Institutet för språk och folkeminnen. „Ordspråk, ordstäv och talesätt från Göteborgsområdet.“ <https://www.isof.se/utforska/webbutställningar/goteborgsroster-i-arkivet/fran-mun-till-mun/ordsprak-ordstav-och-talesatt-fran-goteborgsomradet>
- Jón G. Friðjónsson. 1993. *Mergur málsins. Íslensk orðatiltæki. Uppruni, saga og notkun*. Reykjavík: Mál og menning.
- Jón G. Friðjónsson. 2014. *Orð að sönnu. Íslenskir málshættir og orðskviðir*. Reykjavík: Forlagið.
- Karker, Allan. 1982–1983. „Danmarks gamle Ordsprog. Udgivet af Iver Kjær og John Kousgård Sørensen for Det Danske Sprog- og Litteraturselskab. I, 11, V og VI. Kbh., C. A. Reitzels Boghandel 1977-81.“ *Historisk Tidsskrift* 14/3.
- Kjær, Iver og Bengt Holbek. 1972. *Ordsprog I Danmark. 4000 ordsprog og tale gennem 600 år*. Viborg: Jørgen Paludans Forlag.
- Kock, Axel og Carl Petersen. 1889–1894. *Östnordiska och latinska medeltidsorspråk. Peder Låles ordspråk och en motsvarande svenske samling*. Utgivna för „samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur i texter“ med inledning utgivna av Axel Kock och Carl af Petersens. Lund: Berglingska Boktrykkeri- och Stiljuteri-aktiebolaget.
- Korvenius Jørgensen, Merete. 2020. „Kortfattet gennemgang af Danmarks gamle Ordsprog.“ *Danmarks sproghistorie*, 4. bindi. <https://www.dansksprog-historie.dk/132>
- Lengert, Joachim. 1999. *Romanische Phraseologie und Parömiologie. Eine teilkommentierte Bibliographie (Von den Anfängen bis 1997)*. 1: Romanisch – Französisch – Italienisch. 2: Portugiesisch – Provençalisch – Rumänisch – Sardisch – Spanisch. Tübingen: Gunter Narr Verlag.
- Mésangère, Pierre de La. 1821. *Dictionnaire des proverbes français*. Paris: Chez Treuttel et Würtz libraires Rue de Bourbon n 17 a Strasbourg et à Londres même maison de commerce et chez Rey et Gravier libraires Quai des Augustins n 55.
- Meurier, Gabriel. 1577. *Thrésor de sentences dorées, proverbes et dicts communs, réduits selon l'ordre alphabétique, avec le Bouquet de philosophie morale, réduit par demandes et responses, par Gabriel Meurier*. <https://gallica.bnf.fr/ark:/12148/bpt6k316222j> og <https://gallica.bnf.fr/ark:/12148/bpt6k87044495>
- Mieder, Wolfgang. 2004. *Proverbs. A Handbook*. Connecticut/London: Greenwood Press.
- Montoro del Arco, Esteban T. 2012. „Fraseología y paremiología.“ Í: Alfonso Zamorano Aguilar (samr. og ritstj.), *Reflexión lingüística y lengua en la España del XIX: marcos, panoramas y nuevas aportaciones*. München: Lincom (Lincom Studies in Romance Linguistics, 70), 173–196.
- Montoya Martínez, Jesús. 1993. „La Partida II (Tít. V, ley 20, Tít. VI ley 2) como Transmisora de las Sentencias de Catón.“ Í: Aires A. Nascimento og Cristina

- Almeida Ribeiro (ritstj.), *Literatura medieval. Actas do IV congresso da Associação Hispânica de Literatura Medieval 1991*. Bindi III. Lissabon: Edições Cosmos, 109–116.
- Morawski, Joseph. 1922. „Les recueils d’anciens proverbes française analysés et classés.“ *Romania* 48/192, 481–558.
- Müller, Peter O. 2001. *Deutsche Lexikographie des 16. Jahrhunderts. Konzeption und Funktionen frühneuzeitlicher Wörterbücher*. Berlin: De Gruyter.
- O’Kane, Eleanor S. 1959. *Refranes y frases proverbiales españolas de la Edad Media*. Madrid: Anejos del boletín de la Real Academia Española.
- Pablo Muñoz, Luis. 2009. „Colecciones de refranes españoles y su uso lexicográfico en autores extranjeros de los siglos XVII y XVIII.“ *DIGITAL.CSIC* <https://digital.csic.es/handle/10261/18473>
- Pedersen, Vibeke A. 2020. „Ordsprog - Syv som indsamler i Dansk litteraturshistorie.“ *Danmarks nasjonalleksikon*. https://danskilitteraturshistorie.lex.dk/Ordsprog_-_Syv_som_indsamler
- Penncock Sourth, Helen. 1970. *The Proverbs of Alfred 1-2*. New York: Haskell House Publishers.
- Ravn, Kim Steen. 2017. „Inngangur“ í *Danske Ordsprog og Mundheld, samlede og ordnede af Nik. Fred. Sen. Grundtvig*. https://www.xn--grundtvigsvrker-7lb.dk/pdf/1845_808A_intro.pdf
- Reuvekamp, Silvia. 2008. „Heinrich Bebel’s Proverbia Germanica (1508). Zum Verhältnis von Latinität und nationalem Selbstbewußtsein im deutschen Humanismus.“ Í McLelland Nicola, Schiewer Hans-Jochen, Schmitt Stefanie (ritstj.). *Humanismus in der deutschen Literatur des Mittelalters und der Frühen Neuzeit*. XVIII. Tübingen: Max Niemayer Verlag, 333–345 DOI:10.1515/9783484-970724.333
- Robert, Ulysse. 1873. „Un vocabulaire latin-français du XIVe siècle, suivi d’un recueil d’anciens proverbes.“ Í *Bibliothèque de l’école des chartes* 34, 33–46. DOI: <https://doi.org/10.3406/bec.1873.446495>
- Roberto, Elisa De. 2014. „Glossari, versioni e proverbi. A proposito di una miscellanea scolastica tardoquattrocentesca.“ *Cahiers de recherches médiévales et humanistes. Journal of medieval and humanistic studies* 28, 33–88. DOI: 10.4000/crm.13730
- Scandola, Viviana. 2003. „Hacia una “Historia de la fraseología española.“ *Res Diachronicae* 2 359–370.
- Schieberle, Misty. 2014. „Proverbial Fools and Rival Wisdom: Lydgate’s *Order of Fools* and Marcolf.“ *The Chaucer Review* 49/2, 204–227. <https://doi.org/10.5325/chaucerrev.49.2.0204>
- Sevilla Muñoz, Julia. 1996. „Sobre la paremiología española.“ *Euskeru* XLI, 641–671.
- Sköldberg, Emma. 2010. „Ordning och reda i ordspråksförrådet? Om struktur och innehåll i Grubbs Penu proverbiale (1665).“ *Nordiska Studier i Lexikografi* 10, 470–483.
- Ström, Fredrik og Ossian Elgström. 1926. *Svenskarna i sina ordspråk jämte sju tusen svenska ordspråk om Gud och djävulen, mannen, kvinnan och kärleken, livet och döden*,

glädjen och sorgen, ämbeten och yrken etc. Stockholm: Albert Bonniers förlag. Fredrik Ström & Ossian Elgströmill. – Svenskarna i sina ordspråk jämte sju tusen svenska ordspråk om Gud och djävulen, mannen, kvinnan och kärleken, livet och döden, glädjen och sorgen, ämbeten och yrken etc.. Om boken | Litteraturbanken

Villers, Damien. 2011. „Le proverb aux XVIe siècles : arts de la diversité.“ Í *Les proverbs : réalités, et représentations. Europe XVI-XVII* 18, 357–373.

Voigt, Ernst. 1889. *Egberts von Lüttich Fecunda Ratis*. Halle: Verlag von Max Niemayer.

Orðasambandafræði fyrr og nú

Í þessari grein er fjallað um uppruna orðasambandafræði og helstu frumkvöðla fræðanna. Fræðigreinin á rætur sínar í gerð málshátta-, orðskviða- og spakmælasafna á miðöldum og allt til dagsins í dag. Söfn af þessu tagi voru sett saman víða í Evrópu, einkum í þeim tilgangi að styðja við latínulærdóm skólapilta fyrr á tímum. Í greininni er stiklað á stóru og helstu málsháttasafna, jafnt í lausu sem bundnu máli, frá völdum málsvæðum í Evrópu gerð skil. Það er ekki fyrr en um miðja 20. öld sem til verður vísir að því sem í dag kallast orðasambandafræði: fræðileg umfjöllun um orðasambönd af öllum gerðum (orðtök, orðastæður, orðapör, málshættir o.s.frv.). Svissneski fræðimaðurinn Charles Bally og síðar rússneski málvísindamaðurinn Viktor Vinogradov voru brautryðjendur á þessu fræðasviði sem sprettur upp sem svið innan stílfræði, orðfræði og orðabókarfræði. Á síðari hluta 20. aldar tóku sérfræðingar í þýska málheiminum forystu á fræðasviðinu og ekki leið á löngu uns fræðimenn á Spáni, Frakklandi, Ítalíu, Bretlandi og á Norðurlöndunum fylgdu í fótspor þeirra. Þá er einnig gerð grein fyrir stofnun og hlutverki EUROPHRAS, evrópskum samtökum um orðasambandafræði.

Lykilorð: málsháttarsöfn, uppruni orðasambandafræði, EUROPHRAS

ABSTRACT

Phraseology in earlier times and nowadays

This article discusses the origins of phraseology and the main pioneers of the discipline. The discipline has origin in the creation of collections of proverbs and sayings from the Middle Ages to the present day. In earlier times collections of this kind were made throughout Europe primarily to help schoolboys with their Latin lessons. The article outlines some important collections of proverbs, both in prose and verse, from selected areas in Europe. In the middle of the 20th century, phraseology emerges as a field of study, where all types of phrases are investigated (idioms, proverbs, collocations, linguistic binomials etc.). Swiss scholar Charles Bally and later Russian linguist Viktor Vinogradov were pioneers in this field of study, which emerged as a field within Stylistics, Lexicology and Lexicography. In the latter half of the 20th century, experts in the German-speaking world took the lead in the field, and later scholars in Spain, France, Italy, Britain and the Nordic countries followed in the footsteps. The establishment and role of EUROPHRAS, the European Association for Phraseology, is also mentioned.

Keywords: collections of proverbs, origin of phraseology, EUROPHRAS

Orð til taks¹ Af eiginleikum og flokkum fastra orðasambanda

1. Inngangur

Meginmarkmið þessarar greinar er að gera skil því sviði málvísinda sem hefur föst orðasambönd að viðfangsefni. Umfjöllun um föst orðasambönd, flokkun þeirra og eiginleika, er gróskumikil meðal erlendra fræðimanna. Hér á landi hafa komið út viðamikil verk og uppflettirit sem fjalla um ýmsar tegundir fastra orðasambanda, svo sem málshætti, orðtök og orðastæður, skýra uppruna þeirra og málsögulega þróun og/eða gefa notkunarleiðbeiningar og dæmi. Rit þeirra Jóns G. Friðjónssonar, *Mergur málsins* og *Rætur málsins*, og Jóns Hilmarssonar, *Orðastaður*, *Orðaheimur*, *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun* og *Orðasambandaskerá* á vefsvæði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, eru þrekvirkir sem gera föstum orðasamböndum rækileg skil, að ógleymdum merkum verkum þeirra Sölva Sveinssonar og Halldórs Halldórssonar. Í þessum ritum, sem hafa ótvírætt hagnýtt gildi fyrir málnotendur, má finna fjölda dæma um orðasambönd og ítarlegar skýringar við ákveðnar tegundir þeirra. Af þeim sökum eru þau ómissandi fyrir alla sem fást við rannsóknir á íslenskum orðasamböndum.

¹ Endurbirt með leyfi *Milli mála*.

Umræða um hugtök, flokkun, eiginleika og málvísindalegar gerðir fastra orðasambanda hefur hins vegar ekki farið mjög hátt á meðal íslenskra fræðimanna. Þar á þó í hlut mjög víðfeðmt svið sem unnt er að nálgast frá ýmsum sjónarhornum málvísinda og annarra fræðigreina svo sem þjóðfræði eða orðabókafræði en íslensk heiti yfir erlend hugtök á þessu sviði hafa hingað til að miklu leyti komið fram innan orðabókafræðinnar. Við nám í erlendum tungumálum er tileinkun fastra orðasambanda auk þess mikilvæg til þess að ná fullkomnum tókum á viðkomandi tungumáli.

Hér á eftir verður fjallað um skilgreiningar á lykilhugtökum þeirrar fræðigreinar sem hefur föst orðasambönd, eiginleika þeirra, fjölbreyttar gerðir og flokkun að viðfangsefni. Þessi fræðigrein kallast *Phraseologie* á þýsku, *phraseology* á ensku, *fraseologi* á dönsku og *phraséologie* á frönsku. „Orðasambandafræði“ gæti e.t.v. verið íslenskt heiti þessarar fræðigreinar en hér á eftir mun ég nota heitið **fraseólógía**. Tilgangurinn með umfjölluninni er að kynna þessi orðasambönd og vekja með því á þeim frekari athygli og hvetja þannig til umræðu um gerð þeirra og eiginleika með íslenskum heitum.

Eftirfarandi dæmum um föst orðasambönd í þýsku og íslensku, sem koma fyrir í handahófskenndri röð án nokkurrar samsvörunar á milli tungumálanna, er ætlað að gefa vísbendingu um mismunandi gerðir þeirra og vekja forvitni lesenda:

bei jemandem einen Stein im Brett haben
guten Rutsch
gang und gäbe sein
Da lachen ja die Hühner!
blinder Passagier
Schnee von gestern sein
das ist nicht mein Bier
sich fühlen wie ein Fisch im Wasser
sich die Zähne putzen
Der Apfel fällt nicht weit vom Stamm
kein[en] Hehl aus etwas machen
guten Appetit
Der Ball ist rund und das Spiel hat
90 Minuten

eftir dúk og disk
vera runninn undan rifjum einhvers
Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni
vera eins og álfur út úr ból
vera hjarnargreiði
sýkent og heilag
vera eitru í beinum einhvers
gera gys að einhverjum/einverju
vera út í hött
vera kominn á fremsta blunn með eitthvað
takke fyrir síðast
Nú falla öll vöin til Dýrafjarðar
lyfta grettistaki

Á undanförunum áratugum hefur rannsóknunum á föstum orðasamböndum fleygt mjög fram. Þýskumælandi fræðimenn hafa með

rannsóknnum sínum á viðfangsefninu skipað sér í fremstu röð í þessari fræðigrein. Þar markaði útgáfa ritsins *Handbuch der Phraseologie*² tímamót innan þýskra málvísinda þótt vissulega hafi verið stundaðar öflugar rannsóknir á föstum orðasamböndum fram að þeim tíma. Nægir þar að benda á rannsóknir Wolfgangs Fleischers, Jürgs Häusermanns og Klaus Dieters Pilz sem og víðamiklar rannsóknir Alexanders Ívanovítsj Molotkovs en í Sovétríkjunum voru fræðimenn á sviði fraseólógíu í fararbroddi á sjöunda áratug síðustu aldar.³ Svissneski fræðimaðurinn Harald Burger hefur með rannsóknnum sínum á föstum orðasamböndum sett mikinn svip á umræðuna á síðustu árum og lagt grunninn að þeirri hugtakanotkun sem náð hefur mestri útbreiðslu innan fræðigreinarinnar. Hér verður því fjallað um nálgun Burgers við hugtök og flokkun fastra orðasambanda jafnframt því sem einkenni þeirra verða skilgreind og skýrð með dæmum. Þótt kynning á hugmyndum Burgers hljóti að vera í fyrirrúmi þegar fjallað er um hugtök og heiti í fraseólógíu er með því á engan hátt verið að draga úr vægi annarra rannsókna á sviðinu.

2. Fraseólógía og eiginleikar fastra orðasambanda

Dæmin um föstu orðasamböndin í inngangskaflanum sýna að mikill munur er á gerðum þeirra. Þau samanstanda t.d. af mismörgum orðum og merking þeirra getur ýmist verið summa af merkingu einstakra eininga orðasambandsins eða yfirfærð. Dæmi um fast orðasamband þar sem merkingin er yfirfærð er *bei jemandem einen Stein im Brett haben* ('vera í uppáhaldi hjá einhverjum'). Þá eru einnig dæmi um að tiltekin eining komi einungis fyrir í einu ákveðnu orðasambandi. *Gang und Gäbe sein* ('vera mjög algengur') er dæmi um það en orðin *gang* og *gäbe* koma aðeins fyrir í þessu fasta orðasambandi. Í upptalningunni eru auk þess dæmi um föst orðasambönd sem mynda setningar en önnur skiljast ekki nema í ákveðnu samhengi.

2 Harald Burger, Annelies Buhofer og Ambros Sialm, *Handbuch der Phraseologie*, Vestur-Berlín og New York: de Gruyter, 1982.

3 Valin rit eftir alla þessa fræðimenn er að finna í ritaskrá.

Þýska hugtakið *Phraseologismus* (einnig *feste Wortverbindung* eða *phraseologische Wortverbindung*) kýs ég að kalla **fast orðasamband** á íslensku og er það notað sem heildarheiti yfir þá þætti (þ. *Komponenten*) orðaforðans sem settir eru saman úr fleiri en einu orði. **Frjálst orðasamband** (þ. *freie Wortverbindung*) er notað sem nokkurs konar andstæða við fast orðasamband. Þar koma orðin fyrir í samhengi sem ræðst af aðstæðum en eru ekki fasttengd öðrum orðum. Dæmi um fast orðasamband er *sie geht vor die Hunde* ('hún fer í hundana') en um frjálst orðasamband *sie geht ins Kino* ('hún fer í bío').

Eins og fram hefur komið nefnist sú grein málvísindanna sem hefur föst orðasambönd að viðfangsefni á þýsku *Phraseologie*. Þar er gerður greinarmunur á umfjöllun um **orðasambönd í víðari merkingu** (þ. *Phraseologie im weiteren Sinne*) sem samsvarar því sem hér er kallað fraseólógía og umfjöllun um **orðasambönd í þrengri merkingu** sem nefna mætti **orðtakafræði** (þ. *Phraseologie im engeren Sinne*).⁴ Öll föst orðasambönd samanstanda af fleiri en einu orði, eru fleiryrt, en margir flokkar þeirra eru notaðir í málsamfélaginu líkt og um eitt orð væri að ræða; orðasamböndin eru þá umskiptanleg við stök orð með sambærilegri merkingu og notkun. Þegar orðasambönd í þrengri merkingu eru annars vegar bætist við þetta einkenni ákveðinn þáttur sem varðar merkinguna og verður nánar vikið að því í 2.2.

2.1 Fleiryrdiseðli fastra orðasambanda

Eins og áður segir eru föst orðasambönd fleiryrt, búa yfir **fleiryrdiseðli** (þ. *Polylexikalität*), sem merkir að þau eru samsett af a.m.k. tveimur orðum. Um þennan eiginleika fastra orðasambanda eru fræðimenn sammála þótt þá greini á um hvort í báðum tilfellum þurfi að vera um **inntaksorð** (þ. *Autosemantikon, Vollwort*) að ræða eða hvort annað orðið geti verið inntaksorð og hitt **kerfisorð** (þ. *Synsemantikon, Funktionswort*).⁵

4 Sjá Harald Burger, *Phraseologie. Eine Einführung am Beispiel des Deutschen*, Berlín: Erich Schmidt Verlag, 3. útg., 2007, bls. 14–15.

5 Sama rit, bls. 15–16. Inntaksorð eru orð sem hafa merkingarlegt inntak (svo sem sagnorð, nafnorð og lýsingarorð), kerfisorð hafa ekki eiginlegt merkingarlegt inntak en gegna málfræðilegu hlutverki (þetta eru m.a. samtengingar, forsetningar og nafnháttarmerki).

Burger telur að öll orðasambönd (þ. *Wortverbindungen*) sem samanstanda af tveimur orðum eða fleiri uppfylli skilyrði fyrir föstum orðasamböndum óháð því hvort þar er um inntaks- eða kerfis-orð að ræða.⁶ Hann bendir þó á þá staðreynd að í orðasamböndum sem ekki innihalda inntaksorð eða þar sem eiginleg merking inntaksorða er með öllu horfin komi fram hljóðfræðileg og rétttritunarleg (grafísk) tilhneiging til þess að orð renni saman og verði að einu orði og er þetta fyrirbæri nefnt *Univerbierung* á þýsku sem á íslensku mætti e.t.v. kalla **einyrðingu**. Þýska lýsingarorðið *vorhanden* ('fáanlegur', upphaflega *vor den Händen*) er dæmi um þetta.

2.2 Festa fastra orðasambanda

Festa (þ. *Festigkeit, Stabilität*⁷) er annað einkenni fastra orðasambanda sem ekki er alltaf auðvelt að henda reiður á. Festan birtist í því að málnotendur þekkja orðasambandið og nota það eins og um einstakt orð væri að ræða. Sem dæmi um þetta má nefna að nota má sögnina *skamma* (einhvern) í staðinn fyrir fasta orðasambandið *lesa yfir hausamótunum* á (einhverjum). Föst orðasambönd eru hluti af orðaforða tungumálsins og eru þekkt og geymd í orðasafninu á sama hátt og stök orð. Notendur grípa því til þeirra eins og um eina einingu málsins væri að ræða. Þegar föst orðasambönd koma fyrir – hvort sem er í ræðu eða riti – er merking fasta orðasambandsins sú merking sem málnotendur skynja en ekki eiginleg, bókstafleg merking hinna einstöku orða sem mynda það. Að þessu leyti virka föst orðasambönd eins og eitt orð. Ef síðan á að gera bókstaflega merkingu einstakra orða í þeim aftur virka verður að grípa til sérstakra ráðstafana. Þetta er m.a. afleiðing festu í föstum orðasamböndum en snertir einnig sérstöðu þeirra hvað merkingunni viðvíkur.⁸

Hluti af festunni er sú staðreynd að málnotendur gera sér í langflestum tilfellum grein fyrir hvað við er átt þó að slegið sé saman orðum úr tveimur mismunandi föstum orðasamböndum. Slíkur

6 Sama rit, bls. 15–16.

7 Wolfgang Fleischer notar hugtakið *Stabilität*. Wolfgang Fleischer, *Phraseologie der deutschen Gegenwartssprache*, Leipzig: Bibliographisches Institut, 1982, bls. 41.

8 Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 17.

samsláttur⁹ (þ. *Kontamination*) getur verið af ýmsum toga. Þar geta átt í hlut föst orðasambönd sem hafa svipaða eða sömu merkingu en það getur einnig verið setningagerðin sem er svipuð. *Damit kommst du auf keinen grünen Baum*¹⁰ er dæmi um afbrigðilega notkun fasta orðasambandsins *auf einen grünen Zweig kommen* ('vera á grænni grein', bókstaflega 'komast á græna grein') þar sem eitt orð hefur skolast til og óákveðnum greini verið breytt í neitunarforbafn. Hér er reyndar ekki um algjöran samslátt tveggja fastra orðasambanda að ræða heldur hefur *Zweig* ('grein') verið skipt út fyrir *Baum* ('tré'). Þarna helst merking fasta orðasambandsins og málviðtakandinn veit strax hvað við er átt; af merkingarlegri nánd orðanna *Zweig* og *Baum* leiðir að þótt *Baum* komi fyrir í orðasambandinu skilst það á sama hátt og þar stæði *Zweig*. Breyting af þessum toga getur þó haft í för með sér að merkingin breytist eins og vikið verður að í 2.3.

Etwas aus den Haaren saugen er samsláttur úr *sich etwas aus den Fingern saugen* ('skálda eitthvað upp') og *etwas an den Haaren herbeiziehen* ('gefa langsóttu skýringu á einhverju'). Þessi föstu orðasambönd eru hvað merkingu og setningagerð varðar mjög svipuð. Í *etwas aus den Haaren saugen* hefur *Fingern* fallið út en *Haaren* úr öðru föstu orðasambandi komið í staðinn. Dæmi um samslátt í íslensku er orðalagið *koma eins og þjófur úr heiðskíru lofti*. Þarna slær saman tveimur föstum orðasamböndum, *koma eins og þruma úr heiðskíru lofti* og *koma eins og þjófur á nóttu*.

Samsláttur kemur oft fyrir í daglegu máli og einnig við tileinkun erlendra tungumála þar sem fullt vald á föstum orðasamböndum í erlendu máli næst seint í tileinkunarferlinu.

Festu í föstum orðasamböndum verður að skoða í samanburði við frjáls orðasambönd. Af **formgerðarlegri festu** (þ. *strukturelle Festigkeit*) leiðir að í föstum orðasamböndum geta komið fyrir **óregluleg fyrirbæri** (þ. *Irregularitäten* eða *Anomalien*) sem ekki væru tekin gild þegar um frjáls orðasambönd er að ræða þar sem þau síðastnefndu lúta vitanlega morfólógískum og setningafræðilegum reglum tungumálsins. Festan hefur m.a. í för með sér að afbrigðileg röð setningarliða eða afbrigðilegar beygingarmyndir haldast í orða-

9 Áslaug Marinósdóttir stingur upp á því að þýða *Kontamination* sem „samsláttur“ og þakka ég henni fyrir góða þýðingu á hugtakinu.

10 Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 18.

samböndum. Dæmi er t.d. *in Teufels Küche kommen* ('lenda í miklum erfiðleikum'). *Teufels* er hér eignarfallseinkunn á undan nafnorðinu *Küche* sem er óeðlileg orðaröð en heldur velli í orðasambandinu. Fasta orðasambandið *gehüpft wie gesprungen* ('eitthvað kemur út á eitt') varðveitir eldri gerð af lýsingarhætti þátíðar af sögninni *hüpfen* ('hoppa'). Innan fastra orðasambanda varðveitast eldri orðmyndir og setningagerðir sem nokkurs konar málsteingervingar sem eru til vitnis um sögu og þróun tungumálsins.

Festan setur einnig **morfólógískar og setningafræðilegar** (þ. *morphosyntaktische*) og **orðasafns- og merkingarlegar** (þ. *lexikalisch-semanticke*) **hömlur** (þ. *Restriktionen*). Dæmi um morfósyntaxískar eða setningafræðilegar hömlur er að *starker Tabak* ('ótrúlegt') tapar merkingu sinni ef formgerðinni er breytt í *der Tabak ist stark* ('tóbakið er sterkt') þar sem yfirfærð merking er horfin. Orðasafns- og merkingarlegar hömlur hafa í för með sér að í föstum orðasamböndum er yfirleitt ekki unnt að skipta um orð, þó svo að um samheiti eða yfirheiti sé að ræða, án þess að merking orðtaksins glatist. T.d. er ekki unnt að setja samheiti eða yfirheiti orðsins *Flinte* ('haglabysa'), svo sem *Gewehr* ('riffill') eða *Waffe* ('vopn'), í stað *Flinte* í fasta orðasambandinu *die Flinte ins Korn werfen* ('gefast upp'); orðtaksmerkingin er í þessu tilviki bundin við tiltekið orð.¹¹ Í ákveðnum textategundum, t.d. auglýsingum, er festan oft rofin til þess að ná fram ákveðnum áhrifum (sjá 3.1). Rannsóknir á festu fastra orðasambanda hafa sýnt að hún er upp að vissu marki afstað, ekki er um algera festu að ræða hvað ytra formi og einstökum orðum í föstum orðasamböndum viðvíkur.¹² Tilbrigði og afbrigði sem koma fyrir innan fastra orðasambanda eru sönnun þess.

Um svokallað **tilbrigði** (þ. *Variation*) er að ræða þegar fleiri en ein birtingarmynd fasts orðasambands er þekkt í orðasafninu. Þessar þekktu útgáfur af föstum orðasamböndum eru t.d. taldar upp sem mismunandi myndir orðasambandanna í orðabókum. Dæmi um tilbrigði fasts orðasambands er: *rjúka/blaupa/stökkeva upp til handa og fóta*. Eftirfarandi textadæmi skýra þetta betur.

11 Sama rit, bls. 24–25.

12 Sama rit, bls. 31.

1. „Þetta mun ekki í fyrsta skipti sem hestamenn hafa þurft að *rjúka upp til handa og fóta* vegna framkvæmda sem spilla viðurkenndum reiðleiðum þeirra.“¹³
2. „Þar með er ekki sagt að þú eigir að *stökka upp til handa og fóta* til að kippa málunum í lag.“¹⁴
3. „Menn treysta ekki á ráðgjöf þeirra sem gerst til þekkja en *blauða upp til handa og fóta* og skipta um stefnu á grundvelli mislestrar á einni blaðagrein í útlendu blaði.“¹⁵

Svonefnt **afbrigði** (þ. *Modifikation*) kemur hins vegar fyrir aðeins einu sinni eða einvörðungu í ákveðnu samhengi. Afbrigði er það nefnt þegar fast orðasamband kemur fyrir í breyttri mynd í einum texta til þess að kalla fram einhver ákveðin áhrif í textanum. Afbrigði af fasta orðasambandinu *leggja skóna á billuna* koma fyrir í eftirfarandi fjórum textadæmum:

4. „Dagný Linda leggur *skíðin á billuna*
Dagný Linda Kristjánsdóttir, fremsta skíðakona Íslands um árabíl, hefur ákveðið að *leggja skíðin á billuna* og hætta æfingum og keppni.“¹⁶
5. „Jens Lehmann íhugar að *leggja hanskana á billuna*
Hinn skrautlegi og skapbráði markvörður Stuttgart, Jens Lehmann, íhugar að hætta knattspyrnuíðkun, sökum slakrar dómgæslu í þýsku Bundesligunni.“¹⁷
6. „Hætt að sitja fyrir
Skapstygga ofurfyrirsætan Naomi Campbell hefur ákveðið að *leggja sjningarskóna á billuna*.“¹⁸
7. „Ballesteros hefur unnið 87 titla á ferli sínum. Hann *lagði kyllfuna á billuna* í fyrra vegna meiðsla í baki og hné.“¹⁹

13 http://mbl.is/mm/sport/hestar/2001/11/29/hestamenn_alltaf_of_seinir_i_straeto/ [sótt 16. febrúar 2009].

14 http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=41413 [sótt 18. ágúst 2009].

15 http://www.arnipall.is/grein.php?id_grein=157 [sótt 20. september 2009].

16 http://mbl.is/mm/sport/frettir/2008/05/08/dagny_linda_leggur_skidin_a_hilluna/ [sótt 28. október 2008].

17 http://www.mbl.is/mm/sport/fotbolti/2008/11/10/jens_lehmann_ihugar_ad_leggja_hanskana_a_hilluna/ [sótt 28. október 2008].

18 http://www.mbl.is/mm/folk/frettir/2009/04/29/haett_ad_sitja_fyrir/ [sótt 18. ágúst 2009].

19 <http://www.visir.is/article/20081118/IDROTTR05/963071458/1054> [sótt 18. ágúst 2009].

Í afbrigðunum koma skíðin, hanskarnir, sýningarskórarnir og kylfan í stað skónna í fasta orðasambandinu *leggja skóna á hilluna*.

Alger orðasafnsleg festa (þ. *absolute lexikalische Festigkeit*) kemur fyrir í mjög fáum föstum orðasamböndum en rannsóknir sýna að hún er hvað algengust þar sem um **stakyrði** (þ. *unikale Komponente*) er að ræða.²⁰ Stakyrði koma fyrir í ýmsum föstum orðasamböndum í þýsku og íslensku og fylgja hér nokkur dæmi: *auf dem Holzweg sein*, *am Hungertuch nagen*, *Kohldampf schieben*, *aus dem Stegreif*, *am helllichten Tage*, *alle Jubeljahre*, *frank und frei*; vera á *villigötum*, vera á *biðilsbuxunum*, fara í *humátt* á eftir einhverjum, leggja sig í *líma* við eitthvað, reka *smíðshögg* á eitthvað, það er *töggur* í einhverjum, um *hábjartan* dag, *bolt* og *bolt*.

Hér hefur verið fjallað um festu fastra orðasambanda í setningafræðilegum skilningi. Rétt er að nefna að festa getur einnig verið bundin ákveðnum aðstæðum í samskiptum og er það nefnt **tjáskiptaleg festa** (þ. *pragmatische Festigkeit*). Með því er átt við að tiltekin föst orðasambönd eru notuð við sérstakar aðstæður.²¹ Dæmi um slík föst orðasambönd eða samskiptaformúlur (þ. *Routineformeln*²²) er að finna í 3.3.

2.3 Orðtakseðli fastra orðasambanda

Hluti fastra orðasambanda býr yfir þeirri sérstöðu hvað merkingu viðvíkur að við þá eiginleika sem fjallað hefur verið um, þ.e. að vera fleiryrt og búa yfir verulegri festu á milli einstakra orða, bætist sá eiginleiki að merking þeirra er ekki skilgreind sem summa af merkingu einstakra liða orðasambandsins. Slík föst orðasambönd nefnast orðtök (þ. *Idiome*).

Innan fraseólógiunnar skipa eftirfarandi skilgreiningar Burgers á hugtökunum orðtak og **orðtakseðli** (þ. *Idiomatizität*) mikinn sess;

20 Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 25. Heitið „stakyrði“ er hér valið sem þýðing á *unikale Komponente* og er það í samræmi við notkun Jóns G. Friðjónssonar á heitinu. Sjá Jón G. Friðjónsson, *Mergur málsins*, bls. xi.

21 Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 29.

22 Sjá Florian Coulmas, *Routine im Gespräch. Zur pragmatischen Fundierung der Idiomatik*, Wiesbaden: Akademische Verlagsgesellschaft Athenaion, 1981.

... **orðtakseðli**. Með því er átt við að liðirnir (einingar orðtaksins) mynda heild sem ekki verður fyllilega útskýrð út frá setningafræðilegum eða merkingarfræðilegum reglum [eða regluleika] orðasambandsins. Sá hluti fastra orðasambanda sem uppfyllir einnig þetta skilyrði myndar **orðtök**.²³

Burger skýrir orðtakseðlið nánar á eftirfarandi hátt:

Ef það er yfirleitt misræmi á milli yfirfærðrar og eiginlegrar merkingar orðasambandsins þá er það „**ídiómatískt**“ í merkingarfræðilegum skilningi. Því meiri munur sem er á þessum tveimur merkingarsviðum, því „ídiómatískara“ [yfirfærðara, óeiginlegra] er fasta orðasambandið. Merkingarlegt orðtakseðli er sem sagt stígbundinn eiginleiki fastra orðasambanda.²⁴

Gerður er greinarmunur á **eiginlegri** eða **bókstaflegri merkingu** (þ. *eigentliche Bedeutung, wörtliche Bedeutung*) og merkingu sem nefnd er **yfirfærð** eða **óeiginleg merking** (þ. *übertragene Bedeutung*).

Fleischer gefur eftirfarandi dæmi um eiginlega merkingu fullyrðingar og merkingu orðtaks og skýra þau þann mun sem þar er á:

- *Gustav hat bei seinem Vater ein Auto in der Garage*,²⁵ ('Gustav er með bíl í bílskúrnum hjá föður sínum') og
- *Gustav hat bei seinem Vater einen Stein im Brett*,²⁶ ('Gustav er í uppáhaldi hjá föður sínum', bókstaflega 'Gustav er með stein/peð á spilaborði föður síns'; orðasambandið er þekkt allt frá 16. öld og er dregið af spili þar sem steinum var raðað í röð á spilaborði).

23 „... **Idiomatizität**. Damit ist gemeint, dass die Komponenten eine durch die syntaktischen und semantischen Regularitäten der Verknüpfung nicht voll erklärare Einheit bilden. Die Teilklasse von Phraseologismen, die auch dieses Kriterium erfüllen, bildet den Bereich der Idiome.“ Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 15.

24 „Wenn überhaupt eine Diskrepanz zwischen der phraseologischen Bedeutung und der wörtlichen Bedeutung des ganzen Ausdrucks besteht, dann ist der Ausdruck **idiomatisch** im semantischen Sinn. Je stärker die Diskrepanz zwischen diesen beiden Bedeutungsebenen ist, umso stärker idiomatisch ist der Phraseologismus. Semantische Idiomatizität ist also eine graduelle Eigenschaft von Phraseologismen.“ Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 31.

25 Wolfgang Fleischer, *Phraseologie der deutschen Gegenwartssprache*, bls. 35.

26 Sama rit, bls. 35.

Setningafræðileg gerð setninganna er sambærileg. Sú fyrri hefur einungis eiginlega merkingu en í seinna tilfelli er um að ræða orðtak sem býr yfir orðtakseðli á mjög háu stigi. Áhugavert er að líta einnig á þýska fasta orðasambandið *blinder Passagier* ('laumufarþegi'). *Passagier* merkir 'farþegi' innan og utan orðasambandsins. Lýsingarorðið *blind* ('blindur') fær hins vegar í orðasambandinu aðra merkingu, yfirfærða eða óeiginlega, en það hefur ella.

Dæmi úr íslensku skýra enn frekar orðtakseðli fastra orðasambanda. Orðtakið *bæta gráu ofan á svart* ('gera illt verra') hefur svipaða setningagerð og t.d. *bæta hæð ofan á hús* og *bæta virðisaukaskatti ofan á upphæð* sem eru einungis til í eiginlegri merkingu. Þessi dæmi sýna glögggt að merking orðtaka verður ekki alfarið leidd af merkingu einstakra orða í orðasamböndum þó svo að stundum sé unnt að leiða hluta hennar af þeim eins og dæmið *blinder Passagier* sýnir.

Fasta orðasambandið *fá það óþvegið* er notað um það að fá skammir. Þá merkingu er ekki unnt að leiða af einstökum einingum í orðasambandinu heldur verður hún til þegar orðtakið myndar heild. Er þá um **orðtaksgervingu** (þ. *Idiomatisierung*) að ræða. Þegar málnotendur heyra eða lesa fyrirsögnina *Þau fá það óþvegið* er það merkingin 'fá skammir' sem verður virk í huga þeirra. Ef hins vegar kemur í ljós að um viðtal við eigendur Efnalaugarinnar Bjargar er að ræða er ljóst að eiginleg merking liðanna í orðasambandinu á í hlut.²⁷ Sé orðinu *óþvegið* skipt út fyrir orðið *óstranjan* þannig að úr verði fyrirsögnin *Þau fá það óstranjan* er ekkert orðtakseðli lengur til staðar og merkingin einungis eiginleg. Orðtök sem geta bæði haft eiginlega og yfirfærða merkingu eru mikið notuð í dagblaðatextum og auglýsingum þar sem tvíeðli þeirra er nýtt í þágu orðaleikja.

Þegar fjallað er um föst orðasambönd er hugtakið **merkingegegnisæi**²⁸ (þ. *Motiviertheit*) mikilvægt. Með því er átt við að merkingu fastra orðasambanda sé unnt að skilja út frá eiginlegri merkingu. Merkingargegnisæi og orðtakseðli eru því hugtök sem notuð eru til þess að lýsa merkingu og merkingarmyndun orðtaka. Því

27 „Þau fá það óþvegið“, *Langardalur, Háaleiti og Bústaðir*, apríl 2009, bls. 8.

28 „Merkingargegnisæi“ er tillaga Magnúsar Sigurðssonar að þýðingu á hugtakinu *Motiviertheit*; „orðtaksgerving“ er tillaga hans að þýðingu á *Idiomatisierung*. Ég þakka Magnúsi fyrir þessar þýðingar sem og fleiri góðar þýðingar á þessu sviði.

gegnsærri (þ. *motivierter*) sem föst orðasambönd eru, þeim mun veikara er orðtakseðli þeirra og því veikara sem orðtakseðlið er, þeim mun gegnsærra er fasta orðasambandið. Dæmi um þýskt orðtak með hátt stig orðtakseðlis en lítið merkingargegnsæi er *jemandem einen Bären aufbinden* ('stríða einhverjum, hrekkja einhvern') sem merkir bókstaflega 'binda björn á einhvern'. Íslensku orðtökin *bíta höfuðið af skömminni, fara í launkofa með eitthvað og taka einhvern á beinið* eru frekari dæmi um orðtök með sterkt orðtakseðli.

Hugtakið *Idiomatizität* hefur hér verið þýtt með „orðtakseðli“. Á þýsku mynda hugtökin *Idiom, Idiomatisierung, Idiomatizität* og *idiomatisch* samstæða heild sem dregin er af gríska orðinu *idioma* ('sérstaða, einkenni'). Tilraun til að endurspeglar slíka samsvörun í íslenskri hugtakanotkun á sviði fastra orðasambanda er að nota hugtökin orðtak, orðtaksgerving, orðtakseðli og orðtakslegur.

Rétt er að taka fram að kenningar Saussures um merkingarmyndun máltákns eiga við um orðtök eins og önnur máltákn. Merking hinna stöku eininga sem mynda orðtök dylst þegar þær koma saman í orðtakinu þar sem merking orðtaksins verður ráðandi og eiginleg merking verður **hliðarmerking** (þ. *sekundäre Bedeutung*).

3. Flokkun fastra orðasambanda


Eftir umfjöllun um eiginleika og einkenni fastra orðasambanda verður nú vikið að flokkun þeirra og tegundum. Í flokkun Burgers yfir föst orðasambönd tekur hann mið af því hvort um **tilvísandi** (þ. *referentiell*), **formgerðarleg** (þ. *strukturell*) eða **samskiptabundin** (þ. *kommunikativ*) föst orðasambönd er að ræða. Tilvísandi föst orðasambönd skiptast því næst í undirflokka eftir því hvort þau mynda setningarliði annars vegar eða fullyrðingar hins vegar. Þá greinast þau **föstu orðasambönd sem mynda setningarliði** (þ. *nominative Phraseologismen*) eftir stigi orðtakseðlis í þrjá undirflokka, þ.e. **orðastæður** (þ. *Kollokationen*), **hlutorðtök** (þ. *Teil-Idiome*) og **orðtök** (þ. *Idiome*).²⁹ Erfitt getur verið að greina á afgerandi hátt á milli þessara flokka.

Burger flokkar loks tilvísandi föst **orðasambönd sem mynda**

29 Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 38 og 42.

fullyrðingar (þ. *propositionale Phraseologismen*) í undirflokka og notar við þá flokkun setningafræðileg og textamálvísindaleg viðmið. Flokkun Burgers lítur því þannig út í töflu:³⁰

Tafla 1. Flokkun fastra orðasambanda, byggð á flokkun Haralds Burgers.



Hér á eftir verður fjallað um helstu tegundir fastra orðasambanda eins og Burger flokkar þau. Tekin eru dæmi úr þýsku og íslensku til skýringar. Mikilvægt er að undirstrika að flokkanir af þessu tagi geta aldrei orðið ótvíræðar þar sem unnt er að beita við þær mismunandi viðmiðum og munu fræðimenn seint þreytast á því að skiptast á skoðunum um flokkun fastra orðasambanda.

30 Sbr. sama rit, bls. 36–38 og 42. Hér er flokkun Burgers tekin saman í yfirliststöflu. Töflu í þessu formi er ekki að finna á einum stað í áður nefndu verki Burgers.

3.1 Orðtök (þ. *Idiome*)

Orðtök³¹ eru mjög stór flokkur fastra orðasambanda og mikið notuð í ræðu og riti. Oft eru þau myndræn og einkenni þeirra er, eins og kemur fram í 2. kafla, að merkingin er yfirfærð, þau búa yfir orðtakseðli á misháu stigi. Þau mynda setningarliði og í hverjum texta eru þau sett í textalegt samhengi. Eftirfarandi dæmi úr dagblaðstexta sýnir hversu oft er gripið til orðtaka (skáletranir eru höfundar):

... Nú geta kratar í Hafnarfirði *nagað sig í handarbökin*. Fyrir kosningar tefldu þeir fram bæjarstjóranum Lúðvík Geirssyni og átti hann að *taka við keflinu* af Hafnarfjarðarkratanum Gunnari Svavarssyni. Það var því auðvitað áfall að Árni Páll Árnason skyldi *verða blutskarpari* í prófkjörinu og uppskera oddvitasætið. Þá *kom* Lúðvík *með krók á móti bragði*, óskaði eftir fimmta sæti á framboðslistanum, baráttusætinu, og ætlaði með því að leiða sigur Samfylkingarinnar í kjördæminu. Kannski vildi hann styrkja stöðu sína í formannsslagnum þegar Jóhanna hættir. En lotteríð gekk ekki upp – Lúðvík komst ekki á þing. Ekki frekar en Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sem fór úr stóli borgarstjóra fyrir þingkosningarnar 2003 og settist í baráttusætið í Reykjavík norður. Hún *hafði ekki erindi sem erfði*. Það má líka rifja upp að Ellert B. Schram *stóð upp fyrir* sjómanninum Pétri Sigurðssyni eftir að hafa unnið hann í prófkjöri fyrir þingkosningarnar 1978 og þóttist með því styrkja stöðu sína innan flokksins. En niðurstaðan varð sú að hann náði ekki kjöri og stuðningsmönnum hans fannst hann hafa brugðist sér. Eftir það *náði* Ellert *sér aldrei á strik* innan flokksins og settist að lokum á þing fyrir Samfylkinguna. Reynslan sýnir að pólitískar kúnstir af þessum toga ekki.³²

Í þessu stutta textadæmi koma fyrir orðtökin *naga sig í handarbökin*, *taka við keflinu af einhverjum*, *verða blutskarpari*, *koma með krók á móti bragði*, *hafa ekki erindi sem erfði*, *standa upp fyrir einhverjum* og *ná sér á strik*. Orðtökin eru greinilega notuð til þess að krydda frásögnina, gera hana myndrænni og líflegri. Höfundur textans hafði val um að

31 Mörg fleiri heiti eru til yfir orðtök bæði á íslensku og þýsku, t.d. orðatiltæki og talsháttur á íslensku og *Redenwendung* og *sprichwörtliche Redensart* á þýsku.

32 „Baráttan um baráttusætið“, *Morgunblaðið*, 29. apríl 2009, bls. 10.

nota orðtök eða orð í lýsingu sinni. Hann hefði t.d. auðveldlega getað valið að nota *vera fullur eftirsjár* í stað *naga sig í handarbökin* eða *taka við af einhverjum* í stað *taka við keflinu af einhverjum*.

Orðtök eru vinsæl í auglýsingum og orðaleikjum. Ágætt dæmi um notkun orðtaks sem lagað er að texta auglýsingarinnar er að finna í eftirfarandi auglýsingatexta (skáletrunin er höfundar):

Þetta vitum við upp á okkar 960 fingur: [...] Hversu mikilvægt er það fyrir þig sem viðskiptavin að geta komið á staðinn og gert úttekt á prent-verkinu fyrir framleiðslu? Hvern einasta dag leggja allir 96 starfsmenn okkar sig alla fram til þess að tryggja þér afburðaðþjónustu. [...] *Eftir íslenska orðtakinu: Og þetta vitum við upp á okkar tíu fingur. Þekkt frá 1600. Orðtakið merkir „vita e-ð nákvæmlega“.³³*

Í þessum auglýsingatexta er ekki einungis brugðið á leik með orðtakið heldur er upprunalegt form orðtaksins einnig haft með til skýringar.

Áður hefur verið vikið að orðtakinu *bei jemandem einen Stein im Brett haben* (‘vera í uppáhaldi hjá einhverjum’) sem er dæmi um orðtak með mjög hátt stig orðtakseðlis. Dæmi um þýskt orðtak í texta-samhengi er eftirfarandi (skáletrun er höfundar): „Das Prädikat „richtungsweisend“ trifft den Nagel aber auf den Kopf, wenn sich Tabellenführer VfR Mannheim II und die drittplatzierte SpVgg 03 Ilversheim am Sonntag (15 Uhr) zum Spitzenspiel [...] gegenüberstehen.“³⁴

3.2 Orðastæður (þ. *Kollokationen*)

Orðastæður eru föst orðasambönd þar sem ekki, eða að mjög takmörkuðu leyti, er um yfirfærða merkingu að ræða. Merking orðanna er sú sama innan og utan fasta orðasambandsins. Venja hefur skapast um notkun þessara orða í ákveðnu samhengi, oft er um algengar athafnir daglegs lífs að ræða. Dæmi: *sich die Zähne putzen*

³³ *Morgunblaðið*, 16. júlí 2009, bls. 3 (heilsíðuauglýsing).

³⁴ „Lýsingin „stefnumarkandi“ hittir naglann á höfuðið þegar liðið VfR Mannheim II sem er efst í deildinni og SpVgg 03 Ilversheim sem er í þriðja sæti eigast við í toppslag [...] á sunnudaginn (klukkan 15).“ „Jülich: „Wir sind alle froh, dass es wieder los geht“, *Mannheimer Morgen*, 7. mars 2003, bls. 23.

(‘bursta tennurnar’), *Blumen gießen* (‘vökva blóm’); hér eru íslensku þýðingarnar jafnframt dæmi um orðastæður í íslensku.

Rannsóknir á orðastæðum hafa eflst á undanförunum árum og hafa þær ótvírætt hagnýtt gildi fyrir nám í erlendum tungumálum.

3.3 Samskiptaformúlur (þ. *Routineformeln*)

Samskiptaformúlur (einnig **viðkvæði**³⁵) eru þau föstu orðasambönd nefnd sem koma fyrir í samskiptabundnu textasamhengi. Dæmi: *guten Morgen* (‘góðan dag’), *guten Appetit* (‘verði þér að góðu’), *grüß Gott* (‘góðan dag, komdu sæll’), *guten Rutch* (‘hafðu það gott um áramótin’); *takek fyrir síðast*, *glæðilegt sumar*, *takek fyrir matinn*, *verði þér að góðu*.

3.4 Sérstakir flokkar fastra orðasambanda

Burger nefnir auk ofangreindra flokka nokkra flokka fastra orðasambanda til viðbótar og er gerð grein fyrir þeim helstu hér.³⁶ Flokkun hans er tilraun til þess að veita yfirlit yfir hið víðfeðma svið fastra orðasambanda og auðvelda þar með umfjöllun um hana. Ekki er um flokkun að ræða þar sem flokkað er eingöngu eftir ákveðnum einkennum svo sem gerð, merkingu o.s.frv. heldur er leitast við að kortleggja föst orðasambönd til þess að gefa yfirsýn yfir sviðið. Hér er getið nokkurra helstu flokka og sýnd dæmi um þá á þýsku og íslensku.³⁷

3.4.1 Líkanmyndanir (þ. *Modellbildungen*)

Föst orðasambönd sem eru mynduð eftir mynstri eða formúlu mætti e.t.v. nefna líkanmyndanir á íslensku. Mjög oft koma fyrir endurtekningar orðanna sem í hlut eiga eins og dæmin sýna. Ekki verður breyting á merkingu orðanna í þessum orðasamböndum.

35 Sbr. Henning Bergenholtz, Ilse Cantell, Ruth Vatvedt Fjeld, Dag Gundersen, Jón Hilmar Jónsson og Bo Svensén, *Nordisk leksikografisk ordbok*, Oslo: Universitetsforlaget, 1997, bls. 227.

36 Í umfjölluninni hér er fjórum flokkum (þ. *Autorphraseologismen*, *onymische Phraseologismen*, *phraseologische Termini* og *Klischees*) sleppt þar sem fræðimenn greinir mjög á um það hvort þeir teljist til fastra orðasambanda.

37 Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 45.

Dæmi:

- x um x: *Glas um Glas* ('hvert glasið á fætur öðru')
- x für x: *Jahr für Jahr* ('ár eftir ár'), *Woche für Woche* ('viku eftir viku'), *Tag für Tag* ('dag eftir dag')
- x eftir x: *dag eftir dag*, *ár eftir ár*, *viku eftir viku*, *skipti eftir skipti*

3.4.2 Orðapör³⁸ (þ. *Zwillingformeln, Paarformeln, Wortpaare*)

Orðapör eru tvö orð í sama orðflokki sem tengd eru með sam-
tengingu og koma fyrir í ákveðinni röð sem ekki er unnt að breyta,
þ.e. festan er alger. Í þessum flokki getur verið um yfirfærða merk-
ingu að ræða og einnig geta komið fyrir stakyrði. Dæmi: *gang und*
gäbe sein ('vera mjög algengur'), *klipp und klar* ('hreint út'), *fix und*
fertig ('búinn að vera'); *vera klappað og klárt*, *gegnum þykkt og þunnt*, *eftir*
dúk og disk, *í húð og hár*.

Í orðapörum er oft að finna stuðlasetningu eða innrím.

3.4.3 Fastar líkingar (þ. *komparative Phraseologismen, Vergleiche*)

Í **föstum líkingum** koma fyrir líkingar myndaðar með *wie* á þýsku
og *eins* og á íslensku sem bundnar eru ákveðinni sögn til að efla
merkingu hennar. Dæmi: *wie Gott in Frankreich leben*, ('lífa eins og
blóm í eggi'), *frieren wie ein Schneider* ('vera mjög kalt'), *es zieht wie*
Hechtsuppe ('það er mikill dragsúgur hérna'); *sofa eins og steinn*, *horfa*
eins og naut á nývirki, *vera eins og álfur út úr hól*.

3.4.4 Hreyfyrði (þ. *Kinegramme*)

Hreyfyrði er það nefnt þegar tjáning með líkamshreyfingum er
færð í orð sem mynda fast orðasamband. Í merkingu hreyfyrðisins
felst bæði hreyfingin og sú afstaða eða viðbrögð sem hún undir-
strikar. Dæmi: *die Achseln zucken* ('yppa öxlum'), *die Nase rümpfen*
('fitja upp á trýnið'), *die Hände über dem Kopf zusammenschlagen* ('fórna
höndum', bókstaflega 'slá saman höndum yfir höfði sér'), *sich die*
Haare raufen ('reyta hár sitt'), *den Kopf schütteln* ('hrista höfuðið');
kinka kolli, *ranghvolfa augunum*, *hnykla brýrnar*, *fitja upp á trýnið*, *reyta hár*
sitt og *fórna höndum*.

38 Jón G. Friðjónsson nefnir þennan flokk „samstæður“. Sjá *Rætur málsins*, Reykjavík: Íslenska
bókaútgáfan 1997, bls. x.

Athyglisvert er að leiða hugann að því hvort *fórna höndum* sé hreyfyrði eða e.t.v. **gervihreyfyrði** (þ. *Pseudo-Kinegramm*), þ.e. hvort málnotendur hefji í raun hendur til lofts þegar þeir fórna höndum eða ekki.

3.4.5 Fleyg orð (þ. *Geflügelte Worte*)

Í flokki **fleygra orða** er alltaf unnt að finna heimildina, höfund eða upprunalegan stað þar sem orðasambandið kom fyrir fyrst en það getur verið t.d. í bókmenntum, bókmenntaþýðingum, auglýsingum, kvikmyndum eða þróttum. Fleyg orð eru oft fullyrðingar en þó er það ekki nauðsynlegur eiginleiki þeirra. Dæmi: *Grau, teurer Freund ist alle Theorie, / Und grün des Lebens goldner Baum* (Goethe), *Der Ball ist rund und das Spiel hat 90 Minuten* (Sepp Herberger); *Nú falla öll vötn til Dýrafjarðar* (Gísla saga), *Vér mótmælum allir* (Jón Sigurðsson), *Öll veröldin er leiksvið* (Shakespeare í þýðingu Helga Hálfðanarsonar).

3.5 Föst orðasambönd sem mynda fullyrðingar

Eins og fram kemur í upphafi þessa kafla er gerður greinarmunur á nokkrum flokkum fastra orðasambanda sem mynda fullyrðingar. Burger gerir þar greinarmun á frösum annars vegar og tveimur undirflokkum af tóþískum formúlum, þ.e. málsháttum og algildum sannleika, hins vegar.

3.5.1 Málshættir (þ. *Sprichwörter*) og algildur sannleikur (þ. *Gemeinplätze*)

Innan fraseólógiunnar er hugtakið „tóþískur“, sem fengið er úr grísku mælskulistinni og dregið af orðinu *topos* (‘staður’), notað yfir þau föstu orðasambönd sem mynda fullyrðingar og ekki er þörf á að tengja textasamhengi með ákveðnum hætti; þetta eru málshættir og algildur sannleikur.

Málshættir eru flokkur fastra orðasambanda sem fræðimenn nálgast á mjög mismunandi hátt og eru þeir m.a. ekki á einu máli um það hvort flokka beri málshætti sem föstu orðasambönd eða ekki. Þó er í vaxandi mæli farið að flokka málshætti með föstum

orðasamböndum.³⁹ Innan þjóðfræðinnar hafa rannsóknir á málhátum verið stundaðar lengi og má þar t.d. benda á rannsóknir Lutz Röhrigs og Wolfgang Mieders. Fræðigrein sú sem fjallar um rannsóknir á málshátum er nefnd *Parömiologie* á þýsku og mætti e.t.v. kalla hana málsháttafræði á íslensku.

Málshættir eru sjálfstæðar fullyrðingar sem mynda merkingarlega heild, þeir skiljast án nánara samhengis og er því unnt að líta á þá sem örtexa (þ. *Mikrotexte*). Með öðrum orðum: Málshættir eru setningar sem ekki eru tengdar samhenginu með neinni orðasafns-einingu. Jón G. Friðjónsson skilgreinir málshætti á eftirfarandi hátt:

Skýrustu einkenni málshátta varða annars vegar merkingu og hins vegar búning, en við þessi tvö einkenni má bæta atriðum er snerta uppruna og notkun. Gleggsta einkenni málshátta er trúlega það að um er að ræða föst orðasambönd sem fela í sér fulla hugsun og geta málshættir því staðið einir sér ólíkt orðatiltækjum.⁴⁰

Uppruni málshátta getur verið af ýmsum toga. Þeir hafa oft að geyma visku eða speki og geta verið heilræði, lífsreglur eða leiðbeining fyrir daglegt líf. Dæmi: *Morgenstunde hat Gold im Munde: Morgunstund gefur gull í mund*. Þýski málshátturinn *Der Apfel fällt nicht weit vom Stamm* (bókstaflega ‘eplið fellur ekki langt frá bolnum’) á sér samsvörun í íslensku *Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni*. *Eik* er hér notað í merkingunni ‘tré’ og í *epli* og *eik* kemur fram stuðlasetning sem er mikilvægt atriði í íslenskum málshátum. Það kemur mörgum útlendingum spánskt fyrir sjónir að í íslenskum málshætti sé látið að því liggja að epli vaxi á eikartrjám.

Gerður er greinarmunur á málshátum og **algildum sannleika** en það síðarnefnda eru fullyrðingar sem ekki tjá nýjan sannleika, speki eða visku heldur greina frá einhverju sem í raun liggur í augum uppi. Was man hat, das hat man og Það sem er búið er ekki eftir eru dæmi um föst orðasambönd af þessari gerð.

3.5.2 Frasar (þ. *feste Phrasen*)

Frasa kýs Burger að kalla fullyrðingar sem ekki eru sjálfstæðar að

39 Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 110.

40 Jón G. Friðjónsson, *Rætur málsins*, bls. x.

því leyti að þær verða að tengjast textasamhenginu á einhvern hátt til þess að um eðlileg tjáskipti eða samhengi í texta sé að ræða.⁴¹ Dæmi: *das schlägt dem Fass den Boden aus* ('nú er nóg komið'); *þetta tekur út yfir allan þjófabálk, þar lágu Danir í því*. Í þessum frösum tengja *das*, *þetta* og *þar* frasann við textalegt samhengi hans.

Erfitt getur verið að greina á milli málshátta, frasa og samskiptaformúlna sem undirstrikar að við flokkun fastra orðasambanda er að mörgu að hyggja og ekki til nein einhlít flokkunaraðferð.

4. Niðurlag

Föst orðasambönd og fraseólógía er gífurlega víðfeðmt rannsóknarsvið eins og þessi kynning á því með hliðsjón af rannsóknnum þýskumælandi fræðimanna sýnir. Tæpast er hægt að segja að þetta svið málvísinda sé mjög aðgengilegt þar sem hugtakanotkun og skilgreiningar eru mismunandi eftir sjónarhorni rannsakandans. Föst orðasambönd eru algeng í daglegu tali og vekja því oft áhuga málnotenda á uppruna þeirra og sérkennum. Þau taka breytingum í málсамfélaginu en varðveita einnig eldri orðmyndir og setninggerðir tungumálsins. Fraseólógía hentar vel og er vinsæl sem rannsóknasvið samanburðarmálvísinda eða máljöfnuðar á ýmsum tungumálum þar sem föst orðasambönd eru mikilvæg í tileinkun erlendra tungumála og þýðingum. Til eru föst orðasambönd sem koma fyrir í mörgum tungumálum og eiga sér ef til vill sameigi legan uppruna. Önnur finnast aðeins í einu tungumáli og vitna þá um sértæka atvinnuhætti, sögu eða þjóðhætti. Enn önnur stinga upp kollinum í ólíkum gervum eftir tungumálum, þannig er *bera í bakkafullan lækinn* á þýsku *Eulen nach Athen tragen* ('bera uglur til Aþenu') en á frönsku *porter de l'eau à la rivière* ('bera vatn í ána').

Tilgangurinn með þessari umfjöllun um föst orðasambönd er að kynna hugtakanotkun Haralds Burgers og vekja með því frekari athygli á efninu og hvetja til umræðu um eiginleika og flokkun fastra orðasambanda í íslensku og með íslenskum heitum í samanburði við önnur tungumál. Rannsóknarefnin eru fjölmörg og geta komið að miklum notum í tengslum við tungumálanám. Áhugavert

41 Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 39.

er t.d. að leiða hugann að því hvaða flokkar fastra orðasambanda eru algengastir í íslensku og kanna notkun þeirra í samanburði við önnur tungumál. Einnig mætti spyrja þeirrar spurningar hvort stakyrði eða myndræn orðtök í íslensku séu algengari eða sjaldgæfari en í skyldum tungumálum. Föst orðasambönd bjóða upp á fjölbreyttar og afar spennandi rannsóknir sem einnig hafa ótvírætt hagnýtt gildi þar sem hvorki er unnt að ná góðu valdi á móðurmáli sínu né erlendu tungumáli án þess að kunna skil á föstum orðasamböndum þess.

RITASKRÁ

- Bergenholtz, Henning, Ilse Cantell, Ruth Vatvedt Fjeld, Dag Gundersen, Jón Hilmar Jónsson og Bo Svensén, *Nordisk leksikografisk ordbok*, Oslo: Universitetsforlaget, 1997.
- Burger, Harald, „die achseln zucken“. Zur sprachlichen kodierung nichtsprachlicher kommunikation“, *Wirkendes Wort. Deutsche Sprache in Forschung und Lehre* 26/1976, bls. 311–334.
- Burger, Harald, Annelies Buhofer og Ambros Sialm, *Handbuch der Phraseologie*, Vestur-Berlín og New York: de Gruyter, 1982.
- Burger, Harald, „Funktionen von Phraseologismen in den Massenmedien“, *Aktuelle Probleme der Phraseologie*, ritstj. Harald Burger og Robert Zett, Frankfurt am Main: Peter Lang, 1987.
- Burger, Harald, *Phraseologie. Eine Einführung am Beispiel des Deutschen*, Berlín: Erich Schmidt Verlag, 3. útg., 2007.
- Coulmas, Florian, *Routine im Gespräch. Zur pragmatischen Fundierung der Idiomatik*, Wiesbaden: Akademische Verlagsgesellschaft Athenaion, 1981.
- Donalies, Elke, *Basiswissen. Deutsche Phraseologie*, Tübingen: A. Francke Verlag, 2009.
- Dobrovolskij, Dmitrij, *Idiome im mentalen Lexikon. Ziele und Methoden der kognitivbasierten Phraseologieforschung*, Trier: Wissenschaftlicher Verlag, 1997.
- Dobrovolskij, Dmitrij, *Kognitive Aspekte der Idiom-Semantik. Studien zum Thesaurus deutscher Idiome*, Tübingen: Narr, 1995.
- Duhme, Michael, *Phraseologie der deutschen Wirtschaftssprache. Eine empirische Untersuchung zur Verwendung von Phraseologismen in journalistischen Fachsprachen*, Essen: Blaue Eule, 1991.
- Fleischer, Wolfgang, *Phraseologie der deutschen Gegenwartssprache*, Leipzig: Bibliographisches Institut, 1982.
- Gréciano, Gertrud, „Europhraseologie. Zur Findung und Verbreitung der Begriffe über Bilder“, *Ansichten der deutschen Sprache*, ritstj. Ulrike Haß-Zumkehr, Werner Kallmeyer og Gisela Zifonun, Tübingen: Narr, 2002, bls. 305–323.
- Halldór Halldórsson, *Íslenskt orðtakasafn*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 3. útg., 1991.
- Häusermann, Jürg, *Phraseologie. Hauptprobleme der deutschen Phraseologie auf der Basis sowjetischer Forschungsergebnisse*, Tübingen: Niemeyer, 1977.
- Jón G. Friðjónsson, *Mergur málsins. Íslensk orðatiltæki*. Uppruni, saga og notkun, Reykjavík: Mál og menning, 2. útg., 2006.
- Jón G. Friðjónsson, *Rætur málsins*, Reykjavík: Íslenska bókaútgáfan, 1997.
- Jón Hilmar Jónsson, *Orðastaður. Orðabók um íslenska málnotkun*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2. útg., 2001.
- Jón Hilmar Jónsson, *Orðabeimur. Íslensk hugtakaorðabók með orða- og orðasambandskrá*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2002.
- Jón Hilmar Jónsson, *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2004.

- Korhonen, Jarmo, *Studien zur Phraseologie des Deutschen und des Finnischen*, Bochum: Universitätsverlag Brockmeyer, 1995.
- Molotkov, Alexander Ívanovítsj, *Osnovy frazeologii russkogo jazyka*, Leningrad: Nauka, 1977.
- Palm, Christine, *Phraseologie. Eine Einführung*, Tübingen: Narr, 1995.
- Pilz, Klaus Dieter, *Phraseologie. Redensartenforschung*, Stuttgart: Metzler, 1981.
- Röhrich, Lutz, *Lexikon der sprichwörtlichen Redensarten*, Freiburg: Herder, 1974.
- Röhrich, Lutz og Wolfgang Mieder, *Sprichwort*, Stuttgart: Metzler, 1977.
- Skog-Södersved, Mariann, „Zum Vorkommen von Phraseolexemen in Leitartikeln deutscher und schwedischer Tageszeitungen“, *Untersuchungen zur Phraseologie des Deutschen und anderer Sprachen. Einzelsprachspezifisch-kontrastiv-vergleichend*, ritstj. Jarmo Korhonen, Frankfurt am Main: Peter Lang, 1992, bls. 175–188.
- Stecker, Bruno, „Ja doch, eigentlich schon noch. Alltagsroutinen des Kommunikationsmanagements“, *Ansichten der deutschen Sprache*, ritstj. Ulrike Haß-Zumkehr, Werner Kallmeyer og Gisela Zifonun, Tübingen: Narr, 2002, bls. 555–577.
- Steyer, Kathrin, „Usuelle Wortverbindungen des Deutschen. Linguistisches Konzept und lexikographische Möglichkeiten“, *Deutsche Sprache. Zeitschrift für Theorie, Praxis, Dokumentation* 2/2000, bls. 101–125.
- Sölvi Sveinsson, *Íslensk orðtök með skýringum og dæmum úr daglegu máli*, Reykjavík: Íðunn, 3. útg. 2009.
- Sölvi Sveinsson, *Íslenskir málshættir með skýringum og dæmum*, Reykjavík: Íðunn, 3. útg., 2009.
- Wotjak, Barbara, *Verbale Phraseolexeme in System und Text*, Tübingen: Niemeyer, 1992.

ABSTRACT

Characteristics and Categories in German Phraseology and Their Equivalent Icelandic Terms

Phraseology (German *Phraseologie*, Icelandic *fraseólógía*) is an important area of linguistics and of great interest especially in the acquisition of foreign languages. The paper aims to describe the most important characteristics of word groups (*feste Wortverbindungen/föst orðasambönd*) like phraseologisms, phraseological units, and idioms as well as their classification in German and Icelandic. The paper is based on the theoretical background of German phraseology, primarily the research of Harald Burger and his definitions of the characteristics, structure and essential terms of phraseology. The paper presents characteristics such as *Polylexikalität*, *Festigkeit*, *Idiomatisizität*, *Motiviertheit*, *Idiomatisierung* along with discussions of the Icelandic equivalent terms. An overview is given of Harald Burger's classification of *Phraseologismen* into three categories: *referentielle Phraseologismen/tilvísandi föst orðasambönd*, *strukturelle Phraseologismen/formgerðarleg föst orðasambönd* and *kommunikative Phraseologismen/samskiptabundin föst orðasambönd* with their subcategories. German and Icelandic examples of various types of phraseologisms such as *Idiome/orðtök*, *Sprichwörter/málsbættir*, *Kollokationen/orðastæður*, *Geflügelte Worte/fleyg orð* and *Vergleiche/fastar líkingar* are presented. Hopefully the result of this study will be to strengthen the discussion of phraseology in Iceland.

Falsvinir í venjubundnu myndmáli¹

1.1 Falsvinir þýðandans

[...]

Hugtakið „falsvinir“ eða „falsvinir þýðandans“, eins og þeir hafa einnig verið nefndir, er alþekkt viðfangsefni í tvímála orðabókafræði, kennslu erlendra tungumála og þýðingum, enda hafa ítarlegar rannsóknir verið gerðar á þessu sviði,² sjá t.d. Wandruska (1978, 1979); Neuhaus (1988); Gorbahn-Orme og Hausmann (1991), Kroschewski (2000), Chamizo Domínguez og Nerlich (2002). Falsvinir þykja einkum áhugaverðir í kennslufræði erlendra tungumála og þýðingafræði, þar sem áhersla er lögð á að koma í veg fyrir hugsanlegar þýðingavillur. Eftirfarandi er almenn (og einföld) skilgreining á falsvinum þýðandans:

Falsvinir eru orð sem eru áþekkt eða líta eins út í tveimur tungumálum en hafa ekki sömu merkingu.

1 Þýðing 5. kafla bókarinnar *Figurative Language: Cross-Cultural and Cross-Linguistic Perspectives* eftir D. Dobrovol'skij og E. Piirainen. Elsevier, 2005 (Amsterdam etc.). Númerum kafla og undirkafla var breytt.

2 Í rafrænni heimildaskrá yfir stiklutekta um falsvini (www.uni-bonn.de/~dbuncuc/ffbib_un.htm) eru yfir 620 flettur, en flestar fjalla þær einungis um einyrta falsvini.

Falsvinir eru afar algengir í öllum tungumálum. Það skýrist einkum af margs konar sögulegri þróun sem hefur áhrif á merkingu orða og finnst einkum í tveimur meginflokkum. Í þeim fyrri eru áþekk eða eins orð í tveimur náskyldum tungumálum þar sem merkingin hefur þróast hvor í sína átt, t.d. *gift* „gjöf“ í ensku og *Gift* „eitur“ í þýsku, en bæði þessi orð eru komin af fornþýsku sögninni **geban* „gefa“. Bæði orðin *gift*/*Gift* merkja þess vegna eitthvað sem við getum *gefið* öðrum (hvort heldur það er eitur eða gjöf). Það sama gildir um mörg orð í hinum náskyldu tungumálum eistnesku og finnsku. Eistneska orðið *rahvas*, „fólk“, er af sama uppruna og finnska orðið *rahvas* sem þýðir „skráll, lýður“ og er notað á niðrandi hátt um landsbyggðarfólk.

Síðari flokkurinn er mun stærri og í honum eru svonefnd „alþjóðaoð“ (e. *internationalisms*), orð af grískum eða latneskum uppruna sem önnur tungumál hafa ítrekað fengið að láni á ýmsum skeiðum málsögunnar. Þau taka oft mismunandi merkingarlegum breytingum í tveimur eða fleiri tungumálum, þrátt fyrir sameiginlegan uppruna. Svipuð málsöguleg þróun gat leitt til fjölmerkingar (e. *polysemy*) og/eða samyrðingar (e. *homonymy*) innan sama tungumáls. Nærtæk dæmi eru orð sem komin eru af latneska orðinu *concursum* en hafa fengið aðra merkingu með tímanum. Nokkur þessara orða merkja „gjaldþrot“ (t.d. þýska *Konkurs*, finnska *konkurssi*, og annað af tveimur samyrðum í slóvensku, *konkurz* 1). Annar orðahópur merkir „samkeppni, keppni í tónlist- eða listsköpun“ (franska *concours*, rússneska конкурс (*konkurs*), japanska コンコクー)ル (*konkūru*), o.s.frv.). Slóvenska orðið *konkurz* 2 „erindi flutt í samkeppni um (opinbert) starf“ tilheyrir þessum hópi. Enn aðrar merkingar má finna í enska orðinu *concourse*, 1. „anddyri“, 2 „mannsöfnuður“. 3 „samrennsli“ o.s.frv.

Annað dæmi um falsvini af þessu tagi er franska orðið *pamphlet* „níðrit“ og japanska orðið パンフレット (*panfuretto*) „auglýsingabæklingur“. Bæði orðin voru fengin að láni úr ensku og þar hafa báðar merkingar orðsins varðveist: 1. pési, bæklingur, hefti, dreifibréf, og 2. deilurit, skammarit. Falsvinum af þessari gerð (einyrtum falsvinum) hafa verið gerð góð skil og er þá að finna víða í tvímála orðabókum og orðalistum yfir falsvini.

1.2 Falsvinir í venjubundnum myndhverfum máleiningum

Falsvinir er hugtak sem á rætur að rekja til tungumálakennslu. Þó að rannsóknir á sviði einyrtra falsvina séu víðtækar hefur lítið verið hugað að falsvinum innan orðtaka, eða falsvinum í föstum orðasamböndum (e. *phraseological false friends*), eins og þeir eru einnig nefndir. Hér á eftir verður í stuttu máli fjallað um hugtakið *falsvinir í föstum orðasamböndum* og vísað í rannsóknir á því sviði. Meginviðfangsefnið er aftur á móti falsvinir í venjubundnu myndmáli. Það þýðir að sá gagnagrunnur (e. *empirical basis*) sem stuðst er við inniheldur ekki einungis orðtök (þó að þau séu meginflokkurinn), heldur hvers kyns venjubundnar myndhverfar máleiningar.

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á falsvinum í föstum orðasamböndum. Rajxštejn (1980, 23–56) hefur fjallað um þá í þýsku og rússnesku og til er nákvæm rannsókn á falsvinum í föstum orðasamböndum í frönsku og þýsku (Ettinger 1994). Piirainen (1997, 1999b) hefur fjallað um þá í þýsku og hollensku og hjá Piirainen (2001a, 2004a, 2004c) eru ýmis tungumál til umfjöllunar.

Í öðrum rannsóknum á föstum orðasamböndum er einungis imprað á falsvinum og ekki lítið á þá sem verðugt rannsóknarefni í sjálfu sér. Fjallað er um falsvini í föstum orðasamböndum í einu tungumáli, t.d. hjá Wotjak og Richter (1993, 9), svo sem þýsku orðtökin *über den Berg sein* og *über alle Berge sein* (sjá (13) hér að neðan) eða *die Augen schließen* og *die Augen verschließen (vor etwas)* (sjá (17–18)). Orðtök sem þessi eru augljóslega mikilvæg hvað varðar tungumálakennslu og orðabókagerð.

Við skulum líta á dæmi (1–2) sem fjallað er um hjá Ettinger (1994, 129).

- (1) Þýska *jmdm. einen Floh ins Ohr setzen* „setja fló í eyrað á e-m“
„vekja vonlausa þrá hjá e-m“
- (2) Franska *mettre la puce à l'oreille (de qn.)* „setja flóna í eyrað (á e-m) [á eyra e-s]“
„vekja tortryggni e-s, vekja grunsemdir hjá e-m“

Eins og dæmin að ofan sýna eru falsvinir í föstum orðasamböndum snúnara og flóknara viðfangsefni en einyrtir falsvinir. Orðtök

flokkuð sem falsvinir kalla fram í hugann áþekka mynd með áþekku orðalagi, þ.e. þau líkjast hvert öðru að innra formi (e. *inner form*) en hafa talsvert ólíka merkingu.

Skilgreiningum á falsvinum í föstum orðasamböndum (t.d. Burger 2003, 134, 202 og næsta síða; Wotjak 1992a, 105 o. áfr.) ber yfirleitt saman við skilgreiningar á falsvinum þýðandans:

Falsvinir í föstum orðasamböndum eru orðatiltæki sem eru áþekk eða líta eins út í tveimur tungumálum (með hliðstæð beyginga- og setningarleg einkenni (e. *morphosyntactic structure*) og eins eða áþekka setningarhluta (e. *constituents*) í báðum tungumálum) en hafa verulega ólíka merkingu.

Þessa skilgreiningu þarf yfirleitt að orða af meiri nákvæmni þegar um er að ræða falsvini í venjubundnu myndmáli. Það á einkum við um þær venjubundnu myndhverfu máleiningar sem eru merkingargagnsæjar. Hér er ástæða til að benda á að líkindi eða samsvörun þeirra myndhverfu máleininga sem um ræðir byggist ekki á ytra formi (e. *plane of expression*) heldur á þeirri mynd sem þær kalla fram. Samsvörun orðasambanda (1–2) snertir ekki formið (eins og átti við um *gift* og *Gift* hér að ofan) heldur felst hún í inntaki þeirra, bókstaflegum skilningi sem kallar fram vissar myndir. Þetta mætti kalla „merkingarstig 1“ (e. *meaning level*) eða „upptakasvið“ (e. *source domain*). Innan hugrænnar merkingarfræði má skilgreina falsvini í venjubundnu myndmáli á eftirfarandi hátt:

Falsvinir í venjubundnu myndmáli eru tvö eða fleiri orðatiltæki sem kalla fram í hugann nánast eins eða afar líkar myndir en hafa verulega ólíka merkingu.

Þekkingargerðum (e. *knowledge structures*) upptakasviðsins er varpað (e. *mapped*) á þekkingargerðir marksviðsins svo að unnt sé að túlka tengslin á milli innra forms og sjálfrar merkingarinnar. Ólík megin-einkenni þekkingarinnar á upptakasviðinu geta komið fram í þeim venjubundnu myndhverfu máleiningum sem eru í falsvinasambandi. Sú mynd sem kölluð er fram í orðasambandinu *setja fló í eyrað á e-m* hefur að geyma ýmsa möguleika til merkingarlegra endur-

túlkana. Merking orðtakanna veltur á því að hvaða atriðum upptaka hugmyndarinnar athyglin beinist.

Pannig má setja ,fló í eyra‘ í samband við vonlausa þrá (1) vegna þess að hvort tveggja er til vandræða (í höfði eða huga einhvers) og hvort tveggja getur gufað upp. Eyrað er líffæri sem getur numið upplýsingar sem vekja þrá. Áhersla er lögð á önnur atriði í myndinni ,setja flóna í eyra e-s‘ í orðtaki (2) og hugmyndin virðist þá samsvara ,tortryggni‘. Hér mætti túlka flóna sem aðskotadýr sem heldur til í eyranu og hvíslar leyndarmálum til að vekja tortryggni hjá viðkomandi. Jafnvel mætti segja að flóin beri ábyrgð á tortryggni og grunsemdum.

Myndin ,setja fló í eyra e-s‘ eða ,vera með fló/flær í eyranu/eyrunum‘ getur vísað til ýmiss konar markhugmynda (e. *target concept*). Til eru ítölsk og grísk orðtök (3–4) sem hafa annars vegar merkinguna ,vekja tortryggni e-s‘ (ítalska) og hins vegar ,verða tortrygginn‘ (gríska), hvort tveggja er nálægt merkingu franska orðtakans (2). Ennfremur má benda á enn eitt þýskt orðtak (5) sem merkir ,vera heimskur‘ og hollenskt orðtak (6) sem merkir ,vera eirðarlaus‘. Orðastrengurinn (e. *word string*) *flea in one’s ear* í enska orðtakinu (7a) merkir ,ávítur eða ofanígjöf‘, sbr. einnig (7b, 7c).

- (3) Ítalska *mettere la/una pulce nell’orecchio (a qd.)* „setja fló(na) í eyrað (í eyra e-s)“
 ,vekja tortryggni e-s, vekja grunsemdir hjá e-m‘
- (4) Gríska του μπαίνουν ψύλλοι στα αυτιά (*tu bénum psíli sta aftjá*)
 „flær fara inn í eyra einhvers“
 ,e-r verður tortrygginn, fyllist grunsemdum‘
- (5) Þýska *einen Floh im Ohr haben* „vera með fló í eyranu“
 ,vera ekki með réttu ráði, vera heimskur‘
- (6) Hollenska *een vlo in het oor hebben* „vera með fló í eyranu“
 ,vera eirðarlaus eða á iði‘
- (7a) Enska *a flea in one’s ear*
 ,ávítur eða ofanígjöf; óþægilegt eða óvænt hryssingslegt svar; ógeðfellt hugmynd eða viðbragð‘
- (7b.) Enska *to have/get a flea in one’s ear*
 ,vera skammaður, hafnað eða niðurlægður‘

- (7c) Enska *to send someone away with a flea in his/her ear*
hafna bón e-s reiðilega; snupra eða ávíta e-n⁶

Eins og í orðtaki (5) getur aðskotahlutur í eyranu, t.d. fló, leitt til truflunar á vitsmunagetu; þess vegna má varpa þessari mynd á marksviðið „heimska“. Sá sem er með fló í eyranu hlýtur auk þess að finna fyrir „eirðarleysi“ eins og sjá má á marksviði orðatiltækis (6). Loks má varpa myndinni „fló í eyrað“ á „ávítur eða ofanígjöf“ (7). Aftur má líta flóna sem aðskotadýr sem angrar einhvern og minnir hann á að herða sig. Taka ber fram að allar þessar túlkanir (1–7) byggjast á sömu mynd (upptakahugmynd).

1.3 Dæmi um falsvini á sviði venjubundins myndmáls

Í dæmum (1–7) koma í ljós mörk hugmyndarinnar um falsvini sem hér eru til umfjöllunar. Hugtakið er þröngt og spannar einungis fasta upptakahugmynd og mismunandi markhugmyndir, gagnstætt víðara hugtaki (sjá, t.d. Ettinger, 1994) sem rúmar einnig „falsvini sem skýrast af mismun hvað varðar beyginga- og setningarleg ein-kenni“ og „falsvini sem skýrast af mismun milli afbrigða tungu-málsins“ (e. *diasystematic differences*).

Falsvini má finna í öllum gerðum venjubundinna myndhverfra máleininga þó að orðtök séu stærsti hópurinn. Hér á eftir verður athyglinni beint að orðtökum. Aðrar gerðir venjubundinna myndhverfra máleininga verða þó einnig teknar til athugunar svo að heildarmynd fái st.

Málshattir geta stöku sinnum reynst falsvinir, einkum hafi þeir verið fengnir að láni úr framandi tungumáli og menningu og merking þeirra breyst er komið var á nýtt menningarsvæði. Lítum á dæmi (8–9) sem má rekja aftur til forns rómversks málsháttar (Simpson 1992, 217; Mieder 1992, 565). Japanski málshátturinn er að öllum líkindum þýðing á þeim enska (sjá Paczolay 1997, 100 o.áfr.).

- (8) Enska (úrelt) *A rolling stone gathers no moss*
„Eirðarlaus maður safnar ekki auði, metorðum, vinum,
o.s.frv. (sá sem lifir rótlausu lífi verður ekki farsæll)“

- (9) Japanska 転石苔をむさず (*Tenseki koke wo musa-zu*)
 „Veltandi steinn verður ekki mosavaxinn“
 (nútímaskilningur) „Menn verða að vera á hreyfingu, vera
 athafnasamir (menn verða að safna reynslu, t.d. með því að
 ferðast, skipta um starf, o.s.frv.)“

Túlkun enska málsháttarins (8) er samhljóða fornri merkingu hans en nýrri endurtúlkunir eru einnig til (sbr. mismunandi merkingar sem fjallað er um hjá Lakoff (1987, 451)). Túlkunin sem gefin er upp í (8) féll einnig vel að japanskri menningu; samkvæmt fagurfræðilegum hugmyndum, t.d. um búddíska garða, er steinn ekki fallegur nema hann sé mosavaxinn. Fyrri tíma túlkun á japanska málshættinum (9) var samhljóða túlkun á þeim enska (8) og merkingin var „menn verða að festa rætur og vera staðfastir (til að njóta velfarnaðar)“. En nú hafa félagslegar og menningarlegar aðstæður og viðhorf í Japan breyst og merkingin sem gefin er í (9) er tekin fram yfir þá eldri. Hlutverk hugtaksins MOSI hefur meira að segja snúist við. Líta má á tilfelli á borð við (8–9) sem „falsvini í málsháttum“.

Einyrtar myndhverfingar geta einnig reynst falsvinir. Í breskri ensku þýðir orðið *snaky* „hlykkjóttur“. Hér er á ferðinni myndhverf (myndræn) túlkun á hugtakinu SNAKE (eitthvað, t.d. vegur hlykkjast eins og slanga). Aftur á móti þýðir bandaríska slanguryrðið *snaky* „falskur, illur, slægur“. Táknrænn skilningur á hugtakinu SNAKE er hér að verki. SNAKE er tákn „sviksemi, illsku, lævisi“ o.s.frv. og rótgróið í menningarlegum táknkerfum (e. *cultural codes*).

Orðastæður (e. *restricted collocations*) eru fátíðir falsvinir. Í gagnasafni okkar eru ekki nema örfá pör af myndhverfum orðastæðum, svo sem þýska orðastæðan *der weiße Tod* „hvíti dauðinn“, dauðdagi í snjóflóði og sú rússneska *белая смерть* (*belaja smert*) „hvíti dauði(nn)“ 1. „sykur“, 2. „salt“.

Líkingar (margar þeirra tilheyra hópi orðtaka) eru nokkuð algengir falsvinir. Slíkar líkingar hljóta að teljast til orðtaka þar sem falsvinir í venjubundnum myndhverfum máleiningum eru myndhverfir í eðli sínu. Lítum á röð líkinga í orðasambandinu „tala eins og bók“:

- (10) Þýska *reden wie ein Buch* „tala eins og bók“
 ,tala mikið og hratt, viðstöðulaust‘
- (11) Enska *to speak/talk like a book*
 ,tala tilgerðarlega, eins og upp úr bók‘
- (12) Franska *parler comme un livre* „tala eins og bók“
 ,tala á fágaðan, formlegan og lærðan máta‘

Aftur eru það mismunandi eiginleikar upptakahugmyndarinnar sem skipta meginmáli. Annars vegar innihalda bækur yfirleitt langan og samfelldan texta. Sé hugmyndinni varpað á manneskju sem er að tala verður merkingin ,tala mikið og hratt, viðstöðulaust‘ skiljanleg (10). Hins vegar getur bókmál verið frábrugðið talmáli, það getur verið ítarlegra eða fræðilegra en talmálið. Það leiðir til ólíkra merkinga eftir því hvar áherslan liggur. Í (11) er brugðið út af þeim venjum sem tíðkast í daglegu tali og í (12) er lögð áhersla á þann eiginleika að vera fágaður í tali. Samsvarandi líkingar má finna í öðrum tungumálum, flestar eru þær annaðhvort í sömu merkingu og (11) (t.d. sænska *tala som en bok*) eða (12) (t.d. spænska *hablar como un libro*).

Eins og dæmin hér að ofan sýna koma falsvinir í venjubundnum myndhverfum máleiningum ekki einungis fram í þörum heldur einnig í röð af orðasamböndum sem kalla fram svipaða myndhluta. Auk þess eru þeir ekki einungis í venjubundnum myndhverfum máleiningum í tveimur eða fleiri staðaltungumálum, heldur einnig í staðalmáli annars vegar og mállysku eða svæðisbundnu talmáli hins vegar, og þar að auki í nútímamáli og eldri gerð sama tungumáls (sjá dæmi um þetta í Burger, 2003, 134). Hér að neðan má sjá dæmi um falsvinapar í háþýsku og lágbýskri mállysku (vestur-münsterlensku). Dæmi á borð við þetta eru nokkuð algeng (Piirainen 2000, 1, 65).

- (13) Háþýska *über den Berg sein* „vera kominn yfir fjallið/hæðina“
 ,komast yfir áfall, veikindi; komast út úr miklum vandræðum eða erfiðleikum‘
- (14) Lágbýska *‘n Barg önnwer wessen* „vera kominn yfir hæðina“
 ,vera látinn‘

Í myndinni „vera kominn yfir fjallið/hæðina“ felast hugtakslegir möguleikar sem gera kleift að varpa henni á nokkrar mismunandi markhugmyndir, sbr. enska orðtakið *to be over the hill* „mega muna sinn fifil feegurri; vera of gamall til að leysa verk vel af hendi eða vera aðlaðandi“, japanska 山を越す (*yama wo kosu*) „fara yfir fjallið“ „hafa komist yfir erfiðasta hjallann, hafa yfirstigið það versta (erfiðleika o.s.frv.)“, en einnig þýska orðtakið *über alle Berge sein* „vera kominn yfir öll fjöll/hæðir“ „vera stunginn af, hafa laumað sér undan (óskemmtilegum aðstæðum); vera á bak og burt“ (önnur merking en (13)). Til eru mörg dæmi af þessari gerð, bæði innan náskyldra tungumála og tungumála sem eru óskyld og annarrar menningar. Loks má geta þess að falsvini er einnig að finna innan eins tungumáls. Stundum eru þeir nefndir *innanmálsfalsvinir* (e. *intra-linguistic false friends*) eða *innri falsvinir* (e. *inner false friends*) (sjá t.d. Wotjak og Richter 1993). Þessi hugtök eru einkum notuð í tungumálakennslu. Í málvísindalegu samhengi er um að ræða nærheitatengsl (e. *paronymy*) og einnig samyrðingu (e. *homonymy*) eða fjölmerkingu (e. *polysemy*) (að skilgreina orðasamband sem samyrkt eða fjölmerkingarlegt veltur oft á fræðilegri túlkun á gögnum, sjá 1.4 hér að neðan).

Eftirfarandi gerð falsvina í tveimur tungumálum sker sig úr, þ.e. orðtök sem eru nánast alveg eins í orðréttri þýðingu en eiga rætur að rekja til verulega ólíkra menningarheima. Lítum á dæmi (15–16).

(15a) Þýska *den Löffel wegwerfen* „kasta skeiðinni frá sér“

(15b) Finniska *heittää lusikka nurkkaan* „kasta skeiðinni út í horn“
Hvort tveggja merkir „deyja“

(16) Japanska 匙を投げる (*saji wo nageru*) „kasta skeiðinni frá sér“
„gefast upp í örvilnan“

Myndirnar sem orðastrengurinn „kasta skeiðinni frá sér“ kallar fram í orðtökum (15) og (16) virðast nákvæmlega eins. Munurinn á merkingu þessara tveggja orðtaka hlýtur að vera menningarlegur. Mikilvægasta hugtakið hér er SKEIÐ. Í evrópskri menningu var skeiðin helsta mataráhaldið og KORNGRAUTUR eða HAFRA-GRAUTUR voru dæmigerð fæða. Í sumum sveitum Evrópu hefur GRAUTUR verið mikilvægari undirstöðufæða en BRAUÐ allt til

þessa dags og þess sjást merki í tveimur óskyldum evrópskum tungumálum; þýsku (15a) og finnsku (15b). Sá sem er látinn mun ekki frammar matast; skeiðin verður óþörf. Gamla japanska orðið 匙 (*saji*) þýðir einkum „skeið sem notuð er við lyfjagerð“. Til forna þurfti lækurinn að útbúa sérstaka lyfjablöndu sem átti að lækna sjúklinginn. Ef sjúklingnum batnaði ekki kastaði lækurinn skeiðinni frá sér í örtilnan (sbr. Maynard og Maynard 1993, 202).

Í orðtökum (15) og (16) er nánast sama orðalag en ekki sama upptakahugmynd. Ef við íhugum þetta út frá skilgreiningu okkar á falsvinum í venjubundnum myndhverfum máleiningum eru þau ekki falsvinir. Ef við lítum til orðalagsins mætti telja þau til falsvina. Við getum kallað þau *ígildi falsvina* (e. *quasi-false friends*). Slík þör myndhverfra orðtaka í tungumálum afar ólíkra menningarheima ætti einkum að fjalla um innan menningarlegrar táknafræði (e. *cultural semiotics*).

1.4 Nærheiti og samyrði

Við skulum íhuga hina svonefndu *innanmálsfalsvini* eða *innri falsvini*. Eins og þegar hefur komið fram er hér um að ræða nærheitatengsl, samyrðingu eða fjölmerkingu. Stundum geta falsvinir af þessu tagi komið að gagni þegar skýra þarf áþekk orðtök í mismunandi tungumálum. Hér er dæmi:

- (17) Þýska *die Augen schließen* „loka augunum“
„deyja“
- (18) Þýska *die Augen verschließen (vor etwas)* „loka augunum (fyrir e-u)“
„látast ekki sjá e-ð; láta eins og e-ð sé ekki að gerast“

Þessi áþekku orðtök hafa sams konar beyginga- og setningarlega gerð (að því undanskildu að í orðtaki (18) er skyldubundinn forsetningarliður) og áþekka orðskipan, myndirnar sem þau kalla fram (upptakahugmyndir) eru áþekkar sömuleiðis. Augljóst er að enska orðtakið (19) samsvarar einungis þýska orðtakinu (18) og er falsvinur orðtaks (17).

- (19) Enska *to close one's eyes (on the subject)/ to close one's eyes (to the subject)*
 ,látast ekki sjá e-ð; láta eins og eitthvað sé ekki að gerast‘

Orðtök (17) og (18) skera sig greinilega hvort frá öðru að því er varðar orðalag (*schließen* og *verschließen*) og merkingu (,deyja‘ og ,látast ekki sjá e-ð‘). Í öðrum tilvikum er þó ekki ljóst hvort um er að ræða eitt (fjölmerkingarlegt) orðtak eða tvö (samyrrt) orðtök, sbr. (20).

- (20) Þýska *jmdm. schwillt der Kamm* „e-m rís kambur“³
 1. ,einhver fyllist hroka og drambi‘
 2. ,e-r fyllist reiði og heift‘

Eins og komið hefur fram í dæmum (1–7) og (13–14) geta tilteknað upptakahugmyndir nýst á fleiri en einu marksviði. Ein slík hugmynd er ,e-m rís kambur‘ í orðtaki (20). Tvö ólík meginatriði þekkingargerðanna um þessa upptakahugmynd standa upp úr og er þeim varpað á tvö gjörólík marksvið.

Annars vegar spígsporar haninn sperrtur og hnarreistur – reistur kamburinn gerir hann hærri í loftinu – og göngulagið bendir til hroka og dramb. Hins vegar má túlka rauða litinn og þrúttinn kambinn sem merki um reiði.⁴ Orðtak (20) virðist fjölmerkingarlegt og afar ólíkar merkingar orðanna ,hroki‘ og ,reiði‘ felast í sömu mynd. Þó er hugsanlegt að ekki sé um að ræða fjölmerkingu í strangasta skilningi þess orðs þar sem myndirnar í HROKI og REIÐI eru ekki nákvæmlega eins, heldur ólíkar að því leyti að lögð er áhersla á ólík atriði (göngulag hanans annars vegar og rauða litinn á kambinum hins vegar). Það virðist því eðlilegt að líta á þessar tvær merkingar sem samyrði (20): *jmdm. schwillt der Kamm 1* ,e-r fyllist hroka og drambi‘ og *jmdm. schwillt der Kamm 2* ,e-r fyllist reiði og heift‘.

3 Orðasambandið bendir til kynbundinnar notkunar. Vegna myndarinnar (haninn er ímynd karldýrsins) tengist það einkum körlum (Pirainen 2001e, 300 o.á.).

4 Seinni túlkunina má skýra með hollenska orðtakinu *een rode kam kriegen* „fá rauðan hanakamb“ ,fyllast reiði og heift“. Það felur í sér svipaða mynd af þrúttum hanakambi en áherslan er á rauða litinn.

Orðtök eins og (20) eru oft falsvinir. Sænska orðtakið (*tupp*) *kammen sväller/växer/reser sig på ngn*, „(hana)kamburinn þrútnar/stækkar/rís á e-m“ hefur til að mynda einungis aðra af merkingum (20) hér að ofan, þ.e. „e-r fyllist hroka og drambi“. Orðtakið samsvarar þess vegna þýska orðtakinu *jmdm. schwillt der Kamm 1* en er falsvinur *jmdm. schwillt der Kamm 2*.

1.5 Orsakapættir falsvina

Eins og þegar hefur komið fram má einkum rekja ástæðu falsvina í venjubundnu myndmáli til merkingargagnsæis orðtakanna og því skal það greint nánar, bæði merkingarlega og hugtakslega. Hér á eftir verður fjallað um nokkrar gerðir merkingargagnsæis orðtaka með það fyrir augum að benda á hugsanlega reglufestu í „falsvina-samböndum“. Flesta falsvini má telja til einnar af eftirfarandi þremur gerðum merkingargagnsæis orðtaka (i–iii).

- i. Falsvinir í ýmiss konar hugtaksmyndhvörfum (e. *conceptual metaphors*)
- ii. Falsvinir í ýmiss konar lýsandi myndmáli (e. *rich images*)
- iii. Falsvinir í einum setningarluta (e. *constituent*)

1.5.1 Falsvinir í ýmiss konar hugtaksmyndhvörfum

Í þessari gerð merkingargagnsæis má skýra mismun á merkingu tveggja orðtaka með því að um sé að ræða ólík hugtaksmyndhvörf. Eins og í ljós hefur komið er hugtekning (e. *conceptualisation*) marksviðanna HROKI og REIÐI út frá nánast sömu mynd á upptakasviði ekki einangrað fyrirbæri; í því má sjá nokkra reglufestu. Lítum á orðtak (21), sem er svæðisbundið þýskt orðtak, og orðtak (22) úr lágþýsku (vestur-münsterlenskt), en þau tengjast hvort öðru sem falsvinir.

- (21) Þýska (svæðisbundið) *auf Stelzen gehen* „ganga á stultum“
„vera montinn, sjálfsöruggur og hrokafullur“
- (22) Lágþýska *up Stölpen staon* „standa á stultum“
„vera bálreiður og heiftúðugur“

Hér er um að ræða eftirfarandi gerð af merkingartúlkun (e. *semantic construal*): Hið lýsandi myndmál (e-r setur sig í hærri stöðu en annað fólk m.p.a. ganga/standa á stultum) flytur upptakahugmyndina ,upp, upp á við, hátt fyrir ofan‘ á óhlutbundnara svið. Þetta er hin fasta upptakahugmynd beggja orðtaka og henni má varpa á tvö mismunandi marksvið, sem eru HROKI og REIDI. Innan hugrænnar merkingarfræði er hér um að ræða tvö alkunn hugtaksmyndhvörf (a) HROKI ER UPPHAFIN STAÐA og (b) REIDI ER HÆKKANDI INNRI ÞRÝSTINGUR.

- a. Áberandi einkenni í fari þeirra montnu og hrokafullu er að hrokinn kemur fram í fasi þeirra, s.s. í því hvernig þeir ganga og bera sig, teinréttir og hnakkakerrtir. Af þessu leiðir hugtekningin að HROKI sé UPPHAFIN STAÐA en hana er að finna í mörgum orðtökum, s.s. í ensku *to go around with one's nose in the air*, vera hrokafullur, vera stór upp á sig‘ og í japönsku 鼻つ柱 が高い (*hanappashira ga takai*) „miðsnes(ið) (vísar) upp“, e-r er rigmontinn, hrokafullur, einnig í þýsku *erhobenen Hauptes* „hnar-reistur“, rússnesku с (высоко) поднятой головой (*s (vysoko) podnyatoj golovoj*) „með höfuðið reigt (hátt)“, eða ensku *with his chest out*, þýsku *mit geschwellter Brust* „með útþaninn brjóstakassa“ í merkingunni ,af miklu stolti‘, o.s.frv. Önnur mynd sem gefur til kynna upphafna stöðu er að „ganga á stultum“ (sá hrokafulli lítur út fyrir að vera hærri en allir aðrir, eins og hann gangi á stultum). Myndin í orðtaki (21) er þess vegna skiljanleg.
- b. Þegar REIDI er hugtaksgerð (e. *conceptualise*) gegnir áttin ,upp‘ eða staðan ,hátt fyrir ofan‘ einnig mikilvægu hlutverki. Þessa mynd er einnig að finna í mörgum orðtökum, s.s. í þýsku *auf die Palme geben* „fara (klifra) upp pálmatréð“, *die Wände hochgehen* „klifra upp veggina“, í hollensku *op de kast zitten* „sitja uppi á skápnum“, *er op hoge poten heengaan* „ganga á háum loppum“, en öll merkja þau ,vera bálreiður“. Myndin að ,standa á stultum (vera hærri en við venjulegar aðstæður)‘ eins og í orðtaki (22) er önnur lýsandi mynd fyrir REIDI.

Önnur leið til að hefja sig yfir aðra er að fara á hestbak. Þessi mynd er einnig ítrekað notuð til að hugtaksgera marksviðin HROKI ann-

ars vegar og REIÐI hins vegar. Við skulum líta á tvö nánast eins orðtök úr lágbýsku (vestur-münsterlensku) (23–24):

- (23) *sik up't hooge Peerd setten* „setjast upp á háa hestinn“
 ,vera hrokafullur, gera sig merkilegan; vera montinn og yfir-
 lætislegur‘
- (24) *(hoog) te Peerde wessen* „vera (hár) á hesti(num)“
 ,vera bálreiður og heiftúðugur‘

Þessa sömu hugtekningu er að finna í ýmsum staðaltungumálum. Hin fasta mynd „sitja á háum hesti/hátt á hesti“ er notuð um hugtakssviðin HROKI og REIÐI. Við skulum fyrst líta á orðtök sem lýsa ,hroka‘ (25).

- (25) *Enska to be/get on one's high horse*
 ,vera hrokafullur, gera sig merkilegan; vera montinn og yfir-
 lætislegur‘

Í allmörgum öðrum tungumálum eru orðtök sem svipar til (25), t.d. í þýsku *auf dem hohen Ross sitzen/sich aufs hohe Ross setzen* „sitja á háa hestinum/setja sig á háa hestinn“, hollensku *hoog te paard zitten* „sitja hátt á hestinum“, sænska *sitta/sätta sig på sina höga hästar* „sitja á sínum háu hestum/setja sig á sína háu hesta“, og öll hafa þau merkinguna ,vera hrokafullur, gera sig merkilegan, vera montinn og yfirlætislegur‘.

Í franska orðtakinu (26) er orðalagið svipað. Samt merkir það reiði.⁵

- (26) *Franska monter/être sur ses grands chevaux* „fara á bak/
 vera á sínum háu hestum
 ,stökkva upp á nef sér, vera bálreiður og heiftúðugur; verða
 sárhneykslaður og tala fjálglega‘

5 Áhugavert er að í lúxemborgsku orðtaki er að finna báðar merkingar: *um béich Päerd sinn 1* ,vera montinn og hrokafullur‘ og *um béich Päerd sinn 2* ,vera bálreiður og heiftúðugur‘ (Filatkina 2002, í prentun). Lúxemborgska tilheyrir þýsku Mósél-frankísku mállyskunni og hefur orðið fyrir áhrifum bæði af háþýsku og frönsku.

Þrjár síðustu orðtakaraðirnar, um hanakambinn (20), stulturnar (21–22) og háu hestana (23–26), eiga nokkuð sameiginlegt. Þær sýna að hugtekning marksviðanna tveggja HROKI og REIÐI út frá sömu mynd er ekki einstakt tilfelli. Bein myndunum (e. *concrete images*) „e-m rís kambur“, „ganga á stultum“ eða „sitja á háum hesti“ er varpað á tvenns konar marksvið og í því má sjá nokkra reglufestu.

Annað dæmi um falsvini í hugtaksmyndhvörfum ólíkrar merkingar er að finna í orðtökum (27–28).

- (27) Þýska *in den Keller gehen* „fara ofan í kjallara“
 „lækka, falla (í verði)“
 (28) Hollenska *naar de kelder gaan* „fara ofan í kjallara“
 „verða ónothæfur, skemmast, slitna, brotna“

Enginn menningarlegur munur er á kjöllurum í Þýskalandi og Hollandi. Munurinn á merkingu þessara orðtaka verður ekki skýrður öðruvísi en með því að íhuga þau ólíku hugtaksmyndhvörf sem liggja að baki þeim. Bæði orðtökin hafa sömu upptakahugmynd. Þar sem KJALLARI er lægsti hluti hússins felur hugtakið í sér þann hugmyndalega möguleika (e. *cognitive potential*) að verið sé að vísa til þess sem er lægst á tilteknum kvarða.

Samkvæmt þekktum hugtaksmyndhvörfum er fjöldi hlutabréfa, verð á hlutabréfamarkaði o.þ.h. sett upp í töflu eða línurit þar sem MEIRA ER UPP og MINNA ER NIDUR (27). Samkvæmt öðrum útbreiddum myndhvörfum er lægsti punkturinn (á línuriti eða töflu) SLÆMUR og sá efsti GÓÐUR. Af þessu má sjá að þýska orðtakið og það hollenska byggjast á tveimur ólíkum hugtaksmyndhvörfum, MINNA ER NIDUR annars vegar og SLÆMT ER NIDUR hins vegar.

Mörg orðtök ólíkrar merkingar sem eru áþekk á yfirborðinu (hafa nánast sömu bókstaflegu merkinguna) skýrast af því að þau byggjast á mismunandi hugtaksmyndhvörfum.

1.5.2 Falsvinir í ýmiss konar lýsandi myndmáli

Aðrir falsvinir í venjubundnu myndmáli verða ekki fangaðir á hinu fremur óhlutbundna sviði hugtaksmyndhvarfa en þá má aftur á móti skýra á grunni hins svonefnda lýsandi myndmáls. Þegar hefur

verið bent á að vissum upptakahugmyndum á sviði lýsandi myndmáls megi varpa á mismunandi marksvið (s.s. „fló í eyra e-s“ eða „vera kominn yfir hæðina“).

Sú staðreynd að vængjuð skordýr laðast að ljósi og drepast samtundis þegar þau láta lokkast inn í logandi kertaljós er annað dæmi um þetta. Þetta náttúrulega fyrirbrigði sést víðast hvar á jörðinni, án tillits til menningarsvæða. Þess vegna er myndin gjaldgeng í tungumálum ólíkra menningarheima. Hér eru tvö dæmi (29–30).

- (29) Hollenska *in de kaars vliegen* „fljúga inn í kertið“
 „vera mjög einfaldur, fáfróður eða heimskur (og vera fórnarlamb eigin einfaldni eða heimsku)“
- (30) Japanska 飛んで火に入る夏の虫 (*tonde hi ni iru natsu no mushi*)
 „fljúgandi inn í loga(n) sumarfluga [sumarfluga sem flýgur inn í logann]“
 „koma sér í vandræði, valda sjálfum sér erfiðleikum“

Hér er á ferðinni upptakahugmynd (vængjað skordýr laðast að eldsloga) sem hefur mörg hólfi (e. *slots*). Leggja má áherslu á mismunandi þætti þessarar myndar (flugan flýgur grandalaus inn í eldslogann eða gerir það af sjálfseyðingarhvöt) og túlka á mismunandi vegu. Til eru fleiri orðtök sem lýsa svipaðri mynd (t.d. þýska *von etwas angezogen werden wie die Motten vom Licht* „laðast að e-u eins og mölfíðrildi að ljósinu“ „laðast ómótstæðilega að manneskju eða fyrirbæri, vera hugfanginn af e-m“).

Annað dæmi má finna í orðtökum þar sem undirliggjandi er hin lýsandi mynd „innan fjögurra veggja“. Þessa upptakahugmynd má endurtúlka merkingarlega á ólíka vegu. Í fyrsta lagi hefur hún jákvæða merkingu (31).

- (31a) Þýska *in den/seinen eigenen vier Wänden (sein)* „(vera) innan hinna/sinna eigin fjögurra veggja“
- (31b) Gríska μέσα στους τέσσερις τοίχους (*mésa stus téseris tíchus*) „innan hinna fjögurra veggja“
- (31c) Finniska (*olla neljän seinän sisällä*) „(vera) innan hinna fjögurra veggja“

Öll merkja þessi orðtök ,(vera) í friði á sínu (eigin) heimili,
heima; í öruggu umhverfi

Í öðrum venjubundnum myndhverfum máleiningum sem eru orðaðar á nánast sama hátt eru neikvæðar hliðar þessara sömu aðstæðna ráðandi. Dvelji einhver innan sinna fjögurra veggja, einangraður frá umheiminum, getur það haft neikvæð áhrif á skap eða andlegt ástand hans, eins og fram kemur í merkingu orðtaka (32). Myndirnar ,sitja‘ eða ,dvelja‘ innan fjögurra veggja hafa áhrif á merkinguna í þessum orðtökum. Þær gefa til kynna að viðkomandi sé einangraður á heimili sínu, hafi ekki samband við umheiminn, sé með innilokunarkennd, finni til leiðinda og þunglyndis með þessa fjóra veggi fyrir augunum (t.d. ef hann neyðist til að dúsa heima annaðhvort vegna veikinda eða atvinnuleysis).

- (32a) Þýska *in seinen eigenen vier Wänden hocken* „húka innan sinna eigin fjögurra veggja“
- (32b) Franska *loger/être/rester entre quatre murs* „vera/dvelja á milli fjögurra veggja“
- (32c) Rússneska *сидеть в четырех стенах* (*sidet'v četyrex stenax*) „sitja innan fjögurra veggja“
öll fela þau í sér merkingu á borð við ,vera alltaf heima, fara aldrei út, vera einangraður, leiðast, finnast maður innilokaður‘

Segja mátti að orðtök (31) og (32) væru á mörkum þess að vera falsvinir þar sem aðalmerking þeirra er svipuð. Loks skal bent á hollenskt og franskt orðtak sem við fyrstu sýn svipar til orðtaka (31–32). Undirliggjandi myndir eru þó ólíkar. Dæmi (33) vísa ekki til veggja í herbergi heldur í fangaklefa. Merkingin að ,vera í fangelsi‘ er finlega orðuð.

- (33a) Hollenska *tussen de vier muren zitten*⁶ „sitja á milli fjögurra veggja“

6 Hollenska orðtakinu (33a) má eigna fleiri hliðarmerkingar, s.s. ,vera þroskaheftur; eiga sér enga undankomuleið‘. Nokkra merkingarþætti má rekja til þess að ekki er gerður greinarmunur á orðunum „veggur í herbergi“ og „útveggur“ í hollensku og frönsku (gagnstætt muninum á *Wand* og *Mauer* í þýsku).

- (33b) Franska (*être*) *entre quatre murs* „(vera) á milli fjögurra veggja“
hvort tveggja í merkingunni ‚vera í fangelsi‘

Dæmin sýna að sömu orðasambönd geta tengst mismunandi römmum (e. *frames*) (hús með herbergjum eða fangelsi með fangaklefum). Við skulum líta á annað falsvinapar þar sem óhætt er að segja að annað orðtakið (35) fegri aðstæðurnar.

- (34a) Sænska *ställa ngn. mot väggen* „stilla e-m upp við vegginn“

- (34b) Finniska *asettaa/panna jk. seinää vasten* „stilla e-m upp við vegginn“

bæði merkja ‚koma e-m í erfiðar aðstæður eða klípu‘

- (35a) Þýska *jmdm. an die Wand stellen* „stilla e-m upp við vegginn“

- (35b) Rússneska *поставить к стенке кого-л. (postavit' k stenke kogo-l.)*

„stilla e-m upp við vegginn“

hvort tveggja í merkingunni ‚taka e-n af lífi með skotvopni‘

Hin beina mynd af vegg í orðtaki (34) framkallar vel þekkt hugtaksmyndhvörf, þ.e. ERFIÐLEIKAR ERU FYRIRSTAÐA HREYFINGAR. Upptakahugmyndinni FYRIRSTAÐA HREYFINGAR (sá sem er stillt upp við vegg getur ekki flúið eða komið sér burt) er varpað á markhugmyndina ‚erfiðar aðstæður eða klípa‘. Þessi hugtaksmyndhvörf koma fram í orðtökum á borð við hið þýska *mit dem Rücken zur Wand* „með bakið upp að veggnum“ ‚í slæmri klípu‘, hið enska *to have your back to/up against the wall* ‚vera í erfiðum aðstæðum sem afar torvelt er að breyta eða komast út úr‘.

Aftur á móti er orðalagið í orðtaki (35) mildað af ásetningi, það er haft ónákvæmt til þess að gera lítið úr aðstæðunum. Einhverrar þekkingar um rammann ‚taka af lífi með skotvopni‘ er þörf til að unnt sé að virkja merkinguna (sakamanninum er í raun stillt upp við vegginn).

Í (34) og (35) er athyglinni beint að ólíkum einkennum myndarinnar, þ.e. mögulegum hlutverkum hugtaksins VEGGUR. Afleiðingin er sú að þetta hugtak verður að túlka sem hluta tveggja ólíkra ramma, annars vegar sem hólfi í rammanum ‚hreyfing‘ („veggur er

fyrirstaða hreyfingar“ í (34) og hins vegar sem hólf í rammanum ,aftaka með skotvopni“ í (35).

1.5.3 Falsvinir í einum setningarhluta

Ástæðu falsvina er í mörgum tilvikum ekki að finna í venjubundnum myndhverfum máleiningum sem heildar heldur einum setningarhluta. Ekki er þó um að ræða einyrta falsvini (sbr. enska *gift* og þýska *Gift*).⁷ Öðru nær, hér er um að ræða orð í tveimur tungumálum sem hafa nákvæmlega sömu merkingu. Þessi orð hafa þó einnig nokkrar hliðarmerkingar auk ráðandi merkingar. Einkum er um að ræða afar frjó orð yfir líkamsparta, s.s. *bönd*, *hjarta*, *auga*, o.s.frv.⁸ Lítum á orðtök (36–37).

- (36) Þýska *kein Herz (im Leibe) haben* „hafa ekkert hjarta (í líkamanum)“
 ,Hafa enga samkennd, vera harðbrjósta‘
 (37) Hollenska *geen hart in zijn lijf hebben* „hafa ekkert hjarta í líkamanum“
 ,skorta hugrekki, vera huglaus‘

Í hvorugu þessara orðtaka kemur HJARTA fyrir í ráðandi merkingu orðsins (líffæri blóðrásarkerfisins) heldur í hliðarmerkingunni ,ímyndað líffæri (góðra) tilfinninga‘. Hugtakið HJARTA vísar til margvíslegra þátta, einn þeirra er SAMKENND og annar HUGREKKI. Benda mætti á fleira, svo sem ÁST eða VÆNTUMÞYKJU.

Í þýska orðtakinu (36) og því hollenska (37) gegnir hugtakið HJARTA tveimur ólíkum hlutverkum. Sjá má bæði þessi hlutverk hjartans í mörgum öðrum evrópskum tungumálum. Hlutverkið SAMKENND kemur t.d. fyrir í ensku *to have a heart for someone* ,hafa

7 Einyrtir falsvinir í venjubundnum myndhverfum máleiningum virðast afar fátíðir; sjá t.d. enska orðtakið *to give someone a wink* ,blikka e-n‘ samanborið við þýsku *jmdm. einen Wink geben* ,gefa e-m e-ð í skyn‘. Þessi orðtök geta varla talist myndhverf; merkingarlegan mun þeirra er að finna í enska orðinu *wink* og því þýska *Wink*.

8 Frá upphafi rannsókna á föstum orðasamböndum hefur verið hefð fyrir því að rannsaka orðtök sem hafa að geyma orð yfir líkamshluta (t.d. Rajxstein (1980, 91 o.áfr.). Þetta hefur einnig verið meginumfjöllunarefni í samanburðarrannsóknum á tveimur eða fleiri tungumálum. Margir falsvinir í slíkum orðtökum komu í ljós í rannsóknargögnum en þeir vöktu varla nokkurn áhuga sem rannsóknarefni; sjá nýlegar rannsóknir á orðum yfir líkamshluta hjá Krohn (1994), Kim-Werner (1996), Čermak (1998), Davidou (1998), Zhu (1998), Faro (2002) Kotb (2002), Mejri (2003) eða Budvytyte (2003).

samúð með e-m' eða í hollensku *een hart van steen hebben* ,vera með hjarta úr steini' ,hafa enga samúð, vera miskunnarlaus', og hlutverkið HUGREKKI er að finna í þýsku *sich ein Herz fassen*, „taka hjarta“ ,herða upp hugann' eða á hollensku *het hart hebben* „hafa hjartað“ ,vera hugrakkur, þora að gera e-ð' o.s.frv. (sbr. Piirainen, 1997, 1999b).

Eins og sýnt var í undirkafla 1.5.1 má skýra mörg áþekk orðtök með ólíka merkingu (þar sem orðrétt merking er nánast sú sama) með því að þau byggist á ólíkum hugtaksmyndhvörfum. Algeng orð eins og *hönd* eða *augu* geta átt þátt í slíkum myndhvörfum. Hugtakið HÖND felur í sér mörg hliðarhlutverk, s.s. HJÁLP, ÁREYNSLA/VINNA, ATHAFNASEMI eða MÁTTUR, STJÓRN. Hlutverkið ÁREYNSLA/VINNA er að finna í orðtökum ýmissa tungumála án tillits til menningarsvæða, eins og t.d. í (38) og (39).

- (38) Japanska 手が空 < (*te ga aku*) „hönd/hendur (vera) tóm(ar) [hönd e-s verður tóm/hendur e-s verða tóm(ar)]“
 ,vera frjál, vera ekki lengur að vinna, hafa smástund, hafa tíma'
- (39) Enska *to go/come away empty handed*
 1. ,koma til baka tómhentur [hafa ekki neitt með sér]';
 2. ,hafa ekki erindi sem erfiði'

Orðtök (38–39) byggjast á tveimur ólíkum myndhvörfum þar sem hugtakið HÖND gegnir hlutverki: (i) AÐ STARFA ER AÐ GERA (MEÐ HÖNDUNUM) og (ii) AÐ EIGA ER AÐ HAFNA (Í HÖNDUNUM). „Tóma höndin“ í (38) táknar ,vera ekki að vinna, vera laus (frá störfum) og hafa frítíma'. Orðtök (38) og (39) eru augljóslega falsvinir. Í fyrri merkingu orðtaks (39) tengjast HÖND og HAFNA: í tómun höndunum er ekki neitt. Seinni merkingin felur aftur á móti einnig í sér mynd af starfandi höndum.

Rifjum upp þýsku falsvinina (17) *die Augen schließen* ,deyja' og (18) *die Augen (ver)schließen (vor etwas)* ,látast ekki sjá e-ð; láta sem e-ð sé ekki að gerast'. Orðtak (17) ,deyja' verður að túlka á grunni hugtaksmyndhvarfanna AÐ LIFA ER AÐ SJÁ. Athöfninni að sjá lýkur með dauðanum. Gagnstætt (17) eru orðtak (18) *die Augen (ver)schließen (vor etwas)* og hið enska jafngildi þess (19) *to close one's eyes*

(*on the subject*)/*to shut one's eyes (to the subject)* byggð á hugtaksmyndhvörfunum AÐ STJÓRNA ER AÐ SJÁ. Þessi myndhvörf er að finna í ýmsum öðrum orðtökum, s.s. ensku *to keep an eye on someone* „fylgjast með eða hafa eftirlit með e-m“ eða þýsku *jmdm. nicht aus den Augen lassen* „hleypa e-m ekki úr augsyn“ „hafa eftirlit með, hafa nánar gætur á e-m“. Þessi myndhvörf, þar sem hugtakið AUGA gegnir hlutverki, virðast ekki bundin menningarsvæðum (sjá falsvini byggða á menningu í 1.3) því að þau er að finna í tungumálum af mjög ólíkum menningarlegum uppruna, sbr. japanska orðtakið 目をつぶる (*me wo tsuburu*) „loka augunum“ „láta ekki sjá e-ð (t.d. óviðeigandi hegðun); láta sem e-ð sé ekki að gerast“, en það er falsvinur þýska orðtaksins. (17).

5.6 Útdráttur

Hér hefur verið fjallað um efni sem fram að þessu hefur ekki notið mikillar athygli í rannsóknum á myndmáli. Sýnt var fram á að falsvinir í venjubundnu myndmáli krefst merkingarlegrar og hugtakslegrar greiningar öfugt við „falsvini þýðandans“. Rannsókn sem þessi krefjast greiningar á myndhvörfum á sviði hugrænnar merkingarfræði. Mismun á merkingu tveggja eða fleiri falsvina í venjubundnum myndhverfum máleiningum má skýra annaðhvort með ólíkum lýsandi myndum eða ólíkum hugtaksmyndhvörfum. Þar við bætist að til eru falsvinir í venjubundnum myndhverfum máleiningum sem rekja má til eins orðs með ólíkar hliðarmerkingar innan hvorrar einingar. Allar gerðir falsvina á sviði venjubundins myndmáls má rekja til einhvers þessara þriggja þátta og þar með koma í ljós viss regluföst einkenni.

Sigrún Á. Eiríksdóttir þýddi úr ensku

HEIMILDASKRÁ

- Budvytyte, Aina. 2003. Der axiologische Aspekt der deutschen und litauischen Somatismen. Í Harald Burger, Gertrud Gréciano og Annelies Häcki Buhofer (ritstj.), *Flut von Texten – Vielfalt der Kulturen. Ascona 2001 zur Methodologie und Kulturspezifität der Phraseologie*, 255–265. Baltmannsweiler: Schneider.
- Čermák, František. 1998. Somatic idioms revisited. Í Wolfgang Eismann (ritstj.), *Europas 95. Europäische Phraseologie im Vergleich: Gemeinsames Erbe und kulturelle Vielfalt*, 109–119. Bochum: Brockmeyer.
- Chamizo Domínguez, Pedro J. og Brigitte Nerlich. 2002. False friends: Their origin and semantics in some selected languages. *Journal of Pragmatics* 34. 1833–1849.
- Davidou, Aliki. 1998. *Kontrastive Untersuchungen zur griechischen und deutschen Phraseologie: mit einem zweisprachigen Lexikon somatischer Phraseologismen*. Erlangen & Jena: Palm & Enke.
- Ettinger, Stefan. 1994. Phraseologische faux amis des Sprachenpaares Französisch-Deutsch. Í Barbara Sandig (ritstj.), *EUROPHRAS 92. Tendenzen der Phraseologieforschung*, 109–136. Bochum: Brockmeyer.
- Farø, Ken. 2002. Somatismen als Problem der dänischen und deutschen Lexikographie. Í Henrik Gottlieb, Jens Erik Mogensen og Arne Zettersten, *Symposium on lexicography X. Proceedings of the tenth international symposium on lexicography May 4-6, 2000 at the University of Copenhagen*, 107–124. Tübingen: Max Niemeyer.
- Gorbahn-Orme, Adeline og Franz Josef Hausmann. 1991. The dictionary of false friends. Í Franz Josef Hausmann, O. Reichmann, H. E. Wiegand og L. Zgusta (ritstj.), *Wörterbücher. Dictionaries. Dictionnaires. Ein internationales Handbuch zur Lexikographie*, 2882–2888. Berlin og New York: Walter de Gruyter.
- Kim-Werner, Samhwa. 1996. *Phraseologisches Wörterbuch: Deutsch-Koreanisch. Am Beispiel der somatischen Phraseologismen*. Seoul: Yulin-Madang.
- Kotb, Sigrun. 2002. *Körperteilbezogene Phraseologismen im Ägyptisch-Arabischen*. Wiesbaden: Reichert Verlag.
- Krohn, Karin. 1994. *Hand und Fuß. Eine kontrastive Analyse von Phraseologismen im Deutschen und Schwedischen*. Gautaborg: Acta Universitatis Gothoburgensis.
- Kroschewski, Annette. 2000. *False friends und true friends. Ein Beitrag zur Klassifizierung des Phänomens der intersprachlich-heterogenen Referenz und zu deren fremdsprachendidaktischen Implikationen*. Frankfurt am Main etc.: Peter Lang.
- Lakoff, George og Zoltán Kövecses. 1987. The cognitive model of anger inherent in American English. Í Dorothy Holland og Naomi Quinn (ritstj.), *Cultural models in language and thought*, 195–221. Cambridge: Cambridge University Press.
- Maynard, Michael L. og Senko K. Maynard. 1993. *101 Japanese idioms. Understanding Japanese language and culture through popular phrases*. Lincolnwood: Passport Books.

- Mejri, Salah. 2003. La stéréotypie du corps dans la phraseologie: approche contrastive. Í Harald Burger, Gertrud Gréciano og Annelies Häcki Buhofer (ritstj.), *Flut von Texten – Vielfalt der Kulturen. Ascona 2001 zur Methodologie und Kulturspezifität der Phraseologie*, 203–217. Baltmannsweiler: Schneider.
- Mieder, Wolfgang. 1992. *A dictionary of American proverbs*. New York og Oxford: Oxford University Press.
- Neuhaus, H. Joachim. 1988. False friends, Frege's sense, and word-formation. Í Werner Hüllen og Rainer Schulze (ritstj.), *Understanding the lexicon. Meaning, sense and world knowledge in lexical semantics*, 252–257. Tübingen: Max Niemeyer.
- Paczolay, Gyula. 1997. *European proverbs in 55 languages with equivalents in Arabic, Persian, Sanskrit, Chinese and Japanese*. Veszprém: Nyomda.
- Piirainen, Elisabeth. 1999. Falsche Freunde in der Phraseologie des Sprachenpaares Deutsch-Niederländisch. Í Annette Sabban (ritstj.), *Phraseologie und Übersetzen. Phrasematia II*, 187–204. Bielefeld: Aisthesis Verlag.
- Piirainen, Elisabeth. 2000. *Phraseologie der westmünsterländischen Mundart*. Baltmannsweiler: Schneider.
- Piirainen, Elisabeth. 2001a. Der hat aber Haare auf den Zähnen! Geschlechtsspezifität in der deutschen Phraseologie. Í Rudolf Hoberg (ritstj.), *Sprache – Erotik – Sexualität*, 284–307. Berlin: Erich Schmidt Verlag.
- Piirainen, Elisabeth. 2004a. False friends in conventional figurative units. Í Csaba Földes og Jan Wirrer (ritstj.), *Phraseologie als Gegenstand sprach- und kulturwissenschaftlicher Forschung*, 311–321. Baltmannsweiler: Schneider.
- Piirainen, Elisabeth. 2004c. Culture in figurative language: “Standard Average European” vs. dialects. Í T. Baccouche, Harald Burger, Annelies Haeck-Buhofer og Salah Mejri (ritstj.), *L'espace euro-méditerranéen: Une idiomaticité partagée. Actes du colloque international (Hammamet 19, 20 & 21 septembre 2003)*, vol. 2, 339–354. Túnis: Cahiers du CERES.
- Rajštein, Aleksandr D. 1980. *Sopostavitel'nyj analiz nemeckoj i russkoj frazeologii* [Contrastive analysis of German and Russian phraseology]. Moskva: Vyssšaja škola.
- Simpson, John. 1992. *The concise Oxford dictionary of proverbs*. 2. útg. New York og Oxford: Oxford University Press.
- Wandruszka, Mario. 1979. Falsche Freunde: Ein linguistisches Problem und seine Lösung. *Lebende Sprachen. Zeitschrift für fremde Sprachen in Wissenschaft und Praxis*. 24. 4–9.
- Wotjak, Barbara. 1992a. *Verbale Phraseolexeme in System und Text*. Tübingen: Max Niemeyer.
- Wotjak, Barbara og Manfred Richter. 1993. *Sage und schreibe. Deutsche Phraseologismen in Theorie und Praxis*. Berlin etc.: Langenscheidt & Enzyklopädie.
- Zhu, Kaifu. 1998. *Lexikographische Untersuchungen somatischer Phraseologismen im Deutschen und Chinesischen*. Frankfurt am Main etc.: Peter Lang.

Nokkur íslensk orðtök

1. Inngangur

Ýmislegt hefur verið skrifað um orðtök í íslensku. Má þar nefna Guðmund Jónsson sem gaf út bókina *Safn af íslenskum orðskviðum, fornmalum, heilræðum, snilliyrðum, sannmalum og málsgreinum* 1830. Margt fróðlegt er að finna í bókinni en þar ægir mörgu saman eins og titillinn ber með sér.

Fyrstur til að fjalla ítarlega um efnið var Halldór Halldórsson, prófessor við Háskóla Íslands, sem varði doktorsritgerð sína *Íslenskt orðtök* 1954. Hann gaf síðan út bókina *Íslenskt orðtakasafn* í tveimur bindum 1968, rit sem er ætlað almennum notanda með áhuga á þjóðfræðum.

Næstur til að rannsaka og skrifa um efnið var Jón G. Friðjónsson, prófessor við Háskóla Íslands. Hann gaf út ritið *Mergur málsins* 1993 um uppruna, sögu og notkun íslenskra orðatiltækja. Það rit kom út öðru sinni talsvert aukið og endurskoðað 2006.

Sá þriðji sem ég vil nefna hér er Sölvi Sveinsson, sagnfræðingur, kennari í grunn- og framhaldsskólum og skólameistari við Ármúla-skóla svo að eitthvað sé nefnt. Hann gaf út ritið *Íslenskt orðtök með skýringum og dæmum úr daglegu máli* 1993. Í formála segir hann rétti-

lega að mörg orðtök séu ungu fólki framandi ef þau eiga uppruna í framandi atvinnuháttum (1993, 7).

2. Skýring á heitum

Í inngangi voru nefnd hugtökin *orðtak* og *orðatiltæki* og er lítill munur á notkun þeirra. Ég hef valið að nota *orðtök* í greininni af því að það virðist mönnum nú tamast. Meiri munur er á orðunum *orðtak* eða *orðatiltæki* annars vegar og *málsháttar* hins vegar. Málsháttur er fullgerð setning sem skilst án samhengis. Orðtak getur verið fullgerð setning eins og málsháttur en skilst ekki nema af samhenginu. Dæmi um málshátt er: *Dýr mundi Hafliði allur* sem sóttur er til forna málsins, nánar tiltekið til *Þorgils sögu og Hafliða* sem er einn kaflinn í Sturlungu. Hafliði var Músson og bjó á Breiðabólstað í Vesturhópi. Hann var höfðingi mikill. Hann lenti upp á kant við Þorgils Oddason og meiddist Hafliði á hendi. Úr urðu málaferli á þingi. Í sögunni segir:

Hinn þriðja dag fyrir þinglausnir gengu menn til með fjölmenni hvorirtveggju er sætin skyldi vera upp sögð. Hafliði gerði fyrir áverka átta tigu hundraða þriggja álna aura vöruvirt fé, lönd í Norðlendingafjórðungi, gull ok silfur, austrænan varning, járnsmíði; ríflegir gripir þeir er eigi tækju minna en kúgildi, geldir hestar, því at einu graður hestur ef mer fylgdi, ekki hross eldra en tólf vetra og eigi yngra en þrevett. Gjaldldagi á fénu fyrir búðardurum Hafliða eða færa honum heim en hann sjálfur virða allt féið. Þá er Hafliði sagði upp vöxt fjárins þá svaraði Skafti Þórarinnsson: „Dýr mundi Hafliði allur ef svo skyldi hver limur.“ (1988, 45)

Orð Skafta lifa enn sem málsháttur sem menn grípa til ef eitthvað þykir keyra fram úr hófi, til dæmis fjárkröfur eða kostnaður af einhverju sem reyndist mun meiri en reiknað var með en til að skilja hann fyllilega þurfa menn að kannast við söguna.

Málshátturinn getur staðið einn og skilst án samhengis. Engin regla er til um það hvenær setning telst málsháttur. Ljóðlína sem oft er gripið til og verður sjálfstæð utan ljóðsins getur talist málsháttur. Sama gildir um fleygar setningar í ritverkum, fornum og nýjum, ef

þær geta staðið sjálfstæðar án fyrra umhverfis. Þannig standa til dæmis eftirfarandi setningar úr Njáls sögu sjálfstætt án þess samhengis sem þær voru upphaflega hluti af: *illa gefast ill ráð, allt orkar tvímalis, þá er gert er, köld eru kvenna ráð og fjórðungi bregður til fösturs*. Þær teljast til málshátta.

Orðtak er víðara hugtak en málsháttur. Undir það flokkast einkum talshættir, fastar líkingar og fleyg orð. Orðtök geta verið fullmótaðar setningar sem fela í sér fullyrðingu en standa ekki algerlega sjálfstæðar, þær skiljast af samhenginu. Dæmi um þetta er: *allt ber að sama brunni*, 'allt bendir í sömu átt'. Þarna verða menn að vita hvað átt er við með *brunnur* til að skilja hvað við er átt.

Algengara er að orðtak sé ekki fullgerð setning heldur fast orðasamband og merkingin þá venjulega breytt. Dæmi um þetta er að *hafa eitthvað til brunns að bera* og merking í nútímamáli, 'vera gæddur einhverjum eiginleika'. Í fornu máli var merkingin neikvæð, þ.e. 'þjást af e-u'.

Með föstum líkingum er átt við orðtök sem hafa beina merkingu og felst gjarnan í þeim samanburður eða líking við eitthvað. Dæmi: *hafa einhvern að blóraböggli* (þ.e. sem blóraböggul), 'hafa einhvern til að kenna um eitthvað', *gera einhverjum hjarnargreiða* (þ.e. greiða eins og björn), 'valda einhverjum óvart tjóni eða meini'. Hér er nauðsynlegt að vita hvað *blóraböggull* og *hjarnargreiði* merkja til að skilja orðtakið að fullu.

Blóraböggull er samsett úr *blórar* og *böggull*. Nafnorðið *blórar* var í eldra máli aðeins notað í fleirtölu í merkingunni 'ásökun, sakar-áburður' og þannig er það gefið upp í orðabókum. Algengast er að það sé í nútímamáli notað í orðasambandinu *að gera e-ð í blóra við e-n*, 'gera e-ð þannig að sök falli á annan'. Eintölumyndin *blóri* er eitthvað notuð í yngra máli, að minnsta kosti heyrir oft *að gera e-ð í algerum blóra við e-n*. Elsta dæmi Orðabókar Háskólans um *blóra* er frá 16. öld um *að selja undir blóra*. Yngra eða frá 17. öld er *að stela í blóra* en frá 18. öld má finna *að stela í blóra við e-n* og *að gjöra e-ð í blóra við e-n* í orðabókarhandriti Jóns Ólafssonar úr Grunnavík. Orðtakið *að hafa barn til blóra*, 'skella skuldinni á e-n' er þekkt að minnsta kosti frá 17. öld.

Uppruni orðsins *blórar* er ekki ljós. Halldór Halldórsson segir í bók sinni *Íslenskt orðtakasafn* (1968, 73) að um hann sé allt á huldu.

Ásgeir Blöndal Magnússon segir einnig að uppruni sé óviss (*Íslensk orðsifjabók* 1989, 66). Hann giskar á skyldleika við orkneysku *blooro* ‚smádeila, þras‘, og hjaltlensku *blura*: ‚I ha’e it (þ.e. skammirnar) i blura for him‘ ‚ég hugsa honum þegjandi þörfina‘ og segir enn fremur að hafi orðið merkt í öndverðu ‚álas‘ eða ‚ásökun‘ megi hugsanlega tengja það enska orðinu *blare* ‚æpa, öskra á‘ og e.t.v. nýnorsku *blarra* ‚jarma‘.

Orðið *blóramaður* ‚sökudólgur‘ þekktist þegar í fornu máli. Orðasambandið *að hafa e-n að blóraböggli* ‚hafa e-n til þess að skella skuldinni á‘ er vel þekkt í nútímamáli. Afbrigðið *að gera einhverjum hjarnargreiða* ‚gera eitthvað í greiðaskyni við einhvern en það verður honum til skaða‘ er erlent að uppruna. Það hefur líklegast borist í íslensku úr dönsku, *gøre nogen en hjørnetjeneste*, en þar er það þekkt frá miðri 19. öld. Orðtakið er einnig til í þýsku, *jemandem einen Bärendienst erweisen*.

Að baki liggur saga eftir franska rithöfundinn La Fontaine (1621–1695) um einsetumann sem átti taminn björn. Hún virðist hafa verið vel þekkt fyrr á öldum um mestalla Evrópu. Björninn mat húsbónda sinn mikils og vildi allt fyrir hann gera. Dag einn, þegar einsetumaðurinn hafði lagt sig, sóttu að honum flugur sem ónáðuðu hann í svefni. Björninn veitti þessu athygli og vildi bægja flugunum frá höfði húsbónda síns. Hann lamdi því á flugurnar með hrammi sínum en ekki fór betur en svo að hann malaði hauskúpu.

3. Nokkur valin orðtök

Hér á eftir mun ég fjalla um nokkur valin orðtök og flokka þau aðeins eftir því hvert þau eru sótt. Um aldur styðst ég oft við Ritmálssafn Orðabókar Háskólans og svör mín fyrir Vísindavef Háskólans.

3.1 Líkaminn og líkamshlutar

Enni

Orðtakið *að sitja eftir með sárt ennið* þekkist að minnsta kosti frá miðri

18. öld og er merkingin „missa af feng, verða fyrir vonbrigðum“. Í seðlasafni Orðabókar Háskólans er elst dæmi úr þýðingu á verki sem gefið var út á Hólum 1756:

let hann Kaupmanns-Konu sitia epter med sart Enne.

Verkið var *Þess Svenska Gustav Landkrons Og Þess Engelska Bertholds Faabreitileger Robinsons, Edur Lijfs og Æfe Sögur*. Þýtt var úr dönsku og þýðandinn, Þorsteinn Ketilsson, var hugsanlega að koma dönsku orðtaki til skila. Ekki gat ég samt fundið sambærilegt orðtak í dönskum orðabókum.

Ef orðtakið er íslenskt gæti einhver saga legið að baki en hún hefur ekki fundist. Í *Mergi málsins*, riti Jóns G. Friðjónssonar um íslensk orðatiltæki, stendur: „Líkingin er óljós, e.t.v. dregin af e-s konar refsingu“ (2006, 172) og í riti Halldórs Halldórssonar um íslensk orðtök stendur (1968,128): „Uppruni óvís“.

Eyra

Orðtökin *vera blautur á bak við eyrun* og *vera ekki þurr á bak við eyrun* eiga sér erlendar fyrirmyndir. Í þýsku er sagt *noch nicht trocken hinter den Ohren sein* og í ensku *wet behind the ears* um þann sem ekki er orðinn fullþroskaður, er ungur og skortir næga reynslu til að á honum sé fullt mark takandi. Yfirleitt eru orðasamböndin skýrð þannig að þau vísi til nýfædds barns beint úr móðurkviði sem enn er ekki búið að þurrka.

Orðasamböndin eru ekki gömul í íslensku og fá dæmi eru um þau í því safni Orðabókar Háskólans sem á rætur að rekja til prentaðs máls. Þegar Matthías Jochumsson notaði *þurr undir eyrunum* í þýðingu sinni á *Sögum herlæknisins* (Ég held, að hann [þ.e. unglingurinn] sé ekki einu sinni þurr undir eyrunum) er hann hugsanlega að þýða sambærilegt erlent orðasamband.

Í talmálssafni Orðabókar Háskólans er talsvert af dæmum um að vera ekki *þurr á bak við eyrun* og af þeim má ráða að orðasambandið er vel þekkt um allt land. Færri þekktu hins vegar *blautur á bak við eyrun*.

Fótur

Orðtakið *að gefa e-u eða e-m undir fótinn* er notað í fleiri en einni merkingu. Það getur merkt að ,vekja vonir hjá e-m um e-ð, hvetja til e-s, gefa e-ð í skyn‘ og það getur líka merkt ,að stíga í vænginn við e-n eða e-ja, reyna við e-n eða e-ja‘.

Hugsunin að baki er líklegast sú að menn gefa oft merki með fætinum undir borði ef þeir þurfa að ná athygli þess sem er sessu-nautur eða situr andspænis. Orðasambandið þekkist í íslensku að minnsta kosti frá því á 17. öld. Það er líklega erlent að uppruna og er til dæmis notað í þýsku, *jemandem etwas unter den Fuß geben*.

Hjarta

Orðið *hland* í sambandinu að *fá hland fyrir hjartað* merkir ,þvag‘ en *hland* er einnig notað um lélegan drykk eins og til dæmis þunnt kaffi. Óvíst er um aldur orðasambandsins en elstu heimildir í Ritmálssafni Orðabókar Háskólanseru frá síðari hluta 20. aldar. Merkingin er annars vegar að ,fá væga hjartakveisu‘ en hins vegar, og er sú merking algengari, að ,verða óttasleginn, bregða illa, verða mikið um‘. Óvíst er hvernig orðasambandið er til orðið en *hland* er þarna notað í niðrandi merkingu. Bæði er þetta notað af einstaklingi um hann sjálfan í háðungarskyni: „Ég fékk algjörlega hland fyrir hjartað þegar bíllinn fór að renna í hálkunni“, og um einhvern annan: „Hann fær alltaf hland fyrir hjartað þegar hann mætir geltandi hundi“. Ekki er að sjá að fyrirmyndin sé erlend.

Höfuð

Merking orðtaksins að *bíta höfuðið af skömminni* er ,kunna ekki að skammast sín, gera illt verra, gerast enn ósvífnari‘. Samkvæmt Ritmálssafni Orðabókar Háskólans þekkist það frá fyrri hluta 18. aldar. Til dæmis skrifaði Jón Vídalín í postillu sinni:

Ecke eru Dæme til þess / að nokkur hafe so bited Höfuded af Skømmenne.

Sennilega er orðasambandið fengið að láni úr dönsku *bide hovedet af al skam* ,skammast sín hreint ekki neitt‘ (Toftgaard Andersen 2001, 100).

Kné – kviður

Orðtakið *að láta kné fylgja kviði* merkir orðrétt ‚fella einhvern og halda honum niðri með hnénu‘. Það er einnig notað í yfirfærðri merkingu um að fylgja eftir sigri sem unnist hefur, oft á harðneskjulegan hátt.

Kviður merkir ‚magi‘ og má sjá fyrir sér mann liggja á bakinu eftir fall í átökum og annan sem heldur honum niðri með höndunum og með því að þrýsta öðru hnénu á kvið hans.

Lófi

Orðtakið *að spýta í lófana* er ekki gamalt í málinu og sennilega ekki eldra en frá 20. öld. Einnig er talað um *að skyrpa í lófana*, samanber eftirfarandi dæmi í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans:

Við skulum skyrpa í lófana sögðu menn, þegar þeir ætluðu að kappróa stuttan spöl.

Jón G. Friðjónsson skýrir sambandið í *Mergi málsins* (2006, 564–565) og telur að líkingin sé dregin af því er menn spýta í lófana til að ná betra taki á handverkfærum (til dæmis skóflu) eða árahlummi. Það á vel við samböndin að *spýta* eða *skyrpa* í lófana en síður við elstu gerðina, *blása í lófana*, frá fyrri hluta 17. aldar í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans:

vér höfum eptirsetið, [...] og höfum mátt blása í lófana.

Þarna virðist fremur átt við að hlýja köldum og stirðum fingrum með því að blása heitum andardrætti í lófana til þess til dæmis að auðveldara sé að taka um verkfæri.

Í þýsku er til orðasambandið *in die Hände spucken* (*spucken* ‚spýta‘) notað á sama eða svipaðan hátt og þau íslensku. Gera verður ráð fyrir að þarna séu tengsl á milli.

Rass

a) Orðið *spönn* er ákveðin mælieining ‚þriðjungur úr alin, bilið milli góma þumalfingurs og litlafingurs (eða vísifingurs) útglennta‘. Orðasambönd með *spönn* og *rassi* eru til í fleiri en einni gerð. Elst

dæmi í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans er um að *sjá ekki spönn úr rassi*, í merkingunni ‚að sjá nánast ekkert‘ og er það úr heimild frá 1847.

að það er ómögulegt að sjá spönn úr rassi.

Sambandið að *komast ekki spönn frá rassi* ‚geta ekki hreyft sig (af einhverjum ástæðum), komast ekkert‘ þekkist einnig frá fyrri hluta 19. aldar og er hið algengasta í dag en einnig þekkjast samböndin að *fara ekki spönn úr rassi* og *hreyfa sig ekki spönn úr rassi* og virðast þau heldur yngri.

Sambandið *sjá ekki spönn frá nefi* þekkist frá lokum 19. aldar og að *komast ekki spönn frá sessi* frá því um miðja 20. öld og skýra þau sig sjálf. Sá sem ekki kemst eða fer spönn frá rassi heldur áfram að vera á sínum stað, situr kyrr á sínum rassi, er bundinn yfir einhverjum skyldum, eða of latur til að hreyfa sig.

b. Orðtakið *það er of seint í rassinn grípið* er fremur nýtt í málinu og uppruni ekki alveg ljós. Það gæti tengst orðtakinu að *grípa í rassinn á deginum* sem þekkt er allt frá 17. öld í merkingunni ‚byrja á einhverju of seint‘. Þá gæti hugsunin verið að of seint sé að grípa í rassinn á einhverjum, sem ná þurfi í, ef hann er þegar lagður af stað.

Í orðtakasafni Halldórs Halldórssonar (1969, 75–76) er giskað á að líkingin sé runnin frá tilraun til að bjarga drukknandi manni. Það er þá of seint að *grípa í rassinn á manni* sem þegar er sokkinn. Jón G. Friðjónsson giskar aftur á móti á í bók sinni (1993, 494) að líkingin kunni að vera dregin af því þegar einhver hefur gert í buxurnar. Mér þykir þó fyrri tilgátan sennilegri.

Skegg

Orðtakið að *deila um keisarans skegg* merkir ‚að deila um eitthvað sem ekki skiptir neinu máli‘. Elst dæmi í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans er úr Alþingistíðindum frá 1855:

Mér finnst, sem hér sé farið að deila um „skegg keisarans“, sem kallað er.

Orðasambandið er vel þekkt t.d. í dönsku sem *strides om kejserens skæg* (Toftgaard Andersen 2001, 119) og í þýsku *um des Kaisers Bart streiten* (Krüger-Lorenzen 1988). Ekki er ólíklegt að orðasambandið hafi borist hingað úr dönsku frekar en beint úr þýsku. Ýmsar tilgátur eru um skegg keisarans en ég ætla að setja hér þá sem mér finnst skemmtilegust af þeim sem ég hef rekist á.

Þýski fræðimaðurinn Kurt Krüger-Lorenzen gaf út bókina *Deutsche Redensarten und was dahinter steckt* 1960 [Þýsk orðatiltæki og hvað býr að baki þeim]. Ég hef undir höndum 5. útgáfu frá 1988 og mun hún óbreytt að efni til. Þar stendur undir uppflöttiorðinu *Bart* ‚skegg‘ (33–34) að hæðst hafi verið að lærðum mönnum sem gátu ekki komið sér saman um hvort ákveðnir keisarar hefðu verið með skegg eða ekki eða hvort skeggið á Friðriki rauðskegg (Friedrich Barbarossa 1122–1190) hafi gránað eða ekki. En Krüger-Lorenzen bendir á að orðasambandið hafi upphaflega verið allt annað. Að baki liggi alls ekki þýska orðið *Kaiser* heldur svabneska orðið *Geißbart* (geitarskegg; *Geiß* merkir ‚huðna‘ í þýskum mállyskum og austurrísku). Úr *Geissenbart* varð þannig fyrir misskilning *Kaiserbart*. Upphafið er rakið til rómverska skáldsins Hórasar (Quintus Horatius Flaccus, 65 f.Kr. – 8 f.Kr.) sem hæddist að deiluefninu hvort kalla mætti *geitarbár* (*Ziegenbaare*) ull. Þannig breyttist orðasambandið *um Ziegenwolle streiten* í alþýðumunni í *um Geißbart streiten* og þaðan í *um Kaiserbart streiten*.

Tár

Orðtakið *eitthvað er þyngra en tárur taki* um mikla sorg, eitthvað sem er mjög þungbært þekkist vel í nútímamáli. Það á sennilega rætur að rekja til orðasambandsins *heimilisbölið er þyngra en tárur taki* sem er eignað Brynjólfi biskupi Sveinssyni (1605–1675). Að vísu mun hann hafa sagt þetta á latínu: *mala domestica majora sunt lacrymis* (*malum* ‚böl, skömm, skaði‘ *domesticus* ‚sá sem heyrir til húsinu‘; *lacrymæ* (ft.) ‚tár, grátur‘). Þetta var haft eftir honum þegar hann frétti að dóttir hans, Ragnheiður, hefði eignast barn með Daða Halldórssyni, fyrrum aðstoðarmanni biskups.

Í *Biskupasögum* Jóns prófests Halldórssonar í Hitardal (1665–1736) segir svo frá þessu (1903, 292):

Setti hann fyrst hljóðan um stund, þar til honum hrutu af munnni orð Psamnetici Egyptalandskongs í viðlíku, en ekki sama, sorgarstandi: Mala domestica majora sunt lacrymis, eður, að heimilisböl sitt væri stærra en hann gæti grátíð það.

Jón Espólín, sýslumaður í Skagafjarðarsýslu, segir frá því í sjöunda bindi árbóka sinna að Torfi Jónsson prófastur, frændi Brynjólfs biskups, hafi sagt honum frá barnsburði Ragnheiðar. Frásögn Jóns er nánast eins og í biskupasögunum að öðru leyti en því að latneska málsháttinn þýðir hann: „heimaböl er meira enn tárur taki“ og nafn egypska faraósins er þar rétt stafsett, Psammetichus (VII, 30).

Þetta er elsta dæmið um svipað orðafar og nær því sem flestir þekkja nú og var það tekið upp í málsháttasafn Bjarna Vilhjálmssonar og Óskars Halldórssonar, það er *heimilsbölið er þyngra en tárur taki*, enda telst það málsháttur en *að eitthvað sé þyngra en tárur taki* orðtak.

3.2 Búskapur, heimilishald og fatnaður

Dúkur – diskur

Orðtakið *eftir dúk* og *disk* er algengast í merkingunni ‚seint og um síðir‘. Elsta dæmi í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans er í Málsháttasafni Magnúsar prúða (1525–1591) frá miðri 16. öld sem til er í eftirriti frá 1780:

Þú kemur eptir dúk oc disk.

Sambandið er einnig notað í merkingunni ‚of seint, þegar öllu er lokið‘. Þannig er til dæmis notkunin í Píslarsögu Jóns Magnússonar (1601–1675) frá miðri 17. öld en það dæmi er einnig fengið úr Ritmálssafninu:

en komu ekki sjálfir fyr en eftir dúk og disk.

Dúkur er hér í venjulegastri merkingu, það er ‚borðdúkur‘ og *diskur* er tökuorð úr dönsku í merkingunni ‚borð, afgreiðsluborð‘, samanber þýsku *Tisch* ‚borð‘. Eiginleg merking orðasambandsins *eftir dúk og disk* er því ‚eftir að staðið hefur verið upp frá borðum, eftir að menn hafa matast‘.

Annað skylt orðtak er að *halda dúk og disk* sem Ritmálssafnið á elst dæmi um úr Biskupsskjalasafni frá 1724:

med því menn vita ecke hvar hann [þe: séra Gissur] helldur duk og disk.

Eggert Ólafsson notar það einnig í bréfi sem hann skrifaði 1874 og birt er í fyrsta árgangi tímaritsins *Andvara* (178): „Eg umgengst daglega mína öldruðu foreldra til sameiginlegs yndis, og held dúk og disk hjá mági mínum og systur.“ Það orðatiltæki var ekki síður notað en *eftir dúk og disk* á 19. og fram eftir 20. öld en heyrst minna nú. Það er komið úr dönsku *holde dug og disk* um að halda eigið heimili eða um að vera til heimilis hjá öðrum. Því náskýlt er að *hafa dúk og disk* einhvers staðar. Ritmálssafnið á dæmi um það úr ritinu *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* (1857, 71):

að sá, sem vill vera borgari í einhverjum bæ, sé skyldur til að hafa þar bólfestu, eða, eins og þar er að orði kveðið, hafa þar dúk og disk.

Halldór Halldórsson skrifaði um orðtakið *eftir dúk og disk* (1958, 26–28). Hann telur ekki útilokað að það orðtak hafi orðið til héraendis. Hann nefnir hið danska *holde dug og disk* og hið íslenska *halda dúk og disk* og skrifar (1958, 28): „Síðan gat einhver Íslendingur gert orðtakið *koma eftir dúk og disk* og notað það í þeirri merkingu, sem það hefir enn.“ Úr því fæst sennilega seint skorið.

Hanski

Orðtakið *að taka upp hanskann fyrir einhvern* merkir „taka málstað einhvers, aðstoða einhvern“ þekkist frá miðri 19. öld. Í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans er til dæmis þetta dæmi:

Tíminn tekur upp hanzkann fyrir formann síns flokks.

Að kasta hankanum er annað orðtak úr sömu átt:

Séra Sigurðr hefir með þessu fyrirtæki kastað til vor hanzkanum og skorað oss á hólmi.

Bæði orðasamböndin eiga sér erlendar fyrirmyndir. Í þýsku er til dæmis sagt *jemandem den (Fehde)handschuh hinwerfen* (Fehde ,illdeilur', *Handschuh* ,hanski', *hinwerfen* ,kasta til') en einnig *den (Fehde)handschuh aufheben* (*aufheben* ,taka upp'). Í ensku er annars vegar sagt *throw down the glove* en hins vegar *take up the glove*. Líkingin er tekin frá hólm-göngu. Ef einhver skorar annan á hólm kastar hann hanskanum fyrir fætur þess sem hann á sökótt við og taki sá hanskan upp eða annar í hans stað hefur hann samþykkt áskorunina.

Frá 19. öld er til heimild í Ritmálssafninu úr blaðinu *Skuld* (1878, 392):

vér tókum upp hanzkann og rennum hvergi.

Hér eru erlendu orðtökin væntanlega líka að baki því íslenska *að taka upp hanskan* eins og höfundur greinarinnar í *Skuld* notar það.

Horn – heygarðshorn

Orðið *horn* kemur fyrir í ýmsum orðtökum, t.d. *hafa horn í síðu e-s*, *hafa í mörg horn að líta*, *hafa allt á hornum sér*, *vera harður í horn að taka*. Rúmsins vegna ætla ég að velja eitt, *blaupa af sér hornin*.

Orðasambandið *að blaupa af sér hornin* í merkingunni ,stillast, læra af reynslunni' er erlent að uppruna. Í dönsku er sambandið *løbe/rende bornene af sig* (Toftgaard Andersen 2001, 99) og í þýsku *sich die Hörner ablaufen/abstoßen/abrennen* (Krüger-Lorenzen 1988, 143). Líkingin er upprunalega sótt í dýraríkið. Ungir hirtir og hreindýrstarfar þóttu róast mikið þegar þeir höfðu misst hornin við að rekast illa á tré. Síðar var tekinn upp sá siður í Þýskalandi að lær-lingur sem taka átti inn í samfélag útlærðra í einhverri iðngrein varð að láta sem hann væri hafur og festa á sig horn. Hann þurfti síðan að reka hornin í hurð eða súlu þar til þau losnuðu en með því sýndi hann að nú væri hann ekkert ungvíði lengur heldur fullgildur.

Um allt annað *horn* er að ræða í orðtakinu *að halda sig við heygarðshornið* í merkingunni ,víkja ekki frá e-u'. Það þekkist frá því á 19. öld eins og í þessu dæmi í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans úr blaðinu *Ísafold* frá 1889:

að atyrða, rægja og óvirða mann, það er heygarðshornið, sem þau halda sjer við

Algengara er þó að halda sig við sama heygarðshornið, einnig í neikvæðri merkingu, þ.e. að ,klifa stöðugt á hinu sama, vera samur við sig‘. Annað afbrigði er að eitthvað sitji sig við sama heygarðshornið ,ástand er óbreytt, hvorki gengur né rekur með eitthvað‘. Af dæmum að ráða í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans er það heldur yngra en hitt. *Heygarður* merkir ,garður utan um hey; svæði innan garðs fyrir hey‘ og líkingin vísar til skepnu sem leitar alltaf í sama hornið á heygarðinum.

Kaka

Orðtakið að *skara eld að sinni köku* þekkist frá því á 17. öld en nú notað í yfirfærðri merkingu um þann sem fyrst og fremst hugsar um eigin hag, reynir að bæta aðstöðu sína, oft á kostnað annarra. Elsta heimild er úr handriti eftir Guðmund Ólafsson frá 1750 sem Gottfried Kallstenius gaf út:

Hvör skarar Elld að sinne Köku.

Sögnin að *skara* hefur fleiri en eina merkingu en í þessu sambandi merkir hún að ,róta í með skörungi‘. Orðasambandið er sótt til þess er menn stunduðu eldamennsku við opinn eld. Sá sem skaraði (rakaði) eldinn undir sína köku sá þannig til þess að hún bakaðist hratt og vel en tók um leið eldinn frá öðrum.

Lögg

Nafnorðið *lögg* (ef.et. *laggar*; nf.ft. *laggir*) þekkist þegar í fornmáli, kemur t.d. fyrir í Grágás (Fritzner 1896 II, 600). Í *Íslenskri orðsifjabók* Ásgeirs Blöndal Magnússonar (1989, 595) segir um merkinguna: ,(botn)gróp á tunnustöfum, hornið milli stafanna og tunnu-botnsins; botndreitill í íláti; lægð í landslagi, t.d. við hæðarrætur; sérstakt fjármark, ...‘. Orðið er skylt færeysku *lōgg*, nýnorsku *logg* ,botngróp á tunnu, ...‘, dönsku *lugge* og sænsku *lagg* (í sömu merkingu) og kemur fyrir í sænskum mállýskum sem *lagg* ,botngróp, brún, rönd, strönd‘.

Orðtakið að *koma einhverju á laggirnar* þekkist að minnsta kosti frá miðri 19. öld, sem sjá má á eftirfarandi dæmi í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans:

eftir að prentverkið var komið á laggirnar í Bergmannsstofu

Í ritinu *Mergur málsins* eftir Jón G. Friðjónsson (2006, 572) eru elstu afbrigði orðasambandsins sögð að *vera sestur á laggirnar og setjast á laggirnar* það er „koma sér fyrir í starfi“. Frá svipuðum tíma er að *setja eitthvað á laggirnar, komast á laggirnar og eitthvað er komið á laggirnar*. Í *Íslensku orðtakasafni* Halldórs Halldórssonar (1969 II, 36) er nefnt að lögg geti merkt „skora (fals) sem tunnubotn fellur í“ en einnig „endi á tunnustöfum“. Telur hann síðari merkinguna líklegri og að líkingin sé þá „dregin af því að reisa upp tunnu“. Fellst Jón G. Friðjónsson á þessa skýringu og ég hef ekki aðra betri.

Roð

Mörg orðtök eru til í málinu þar sem orðið *roð* kemur fyrir enda var fiskur lífsbjörg margra. Ég vel hér eitt sem dæmi en það er að *hafa ekki roð við einhverjum* og merkir að „jafnast engan veginn á við einhvern, standa einhverjum langt að baki“. Samkvæmt Ritmálssafni Orðabókar Háskólans þekkist orðasambandið að minnsta kosti frá 19. öld en þar virðist þetta dæmi elst, fengið úr smásagnasafni sem Magnús Stephensen gaf út 1822–1823:

hafði hann ecki roð við [þ.e. í drykkjunni].

Í *Íslensku orðtakasafni* Halldórs Halldórssonar er skýringin sú að líkingin sé sótt til þess þegar hundar togast á um fiskroð (1969, 85). Undir þessa skýringu tekur Jón G. Friðjónsson í *Mergi málsins* og bætir við að þeir togist á þar til annar hefur betur (2006, 691).

Eldra orðtakið að *standa ekki roð við einhverjum* sem Ritmálssafnið á dæmi um frá síðari hluta 18. aldar í þýðingu séra Snorra Björns-sonar (1710–1803) úr þýsku á verkinu *Æfintýrid Jóhönnu Raunir*. Það má finna á bækur.is. Þetta orðtak virðist ekki hafa náð neinu flugi í málinu en næst því kemst ef til vill *hann stendr á því eins og hundr á*

roði (fastar en fótunum) sem finna má í safni Guðmundar Jónssonar sem nefnt var í upphafi greinarinnar.

Skel – spónn

Orðtakið *þar hæfir skel kjafði* er í þessari mynd kunnugt frá 19. öld. Fleiri afbrigði eru til af því og hið elsta í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans:

þar hæfir spónn kjafði

er frá miðri 17. öld. Í málsháttasafni Guðmundar Jónssonar frá 1830 er afbrigðið:

þar hæfir spónn múla, en skél kjapti.

Múli er notað um snoppu á skepnu og er ekki alveg ljóst hvers vegna spónninn hæfir henni. *Spónn* getur verið matskeið einkum úr horni eða beini en einnig agn af sérstakri gerð notað til fiskveiða. Lúðvík Kristjánsson sagnfræðingur nefnir afbrigði sem er í málsháttasafni Hallgríms Scheving frá 1843–1847 (1, 29):

hæfir kjapti skördug skel (hæfir skelin kjapti)

en einnig *þar hæfir skel kjafði (tranti)* og *þar hæfir spónn múla, en skel kjafði*. Hann skrifaði:

Skeljar voru fyrrum notaðar sem spænir. Einkum gerðist það, þar sem skarðast var um búsmuni. Líklegt er þó, að jafnvel á efnaheimilum hafi beiningafólki verið fengnar skeljar til að matast með, þegar það var fjörförult og kom í senn margt á sama bæinn. (1, 151)

Fyrr á tíð voru skeljar stundum notaðar sem matskeiðar. Orðtakið *þar hæfir skel kjafði* er alltaf notað í neikvæðri merkingu.

Lúðvík nefnir orðasambandið á öðrum stað í hinu mikla verki sínu. Þar er hann að ræða um ýmsa leiki sem sjómenn iðkuðu í verbúðum. Einn var um að hengja bein úr fiskþunnildi, sem nefnist *kerókur*, á neðri vörina og fara með ákveðinn texta án þess að missa

krókinn. Krókbeinið var einnig kallað *gepill* á Snæfellsnesi og segir Lúðvík að algengt hafi verið að segja: „Hæfir skelin kjafti og gepill gini.“ (1980–1986 IV, 206).

Orðtakið *þar hæfir skel kjafti* er eins og sést á afbrigðunum alltaf notað í neikvæðri merkingu ‚þar er samræmi á milli (um eitthvað lélegt), eitthvað slæmt hæfir öðru‘.

Skýr

Orðasambandið *þeir sletta skyrinu sem eiga það* er notað í háði um ásakanir annarra, til dæmis um þá sem tala eða láta sem þeir hafi ráð á einhverju eða geti leyft sér eitthvað. Elsta dæmi í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans er frá 1782. Það er fengið úr stöfunarkveri Gunnars Pálssonar:

Þeir meiga sletta Skyrinu, sem það eiga.

Uppruni orðtaksins er óviss en líklegast er að einhver saga liggi að baki. Í Grettis sögu (ÍF 1936 VII, 95–96) er til dæmis skemmtileg saga sem gæti tengst orðasambandinu. Hún segir frá því er Grettir kom snemma dags á Auðunarstaði:

Grettir spurði hvort Auðunn væri heima. Menn sögðu að hann væri farinn til sels eftir mat. [...] Grettir gekk til skála og settist niður á setstokkin og síðan sofnaði hann.

Litlu síðar kom Auðunn heim. Hann bar mat á tveimur hestum og bar skýr á hesti og var það í húðum og var bundið fyrir ofan. Það kölluðu menn skyrkylla. Auðunn tók af hestinum og ber inn skýr í fangi sér. Honum var myrkt fyrir augum. Grettir rétti fótinn fram af stokkinum og féll Auðunn áfram og var undir honum skyrkyllirinn og gekk af yfirbandið. Auðunn spratt upp og spurði hvað skelmi þar væri. Grettir nefndi sig.

Auðunn mælti: „Þanninn var óspaklega farið eða hvert er erindi þitt?“

„Eg vil berjast við þig,“ segir Grettir.

„Sjá mun eg fyrst ráð fyrir mat mínum,“ segir Auðunn.

„Vel má það,“ segir Grettir, „ef þú mátt eigi öðrum mönnum að því hlíta.“

Auðunn laut þá niður og þreif upp skyrkyllinn og sletti framan í fang Gretti og bað hann fyrst taka við því er honum var sent. Grettir varð allur skyrugur. Þótti honum það meiri smán en þó Auðunn hefði veitt honum mikinn áverka.

Orðtakið er vissulega ekki notað en ófarir Grettis og skyrið sem Auðunn sletti á hann gætu verið kveikjan að síðari notkun.

Önnur saga er prentuð í Þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar (1958 III, 536). Hún segir frá séra Hálfðani í Felli. Hann hafði lofað að gefa fjandanum söfnuð sinn á hvítasunnu.

Nú var á hvítasunnu gott veður og kom margt fólk til kirkju. Nú vildu fjendur fá söfnuðinn. Prestur vísaði þeim í búr, þar væri söfnuðurinn. Þegar konan kom í búr var þar fullt af hröfnum og voru þeir að sletta skyrinu í allar áttir. Þá varð konunni það að orðum sem síðan er orðið að málshætti: „Þeir mega sletta skyrinu sem það eiga.“

Oftast er einhver atburður, einn eða fleiri, kveikjan að orðtökum, en erfitt og jafnvel ómögulegt að finna sögurnar, hafi þær ekki komist á prent.

Tagl

Kvenkynsorðið *högl* var notað um horn- eða trélykkju sem reipi var dregið í gegnum þegar baggar voru bundnir. Ágæt skýringarmynd af *höglum* er á bls. 520 í *Íslenskri orðabók* Eddu, fyrra bindi frá 2002 (og síðar). *Tagl* í orðasambandinu merkir ‚reipi‘ og orðasambandið í heild merkir ‚hafa öll ráð í höndum sér‘. Það er úr heyskaparmáli. Um verknaðinn skrifaði Halldór Halldórsson í doktorsritgerð sinni (1954, 255):

Við heyband hefir það ýmist tíðkapt á Íslandi, að einn eða tveir byndu. Ef tveir bundu, lá annar á, sem kallað var, þ.e. hann hélt um reipið (töglin) við hagldirnar, svo að ekki gæfi eftir. Hinn reyrdi. Að fá hagldir er að fá umráð yfir höglum, þ.e. að vera laus við annarra aðstoð (íhlutun) við heybindinginn.

Orðatiltækið að *hafa bæði töglin og hagldirnar þekkist frá 19. öld eins og þetta dæmi úr Nýjum félagsritum XI í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans sýnir:*

að stjórnin hafi bæði töglin og hagldirnar á verslun og atvinnu Færeyinga.

Það virðist hafa verið mikið notað á 19. og fram eftir 20. öld en sést minna nú.

4. Nokkur orðtök úr ýmsum áttum

Gjalda rauðan belg fyrir gráan

Litir eru nokkuð algengir í orðtökum. Eitt er að *gjalda rauðan belg fyrir gráan*. Orðtakið merkir að ,hefna sín rækilega á einhverjum‘ og er gamalt í málinu. Í Njáls sögu fara fram orðaskipti milli Njálssona og Hrapps Örgumleiðasonar. Þau eru svona:

Skarphéðinn mælti: „Skiptum ekki orðum við Hrapp, en gjöldum honum rauðan belg fyrir gráan.“ Þá mælti Hrappur: „Þegi þú, Skarphéðinn; ekki skal ég spara að bera mína öxi að höfði þér.“ (ÍF 1936 XII, 228–229 stafsetningu breytt).

Af þessum orðaskiptum má sjá að þeir Skarphéðinn og Hrappur eru tilbúnir að takast á með vopnum og má þá búast við blóðsúthellingu. *Belgur* merkir hér ,skinn‘ og rauði liturinn vísar hér líklega til blóðsins. Grátt skinnið verður rautt af blóði. Lýsingarorðið *grár* er notað í neikvæðri merkingu í ýmsum orðtökum, til dæmis *bæta gráu ofan á svart* ,gera illt verra‘, *eiga e-m grátt að gjalda* ,eiga einhverjum illt að launa‘, *launa e-m lambið grúa* ,hefna sín á e-m‘.

Rithöfundurinn Jón Trausti (Guðmundur Magnússon) lék sér að orðtakinu *gjalda rauðan belg fyrir gráan* í smásögunni *Sýður á keipum* og skipti á litarheitunum *rauður* og *blár* í sögunni. Þar stendur:

Veistu, hvers vegna ég er svona hnýttur? – Það er eftir manna hendur. Ég var ódæll og ófyrirleitinn, þegar ég var ungur, og í sífelldum erjum og

áflogum. Loks fékk ég eitt sinn bláan belg fyrir gráan. Það var úti á víðavangi, og ég hefi engum manni frá því sagt. Ég skreiddist heim og í rúmið, lá lengi og stóð loks upp svona hnýttur.

Þarna er sama hugmynd að baki nema Jón Trausti breytti lítilega og notaði bláan lit, sem vísa á til marbletta, í stað þess rauða sem vísar til blóðs. Sögumaður var marinn og blár eftir slagsmál. Sagan birtist í bókinni *Tvær gamlar sögur* 1916.

Fram í rauðan dauðann

Orðasambandið *fram í rauðan dauðann* þekkist að minnsta kosti frá fyrsta þriðjungi 17. aldar. Merkingin er „eins lengi og unnt er“. Elsta heimild í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans er úr bók eftir Arngrím Jónsson lærða sem gefin var út á Hólum 1618:

draga þig so wr Drottins Verndar skiole / og j raudan Daudan.

Annað áhugavert dæmi er úr kvæðinu *Hugró* sem Gunnar Pálsson (1714–1791) mun hafa þýtt úr dönsku 1783:

framm í raudann / daprann Daudann / dárlegann.

Mér hefur ekki tekist að finna danska kvæðið enn né heldur orðtakið í dönsku.

Í ritinu *Mergur málsins* eftir Jón G. Friðjónsson (2006, 135) eru nefndar tvær hugsanlegar skýringar. Önnur er sú að *dauðinn* vísi til blóðugra átaka og að *rauður* hafi hér verið valið vegna innríms, rauður–dauði, og hafi áherslumerkingu. Hin skýring Jóns er að dauðinn vísi til sólarlags. Blóðugum átökum fylgir oft dauði og rautt sólarlagið getur minnt á blóð sem fylgir slysförum og dauða. Eiginlega merkingin er þá yfirfærð yfir á þann sem gefst ekki upp og stendur á meðan stætt er.

Tefla við páfann

Orðasambandið að *tefla við páfann* merkir að „ganga örna sinna, kúka“. Elst dæmi um það í Ritmálssafni Orðabókarinnar er frá miðri 19. öld í bréfi frá Jónasi Hallgrímssyni:

hef tekið inn sóttar-meðal, og verð að sitja heima og tefla við páfann.

Af sama tagi eru orðasamböndin að *heimsækja páfann* og að *gjalda páfanum skatt* en hið síðara virðist staðbundið á Austfjörðum samkvæmt *Íslensk-danskri orðabók* Sigfúsar Blöndal (1920–1924, 619). Einnig þekktist að *tefla braðskáke við páfann* ef einhver þarf að kasta af sér vatni. Í orðabók Blöndals er einnig nefnt sambandið að *tefla við Bárð* (847).

Ólafur Davíðsson þjóðsagna- og þjóðháttaafnari nefnir í riti sínu *Skemtanir* (1888–1892, 275) samböndin að *tefla við páfann*, *tefla við hana tófu* og að *tefla við Þóri*, sem alt er sama og að leysa buxurnar eins og hann komst að orði en merkingin er hin sama og áður var nefnd.

Orðasambandið *tefla við páfann* virðist ekki eiga sér samsvaranir annars staðar en hugsanlegt er að það sé eldra en ritaðar heimildir segja til um og að með því hafi átt að sýna páfanum óvirðingu eftir siðskiptin. Sú beina merking hvarf síðar og orðasamböndin voru og eru mörg þeirra enn notuð í gamansömum tóni án beinnar tilvísunar til páfans (eða annarra).

Setjast í helgan stein

Í yngra máli er merkingin í orðtakinu að *setjast í helgan stein* að „draga sig í hlé, hætta að vinna“ og elsta dæmi Orðabókar Háskólans um þá notkun er frá fyrri hluta 19. aldar í ljóðabók frá 1919 eftir Jón Thoroddsen:

Hann er seztur í helgan stein, / horngrýtið að tarna.

Sama merking en eldri þar sem *kyrr* er í stað *helgur* kemur fram í kvæði eftir Eggert Ólafsson í ljóðabók frá 1832:

Nú er mér kært í kyrran stein / að setjast sælu hjá, / sú leiðin þókti bein.

Í fornu máli var merkingin að „ganga í klaustur“. Að vísu var lýsingarorðið *helgur* ekki með í orðasambandinu í elsta máli heldur var talað um að *setjast í stein* eða *ganga í stein*. *Steinn* er þarna í merkingunni „klaustur“. Í Flateyjarbók er t.d. þetta dæmi: „Konungrinn [...]“

gékk í stein ok var einsetumaðr, meðan hann lifði“ (Fritzner 1896 III, 539).

Undir lok Grettis sögu segir frá samtali þeirra hjóna Spesar og Þorsteins drómundar. Spes sagði: „Nú skulum við kaupa að þeim mönnum sem hagir eru á steinsmíðar að þeir geri sinn stein hvoru okkru og mætti við svo bæta það sem við höfum brotið við guð.“ (ÍF 1936 VII, 289, stafsetningu breytt). Þarna á Spes við að láta reisa tvö klaustur. Síðar í sama kafla stendur:

Og að lyktaðri þessari smíð og á viðurkvæmilegum tíma og öllum hlutum tilbúnum skildu þau sína stundlega samvist að sjálfráði sínu að þau mættu því heldur njótandi verða heilagrar sam og vistu annars heims. Settist þá í sinn stein hvort þeirra og lifðu þau langan tíma sem guð vildi skipa og entu svo sína ævi.

5. Niðurlag

Hér verður látið staðar numið í stuttri grein. Vandí var að velja úr þeim aragrúa sem til er af íslenskum orðtökum og ný bætast við jafnt og þétt sem enn á eftir að safna og fjalla um. Margt hefur verið um orðtök skrifað og reyndi ég að benda á helstu rit sem leita má til. Mikilvægt er að merking og notkun orðtaka glatist ekki því að þau lífga málið óneitanlega, gera það blæbrigðaríkara og mörg hver opna sýn inn í liðna tíma.

HEIMILDIR

- Andersen, Stig Toftgaard. 2001. *Talemåder i danske. Ordbog over idiommer*. 2. udgave. København: Guldendals Røde ordbøger.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.[Orðabókina má einnig finna á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum].
- Bjarni Vilhjálmsson og Óskar Halldórsson. 1966. *Íslenzkír málshættir*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Fritzner, Johan. 1896. *Ordbog over Det gamle norske sprog*. Omarbeidet, forøget og forbedret Udgave. Tredie Bind R-Ö. Kristiania.
- Guðmundur Jónsson. 1830. *Safn af íslenzkum orðskviðum, fornmalum, heilræðum, snilljyrðum, sannmalum og málsgreinum*. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.
- Halldór Halldórsson. 1954. *Íslenzk orðtök*. Drög að rannsóknnum á myndhverfum orðtökum í íslenzku. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Halldór Halldórsson. 1958. *Örlög orðanna. Hættir um íslenzk orð og orðtök*. Akureyri: Bókaforlag Odds Björnssonar.
- Halldór Halldórsson. 1968–1969. *Íslenzket orðtakasafn*. I–II. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- ÍF VII = *Grettis saga*. Íslenzk fornrit 1936. VII. bindi. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- ÍF XII = *Brennu-Njáls saga*. Íslenzk fornrit 1954. XII. bindi. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Íslensk orðabók*. 2002. Þriðja útgáfa aukin og endurbætt. A-L. Ritstjóri Mördur Árnason. Reykjavík: Edda.
- Jón Árnason. 1958. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. III. Nýtt safn. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Jón Espólin. 1821. *Íslands Arbækur í sögu-formi*. VII. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Jón G. Friðjónsson. 1993. *Mergur málsins*. Íslensk orðatiltæki. Uppruni, saga og notkun. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Jón G. Friðjónsson. 2006. *Mergur málsins*. Íslensk orðatiltæki. Uppruni, saga og notkun. Önnur útgáfa aukin og endurbætt. Reykjavík: Mál og menning.
- Jón Halldórsson. 1903:292. *Biskupasögur Jóns prófests Halldórssonar í Hítardal*. 1903. I. bindi. Reykjavík: Sögufélag.
- Jón Trausti. 1916. *Tvær gamlar sögur*. Reykjavík. www.snerpa.is/net/sma/keipum.htm [Netútgáfan júlí 1999].
- Íslenzkír málshættir safnaðir, útvaldir og í stafrofsröð færdir* af Dr. H. Scheving. Reykjavík 1847.[10. nóvember 2025]
- Kallstenius, Gottfried (útg.). 1930. *Guðmundi Olavi Thesaurus adagiorum linguae Septentrionalis antiquae et moderna*. Lund.
- Krüger-Lorenzen, Kurt. 1988. *Deutsche Redensarten und was dahinter steckt*. 5. útgáfa. München: Wilhelm Heyne Verlag.

- Lúðvík Kristjánsson. 1980–1986. *Íslenzkær sjávarhættir*. 1–5. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Ólafur Davíðsson. 1888–1892. *Íslenzkær gátur, skemtanir, vikivakar og þulur*. II. Skemtanir. Reykjavík: Hið íslenska bókmentafélag.
- Ritmalssafn Orðabókar Háskólans. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <http://ritmalssafn.arnastofnun.is> [15. júní 2025].
- Sigfús Blöndal. 1920–1924. *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík.
- Sölvi Sveinsson. 1993. *Íslensk orðtök með skýringum og dæmum úr daglegu máli*. Reykjavík: Iðunn.
- Sturlunga saga*. I. 1988. Reykjavík: Svart á hvítu (Þorgils saga og Hafliða, 7–46).

Nokkur íslensk orðtök

Í greininni er fjallað um nokkur valin íslensk orðtök. Í inngangi eru nefnd helstu greinar og rit sem fjallað hafa um sama efni. Um orðtök hafa verið notuð ýmis heiti og eru þau skýrð í öðrum kafla. Einkum hefur orðunum orðtök og málshættir verið ruglað saman. Þriðji kafli er síðan meginkafli greinarinnar og skipist hann í þrennt. Í undirkaflanum 3.1 er rætt um nokkur orðtök sem vísa til líkama og líkamshluta (enni, eyra, fótur, hjarta, höfuð, kné, lófi, rass, skegg, tár). Í 3.2. eru valin nokkur orðtök sem vísa í búskap, heimilishald og fatnað (dúkur, diskur, hanski, horn, kaka, roð, skel, spónn, skyr, tagl) og í 3.3. er rætt um nokkur þekkt orðtök úr ýmsum áttum.

Vandi var að velja úr þeim aragrúa sem til er af íslenskum orðtökum og ný bætast við jafnt og þétt sem enn á eftir að safna og fjalla um. Orðtök lífga málið og mörg þeirra opna sýn inn í liðna tíma.

Lykilorð: íslensk orðtök, uppruni, saga

ABSTRACT

Some Icelandic idioms

In this article we discuss a few select Icelandic idioms. The introduction is a survey on the main articles and monographs on this topic. Idioms have gone by many names which are explained in the second chapter. Furthermore, idioms and proverbs have been confused. The third chapter is the main chapter of the article and is divided into three subchapters. In the subchapter 3.1 we discuss idioms that relate to the body and bodyparts (forehead, ear, foot, heart, head, knee, palm, buttocks, beard, tear). In subchapter 3.2 we select a few idioms that relate to animal husbandry, housekeeping and clothing (fabric, dish, glove, horn, cake, roe, shell, veneer, cultured dairy, tail) and in 3.3 we discuss various known idioms from various directions.

Choosing from the vast plethora of Icelandic idioms was challenging as new idioms are constantly developing and have yet to be documented and discussed. Idioms breathe life into a language and offer insights into bygone times.

Keywords: icelandic idioms, origen, history

Orðtök og samskiptafrasar í dönsku og dönskunámi

Orðaforðinn er kjarni sérhvers tungumálanáms og það er forsenda allrar málnotkunar að tileinka sér hann. Orðaforðinn gefur tungumálinu merkingu og innihald auk þess sem hann varðveitir sögu og reynslu málsamfélagsins. Ennfremur er hann forsenda skilnings á töluðu og rituðu máli og efniviður í allt það sem tjáð er á málinu. Orðaforðinn samanstendur annars vegar af einstökum orðum með eigin merkingu og hins vegar af ólíkum orðasamböndum eða fastmótuðum heildum. Orðasambönd eru ólík að gerð og hlutverk þeirra í málinu mismunandi. Í þessum kafla verður sjónum beint að tveimur gerðum fastra orðasambanda í dönsku, annars vegar *orðtökum* (d. *idiom*) og hins vegar *samskiptafrösom* (d. *pragmatiske formler/rutine formler*). Varpað verður ljósi á einkenni orðasambandanna, merkingu þeirra og hlutverk og þau skoðuð í samanburði við íslensku. Auk þess verður fjallað um orðtök og samskiptafrasa í dönskunámi. Umfjöllunin byggist fyrst og fremst á rannsókn höfundar á orðtökum og samskiptafrösom í dönsku og íslensku, en upplýsingar um rannsóknina og afrakstur hennar er að finna á frasar.net. Guðrún Haraldsdóttir arkitekt og BA í dönsku lagði mikið af mörkum til verkefnisins, bæði hvað varðar hönnun frasar.net og samanburð á föstum orðasamböndum í málunum tveimur.

Rannsóknir á orðaforða og orðaforðanámi

Síðustu áratugi hefur áhugi fræðimanna innan málvísinda og kennslufræði erlendra tungumála beinst í vaxandi mæli að föstum orðasamböndum og tileinkun þeirra. Mikið hefur áunnist á því sviði ekki síst vegna framfara innan máltækni. Myndaðar hafa verið málheildir með umfangsmiklu safni ólíkra texta og með skilvirkum leitarmöguleikum hefur verið hægt að kanna orðaforðann skipulega og í víðu samhengi, t.d. hvort tiltekin orð komi fyrir ein og sér eða myndi sambönd með öðrum orðum. Gagnagrunnar með nemendatextum gera kleift að skoða hvaða orð og orðasambönd nemendur hafa á takteinum á ólíkum stigum náms og hvað ein-kennir orðaforða þeirra. Umfangsmiklar rannsóknir síðustu áratuga hafa því aukið skilning á orðaforðanum og tileinkun hans til mikilla muna eins og fjöldi verka sem birst hefur um þetta efni er til vitnis um (t.d. Pawley og Syder 1983, Meara 1996 og 2009, Nation 2001 og 2014, Wray 2002, 2012 og 2013, Schmitt 2004 og 2012, Webb 2008, Stæhr 2008 og 2009, Conklin og Schmitt 2012, Meunier 2012 og Heidari og Alyar 2025).

Rannsóknir á málheildum hafa sýnt að stór hluti málsins er bundinn í orðasambönd sem koma fyrir aftur og sem ein heild (Schmitt 2012). Þá hafa rannsóknirnar gefið nákvæmari mynd af ólíkum tegundum orðasambanda og margbreytilegu hlutverki þeirra og hvernig þau eru notuð í ræðu og riti. Einnig hafa rannsóknir leitt í ljós að sum orðasambönd eru fastmótuð að búningi en önnur búa yfir vissum sveigjanleika. Það er því ekki hlaupið að því að finna einn samnefnara eða skilgreiningu sem nær að fanga ólíkar tegundir orðasambanda. Nattinger & DeCarrico (1992) tala um *föst orðasambönd* (e. *lexical phrases*) og lýsa þeim sem *klasa* (e. *chunk*) eða orðaheild af mismunandi lengd (*as it were, on the other hand, as X would have us believe*). Um sé að ræða fleiryrt fyrirbæri á mörkum orðaforða og setningarfræði með fastmótaðan búning og hlutverk sem komi oftast fyrir og hafi ákveðnari og fastmótaðri merkingu en orð sem málnotandinn raðar saman hverju sinni (Nattinger & DeCarrico 1992, 1). Wray (2002, 9) notar hins vegar hugtakið *formúlukennt mál* eða *fastbundna orðarunu* (e. *formulaic lan-*

guage) um föst orðasambönd. Orðarunan getur verið samhangandi eða ekki og er mótuð fyrir fram. Hún varðveitist og er kölluð fram sem ein heild í minninu fremur en að hún sé mynduð eða sett í málfræðilegan búning hverju sinni.

Föst orðasambönd eru mynduð af tveimur eða fleiri orðum, þau eru notuð aftur og aftur sem ein heild og því nokkuð fyrirsjáanleg. Setningarfræðilega eru orðasambönd oftast hluti setningar en það á þó ekki við þau öll. Þannig eru orðtök hluti setningar en málshættir, sem eru eins konar míkrotextar, sjálfstæðar fullgerðar setningar eða málsgreinar sem geta staðið einar og sér (Jón G. Friðjónsson 2015, IX), t.d. *Morgunstund gefur gull í mund*. Sumir samskiptafrasar eru heil setning, t.d. *Verði þér að góðu* og *Bíddu aðeins*. Innan kennslufræði erlendra tungumála hafa margir fræðimenn vakið athygli á mikilvægi fastra orðasambanda fyrir tjáskiptahæfni ekki síst hvað varðar menningarlegt innsæi og rétta málnotkun (Burdelski og Cook 2012, Heidari og Aliyar 2025), en jafnframt hafa rannsóknir sýnt að erfitt getur reynst að ná fullum tókum á þeim. Nemandinn þarf að þekkja og skilja mörg orð (d. *kvantitet*), búa yfir þekkingu um einstök orð og orðasambönd (d. *kvalitet*) og vita hvernig þau eru notuð til þess að tjá tiltekið innihald (d. *kontrol*). Þá er reginmunur á því að skilja orðasambönd í ræðu og riti og vera sjálfur fær um að nota þau í töluðu og rituðu máli (Webb 2008). Þegar kemur að tjáningu er nauðsynlegt að átta sig á hvaða orðasamband hæfir aðstæðum og hvort notkun þess samræmist stíl og áferð texta. En tileinkun orðasambanda skiptir einnig máli fyrir tjáningu að öðru leyti. Rannsóknir Pawley og Syders (1983) leiddu í ljós að góð tök á orðasamböndum hafa áhrif á flæði eða leikni í málinu, þ.e. hversu lipurlega það er talað. Þeir nemendur sem höfðu föst orðasambönd á takteinum töluðu lipurlegar en þeir sem ekki bjuggu yfir slíkri færni. Þetta skýra Pawley og Syders með því að þegar nemandinn grípur til orðasambandsins sem heildar krefst hvert orð um sig minni eða engrar athygli en það gefur nemandanum svigrúm til þess að einbeita sér að flóknari þáttum málbeitingar. Síðari rannsóknir sýna einnig að þeir nemendur sem hafa mörg orðasambönd á takteinum eru líklegri til að geta tjáð sig lipurlega en þeir sem ekki búa yfir slíkri kunnáttu. Jafnframt sýna rannsóknir að stundum getur notkun orðasambanda verið of eða

van, þ.e. að nemendur ofnota algeng orðasambönd eða þau vanta í mál þeirra (Henriksen 1999, Schmitt 2012).

Orðtök

Orðtök (d. og e. *idiom*) eru algeng tegund fastra orðasambanda. Þau eru föst að búnaði og merking þeirra oftast óbein eða yfirfærð og ógagnsæ. Merkingin verður því ekki ráðin af orðabókarmerkingu einstakra liða (Jón G. Friðjónsson 1993, V-VI). Orðtök eru ófullgerð setning eða hluti setningar og að lágmarki tvö orð sem varðveitast í minninu sem eitt les (d. *leksem*). Í öðru samhengi eru orðin hvert um sig sjálfstætt les. Rannsóknir á málheildum sýna að orðtökin eru ekki með öllu fastmótuð, heldur búa sum þeirra yfir vissum sveigjanleika sem stundum getur verið af málfræðilegum toga, t.d.: *fá/give ngn. kniven, have/få røde ører* eða vegna notkunar ólíkra orða sömu merkingar (samheita), t.d.: *jokke/træde i spinaten* og *lede/søge med lys og lygte (efter ngn./ngt.)* (Farø 2004, 54).

Þegar orðtök hafa bæði yfirfærða og beina merkingu er talað um orðtök í þröngri merkingu. Ken Farø segir myndmál (d. *ikonografi*) eða myndhverfingu dæmigert einkenni orðtaka í þröngri merkingu en hún kalli fram mynd í huga málnotenda. Orðtakið megi annars vegar skilja bókstaflega og í samræmi við orðanna hljóðan og hins vegar yfirfært, t.d. *købe katten i sækken* og (*være/komme*) *på glatis*. Oft má sjá þess dæmi að orðtök sem eiga uppruna sinn í fornum atvinnu- eða lífsháttum séu notuð í yfirfærðri merkingu í nútímamáli, t.d. *gå bersærk/bersærker gang* og *spænde buen for højt*. Enda þótt myndhverfing sé eitt helsta einkenni orðtaka er ekki alltaf hægt að flokka orðtök alfarið sem myndhverf eða ekki-myndhverf og því nær lagi að tala um mismunandi stig myndhverfingar. Yfirfærð merking orðtaka er ekki alltaf einhlít og skilningurinn ræðst oft af samhenginu og ýmsum menningarbundnum þáttum (Heidari og Aliyar 2025, 164). Þá greinir Svensén (2004, 242) á milli fullgildra orðtaka (d. *belidiom*) og hálfgildra orðtaka (d. *halvidiom*), þar sem megi að nokkru leyti ráða merkinguna á grundvelli einstakra orða, t.d. *love ngn. guld og grønne skove* og *ngt. koster en bondegård*. Orðtökin eru hluti af bæði töluðu og rituðu máli og notkun þeirra hefur áhrif á stíl og

blæbrigði máls en tileinkun þeirra er ekki einföld. Farø (2000, 186) bendir á að það skipti t.d. máli fyrir stílinn hvort sagt sé *rose ngn. til skyerne* eða *have ngn. til skyerne*, þar sem *have* virki gamaldags á dönsku en ekki *rose*. Í íslensku samhengi þarf að hafa í huga að dönsk orðtök sem eru gömul að uppruna og eiga sér samsvörun í íslensku geta þótt gamaldags á dönsku en ekki á íslensku. Ófyrirsegjanleiki, myndlíkingar og ógagnsæi torvelda skilning, ekki síst þegar orðtökin tengjast úreltum atvinnuháttum sem flestir bera lítið eða ekkert skynbragð á. Því getur það reynst þrautin þyngri að sjá fyrir sér eða skilja myndina sem liggur til grundvallar merkingunni (Røder 1998, 9–10). En þó að orðtök séu að nokkru leyti eins eða lík í skyldum málum eru einnig mörg sem eiga sér enga hliðstæðu. Hvort heldur sem er gefa orðtökin mikilvæga innsýn í menningu og hugsunarhátt viðkomandi málsamfélags auk þess sem þau eru stór hluti orðaforðans og gegna veigamiklu hlutverki í samskiptum fólks (Heidari og Aliyar 2025, 163).

Samskiptafrasar

Samskiptafrasar (d. *pragmatiske/rutine formler*) eru algengir í málinu og gegna lykilhlutverki við notkun þess (Nattinger & DeCarrico 1992, 59–66). Samskiptafrasar geta verið heil setning eða hluti úr setningu. Hlutverk þeirra er margbreytilegt og snýst í aðalatriðum um að notkun málsins hæfi aðstæðum, samræmist málvenjum og sé viðeigandi hverju sinni (Nattinger & DeCarrico 1992, 31–46). Leech undirstrikar að tvenns konar þekking sé málnotandanum nauðsynleg til þess að geta nota málið á viðeigandi hátt. Annars vegar þekking á félagslegum aðstæðum og hins vegar á orðaforðanum og notkun hans, en slík þekking er nauðsynleg til þess að geta áttað sig á hvaða orð og orðasambönd eiga við hverju sinni (Nattinger & DeCarrico 1992, 9–10). Kenningar Goffmans um fyrirbærið að *halda* eða *tapa* andliti (e. *face*) skipta einnig máli fyrir viðeigandi málnotkun og tjáskipti (Andersen 1991, 72–121). Ef málathafnir miða að því að viðmælandinn *haldi andliti* er lítið á þær sem kurteisilegar eða háttvísar, en hið gagnstæða á við sé tilgangurinn að viðmælandinn *tapi andliti*. Samskiptafrasar gegna lykilhlut-

verki þegar sýna á kurteisi. Til að viðhalda jákvæðum tengslum milli aðila þarf að gefa jákvæðni og kurteisi til kynna með viðeigandi orðavali, t.d. að heilsa, *Hej med dig*, þakka, *Tak for nu/sidst*, *Det var pænt af dig* eða afsaka, *Undskyld, jeg forstyrrer*.

Samskiptafrasar eru áberandi í talmáli en koma einnig oft fyrir í ritmáli. Sumir snúast um algeng umræðuefni daglegs lífs eins og t.d. veðrið, *Hvordan er vejret?*, kveðjur, *God morgen*, *God aften* eða skoðana-skipti, *Det går ikke*, *Ikke tale om*. Rannsóknir á málheildum hafa leitt í ljós að tilgangur málnotkunar og samhengi texta setur ákveðnar skorður fyrir val orða og orðasambanda (Wray 2002, 13). Þannig ræður textagerð, málsnið og tilgangur skrifa eða orðræðu miklu um það, hvaða orð og orðasambönd verða fyrir valinu hverju sinni. Auk þess hefur það áhrif hversu formlegt málið eða samskiptin eru og hver innbyrðis tengsl þátttakenda eru, m.a. hvað varðar aldur og stöðu.

Glahn og Holmen (1989, 74–75) benda á að við tilteknað aðstæður geti samskipti verið formúlukennd og gengið fyrir sig nánast eins og eftir fyrirframgefnu mynstri eða uppskrift (e. *script*). Í því sambandi benda þær á líklega atburðarás við ákveðnar aðstæður, t.d. við innkaup í stórmarkaði eða afgreiðslu í banka, þar sem málnotkunin er hluti af samskiptamynstrinu. Eftir að hafa þurft að bjarga sér í slíkum aðstæðum nokkrum sinnum verður atburðarásin þekkt og fastmótuð málnotkun smám saman að rútínu.

Farø (2003, 26) bendir á að margir samskiptafrasar séu fastbundnir tilteknum aðstæðum og nánast fyrirsegjanlegir, m.a. þeir sem eru liður í sérstökum athöfnum eins og skír: *Hvad skal barnet bedde?* eða brúðkaupi: *Vil du tage denne ... til din ægte hustru/mand?* Aðrir eru inngrónir í daglegt mál og þeim er því lítill gaumur gefinn þegar móðurmálið á í hlut. Samskiptafrasar eru dæmigerðir fyrir tilteknað aðstæður og rútínu daglegs lífs, t.d. borðhald: *Håber det smager* og *Tak for mad* eða símtöl, t.d. *Træffer jeg ...* eða *Hæng lige på*. Suma er nær eingöngu að finna í rituðu máli, t.d. *Med bedste hilsen* og *Henstilling af cykler forbudt* en aðrir eru meira eða minna bundnir við talað mál, t.d. *God dag*, *Lige et øjeblik*, *Nu skal jeg være der*. Marga samskiptafrasa er bæði að finna í töluðu og rituðu máli.

Mikilvægur hluti af samskiptafrösum er notaður í óformlegu spjalli eða rabbi, t.d. til að skipta um umræðuefni: *Hør en gang*, *Det*

minder mig om ... eða þegar gefið er til kynna að nóg sé komið, t.d. *Sådan er der så meget*. Sumir eru notaðir til þess að ávarpa eða hefja samtál: *Hvordan går det?*, bregðast við: *Det kan du tro*, eða taka undir e-ð: *Det er jeg med på* og *Helt i orden*. Í öðru samhengi geta þeir snúist um hamingjuóskir: *Til lykke* eða aðvaranir: *Glem det* eða *Du skal ikke komme for godt i gang*. Í tengslum við samtöl koma orðræðu-brögð (e. *gambi*) oft við sögu, sem bæði geta verið einstök orð og frasar (Møller 1991, 199–200; Henriksen 2009, 209–211). Orðræðu-brögð eru notuð til þess að samtöl gangi snurðulaust fyrir sig, t.d. þegar koma á e-u að: *Hvad var det, jeg ville sige*, halda orðinu: *hvad hedder det?*, brydda upp á e-u nýju: *Nu til noget helt andet*, gefa orðið frá sé: *Tror du ikke?*, og láta í ljósi að fylgst sé með: *Hold da op!*, *Det siger du ikke!* (Møller 1991, 200).

Samskiptafrasar eru hluti af orðaforðanum og tileinkun þeirra er forsenda tjáskipta á erlendum málum. Þekking á samskiptafrös-um er nauðsynleg til þess að geta lesið í aðstæður og áttað sig á tjáskiptum hverju sinni en einnig til þess að geta notað málið á við-eigandi hátt. Þá skiptir máli fyrir flæði talmáls að málnotandinn hafi á takteinum samskiptafrasa og önnur orðasambönd. Rannsóknir á samskiptafrös-um í málánámi sýna að það er mikill munur á því að skilja samskiptafrasa og að geta beitt þeim í ræðu og riti (Stæhr 2008, 140–149, 2009, 169–180, Webb 2008) og að sumum nemendum hættir til að ofnota algenga samskiptafrasa í töluðu máli (Schmitt 2012). Eins og önnur föst orðasambönd er það frasinna í heild sem gefur merkinguna, því ekki er nóg að skilja hvert orð hans út af fyrir sig og ekki er auðsætt hvernig orðin raðast saman. Tileinkun þeirra getur því reynst þrautin þyngri ekki síst þegar málánámið á sér stað í skólum fjarri málumhverfinu. Burdelski og Cook (2012, 173–174) undirstrika mikilvægi þess að markmálið sé notað til tjáskipta í kennslustofunni. Samskiptafrasar séu hluti af daglegum samskiptum, hvort heldur þau eigi sér stað innan skólans eða utan. Með félagslegri þátttöku í daglegri rútínu kynnist nemendur smám saman aðstæðum og tileinki sér þau orðasambönd sem þeim tilheyra.

Það flækir málin við notkun samskiptafrasa að þeir geta falið í sér undirliggjandi íróníska merkingu, t.d.: *Den er god med dig* (*Sá er góður*) og *Det skal du længere ud på landet med* (*Gleyða e-ð (ekki) brátt*).

Hér skiptir máli að átta sig á hvað er gefið í skyn og hvernig ber að skilja það sem sagt er. Stundum er hliðarmerking gefin til kynna með hljómfalli eða öðru sem lýtur að framburði. Til dæmis er samskiptafrasinn *Take skal du have* með hlutlausum framburði ['tag sga du 'ha] notaður til þess að láta í ljós þakklæti gagnvart viðmælandanum en ef seinni áherslan er flutt á du ['tag sga'du ha] fær frasinn merkinguna *hold da belt op*, þ.e. *hættu nú alveg*. Þá er gefið til kynna að sá sem talar sé hissa, hneykslaður eða hrifinn og að hann reikni með að viðmælandinn sé á sama máli. Sé áherslan öll á fyrsta atkvæði: ['tag sga du ha] eða öðru: [tag 'sgal du ha] er gefið til kynna að sá sem talar sé hissa eða undrandi. Þannig eru einfaldir samskiptafrasar flóknari en virðist við fyrstu sýn.

Orðtök í samanburði á milli mála

Stundum er því haldið fram að orðtök séu einkennandi fyrir tiltekin tungumál og eigi sér ekki hliðstæður í öðrum málum, en rannsóknir sýna að drjúgur hluti orðtaka getur verið sameiginlegur með skyldum málum og þar sem samfélagsgerð er með líkum hætti (Farø 2000 og Toftgaard Andersen 2001, 330). Þá hefur verið á það bent að svipað gildismat og viðhorf eigi sér djúpar rætur í menningu margra vestrænna þjóða, sem hafi áhrif á tungumálið. Um þetta vitni algengar hugtakametafóruir sem setji svip sinn á hugsunarhátt Vesturlandabúa, þar sem merking orða færir af einu sviði á annað, t.d. að rökræða sé stríð, ást ganga (Lakoff og Johnson 2002, 14–18 og 57), skilningur ljós (Ruus 2004, 131) og lífið ganga. Merkingaryfirfærsla af þessu tagi minnir um margt á myndmál. Mörg orðtök eiga sér rætur í menningu fornaldar, ekki síst bókmenntum og í fleygum orðum, málsháttum og öðrum textum sem varða heilræði og lífsspeki. Allt þetta hefur áhrif á tungumálið eins og fjöldi orðtaka í dönsku, sem rekja má til Biblíunnar og annarra samevrópskra eða alþjóðlegra bókmennta, eru til vitnis um (Toftgaard Andersen 2001, 380). Samanburðarrannsókn Ken Farøs á orðtökum í dönsku og þýsku leiddi í ljós að um 20% af orðtökum í þröngri merkingu eru sambærileg í málunum tveimur bæði hvað varðar merkingu, yfirborðsmynd og hlutverk. Séu einnig tekin

með orðtök, sem hafa sömu merkingu og myndlíkingar en eru frábrugðin hvað ytri búning snertir, sýndi rannsóknin að um 50% af orðtakaförða málanna er sameiginlegur (Farø 2000, 95). Í BA-verkefni sínu bar Björg Ólínudóttir (2005) 1000 dönsk orðtök tengd líkamanum saman við íslensku. Rannsóknin sýndi að tæplega 14% orðtakanna hafa sömu merkingu og yfirborðsmynd en að hlutfallið sé 29%, ef tekin eru með þau orðtök sem eru að meira eða minna leyti lík í málunum.

Hér skipta skyldleiki málanna og langvarandi tengsl þeirra miklu máli. Íslenska og danska eru náskyld tungumál og hafa um aldir verið í beinum og óbeinum tengslum hvort við annað. Mörg erfða-orðanna eru mjög lík og merking þeirra að öllu eða mestu leyti hin sama. Nefna má orð er varða ytri aðstæður mannsins, t.d. heiminn (*jord-jörð, himmel-himinn, stjerne-stjarna, sol-sól, lys-ljós, myrkur-mörke*), líkamann, bæði líkamshluta og líffæri (*hoved-höfuð, hånd-bænd, finger-fingur, fod-fótur, øje-auga, hjerte-hjarta*), orð yfir náttúruþyrirbæri (*land-land, hav-haf, strand-strönd, fjeld-fjall, skov-skógur, sten-stein*), og einnig orð sem tengjast atvinnuháttum, sem hafa verið við lýði frá fornu fari svo sem fiskveiðum og sjómennsku (*sømand-sjómaður, havn-höfn, båd-bátur, fiske-fiska*) og að nokkru leyti landbúnaði (*bonde-bóndi, eng-engi, hø-hey, le-ljár, slå-slá*). Líkindin eru einnig áberandi, hvað varðar heiti dýra (*best-bestur, ko-kýr, kat-köttur, hund-hundur, ged-geit, torsk-þorskur, hval-hvalur*) og hugtök um mannlegar tilfinningar (*had-hatur, kærlighed-kærlíkur, vrede-reiði, glæde-gleði, sorg-sorg*) auk orða um grundvöll mannlegs lífs (*liv-líf, død-dauði, drømme-dreyma, søvn-svefn, vågne-vakna, åndedræt-andadráttur*) (Karker 1983, 4). Mörg orðtök, sem endurspeglu lífshætti til forna, eru sameiginleg með málunum t.d. *have mange jern i ilden/hafa mörg (fleiri en eitt) járn í eldinum* og *have/få vind i sejlene - fá (mikinn) byr(/vind) í seglin*.

Ríkjasamband Íslands og Danmerkur varði í hátt á sjöttu öld og á þeim tíma voru bein og óbein tengsl við dönsku talsverð, sem hafði áhrif á þróun íslensku. Í tengslum við siðaskiptin voru Biblían og fjöldi annarra trúarlegra texta þýddir úr dönsku á íslensku og rannsóknir sýna (Westergård-Nielsens 1946, LXXXI–LXXXII) að þýðingarnar settu mark sitt á íslensku. Á sautjándu og átjándu öld jukust dönsk áhrif innan stjórnsýslunnar auk þess sem

danska var lykill Íslendinga að menntun. Dönsk áhrif jukust til mikilla muna á nítjándu öld með þéttbýlismyndun, þar sem danskir kaupmenn og dönsk-íslensk yfirstétt máttu sín mikils. Danskt lesefni var útbreitt og afþreying í bæjum oft að danskri fyrirmynd. Rannsóknir sýna að mikil og langvarandi tengsl við dönsku höfðu áhrif á þróun íslensku, ekki síst orðaforðann (Jakob Benediktsson 1964, 101–109, Auður Hauksdóttir 2016, 2018 og 2021 og Ásta Svavarsdóttir 2017). Danska var undir sterkum áhrifum frá þýsku og mörg dæmi eru um að þýsk orð og orðasambönd hafi komið inn í íslensku úr dönsku, m.a. í tengslum við siðaskiptin (Westergaard-Nielsen 1946, LXXXI–LXXXVIII) og stjórnsýslu. Á síðustu áratugum hefur enska sett sín spor í dönsku og íslensku sem og mörg önnur tungumál eins og sjá má á nýlegum orðtökum á borð við *ikke den skarpeste kniv i skuffen/ekki skarpasti hnífurinn í skúffunni, manden på gulvet/maðurinn á gólfinu, gå efter manden (og ikke bolden)/fara í manninn en ekki boltann*.

Rannsókn á dönskum orðtökum og samskiptafrösum í samanburði við íslensku

Frá árinu 2003 hefur staðið yfir rannsókn á dönskum orðtökum og samskiptafrösum í samanburði við íslensku. Tilgangur rannsóknarinnar var að fá yfirsýn yfir þennan hluta orðaforðans og átta sig á hvað væri líkt og ólíkt með föstum orðtökum og samskiptafrösum í málunum tveimur. Þá var tilgangurinn að nota niðurstöðurnar til þess að hanna stafrænt tól sem gæti auðveldað nemendum og öðrum sem vilja eða þurfa að nota dönsku að sækja sér upplýsingar um þetta efni á skjótvirkan og skilvirkan hátt. Safnað hefur verið rúmlega 7000 föstum orðasamböndum, annars vegar y orðtökum og z samskiptafrösum í sérstakan frasagrunn sem að stærstum hluta var fenginn úr *Den Danske Ordbog* (Hjorth og Kristensen 2003–2005) og byggður er á málhildinni KorpusDK sem Dansk Sprog og Litteraturselskab lét í té. Fræðimaðurinn Pia Jarvad, sem um árabíl hefur rannsakað ný orð í dönsku (Jarvad 1999), lagði til ný orðtök úr sínum fótum. Orðtökin í grunninum voru síðan borin saman við innihald bókanna *Talemåder i dansk*,

Ordbog over idiommer eftir Stig Toftgaard Andersen (2001) og *Danske talemåder* eftir Allan Røder (1998) og þeim orðasamböndum bætt við sem ekki var að finna í grunninum. Loks hefur höfundur, sem fer fyrir rannsókninni, safnað dönskum orðtökum og samskiptafrösom allt frá því að verkefnið hófst árið 2003 og til dagsins í dag og hefur þeim verið bætt í frasagrunninn eftir því sem tilefni hefur verið til. Dönsku orðasamböndin voru síðan borin saman við íslensk orðasambönd og ef þau áttu sér hliðstæðu voru þau skoðuð með tilliti til búnings, merkingar, myndmáls og notkunar. Hvað dönskuna varðaði var einkum notast við *Den Danske Ordbog* en einnig að nokkru leyti við *Politikens Nudanske Ordbog med etymologi* (2. útg.). Þá voru upplýsingar um notkun sóttar á síðuna ordnet.dk bæði í netorðabókina yfir orð og orðasambönd og korpusDK. Við merkingarskýringar á íslensku var aðalheimildin *Mergur málsins* eftir Jón G. Friðjónsson (1993) en einnig komu veforðabókin snara.is og *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun* eftir Jón Hilmar Jónsson (2005) að góðu gagni ásamt bókinni *Íslenzkíð málshattir* eftir Bjarna Vilhjálmsson og Óskar Halldórsson. Afrakstur rannsóknarinnar var síðan notaður við hönnun og þróun máltækisins frasar.net og þar er allar niðurstöður rannsóknarinnar að finna, en frasar.net er hvort tveggja í senn netorðabók og upplýsingaveita um orðtök og samskiptafrasa í málunum tveimur.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að margt er líkt með dönsku og íslenskum orðtökum. Sum þeirra eru nánast eins eða mjög lík hvað varðar búnað, merkingu, myndmál og notkun, en önnur eru frábrugðin að meira eða minna leyti. Enn önnur eiga sér enga hliðstæðu í íslensku. Hér á eftir verða sýnd nokkur dæmi til þess að varpa frekara ljósi á niðurstöðurnar. Það skal tekið fram, að dæmin eru valin til skýringa en ekki til þess að veita tölulegar upplýsingar um niðurstöðurnar.

Sambærileg orðtök í dönsku og íslensku

Rannsóknin sýnir að mörg dönsku orðtakanna eiga sér hliðstæðu í íslensku og orðtakapörin að öllu leyti sambærileg með tilliti til merkingar, myndmáls, búnings og notkunar, sjá töflu 1:

Tafla 1. Sambærileg orðtakapör í dönsku og íslensku

Danska	Íslenska
<i>bryde isen</i>	<i>brjóta ísinn</i>
<i>have mange jern i ilden</i>	<i>hafa mörg járn í eldinum</i>
<i>holde sig på måtten</i>	<i>halda sér/ (sig) á mottunni</i>
<i>lukke øjnene for ngt.</i>	<i>loka augunum fyrir e-u</i>
<i>lægge ngt. på hylden</i>	<i>leggja e-ð á billuna</i>
<i>lægge sidste hånd på ngt.</i>	<i>leggja síðustu hönd á e-ð</i>

Stundum hafa dönsk og íslensk orðtakapör sömu merkingu, myndmál og notkun en búnaður þeirra örllítið frábrugðinn hvað varðar málfræðilega þætti. Nefna má t.d. að í orðtakaparinu *være i den syvende himmel* – *vera í sjöunda himni* er nafnorðið *himinn* í ákveðnum hætti í dönsku en óákveðnum í íslensku. Orðtakaparið *gå over stregen* – *fara yfir strikið* er ólíkt að því leyti að nafnorðið *strik* er hvorugkyn í íslensku en samkyn í dönsku. Þá eru dæmi um að einstök nafnorð orðtakanna séu samsett í öðru málinu en ekki í hinu, t.d. *glas vand* – *vatnsglas í orðtakaparinu storm i et glas vand* – *vindur/ (stormur) í vatnsglasi*. Önnur minniháttar frávík geta t.d. snúist um ólíkar forsetningar eða mismunandi orðaröð, sjá töflu 2.

Tafla 2. Sambærileg orðtakapör en ólíkar forsetningar

Danska	Íslenska
<i>i lyset af ngt.</i>	<i>í ljósi e-s</i>
<i>komme bag på ngn</i>	<i>koma aftan að e-m</i>
<i>jævne mod jorden</i>	<i>jafna við jörðu</i>
<i>ngt./ ngn. er en torn i øjet på ngn.</i>	<i>e-ð er e-m þyrnir í augum</i>
<i>træde ngn. over tæme</i>	<i>tröða e-m um tær</i>

Í fyrsta orðtakaparinu kemur forsetningin *af* fyrir í danska orðtakinu en eignarfallsbeyging í því íslenska. Í dönsku kemur maður *bag på ngn.* en *aftan að e-m* á íslensku. Í dönsku er jafnað *mod jorden* en *við jörðu* á íslensku. Orðtakaparið *ngn./ ngt. er en torn i øjet på ngn.* – *e-ð er e-m þyrnir í augum e-s* er ólíkt að því leyti að forsetningin *på* kemur fyrir í því danska en ekki því íslenska auk þess sem *øjet* er í eintölu og ákveðnum hætti í því danska en í fleirtölu og óákveðið í því íslenska. Í síðasta orðtakaparinu kemur forsetningin *over* í því danska en *um* í því íslenska auk þess sem orðið *tá* (hér í *flt.*) er í ákveðnum hætti

í því danska en óákveðnum í því íslenska. Dæmi um önnur minni-háttar frávik er þegar ólík orð sömu merkingar (samheiti) koma fyrir með ófyrirsjáanlegum hætti, sjá töflu 3.

Tafla 3. Sambærileg orðtök en frávik varðandi samheiti

Danska	Íslenska
(ikke) have tag over hovedet	eiga (ekki) þak yfir höfuðið
holde hovedet højt	bera höfuðið hátt
redde ansigt	bjarga andlätinu
vende ngn./ngt. ryggen	snúa baki við e-m/ snúa við e-m bakinu
ikke vige/rokke en tomme	ekki gefa tommu eftir

Í fyrsta orðtakaparinu er sögnin *have* í því danska en *eiga* í því íslenska en sagnirnar *have/eje* og *hafa/eiga* er að finna í báðum mál-unum. Sagnorðin *holde* og *bera* hafa hér sömu merkingu og sagnirnar *holde/bære* og *halda/bera* eru til í báðum málunum. Það á einnig við um sagnapörin *redde/bjærge* og *bjarga/redda* í íslensku. Sagnirnar *vende* og *snúa* eru sömu merkingar og sagnapörin *vende/sno* og *venda/snúa* er að finna í báðum málum. Nafnorðin *ryg* og *bak* eru einnig samheiti og bæði *bak* og *bryggur* fyrirfinnast í íslensku. Sagnirnar *vige* og *gefa* (*eftir*) merkja hér hið sama og bæði *vige/give* (*efter*) og *víkja/gefa* (*eftir*) eru til í málunum. Af aðeins öðrum toga eru frávik sem varða orð sömu merkingar (jafnheiti) sem ekki eru samstofna, sjá töflu 4.

Tafla 4. Sambærileg orðtakapör með mismunandi en ekki samstofna jafnheitum

Danska	Íslenska
ngt. bærer frugt	e-ð ber (ríkulegan) ávöxt
kaste lys over ngt.	varpa (kasta) ljósi á e-ð
der er liv i kludene	það er líf í tuskunum
ramme hovedet på sømmet	hitta naglann á höfuðið
slå to fluer med ét smæk	slá tvær flugur í einu höggi

Í orðtakaparinu *ngt. bærer frugt* / *e-ð ber (ríkulegan) ávöxt* eru *frugt* og *ávöxtur* jafnheiti enda þótt þau séu ekki samstofna. Nafnorðin *klud* og *tuska* eru einnig jafnheiti sem og nafnorðin *søm* og *nagli*. Sagnorðið *kaste* á dönsku þýðir það sama og *varpa* á íslensku en einnig er samsvörunin *kasta* algeng í íslensku. Það er áhugavert að

nafnorðið *smæk* í dönsku er notað þegar slegið er með flatrí hendi en í íslensku þýðir *högg* það sama og *slag*.

Hér að framan hafa verið sýnd dæmi um orðtakapör sem eru alveg eins eða sláandi lík. Í töflu 5 gefur að líta dæmi um orðtakapör þar sem myndmálið er mjög líkt og merking og notkun hin sama en búnaðurinn örlítið frábrugðinn.

Tafla 5. Sambærileg orðtakapör og svipað myndmál

Danska	Íslenska
<i>dråben, der får bageret til at flyde over</i>	<i>dropinn/ kornið sem fyllir málinn</i>
<i>få det forkerte/gale ben ud af sengen</i>	<i>fara öfugu/ vitlausu megin fram úr rúminu</i>
<i>ikke vide/ane hvilket ben man skal stå på</i>	<i>vita ekki í hvora löppina/ hvorn fótinn maður á að stíga</i>
<i>ramme plet</i>	<i>hitta (beint) í mark</i>
<i>gå ned ad bakke</i>	<i>hallar undan fæti</i>

Nafnorðið *bæger* á sér jafnheitið *bíkar* í íslensku en í orðtakaparinu *dråben, der får bageret til at flyde over* er það *málinn* en ekki *bíkarinn* sem fyllist. Myndlíkingin sem að baki býr er því örlítið frábrugðin. Hið sama á við um orðtakapörin *få det forkerte/gale ben ud af sengen* og *fara öfugu megin fram úr*. Á dönsku stígur maður röngum eða vitlausum fæti fram úr rúminu en í íslensku fer maður öfugu megin fram úr því. Á dönsku snýst myndin um að vita ekki á hvorum fæti maður á að standa en á íslensku í hvorn fótinn maður á að stíga. Á íslensku hittir maður *í mark* en á dönsku hittir maður *punktur* eða *blett*.

Loks má nefna mörg dæmi þess að orðtakapör hafi sömu eða mjög svipaða merkingu í málunum tveimur, enda þótt myndlíkingar séu ólíkar að meira eða minna leyti, sjá töflu 6.

Tafla 6. Sama eða svipuð merking en ólíkt myndmál

Danska	Íslenska
<i>gøre en myg til en elefant</i>	<i>gera úlfalda úr mýflugu</i>
<i>have hjertet (oppe) i halsen</i>	<i>vera með hjartað í buxunum</i>
<i>ikke gøre en kat fortræd</i>	<i>gera ekki flug mein</i>
<i>ikke have salt til et æg</i>	<i>eiga ekki/naumast fyrir salti(nu) í grautinn</i>
<i> være på trapperne</i>	<i>vera á næsta leiti</i>

Í fyrsta dæminu er merkingin að gera mikið úr litlu máli og í báðum tilfellum er það *mýflugan* sem er til marks um hið léttvæga.

Í danska orðtakinu verður *mýflugan* að *fil* en í því íslenska að *úlfalda*. Á dönsku er hjartað (uppi) í *hálsinum* þegar eitthvað er að óttast en í *buxunum* á íslensku. Í orðtakaparinu *ikke gøre en kat fortræd* – gera ekki flugu mein er það *ketti* sem ekki er gert mein í danska orðtakinu en *flugu* í því íslenska. Í danska orðtakinu er ekki til salt á eggjð en vantar í *grautinn* í því íslenska. Þá snýst myndmálið í orðtakaparinu *være på trapperne* og *vera á næsta leiti*, sem bæði merkja að vera skammt undan, annars vegar um að vera á tröppum húss eða íbúðar og hins vegar að vera á næstu hæð í nágrenni.

Hér að framan hafa verið tekin dæmi um orðtök sem eru að nokkru, miklu eða öllu leyti sambærileg í málunum tveimur. Þrátt fyrir mikil líkindi með þessum hluta orðaforðans er einnig að finna fjölmörg orðtök sem eiga sér engar hliðstæður í málunum. Dæmi um þetta eru dönsku orðtökin *trække i nødbremsen*, *komme ind med fire-toget*, *ngt. kører på skinner*, *skyde papegøjen* og *være på vulkaner*. Fyrstu þrjú orðtökin tengjast farartækjum sem eru algeng í Danmörku en ekki á Íslandi. *Skyde papegøjen* þýðir að maður hafi heppnina með sér eða að hlaupið hafi á snærið og *være på vulkaner* sem þýðir að vera á djamminu.

Lítill flokkur orðtakapara sem stundum er kallaður falskir vinir, getur verið varasamur. Um er að ræða orðtakapör sem eru lík að búnaði en hafa ólíka merkingu. Nefna má orðtakið *trække/ (hale/hive) torske i land* sem þýðir að hrjóta hátt og ekki má rugla saman við orðtakið *draga* ýsur. Annað dæmi er orðtakið *gå op ad bakke* sem þýðir að allt sé á uppleið en ekki *á brattann að sækja* og orðtakið *komme/ville til livs* sem þýðir að ráða niðurlögum e-s og hefur ekkert að gera með orðtakið að *e-ð verði e-m til lífs*.

Samskiptafrasar í dönsku í samanburði við íslensku

Samanburður á samskiptafrösum í dönsku og íslensku sýnir að margir þeirra eru hinir sömu eða mjög svipaðir í báðum málunum en í öðrum tilvikum geta þeir verið ólíkir að meira eða minna leyti, jafnvel þó að hlutverk þeirra í málinu sé hið sama. Lítum á nokkur dæmi:

Tafla 7. Algengir samskiptafrasar í dönsku og íslensku

Danska	Íslenska
<i>Take for mad</i>	<i>Takke fyrir matinn</i> eða <i>Takke fyrir mig</i>
<i>Take skal du have/Tak</i>	<i>Þakka þér fyrir/ Takke fyrir/Takke</i>
<i>God dag/Dags</i>	<i>Góðan dag/Daginn</i>
<i>God aften</i>	<i>Gott kvöld</i> eða <i>Góða kvöldið</i> eða <i>Kvöldið</i>
<i>God nat</i>	<i>Góða nótt</i>
<i>Sov godt</i>	<i>Sofðu vel</i>

Eins og sjá má af þessum dæmum eru líkindin með frösunum mikil. Þess eru þó einnig fjölmörg dæmi að algengir danskir samskiptafrasar eiga sér ekki hliðstæðu í íslensku. Í því sambandi er nærtækt að nefna kveðjuna *God morgen*. Í íslensku er frasinn *Góðan dag/Daginn* notaður allan daginn eða þar til kvöldkveðjan tekur við. Af því leiðir að það getur reynst Íslendingum erfitt að átta sig á hve lengi dags er við hæfi að segja *God morgen* og hvenær kveðjan *God dag* tekur við. Það flækir málin að á dönsku getur *God morgen* verið notað í gríni eða til að gefa fínt í skyn að um seinkomu sé að ræða, þar sem undir venjulegum kringumstæðum væri sagt *God dag*. Þá skiptir máli að samskiptafrasinn *Góðan daginn* og styttingin *Daginn* eru ekki eins formlegir á íslensku og *God dag* á dönsku. Óformlega afbrigðið *Dav/Dags* er hins vegar ekki til í íslensku. Skýr framburður á algengum samskiptafrösum heyrir sjaldan eða aldrei í daglegu tali og oft er tilhneiging til styttingar. Oft eru þeir sagðir hratt og stundum með óvenjulegum framburði miðað við rithátt, sjá dæmi um ólíkar myndir af samskiptafrasnum *God dag*:

God dag [go'dæ:ʔ]
 Goddag goddag [go'dæ:ʔgo'dæ:ʔ]
 Dav ['dawʔ]
 Dags ['dawʔs]
 Dav dav ['dawʔ,dawʔ]

Önnur dæmi um styttingar eru t.d. að *Vær så god*, ['væ sɑ'go:ʔ] verður að *Værsgo*, ['væ'sgo:ʔ], *Hvad behager?* að *Hvabehar* [vabə'ha:ʔ] eða jafnvel *Hvaba'* [va'βa] og *God morgen* [go'mɒ:n] sem oft er stytta í *Morgen* ['mɒn]. Þrátt fyrir styttingu, ólíkan framburður og hljómfall

og þótt einstök orð séu endurtekin er hlutverk frasans eftir sem áður hið sama, þ.e. að heilsa. Styttta útgáfan hljómar allt öðruvísi en frasarnir í fullri lengd og gerir kveðjuna óformlegri. Séu frasarnir bornir fram eins og þeir eru skrifaðir hljómar það ankannalega í eyrum móðurmálshafa og meira eins og ritmál en talað mál.

Kveðjur á borð við *God eftermiddag* eða *Fortsat god dag* fyrirfinnast ekki í íslensku. Kveðjan *Hæ* á sér hliðstæðu í *Hej í dönsku* en þar er hann notaður bæði þegar maður heilsar og kveður. Afbrigðið *Hej med dig* er ekki til í íslensku. Á dönsku er sagt *Hej-hej* ['høj, høj] (með aðal-aukaáherslu) þegar kvatt er en aldrei þegar er heilsað. Þessi afbrigði eru ekki til í íslensku. *Halló* og *Hallo* er notað í símtölum í báðum málum. *Halló* er notað sem óformleg kveðja en afbrigðið *Halløj* er ekki til í íslensku. Hins vegar eru margir algengir samskiptafrasar í íslensku sem eru notaðir til þess að heilsa, en eiga sér ekki hliðstæðu í dönsku, t.d.: *Sæll/Sæl* og *blessaður/blessuð*, *Sæll/Sæl* eða *Sæl/Sæll vertu*, *Komdu (nú) sæll/sæl* og (*marg*) *blessaður/blessuð*, *Blessaður/Blessuð*, *Sæll/Sæl*. Á dönsku er algengt að kveðja með samskiptafrösunum *Farvel* eða *Farvel Farvel* og *Hej* eða *Hej hej* en á íslensku með *Vertu sæll/sæl* og (*marg*) *blessaður/blessuð*, *Blessaður/blessuð* og *Bless* eða *Bless*, *bless*. Danski samskiptafrasinn *God fyraften* á sér aftur á móti ekki hliðstæðu í íslensku. Eins og þessi dæmi sýna geta einfaldar kveðjur daglegs lífs verið flóknari en virðist við fyrstu sýn. Í öðrum tilvikum geta frasarnir verið afar líkir en samt aðeins frábrugðnir á ófyrirsjáanlegan hátt. Sem dæmi má nefna *Gladelig jul* á dönsku og *Gleðileg jöl* á íslensku sem eru nánast eins í báðum málunum. Notkun *Gladelig jul* er hins vegar ekki eins algeng í dönsku eins og *Gleðileg jöl* í íslensku en frasinn *God jul* er mjög algengur í dönsku og á sér ekki hliðstæðu í íslensku. Nýárskveðjan er *Godt nytår* á dönsku en *Gleðilegt nýtt ár* eða *Gleðilegt nýár* á íslensku og á sama hátt er páska-kveðjan *God påske* í dönsku en *Gleðilega páska* í íslensku. Á dönsku óskar maður *God pinse* en í íslensku á hvítasunnan sér ekki sérstaka kveðju. Á hinn bóginn halda Íslendingar upp á sumardaginn fyrsta og óska hver öðrum *Gleðilegs sumars* og segja *Takk fyrir veturinn* en hvorki tilefnið né kveðjurnar eru til í dönsku.

Eins og áður er getið eru margir samskiptafrasar dæmigerðir fyrir aðstæður daglegs lífs, t.d. símtöl, samtöl eða afgreiðslu, sjá töflu 8:

Tafla 8. Samskiptafrasar tengdir afgreiðslu

Danska	Íslenska
<i>Hvis tur er det?</i>	<i>Hver er næstur?</i>
<i>Hvad skulle det være?</i>	<i>Hvað var það fyrir þig?</i>
<i>Ellers andet?</i>	<i>Eitthvað fleira?</i>
<i>Kan jeg hjælpe med noget?</i>	<i>Get ég aðstoðað?</i>
<i>Tak for hjælpen</i>	<i>Takke fyrir aðstoðina</i>
<i>Det var så lidt</i>	<i>Það var (nú) lítið/Ekkert að þakka</i>

Í þessum dæmum er hlutverk samskiptafrasanna hið sama og þeir eru líkir en búnaður þeirra mismunandi. Slíkt getur reynst erfitt þegar erlent mál á í hlut. Ef maður þekkir ekki frasann getur verið erfitt að átta sig á eftir hverju skal leitað. Þar við bætist að stundum er algenga samskiptafrasa ekki að finna í hefðbundnum orðabókum þar sem þeir hafa ekkert eiginlegt innihaldsorð eða kjarnaorð að leita eftir, sjá dæmi í töflu 9:

Tafla 9. Algengir frasar án innihaldsorðs

Danska	Íslenska
<i>Det er nu det</i>	<i>Það er nú það/Svo er nú það</i>
<i>Godt gået</i>	<i>Vel gert</i>
<i>Hvis det var</i>	<i>Ef svo ber undir</i>
<i>Lige et øjeblik</i>	<i>Þíddu aðeins (í augnablik)</i>
<i>Nu skal jeg være der</i>	<i>Ég er (alveg) að koma</i>
<i>Sådan er det</i>	<i>Þannig er það</i>

Með þróun frasar.net var reynt að bregðast við ólíkum þörfum nemenda. Í stað þess að leita einungis eftir frasanum í heild eða hluta hans voru einnig hannaðir aðrir leitarmöguleikar í samræmi við hlutverk samskiptafrasanna. Þannig geta notendur kallað fram tilteknar aðstæður málnotkunar, t.d. óformlegt spjall, símtal eða afsökunarbeiðni, og fengið lista yfir samskiptafrasa sem eru dæmigerðir fyrir valdar aðstæður. Einnig var útbúið safn bréfa og styttri texta sem sýna samskiptafrasa í rituðu máli í sínu „réttu“ samhengi, m.a. í jólakortum, afmæliskortum ásamt boðs- og þakkarbréfum.

Lokaorð

Föst orðasambönd eru mikilvægur hluti orðaforðans og eru því forsenda skilnings og tjáningar á erlendum málum. Þau skipta sköpum fyrir flæði í málinu og notkun þeirra er til vitnis um hversu góð tök nemendur hafa á markmálinu að því er varðar venju-bundna, rétta og viðeigandi málnotkun. Orðtök hafa yfirfærða eða ógagnsæja merkingu og geta því reynst mörgum erfiður ljár í þúfu. Í dönskunámi hér á landi auðveldar það róðurinn hve mörg dönsk orðtök eru sambærileg eða eiga sér hliðstæðu í íslensku. Á hinn bóginn sýnir rannsóknin að mörg orðtök í íslensku eru með ófyrirsjáanlegum hætti meira eða minna ólík orðtökum í dönsku og mörg eiga sér enga hliðstæðu í málinu. Það getur því verið mikil áskorun fyrir íslenska nemendur að ná góðum tökum á dönskum orðtökum einkum hvað varðar tjáningu á dönsku. Eigi orðtakið sér ekki hliðstæðu í íslensku getur nemandinn ekki vitað eftir hverju skal leita. Í frasar.net er brugðist við þessu með sérstökum leitarmöguleikum. Hægt er að leita að orðtakinu í heild eða hluta þess bæði á íslensku og dönsku og einnig er hægt að leita orðtaka eftir merkingu, t.d. orðtök sem tengjast ótta, gleði eða heppni. Leitarniðurstöður gefa upplýsingar um merkingu orðtakanna og notkun þeirra í samhengi auk þess sem bent er á lík orðtök. Þá er boðið upp á að tengjast beint korpusDK og ordnet.dk þar sem nánari upplýsingar um orðtökin og notkun þeirra er að finna.

Rannsóknir á dönskukennslu hér á landi (Auður Hauksdóttir 2001) sýna að almennt virðist vera lögð áhersla á að nemendur öðlist lestrarfærni og nái tökum á ritun en að talaðri dönsku og tjáningu sé minni gaumur gefinn. Af þessu leiðir að Íslendingar eiga alla jafna auðvelt með að lesa og jafnvel skrifa á dönsku en að þeim geti í fyrstu reynst erfitt að tala málið í beinum samskiptum við Dani (Auður Hauksdóttir 2012 og 2015). Einhliða áhersla á ritmálið getur haft í för með sér að sá hluti orðaforðans sem einkum tilheyrir talmáli svo sem samskiptafrasar og algeng orðtök verði útundan í náminu. Rannsóknin á samskiptafrösum í dönsku og íslensku sýnir að margt er líkt með þessum hluta orðaforðans í málunum tveimur, en jafnframt er margt ólíkt með ófyrirsjáanleg-

um hætti – jafnvel hvað varðar algengustu samskiptafrasa daglegs máls. Við hönnun á frasar.net var lögð áhersla á að mæta þörfum nemenda og annarra notenda við tileinkun og notkun þessa hluta orðaforðans, bæði hvað varðar viðtöku málsins og tjáningu.

HEIMILDIR

- Andersen, John E. 1991. „Sprogets takt og tone.“ *Auditorium X: Danske før, nu – og i fremtiden*. Erik Hansen og fl. (ritstj.). Kaupmannahöfn: Forlaget Amanda. 77–99.
- Auður Hauksdóttir. 2001. *Lærereens strategier - elevernes danske. Dansk som fremmedsprog i Island*. TemaNord 2001:600. Nordisk Ministerråd, København 2001.
- Auður Hauksdóttir. 2012. „At komme til orde på et mundret dansk. Om fraser, fraseindlæring og fraseværktøj anskuet kontrastivt.“ *Speech in Action. Proceedings of the 1st SJUSK Conference on Contemporary Speech Habits. Copenhagen Studies in Language* 42: 123–142.
- Auður Hauksdóttir. 2012. „Dansk som fremmedsprog i en akademisk kontekst. Om íslendinges behov for danskundskaber under videreuddannelse i Danmark.“ *Københavnstudier i tosprogethed* 68. Institut for Nordiske Studier og Sprogvidenskab.
- Auður Hauksdóttir. 2015. „At klare sig på dansk som fremmedsprog i en akademisk kontekst.“ *Nordand: nordisk tidsskrift for andrespråksforskning* 10 (2): 25–52.
- Auður Hauksdóttir. 2016. „Björguðu Danir íslenskunni? Um tengsl dönsku og íslensku á átjándu öld.“ *Skírnir* 200 (2): 420–457.
- Auður Hauksdóttir. 2018. „Íslensk málrækt í dönskum jarðvegi: Tengsl dönsku og íslensku á fyrri hluta nítjándu aldar.“ *Skírnir* 202 (2): 229–272.
- Auður Hauksdóttir. 2021. »Island«. *Dansk Sproghistorie* 5. *Dansk i samspil*: 41–60. Ritstj. Ebba Hjort, Henrik Galberg Jacobsen og fl. Árósar: Aarhus Universitetsforlag.
- Ásta Svavarsdóttir. 2017. „„annaðhvort með dönskum hala eða höfði, enn að öðru leiti íslenskt“: Um tengsl íslensku og dönsku á 19. öld og áhrif þeirra.“ *Orð og tunga* 19: 41–76.
- Bjarni Vilhjálmsson og Óskar Halldórsson. 1979. *Íslenzkír málshattir*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Björg Ólínudóttir. 2005. Fluer i hovedet: sammenligning af danske og islandske idiommer. Óprentuð BA-ritgerð við Háskóla Íslands.
- Burdelski, Matthew og Haruko Minegishi Cook. 2012. „Formulaic Language in Language Socialization.“ *Annual Review of Applied Linguistics* 32: 173–188.
- Conklin, Kathy og Norbert Schmitt. 2012. „The Processing of Formulaic Language.“ *Annual Review of Applied Linguistics* 32, 45–61. Sótt á 10.1017/S0267190512000074 12. nóv. 2025.
- Farø, Ken Hundewadt. 2000: Dansk-tysk kontrastiv idiomatik. En empirisk baseret konfrontation af det moderne danske og tyske idiominventar. Óbirt kandidatsritgerð við Kaupmannahafnarháskóla.
- Farø, Ken. 2003. „Det ligger på tungen: Den danske fraseologi.“ *Mål og mæle* 26(3): 19–27.
- Farø, Ken (Hundewadt). 2004. „Omkring det grønne bord: Dansk-tysk idiomatik og forandring.“ *Studier i Nordiske* 2002–2003.

- Glahn, Ester og Anne Holmen. 1989. „Diskurs og interaktion.“ *Grundbog i Fremmedsprogs-pædagogik*. Ritstj. Gabriel Kasper og Johannes Wagner. Kaupmannahöfn: Gyldendal. 62–78.
- Heidari, Kamal og Mahnaz Aliyar. 2025. „Thirty-Five Years of Research on Idioms in Second Language Acquisition: A Methodological Review.“ *Research Synthesis in Applied Linguistics*, 1:1, 161–183. Sótt á <https://doi.org/10.1080/29984475.2025.2486966> 15. október 2025.
- Henriksen, Birgit Irene. 1999. „Ordforråd og ordforrådsindlæring.“ *Studier i dansk som andetsprog*. Ritstj. Anne Holmen og Karen Lund. Kaupmannahöfn: Akademisk Forlag. 71–106.
- Henriksen, Birgit Irene. 2009. „Det oversetse ordforråd.“ *Sprog-fag i forandring – pædagogik og praksis*. Ritstj. M.S. Byram og fl. Kaupmannahöfn: Samfundslitteratur. 204–228.
- Hjorth, Ebba og Kjeld Kristensen (aðalritstj.). 2003–2005. *Den Danske Ordbog*. Kaupmannahöfn: Gyldendal og Det Danske Sprog- og Litteraturselskab.
- Jakob Benediktsson. 1964. „Þættir úr sögu íslensks orðaforða.“ *Þættir um íslenskt mál*. Reykjavík: Almenna bókafélagið. 88–109.
- Jarvad, Pia. 1999. *Nye ord: Ordbog over nye ord i dansk 1955–1998*. Kaupmannahöfn: Gyldendal.
- Jón G. Friðjónsson 1993: *Mergur málsins. Íslensk orðatiltæki. Uppruni, saga og notkun*. Mál og menning: Reykjavík.
- Jón G. Friðjónsson. 2015. *Orð að sonnu. Íslenskir málshættir og orðskviðir*. Reykjavík: Forlagið.
- Jón Hilmar Jónsson 2005: *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Karker, Allan. 1983. *Språkene i Norden*, utgitt av Nordisk språksekretariat og redigert av Bertil Molde og Allan Karker. Oslo : Cappelen 1983.
- Lakoff, George og Mark Johnson. 2002. *Hverdagens metaforer*. Kaupmannahöfn: Hans Reitzels Forlag.
- Meunier, Fanny. 2012. „Formulaic Language and Language Teaching.“ *Annual Review of Applied Linguistics* 32: 111–129.
- Meara, Paul. 1996. „The dimensions of lexical competence.“ Í *Performance and Competence in Second Language Acquisition*. Gillian Brown o.fl. (ritstj.). Cambridge: Cambridge University Press. 35–53.
- Meara, Paul. 2009. *Connected Words. Words associations and second language vocabulary acquisition*. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company.
- Møller, Erik. 1991. „Lad talesproget komme til orde!“ *Auditorium X: Dansk før, nu – og i fremtiden*. Ritstj. Erik Hansen o.fl. Kaupmannahöfn: Forlaget Amanda. 181–204.
- Nation, Paul I.S. 2001. *Learning Vocabulary in Another Language*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Nation, Paul I.S. 2014. „How much input do you need to learn the most frequent 9,000 words?“ *Reading in a Foreign Language*, vol. 26, nr. 2: 1–16.
- Nattinger, James R. og Jeanette S. DeCarrico. 1992. *Lexical Phrases and Language Teaching*. Oxford: Oxford University Press.

- Pawley, Andrew og Frances Hodgetts Syder. 1983. „Two puzzles for linguistic theory: nativelike selection and nativelike fluency.“ *Language and Communication*. Rittstj. Jack C. Richards og Richard W. Schmidt. Longman: New York. 191–226.
- Politikens Nudansk Ordbog med etymologi*, bind 1–2. 3. útgáfa, 2005. Kaupmannahöfn: Politikens Forlag.
- Ruus, Hanne. 2004. „Det er da indlysende! Til det empiriske grundlag for den kognitive semantik.“ *Sprogpsykologi. Udvalgte kerneemner*. Rittstj. Marianne Rathje og Linda Svenstrup. Kaupmannahöfn: Museum Tusculanums Forlag.
- Røder, Allan. 1998. *Danske talemåder*. Kaupmannahöfn: Gads Forlag.
- Schmitt, Norbert (rittstj.) 2004. *Formulaic Sequences*. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company.
- Schmitt, Norbert. 2012. „Formulaic Language and Collocation.“ *The Encyclopedia of Applied Linguistics*. Oxford: Blackwell Publishing. Sótt á 10.1002/97814-05198431.wbeal0433 15. okt. 2025.
- Stæhr, Lars Stenius. 2008. „Vocabulary size and the skills of listening, reading and writing.“ *Language Learning Journal* 36(2): 139–152.
- Stæhr, Lars Stenius. 2009. „Tilegnelse og testning af ordforråd.“ *Sprogag i forandring – pædagogik og praksis*. Rittstj. M.S. Byram o.fl. Kaupmannahöfn: Samfundslitteratur. 168–205.
- Svensén, Bo 2004: *Handbok i lexikografi. Ordböcker och ordboksarbete i teori och praktik*. Stokkhólmur: Norstedts Akademiska Förlag.
- Toftgaard Andersen, Stig. 2001. *Talemåder i dansk. Ordbog over idiommer*. Kaupmannahöfn: Gyldendal.
- Webb Stuart. 2008. „Receptive and productive vocabulary Sizes of L2 Learners.“ *SSLA* 30: 79–95.
- Westergård-Nielsen, Christian. 1946. *Låneordene i det 16. århundredes trykte islandske litteratur*. Bibliotheca Arnarnagnæana Vol. VI. Kaupmannahöfn: Ejnar Munksgaard.
- Wray, Alison. 2002. *Formulaic Language and the Lexicon*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Wray, Alison. 2012. „What Do We (Think We) Know About Formulaic Language? An Evaluation of the Current State of Play.“ *Annual Review of Applied Linguistics*, 32. 231–154.
- Wray, Alison. 2013. „Research Timeline. Formulaic Language.“ *Language Teaching*, 46, 3. 316–334. Sótt á <https://doi.org/10.1017/S0261444813000013> 15. október 2025.

ÚTDRÁTTUR

Orðtök og samskiptafrasar í dönsku og dönskunámi

Föst orðaforðasambönd gegna mikilvægu hlutverki í öllum tjáskiptum og fyrir venjubundna málnotkun innan tiltekins málsamfélags. Þau eru algeng í töluðu og rituðu máli og skipta sköpum fyrir viðeigandi og kurteislega málnotkun. Í greininni er fjallað um orðtök og samskiptafrasa í dönsku í samanburði við íslensku á grundvelli rannsóknar höfundar um það efni. Varpað er ljósi á helstu niðurstöður og þær ræddar í ljósi dönskunáms íslenskra nemenda. Niðurstöðurnar sýna að mörg dönsk orðtök og samskiptafrasar eiga sér algjöra samsvörun í íslensku, aðrir eru frábrugðnir að meira eða minna leyti og enn aðrir eiga sér enga hliðstæðu. Aðrar rannsóknir sýna, að áherslan í dönskukennslunni beinist oft að lesskilningi og ritun, en að talmáli sé minni gaumur gefinn, en þar gegna föst orðasambönd mikilvægu hlutverki. Tileinkun orðtaka getur því verið mikil áskorun fyrir nemendur, einkum þegar orðasamböndin eiga sér ekki hliðstæðu í móðurmálinu eða eru ólík með ófyrirsjáanlegum hætti. Máltækið frasar.net var þróað með það fyrir augum að auðvelda tileinkun og notkun orðtaka og samskiptafrasa á dönsku jafnt í ræðu sem riti.

Lykilorð: dönsk orðtök, samskiptafrasar, samanburður við íslensku, orðaforðatileinkun

ABSTRACT

Idioms and pragmatic routines in Danish and in learning Danish

Lexical phrases play an important role in all communication and for a native-like use of language within a speech community. They are common in spoken and written language and can make a great difference especially in terms of appropriate and polite use of language. This article presents a study of idioms and pragmatic routines in Danish in comparison with Icelandic phrases, based on the author's research on the subject. Main findings are highlighted and discussed in the context of Icelandic students' learning of Danish. The results show that many Danish idioms and pragmatic routines have equivalents in Icelandic, others differ to a greater or lesser extent and still others have no parallels in Icelandic. Previous studies show that the emphasis in Danish teaching is often on reading comprehension and writing, while less attention is paid to speaking where the usage of lexical phrases is central. The acquisition of idioms and pragmatic routines can therefore be a great challenge for students, especially when they have no parallels in Icelandic or when the differences are unpredictable. The digital tool, *frasar.net* was developed with the aim of facilitating the acquisition and use of idioms and pragmatics routines in Danish, both in speech and writing.

Keywords: danish idioms, pragmatic routines, comparison to Icelandic, lexicon acquisition

Föst orðasambönd í tungumálakennslu

Inngangur

Þekking á orðaforða og hæfni í að nota orð og orðasambönd eru mikilvægur þáttur tungumálafærni.¹ Í evrópska tungumálarammanum (CEFR) frá árinu 2001 eru þrjár tegundir orðaforðaeininga (e. *lexical elements*) nefndar sem grundvöllur orðaforðafærni (e. *lexical competence*): stök orð (e. *single word forms*), málfræðileg orð/kerfisorð (e. *grammatical elements*) og föst orðasambönd (e. *fixed expressions*, sbr. Evrópuráðið 2001, 110–111).

Þrátt fyrir að í tungumálakennslu sé oft lögð mest áhersla á að kenna stök orð og kerfisorð, þá eru flestir fræðimenn sem vinna að rannsóknum á orðasamböndum í námi og kennslu tungumála þeirrar skoðunar að föst orðasambönd séu mikilvægur hluti af orðaforðanum sem eigi heima á öllum stigum tungumálakennslu (Erla Hallsteinsdóttir 2011, Jesenšek 2006).

Rannsóknir sýna að þessi skoðun er byrjuð að hafa áhrif á tungumálakennslu og að orðasambönd eru í auknum mæli hluti af uppbyggingu orðaforða í kennslu í erlendum tungumálum. Þannig

1 Íslensk iðorð og hugtakaheiti sem notuð eru í greininni eru fengin úr ýmsum áttum, þar á meðal íslenskum greinum um föst orðasambönd, orðabókum og iðorðasöfnum (t.d. ÍÍM 2023).

sýna rannsóknir á námsskrám og kennsluefni í þýsku sem erlendu tungumáli að orðasambönd eru hluti af miðlun orðaforða bæði í kennslubókum fyrir skóla (sbr. Winzer-Kiontke 2016) og námsefni fyrir kennaramenntun (sbr. t.d. Barkowski o.fl. 2017). Þó er ekki alltaf nægilegt samræmi milli áherslna á orðasambönd í námsskrám og námsefni og í menntun tungumálakennara. Einnig er töluverður munur á milli landa í nálgun á orðasambönd í kennslu og rannsóknum í kennslufræði erlendra tungumála.

Í þessari grein mun ég fjalla um föst orðtök í tungumálakennslu. Innihaldið í greininni byggir að hluta til á rannsóknum innan kennslufræði orðasambanda (e. *phraseodidactics*) í þýsku sem erlendu tungumáli og vinnu höfundar við gerð kennsluefnis fyrir kennslu á föstum orðasamböndum í Erasmus+ verkefninu *Plurilingual Phraseology: Learning multiword units through English* (PhraseoLab, www.phraseolab.org).

Greinin hefst á stuttri skilgreiningu á föstum orðasamböndum í kafla 1 og kynningu á PhraseoLab-verkefninu í kafla 2. Eftir stuttlega umfjöllun um það samhengi sem orðasambönd eru hluti af í tungumálanámi (kafla 3.1) og vægi orðaforða í aðalnámsskrá íslenskra framhaldsskóla (kafla 3.2) geri ég grein fyrir fræðilegum grunni þýskra rannsókna á miðlun orðaforða (kafla 3.3). Kafla 4 inniheldur samantekt á völdum aðferðum í kennslufræði tungumála sem vinnan við PhraseoLab-verkefnið byggist á, og sem við teljum líklegar til árangurs við að auka þekkingu nemenda á orðaforða og hæfni þeirra í að nota orð og orðasambönd. Greininni lýkur á stuttri samantekt.

1. Föst orðasambönd

Hugtakið fast orðasamband (e. *multiword unit*, *phrase*) er notað hér sem yfirheiti yfir allar tegundir fleiryrrða (Jón Hilmar Jónsson 1998, 17–18). Fleiryrrði eru skilgreind sem merkingarbærar einingar í tungumáli sem samanstanda af fleiri en einu orði með bili á milli. Þó fleiryrrði myndi ekki grafíska heild eins og t.d. einstök orð (einyrrði, sbr. Jón Hilmar Jónsson 1998, 17–18), þá er form þeirra fastmótað og þau mynda merkingarheild og þar með „órofa heild í

huga málnotenda“ (Jón Hilmar Jónsson 1998, 18). Þessi heild er bundin við úr hvaða orðum, í hvernig röð og eftir hvaða reglum einingin er sett saman og merkingin er í mörgum tilvikum yfirfærð og/eða myndræn. Í mörgum fleiryrdum er þessi merking ekki jafngild samanlagðri (orðréttri) merkingu einstakra orða. Þannig orðasambönd eru margræð í eðli sínu, þar sem bæði er hægt að mynda orðréttu merkingu úr merkingu einstakra orða, þ.e. skilja þau bókstaflega (orð fyrir orð), og yfirfærðu merkinguna (sbr. Erla Hallsteinsdóttir 2006).

Við rannsóknir á orðaforða er yfirleitt greint á milli mismunandi tegunda fastra orðasambanda (Erla Hallsteinsdóttir 2006, sbr. einnig tegundir orðatiltækja í Jón G. Friðjónsson 1993), t.d.:

- Orðtak (e. *idiom*): *að kaupa köttinn í sekkenum, die Katze im Sack kaufen, at købe katten i sækken, to buy a pig in a poke.*
- Málsháttur (e. *proverb*): *Brennt barn forðast eldinn, Gebranntes Kind scheut das Feuer, Brændt barn skyr ilden, The burnt child dreads the fire.*
- Orðastæða (e. *collocation*): *að burstu tennurnar, die Zähne putzen, at børste tænder, to brush your teeth.*
- Föst líking: *eins og þorskur/fiskur á þurru landi, wie ein Fisch auf dem Trockenem, som en fisk på land, like a fish out of water.*
- Samskiptaformúla (aðstæðubundið fleiryrdi): *Góðan dag!, Guten Morgen!/ Guten Tag! Godmorgen!/ Goddag! Good morning!/ Good day!*
- Orðapar (samstæða): *ár eftir ár, Jabr fñr Jabr, år efter år, year after year* (sbr. Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir 2022).

Oft er gengið út frá því að orðtök séu kjarni orðasambanda og aðrar tegundir fleiryrða raði sér í kring um kjarnann. Nýrri kenningar gagnrýna þó þessa nálgun. Í rannsóknum sínum á orðasamböndum í málnotkun kemst Steyer (2020, 276) að þeirri niðurstöðu að „[t]here is no core and no periphery.“ Samkvæmt þessu eru allar tegundir fastra orðasambanda mikilvægar í tungumálakennslu.

2 Á dönsku finnst þetta orðasamband ekki í orðabókum þó að það komi fyrir í textum. Orðasambandið *som en fisk i vandet* (eins og fiskur í vatni) sem hefur aðra merkingu er mun algengara og finnst bæði í ordbogen.com og sproget.dk.

2. Gagnvirkt námsefni úr PhraseoLab-verkefninu

Markmiðið með PhraseoLab-verkefninu var að semja rannsóknatengt námsefni með föstum orðasamböndum í þýsku sem erlendu tungumáli fyrir nemendur á aldrinum 15–20 ára. Námsefnið byggir á samfelldum söguþræði sem spannar sex vikur að sumri til í Berlín. Sagan fjallar um átta ungmenni frá Danmörku, Grikklandi, Póllandi og Spáni og ævintýri þeirra í þýsku höfuðborginni. Við samningu texta og gerð æfinga var lögð áhersla á að (sjá nánari skýringar á völdum hugtökum í kafla 4.1):

1. Nota núverandi nálganir úr kennslufræði, kennsluaðferðir og verkfæri sem hafa reynst vel og nýjungar sem lofa góðu við kennslu í erlendum tungumálum. Í PhraseoLab er til að mynda notuð:
 - leikvæðing (e. *gamification*),
 - miðlun (e. *mediation*, sbr. CEFR-rammann),
 - fjöltyngd nálgun (e. *plurilingual approach*) ásamt hugtökunum fjöltyngi (e. *plurilingualism*) og krosstynging (e. *translanguaging*),
 - vinna með orðabækur og textasöfn,
 - tvíþætt tungumálanám (e. *content and language integrated learning*, CLIL) með áherslu á samþættun á innihaldi úr öðrum greinum og tungumálanámi,
 - verkefnamiðað tungumálanám (e. *task-based learning*) og
 - samspil tungumáls við önnur táknerfi, t.d. með teikningum af gagnsæjum (e. *transparent*) beinum og/eða yfurfærðum merkingum orðasambanda.
2. Bjóða upp á skipulegt nám skv. aðferð stýrðrar/beinnar kennslu (e. *direct instruction*, sbr. ÍÍM 2023, 25) með nákvæmum leiðbeiningum, fjölbreyttum æfingum og nógu mikilli endurtekningu á því að nemendur mæti (e. *encounter*) orðasambandi í textaumhverfi til að þau nái tókum á formi, merkingu og notkun þess.
3. Byggja brýr og styrkja skilning nemenda með stoðgrindum (e. *scaffolding*, ÍÍM 2023, 34; Gibbons 2015) með því að nota ensku

sem hjálparmál, merkingarskýringar bæði á ensku og þýsku ásamt teikningum af merkingum og miðlun með útskýringum á orðasamböndum í textum og æfingum.

4. Velja þýsku orðasamböndin út frá jafngildi þeirra í ensku og tíðni í málnotkun (Sulikowska 2023, 2024; Sulikowska og Chrissou 2024). Í PhraseoLab-námsefninu er eingöngu unnið með orðastæður, orðtök og samskiptaformúlur.
5. Nota CLIL-nálgun til að sameina tungumálanám og innihald frá öðrum greinum. Textarnir í námsefninu fjalla um ýmis efni tengd sjálfbærni og mismunandi skoðunum þar á, ásamt efni tengdu Berlín og menningarheimum aðalpersónanna þar sem einnig er opnað fyrir samanburð við menningarheima nemenda.
6. Tengja saman orðasambönd sem hluta af orðaforðanum þvert á tungumál og nota íhugun (e. *reflection*) til að efla meðvitund um tungumál (e. *language awareness*), t.d. með því að vekja nemendur til umhugsunar um að oft er notað stakt orð í einu tungumáli þar sem notað er orðasamband í öðru tungumáli, sbr. þ. *im Ernst; ernsthaft* – e. *seriously* – ísl. *í alvöru*.


Námsefninu fyrir B1 þrep CEFR-rammans (sem samsvarar öðru hæfniprepi aðalnámsskrár framhaldsskóla sbr. kafla 3.2) er skipt upp í 12 sjálfstæða kafla með stuttum textum og fjölbreyttum gagnvirkum æfingum. Kaflarnir tólf eru dálítið mismunandi að uppbyggingu, en flestir kaflar (og undirkaflar) byrja með stoðgrind fyrir þau orðasambönd sem koma fyrir í texta kaflans. Á eftir textanum fylgja gagnvirkar æfingar og hverjum kafla lýkur með verkefnum þar sem nemendur nota orðasamböndin úr kaflanum.

Í textanum eru föst orðasambönd sem koma fyrir í æfingunum notuð í venjulegu textasamhengi, þ.e. vinna með orðaforða byggir á notkun í raunverulegu textasamhengi. Æfingarnar í hverjum kafla byggjast á stuttum textum. Í flestum köflum eru þau orðasambönd sem koma fyrir í texta kynnt á undan textanum ásamt hliðstæðu ensku orðasambandi og merkingu. Flestum myndrænu orðasamböndunum fylgir einnig teikning til að auðvelda nemendum að skilja og muna orðasambandið.

3. Föst orðasambönd í kennslu erlendra tungumála

3.1. Áhrifabættir í kennslu fastra orðasambanda

Orðaforði og föst orðasambönd eru alla jafna hluti af stærra mengi í kennslu og námi. Á mynd 1 sýna Kacjan, Enčeva og Jazbec (2023, 196) samhengið milli mismunandi þátta sem hafa áhrif á kennslu fastra orðasambanda (þ. *phraseologische Einheiten*).



Mynd 1: Samhengi milli ytri þátta umhverfis (grár litur) og innri þátta kennslu (hvítur litur) sem hafa áhrif á kennslu fastra orðasambanda (Kacjan, Enčeva og Jazbec 2023, 180).

Hægt er að skilgreina þá ytri áhrifabætti í mynd 1 sem hafa áhrif á kennslu á eftirfarandi hátt (hér er aðallega gengið út frá því hvernig líkanið var notað í PraseoLab-verkefninu):

- Tungumálið sjálft, þ.e. málkerfið, notkunarreglur og menning (þ. *Sprache* [*System, Verwendungsprinzipien, Kultur*]) á við þá þætti sem bundnir eru í málkerfi, málþekkingu og málnotkun. Við fjöltyngda nálgun skiptir skyldleiki og kerfisleg nánd tungumála töluverðu máli, þar sem mikilvægt er að geta notað jákvæða

yfirfærslu (e. *transfer*) jafngildra eða svo til jafngildra orðasambanda til að auðvelda nám.

- Daglegt mál og fjölmiðlar (þ. *Alltagssprache und Medien*) eru grunnur að raunverulegri (e. *authentic*) málnotkun og veita innblástur við val á viðfangsefnum.
- Textaheildir og orðabækur (þ. *Korpora und Wörterbücher*) eru notaðar til að finna dæmi um form, notkun, merkingu og tíðni orðasambanda í öðrum tungumálum.
- Kennarar (þ. *Lehrkräfte*) og hlutverk orðasambanda í menntun þeirra, kunnátta þeirra og vilji til að auka þekkingu sína á aðferðum við kennslu orðaforða, t.d. með því að taka upp nýtt kennsluefni og taka þátt í námskeiðum.
- Náms efni (þ. *Lernmaterial*) og notkun orðasambanda í þeim.
- Evrópski tungumálaramminn (þ. *GERJ*) sem stýriverkfæri til að tryggja sambærilegan grunn og gera alþjóðlega notkun mögulega.
- Námskrár (þ. *Lehrpläne*) sem stýriverkfæri hvers lands fyrir tungumálanám. Í PhraseoLab-verkefninu voru námskrár landa þátttakenda í verkefninu hafðar til hliðsjónar (sbr. Erla Hallsteinsdóttir 2023, 2024)

Til innri þátta teljast kenningar í kennslufræði og miðlun sem hafa áhrif á kennslu fastra orðasambanda. Í líkaninu á mynd 1 er þó eingöngu notuð aðferð sem byggir á fjórum skrefum: að bera kennsl á (í texta), skilja, æfa og nota orðasambönd í eigin samskiptum. Þessi nálgun byggir á þriggja skrefa líkani sem hefur myndað grunn að svo til allri nálgun í rannsóknum og kennslu orðasambanda í þýsku sl. 30 ár. Því verða gerð nánari skil í kafla 3.3. Fyrst verður gerð stutt samantekt á stöðu orðaforða í erlendum tungumálum í einum helsta ytri áhrifaþætti kennslu orðaforða og þar með fastra orðasambanda í íslensku samhengi: Aðalnámsskrá íslenskra framhaldsskóla.

3.2. Orðaforði í aðalnámsskrá framhaldsskóla

Samkvæmt aðalnámsskrá framhaldsskóla (ANF) er efling orðaforða mikilvægur þáttur í kennslu erlendra tungumála. Þannig er

hæfni nemenda í að geta notað fjölbreyttan orðaforða eitt af sjö atriðum í lykilhæfni nemenda í erlendum tungumálum (ANF 2012, 36). Skilgreining lykilhæfni byggist á þremur þáttum; þekkingu, leikni og hæfni (ANF 2012, 39):

- „**ÞEKKING** er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.“
- „**LEIKNI** er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum, verklagi og rökréttri hugsun.“
- „**HÆFNI** felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni.“

Í fyrsta og öðru erlendu tungumáli (ensku og dönsku eða öðru Norðurlandamáli) er gert ráð fyrir að nemendur hafi lykilhæfni úr grunnskóla til að hefja nám á öðru hæfniprepi í framhaldsskóla, en í þriðja tungumáli, þar á meðal þýsku, er gert ráð fyrir að nemendur séu byrjendur og hafi náð öðru hæfniprepi til stúdentsprófs (ANF 2012, 54). Annað hæfniprep aðalnámsskrár svarar til þrepa B1 og að hluta til B2 í evrópska tungumálarammanum sbr. lýsingar í evrópsku tungumálamöppunni (ANF 2012, 98, lýsingar á hæfniprepum erlendra tungumála sbr. ANF 2012, 99–101).

Í lýsingum á hæfniprepum framhaldsnáms í erlendum tungumálum er lögð áhersla á þekkingu á almennum og sérhæfðum orðaforða og hæfni í að tjá sig á erlendum tungumálum (ANF 2012, 43–46). Orðasambönd eru þó ekki nefnd sérstaklega nema á öðru hæfniprepi erlendra tungumála. Þar er gert ráð fyrir:

- þekkingu á „[...] orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða,“ og
- leikni í „[...] að skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður sem og skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál [...]“ (ANF 2012, 100).

3.3. Skrefalíkon til að byggja upp orðaforða

Frá upphafi hafa skrefalíkon verið áberandi í kennslufræðilegri nálgun á orðasambönd í þýsku sem erlendu tungumáli. Hér bera hæst kenningar Peters Kühn³ sem skiptir námsferlinu í þrjú skref: (1) að finna (þ.e. bera kennsl á) orðasamband í texta, (2) að afkóða merkingu þess úr textanum og (3) að nota orðasambandið í eigin textum í samskiptum á þýsku (Kühn 1992, 184). Sjálfur lýsir Peter Kühn skrefunum sem tímafreku og flóknu námsferli (Kühn 1992, 185). Engu að síður er skrefalíkan hans enn ráðandi innan kennslufræði þýsku sem erlends tungumáls, sbr. mynd 1, og það hefur verið útfært í mörgum afbrigðum (sbr. t.d. Bergerová 2011; Ettinger 2019, 100; Laskowski 2010; Lüger 1997, 2019, 73).

Kühn þróaði þriggja skrefa líkanið fyrir kennslu á orðtökum. Áhugi á öðrum tegundum af föstum orðasamböndum hefur aukist mjög síðan þá. Nýlegar kenningar í kennslufræði nota aðrar nálganir, t.d. við kennslu á orðastæðum (Đurčo 2017; Reder 2006, 2023; Targońska 2023) eða einingum sem mynda n.k. knippi (e. *chunks*) orða í samskiptum. Þó að þessar einingar séu oft föst orðasambönd, þá eru knippi ekki alltaf fastar einingar orðaforðans í venjulegum skilningi, heldur geta einnig verið setningahlutar eða setningar, t.d. *Mig langar í ..., Viltu rétta mér ...? Get ég aðstoðað? Sjáumst á morgun!* (Aguado 2015; Erla Hallsteinsdóttir 2024).


Í kenningum um móðurmálskennslu í þýsku hefur einnig á síðustu árum borið meira á kenningum um nauðsyn þess að kennsla á orðaforða sé heildstæð og leitist við að samþætta stök orð og orðasambönd í námi. Þessi nálgun byggir á öðru líkani eftir Peter Kühn sem hann þróaði á svipuðum tíma til að vinna með stök orð til að byggja upp orðaforða í móðurmálskennslu (Kühn 2000, vitnað í Kühn 2013, 160). Nokkrum árum síðar birti Helmut Feilke nýtt líkan um uppbyggingu orðaforðahæfni sem byggir á hugmyndum Peters Kühn en spannar bæði kennslu stakra orða og orðasambanda (mynd 2). Líkanið er reyndar nær óþekkt í kennslufræði þýsku sem erlends tungumáls en hefur náð mikilli útbreiðslu í kennslufræði þýsku sem móðurmáls. Það er talið tryggja árangurs-

3 Líkan Peters Kühn byggir á kenningum Peters Doyé frá 1971 (sjá Haß 2022, 86) um kerfisbundið orðaforðanám í ensku sem erlendu tungumáli.

ríka orðaforðakennslu (Kilian 2021, 96–97) og góða þróun orðaforðahæfni nemenda (Kilian 2021, 164).

Feilke (2009) skiptir námsferlinu í þrjú skref og skilgreinir viðfangsefni (e. *tasks*), markmið (e. *goals*) og aðferðir (e. *methods*) sem nota ber í námsferlinu:

1. að bera kennsl á orð eða orðasamband, einangra formið og finna merkingu þess í tilteknum texta við lestur eða hlustun,
2. þjálfun bæði þekktra og nýrra orða og orðasambanda og ígrundun til að örva tengslamyndun orðaforðans í hugræna orðasafninu og dýpkun og útvíkkun á þekkingu nemenda ásamt því að efla meðvitund um tungumál í fjölbreyttum æfingum með orðum og orðasamböndum (Kilian 2016, 2021, 36–37),
3. að (endur)virkja orðaforðann við eigin notkun í rituðum textum og öðrum samskiptum.



Mynd 2: Þriggja skrefa líkan til að byggja upp orðaforða (Feilke 2009, 10, ensk þýðing úr Erla Hallsteinsdóttir og Chrissou 2026)

Nýrri kenningar byggðar á líkani Feilkes nota samþætta nálgun á orðaforða (þó ekki alltaf á kerfisbundinn hátt) með áherslu á bæði stök orð og orðasambönd.⁴ Þannig skilgreina Haß og Hoffmann (2019, 10–11) sex atriði í uppbyggingu orðaforðahæfni nemenda:

4 Ein nýjasta útgáfan af líkani Feilkes, með alls sex skrefum, var þróuð af Haß og Hoffmann (2019) í verkefninu *Wortschatzwissen* (Orðaforðaþekking), www.wortschatzwissen.de og https://duepublico2.uni-due.de/receive/dupublico_mods_00070806 (sjá nánar í Erla Hallsteinsdóttir og Chrissou 2024, 2026).

1. skapa meðvitund um orðasamband með því að einangra það frá upprunalegu samhengi í texta,
2. gera orðasamband greinanlegt við að koma á tengslum milli forms og merkingar,
3. skilja merkingu orðasambands í texta,
4. tengja orðasamband við aðrar einingar í orðaforða og mynda merkingartengsl,
5. nota orðasamband í nýju samhengi í æfingum (með endurtekningum) og
6. nota orðasamband í eigin textum og öðrum samskiptum.

Námsferlið er ekki línulegt (eða í skrefum sem byggja hvert á öðru) heldur skilgreint sem endurtekning af tengdum viðfangsefnum og aðferðum sem skarast á milli námsskrefa og mynda samhengi í þjálfun í málskilningi, íhugun og málnotkun. Markmiðið er að þekking, leikni og hæfni fléttist saman í einni heild og auki þannig orðaforðahæfni nemenda (sbr. Kilian 2021, 30–33). Æskilegt er að kennslufræði erlendra tungumála hafi hliðsjón af þessum kenningum við að leggja grunninn að heildrænni orðaforðakennslu með áherslu á allar tegundir orðaforðaeininga (Erla Hallsteinsdóttir 2007, 2023; Erla Hallsteinsdóttir og Chrissou 2024, 2025, 2026).

Þetta stutta yfirlit sýnir að orðaforðakennsla byggir á textum og æfingum. Gert er ráð fyrir að nemendur afli sér orðaforðahæfni við að lesa texta og bera kennsl bæði á ný orð og orðasambönd og orðaforða sem þau hafa þegar lært. Þau dýpka og útvíkka orðaforðahæfni sína með ígrundun og æfingum og geta að lokum notað orðaforðann í eigin textum (Feilke 2009, 10; Haß 2022; Haß og Hoffmann 2019, 7; Kilian 2021, 25, 160).

Haß og Hoffmann (2019) gera einnig greinarmun á *kennslu* sem ferli sem stjórnað er af kennurum og *námi* sem tileinkun nemenda á þeirri þekkingu sem kennsla og námsefni bjóða upp á. Þessi greinarmunur er nauðsynlegur í kenningum um orðaforða í kennslufræði. Það að skipuleggja kennslu sem línulega röð skrefa er aðferðafræðileg nálgun sem er byggð á öðrum grunni en kenningar og líkön af námsferli nemenda við að læra tungumál. Hægt er þó að líta á skrefalíkön sem (einfaldaða) lýsingu á námsferlinu. Þau geta nýst sem grunnur fyrir val á kennsluaðferðum og (línulega)

uppbyggingu kennslu. Þetta þýðir þó ekki að námsferlið sjálft sé alltaf línulegt eða að orðaforðanám verði að eiga sér stað með því að nemendur vinni eftir fastri röð skrefa.

Jörg Kilian tekur fram að engin ein aðferð henti öllum í orðaforðanámi og hægt sé að ná markmiðum orðaforðakennslu á mismunandi vegu (Kilian 2021, 99). Hann telur að blanda af beinni og óbeinni kennslu, mismunandi æfingum til að finna, skilja og nota orðasambönd sem og aðferðum við ígrundun orðaforða sé nauðsynleg. Orðaforðanám krefjist fjölbreytts samspils mismunandi aðferða yfir lengri tíma eins og t.d. við nálgun skv. öflugri orðaforðapjálfun (e. *robust vocabulary instruction*) sem hafi reynst sérstaklega árangursrík (Kilian 2021, 104, Reder 2023; Vasylyeva og Kurtz 2015).

4. Aðferðir við miðlun orðasambanda í tungumálakennslu

Ein mest notaða nálgun í tungumálakennslu í dag byggir á tjáskiptaaðferðum (e. *communicative methods*) eins og lýst er t.d. í CEFR-rammanum. Tjáskiptaaðferðir leggja áherslu á að tungumálakennsla eigi að efla samskiptahæfni og undirbúa nemendur fyrir raunveruleg samskipti (Evrópuráðið 2001, 2020). Auk tjáskiptaaðferða er til fjölbreytt úrval af kennsluaðferðum sem byggja á öðrum nálgunum. Flestar aðferðirnar eiga það sameiginlegt að lítil sem engin áhersla er lögð á kennslu fastra orðasambanda.⁵

4.1. Fjöltýngd nálgun og jafngildi orðasambanda í öðrum tungumálum

Fjöltýngd nálgun ásamt hugtökunum fjöltýngi, þ.e. hæfni til að nota tungumálaforða í fleiri en einu tungumáli (sbr. Renata Emílson Pesková 2022, 46) og krosstynging, þ.e. nýting tungumálaforða allra tungumála nemenda (sbr. Renata Emílson Pesková 2022, 50) hafa náð góðri fótfestu í kennslufræði á síðustu árum. Fjöltýngda nálg-

⁵ Stutt yfirlit yfir kennslufræði og orðtök í tungumálakennslu er að finna á íslensku í áður útgefinni grein höfundar (Erla Hallsteinsdóttir 2006).

unin byggir á því að nám fer almennt fram með samþættingu nýrrar þekkingar við þekkt hugtök. Þannig er sú tungumálaþekking og hæfni sem þegar hefur verið aflað í öðrum tungumálum grundvöllur náms í öðrum tungumálum (Candelier o.fl. 2009, 5; Renata Emilson Pesková 2022). Það er því gengið út frá að hægt sé að auðvelda tungumálanám með því að nota þær tengingar við önnur tungumál sem eru til staðar í málþekkingu nemenda. Fjöltýngd nálgun miðar að því að þróa aðferðir til notkunar fjöltýngi og krosstýngingar í tungumálakennslu (Bradlaw og Schmorré 2021, 16) með því að byggja brýr sem nokkurskonar flutningskerfi milli þeirra tungumála sem nemandi kann þá þegar og þess máls sem á að læra. Þótt flestar rannsóknir hafi beinst að hlutverki móðurmáls í námi erlendra tungumála (Erla Hallsteinsdóttir 2001, 2007), þá er ekki síður mikilvægt að nota ensku, sem nú er fyrsta erlenda tungumál flestra nemenda, og tungumálaforða í öðrum málum sem brúarstólpa undir jákvæða yfirfærslu frá einu tungumáli til annars. Samkvæmt þessu skal byggja kennslu á kunnáttu nemenda í móðurmáli, ensku og öðrum tungumálum og auðvelda nemendum þannig að nota eigin tungumálaþekkingu við nám á erlendum tungumálum. Tenging við þá orðaforðaþekkingu sem fyrir er telst vera sérstaklega mikilvæg til að auðvelda nemendum að læra nýjan orðaforða og til að styrkja og víkka út tengsl milli orðaforðaeininga í orðasafni hugans (Bradlaw og Schmorré 2021, 16).

Einn stærsti ávinningurinn af fjöltýngdri nálgun við kennslu og nám í orðaforða felst í jákvæðri yfirfærslu frá öðrum tungumálum. Að auki býður nálgunin upp á að láta nemendur bera saman menningartengd fyrirbæri og kanna snertifleti milli tungumáls og menningar, t.d. menningartengt myndmál í orðasamböndum og orðasambönd sem hafa ákveðna menningarnæmi (þ. *kultursensitive Phrase*, sbr. Reder 2023, 143), tilfinningatengda merkingu eða húnor.

Þegar litið er á dæmin úr íslensku, þýsku, dönsku og ensku í kafla 1 koma í ljós ákveðin atriði sem eru tengd fjöltýngdri nálgun. Þessi atriði hafa áhrif á meðhöndlun þeirra sem hluta orðaforðans og þarf að hafa í huga við kennslu erlendra tungumála. Þetta eru:

- a. Mörg orðasambönd eiga sér hliðstæðu, þ.e. jafngilt orðasamband með sambærilegu formi (þ.e. eins uppbygging og öll orðin sem eru hluti af orðasambandinu eru jafnheiti), merkingu og notkun í öðrum tungumálum, sbr. *ár eftir ár* og *Brennt barn forðast eldinn*. Ekki má þó gera ráð fyrir að hliðstæður finnist í öllum tungumálum sbr. *eins og fiskur/þorskur á þurru landi* sem á sér hliðstæðu á þýsku og ensku en skv. orðabókum ekki á dönsku (sbr. neðanmálsgrein 2).
- b. Hliðstæð orðasambönd með sömu merkingu og notkun geta haft annað form, þ.e. ekki öll einstök orð í orðasambandinu eru jafnheiti, sbr. *bursta tennurnar* á íslensku og *die Zähne putzen* á þýsku (orðrétt: að þrífa tennurnar).
- c. Merkingarumfang og notkun líkra orðasambanda er ekki alltaf það sama, sbr. að *Góðan daginn!* á íslensku samsvarar formlega *Guten Tag!* á þýsku en notkunin spannar bæði bæði *Guten Morgen!* og *Guten Tag!*
- d. Orðasamband í einu tungumáli samsvarar ekki alltaf orðasambandi á öðrum tungumálum, sbr. fleiryrdið *Guten Morgen!* á þýsku og hliðstæða einyrdið *Godmorgen!* á dönsku.
- e. Myndmál orðasambanda getur verið frábrugðið á milli tungumála. Munurinn getur verið tengdur stökum orðum í hliðstæðum orðasamböndum, sbr. að *kaupa köttinn í seknum* á íslensku og *to buy a pig in a poke* (orðrétt: að kaupa svín í poka) á ensku. Einnig geta orðasambönd með frábrugðið form og myndmál haft svipaða merkingu sbr. að *lifa frá degi til dags* og að *vera laginn við eitthvað* sem á þýsku er *von der Hand in den Mund leben* (orðrétt: að lifa frá hendinni í munninn) og *eine glückliche hand haben* (orðrétt: hafa farsæla/gæfusama hönd).

Eins og dæmin sýna, þá eru þessi atriði tengd því hvort orðasamband á sér hliðstætt orðasamband í öðru tungumáli ásamt jafngildisstigi (e. *equivalence*) þeirra, þ.e. hversu stór líkindi eru á merkingu, formi og notkun orðasambandanna á milli tungumálanna.

Rannsóknir á jafngildisstigi hliðstæðra orðasambanda hafa alltaf verið hluti af undirstöðum kennslu á orðasamböndum í erlendum tungumálum (Breindl, Dalmas og Dobrovolskij 2023, 197). Rannsókn á aðferðum íslenskra málnotenda við skilning á orðtök-

um í þýsku sem erlendu tungumáli leiddi í ljós afgerandi áhrif þekkingar á orðtökum í móðurmáli á skilning og aðferðir við merkingarmyndun bæði þekktra og óþekktra orðtaka (Erla Hallsteinsdóttir 2001, sbr. einnig Erla Hallsteinsdóttir 2006). Gert er ráð fyrir að það sé auðveldara að læra orðasambönd sem eiga sér hliðstæðu í móðurmáli nemenda eða öðrum tungumálum sem þeir kunna. Sú orðaforðahæfni sem er fyrir hendi úr öðrum tungumálum ásamt tíðni orðasambanda í málnotkun er því álitinn mikilvægur grunnur fyrir val á orðasamböndum fyrir kennslu og kennslufni. Nauðsynlegt er að lýsa bæði líkindum og mismuni á formi, merkingu, myndmáli og notkun til að skilgreina jafngildisstig (sbr. dæmin að ofan) og þar með erfiðleikastig í námi og þörf á útskýringum á orðasambandi í kennslu eða námsefni. Jafngildisstig getur þannig einnig skipt máli við ákvörðun á því á hvaða hæfnistigi orðasamband er kennt.

Fjölgun nálgun með ensku sem leið til að læra þýsk orðasambönd er ein af grunnstoðum PhraseoLab. Þýsku orðasamböndin voru valin eftir jafngildisstigi hliðstæðs orðasambands í ensku. Enska er einnig notuð í merkingarskýringum og til að útskýra notkun, bæði í textunum sjálfum og í æfingum og verkefnum.

Nálgunin hefur bæði kosti og galla. Einn stærsti kosturinn er að námsefnið er ekki bundið við eitt ákveðið móðurmál og nýtist þannig mjög stórum hópi nemenda. Einn stærsti gallinn er að úrvalið af föstum orðasamböndum er bundið því að þýsku og ensku orðasamböndin séu að hluta eða öllu leyti jafngild. Þetta þýðir að námsefnið inniheldur aðeins hluta þeirra orðasambanda sem æskilegt er að nemendur læri í þýsku sem erlendu tungumáli.

4.2. Áhersla á form og merkingu

Legutke (1997, 106; 2006) færir rök fyrir því að árangursríkt sé að sameina formmiðaðar æfingar og innihaldsmiðuð verkefni í kennslu. Formmiðaðar æfingar með áherslu á samspil ytra forms (einstök orð, röð orða, málfræði) og merkingar eru notaðar sem inngangur að umfangsmeiri eða flóknari samskiptaverkefnum með áherslu á merkingu og notkun tungumálsins. Tilgangur formmiðaðra æfinga er þá fyrst og fremst uppbygging á þekkingu í tungu-

málum. Orðaforðaþekkingu er t.d. hægt að byggja upp og þjálf með því að vinna með orðaforða í tengslum við tiltekið efni, skilgreindar aðstæður eða ákveðin merkingarsvið, þar sem nemendur nota orðabækur, gagnagrunna og textaheildir til að kanna form, merkingu og notkun og læra nýjan orðaforða. Síðan nota nemendur orðaforðann til að leysa samskiptaverkefni þar sem áhersla er lögð á að þjálf bæði leikni og hæfni nemenda í málskilningi og málnotkun. Að auki er talið mikilvægt að styrkja sköpunargáfu og leyfa einstaklingsfrumkvæði að njóta sín í samskiptum nemenda (Chrissou 2022, 133; Reder 2023, 145).

Formmiðaðar æfingar eru oft hluti af beinni kennslu. Það er því upplagt að tengja formmiðaðar æfingar við skrefalíkön sem fylgja frekar ströngu námsferli (finna – skilja – nota) sem kennarinn stjórnar. Ferlinu er stýrt af nákvæmum fyrirmælum og það miðast eingöngu við að læra þau orðasambönd sem koma fyrir í textanum.

Í PhraseoLab-námsefninu gera nemendur formmiðaðar æfingar til að ná tökum á formi orðasambanda og til að styrkja samband forms og merkingar í orðasafni hugans. Þessar æfingar svara til skrefanna „finna“ og „skilja“. Námsferlinu er stjórnað með skriflegum fyrirmælum (í stað fyrirmæla kennara).

4.3. Tvíþætt og verkefna miðað tungumálanám

Tvíþætt og verkefna miðað tungumálanám eru tvær skyldar aðferðir til að efla þverfaglegt nám. Tvíþættun er notað sem yfirheiti yfir kennsluaðferðir með þverfaglegri miðlun, þ.e. aðferðir sem sameina kennslu í tungumáli og öðrum faggreinum (Auður Torfadóttir og Brynhildur A. Ragnarsdóttir 2005, 8).⁶ Þverfagleg miðlun samþættir nám í tungumáli og nám í öðrum greinum, þ.e. það er bæði lögð áhersla á að læra tungumálið og faglegt innihald. Nemendur afla sér þannig nýrrar fagþekkingar um leið og þau læra tungumálið. Í verkefna miððu tungumálanámi nota nemendur tungumál til að ná fyrirfram skilgreindum markmiðum með samskiptum. Verkefna-

6 CLIL-aðferðir virðast ekki mikið notaðar í kennslu á Íslandi en vinsældir þeirra fara stöðugt vaxandi í öðrum Evrópulöndum eins og sjá má t.d. á yfirlitssíðu ECML: <https://www.ecml.at/en/Thematic-areas/Content-and-Language-Integrated-Learning>.

miðað nám er þannig nátengt nálgun tjáskiptaaðferða í kennslufræði erlendra tungumála.

Í *PhraseoLab*-verkefninu var notast við tvíþættun og verkefnamiðun með því að tengja þekkingu á sjálfbærni og mismunandi menningu aðalpersónanna við innihaldið í námsefninu. Að auki eru verkefnin í lok hvers kafla byggð upp eftir CLIL-aðferðinni.

Lokaorð

Skrefalíkön í ýmsum útgáfum hafa lengi verið notuð í kennslufræði erlendra tungumála til að lýsa meðhöndlun fastra orðasambanda í tungumálakennslu. Þannig líkön geta verið takmarkandi þar sem þau eru línuleg og háð nákvæmum leiðbeiningum. Þau henta yfirleitt ekki vel til að dýpka og víkka orðaforðann eða vinna með skapandi málnotkun þar sem þau gera kröfu um að vinna með orðasambönd sé alltaf á grundvelli texta. Æskilegt er því að skoða einnig aðrar aðferðir við kennslu fastra orðasambanda. Rannsóknir og vinna við námsefni í *PhraseoLab*-verkefninu sýna að árangursríkt er að nýta aðferðir eins og t.d. þær sem hafa verið þróaðar innan nálgana fjöltyngi og verkefnamiðunar.

Í greininni er lögð áhersla á kennslu fastra orðasambanda. Í framtíðinni væri æskilegt að þróa nálgun við orðaforðanám, sem felur í sér bæði stök orð og föst orðasambönd í kerfisbundinni orðaforðapjálfun. Við teljum að þannig samþætting orðaforðans í námi sé heppilegri grundvöllur fyrir árangursríka tungumálakennslu heldur en aðskildar áherslur á stök orð og föst orðasambönd. Hér er þörf á meiri rannsóknum til að geta þróað kenningar og aðferðafræði frekar.

HEIMILDASKRÁ

- Aguado, Karin. 2015. „Sprachliche Routinen als Wegbereiter für den Erwerb bildungssprachlicher Handlungsfähigkeit im schulischen DaZ-Kontext.“ Í *Linguistisch fundierte Sprachförderung und Sprachkritik*. Ritstýrt af Hana Klages og Giulio Pagonis, 1–16. Berlin, München og Boston: De Gruyter Mouton.
- ANF = Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2012. *Adalnámskerá framhaldsskóla 2011 – almennur bluti*. 2. útgáfa febrúar 2012. Reykjavík, Mennta- og menningarmálaráðuneyti. www.stjornarradid.is/library/01-Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Adalnamskra%20framhaldsskola_2_utg_breyt_2015_.pdf.
- Auður Torfadóttir og Brynhildur A. Ragnarsdóttir. 2005. „Tvíþætt nám (CLIL) “Content and Language Integrated Learning”“. *Málfríður* 2, 8–10. <https://timarit.is/page/6089418#page/n7/mode/2up>.
- Barkowski, Hans, Patrick Grommes, Beate Lex, Sara Vicente, Franziska Wallner, og Britta Winzer-Kiontke. 2017. *Deutsch als fremde Sprache: Fort- und Weiterbildung weltweit* (DLL 03). München: Klett.
- Bergerová, Hana. 2011. „Zum Lehren und Lernen von Phraseologismen im DaF-Studium. Überlegungen zu Inhalten und Methoden ihrer Vermittlung anhand eines Unterrichtsmodells.“ *Linguistik Online* 47: 3, 107–117. <https://bop.unibe.ch/linguistik-online/article/view/365>.
- Bradlaw, Constanze og Madeleine Schmorré. 2021. „Das mehrsprachige mentale Lexikon und Wortschatzarbeit“. *Fremdsprache Deutsch* 48. 13–18.
- Breindl, Eva, Martine Dalmas og Dmitrij Dobrovol'skij. 2023. „Usuelle Wortverbindungen: Einleitung in einen neuen Themenschwerpunkt“. *Deutsch als Fremdsprache* 4. 195–200.
- Candelier, Michel, Antoinette Camilleri-Grima, Véronique Castellotti, Jean-François de Pietro, Ildiko Lörincz, Franz-Joseph Meissner, Anna Schröder-Sura, Artur Noguerol og Muriel Molinié. 2009. *RePA: Referenzrahmen für Plurale Ansätze zu Sprachen und Kulturen*. Graz: Europäisches Fremdsprachenzentrum.
- Chrissou, Marios. 2022. „Aufgaben und Übungen im Verbund zur Förderung der phraseologischen Kompetenz im DaF-Unterricht.“ *Colloquia Germanica Stetinensia* 31, 133–155.
- Chrissou, Marios. 2024. „Phraseodidaktische Reflexionen am Beispiel von „Phraseolab““. Í *Interkulturelles und Interdisziplinäres in der Phraseologie und Parömiologie II*. Ritstýrt af Anna Gondek, Alina Jurasz, Przemyslaw Staniewski, Joanna Szczek og Aleksandra Kamińska, 113–134. Hamburg: Verlag Dr. Kovač.
- Đurčo, Peter, ritstj. 2017. *Kollokationsforschung und Kollokationsdidaktik*. Wien: LIT Verlag.
- Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir. 2022. „Hönd í bönd, mano a mano, Hand in Hand. Enn og aftur af orðapörum.“ *Milli mála* 14/2, 38–60.
- Erla Hallsteinsdóttir. 2001. *Das Verstehen idiomatischer Phraseologismen in der Fremdsprache Deutsch*. Hamburg: Verlag Dr. Kovač.
- Erla Hallsteinsdóttir. 2006. „Orðtök í tungumálanámi.“ *Málgagnir*. <https://arnastofnun.is/sites/default/files/2019-03/EErlaHallsteinsdottir.Ordtok.pdf>.

- Erla Hallsteinsdóttir. 2007. „Kontrastive Phraseologie in der Fremdsprache Deutsch.“ Í *Phraseologie kontrastiv und didaktisch. Neue Ansätze in der Fremdsprachenvermittlung*. Ritstýrt af Vida Jesenšek og Melanija Fabčić, 207–220. Maribor: Slavistično društvo.
- Erla Hallsteinsdóttir. 2011. „Aktuelle Forschungsfragen der deutschsprachigen Phraseodidaktik.“ *Linguistik Online* 47/3, 3–31. <https://bop.unibe.ch/linguistik-online/article/view/358> (30.10.2023).
- Erla Hallsteinsdóttir. 2023. „Anspruch und Wirklichkeit: Phraseologie und Deutsch im dänischen Ausbildungssystem.“ Í *Wörter und Phraseme: Theoretische und praktische Exkurse: Festschrift anlässlich des 80. Geburtstags von Irmhild Barz*. Ritstýrt af Luise Czajkowski, Hannelore Poethe og Anja Seiffert, 31–45. Leipzig: Publikationsserver der Universität Leipzig. <https://nbn-resolving.org/urn:nbn:de:bsz:15-qucosa2-865500>.
- Erla Hallsteinsdóttir. 2024. „Phraseodidaktik und Deutsch als Fremdsprache in Dänemark.“ Í *Interkulturelles und Interdisziplinäres in der Phraseologie und Parömiologie II*. Ritstýrt af Anna Gondek, Alina Jurasz, Przemysław Staniewski, Joanna Szczek og Aleksandra Kamińska, 99–112. Hamburg: Verlag Dr. Kovač.
- Erla Hallsteinsdóttir og Marios Chrissou. 2024. „Korpuslinguistische Ansätze zur Phraseologie – und was nun? Phraseodidaktik und die Potenziale neuerer Zugänge der Sprachdidaktik.“ *Korpora Deutsch als Fremdsprache* 4/1, 8–27. <https://kordaf.tu-journals.ulb.tu-darmstadt.de/article/3989/galley/3972/download>.
- Erla Hallsteinsdóttir og Marios Chrissou. 2025. „Ein vergessener (Wort-)Schatz? Feste Wendungen in Deutsch als Fremdsprache.“ *Fremdsprache Deutsch* 36/72, 37–44. <https://doi.org/10.37307/j.2194-1823.2025.72.07>.
- Erla Hallsteinsdóttir og Marios Chrissou. 2026 (í prentun). „The phraseodidactic potential of newer approaches to foreign language teaching and learning.“ Í *New Trends in Applied Phraseology: Languages and Cultures in Comparison*. Ritstýrt af Paola Cotta Ramusino, Tatsiana Maiko og Ekaterina Nikitina. Milano: MUP.
- Ettinger, Stefan. 2019. „Leistung und Grenzen der Phraseodidaktik. Zehn kritische Fragen zum gegenwärtigen Forschungsstand.“ *Philologie im Netz* 87, 84–124. <https://web.fu-berlin.de/phn/phn87/p87t6.htm> (30.10.2023).
- Evrópuráðið. 2001. *Common European Framework of Reference for Languages*. Strasbourg: Council of Europe, Language Policy Division. <https://rm.coe.int/1680459f97>.
- Evrópuráðið. 2020. *Gemeinsamer europäischer Referenzrahmen für Sprachen: lernen, lehren, beurteilen. Begleitband mit neuen Deskriptoren*. Stuttgart: Ernst Klett Sprachen.
- Feilke, Helmuth. 2009. „Wörter und Wendungen: kennen, lernen, können.“ *Praxis Deutsch. Zeitschrift für den Deutschunterricht* 218, 4–13.
- Gibbons, Pauline. 2015. *Scaffolding Language, Scaffolding Learning*. 2. útg. Portsmouth NH: Heinemann.
- Haß, Ulrike. 2022. *Wortschatz und Wortschatzdidaktik oder Was Sie schon immer über Wörter wissen wollten: Eine Einführung*. Essen: DuEPublico. <http://doi.org/10.17185/duepublico/75279>.

- Haß, Ulrike og Lea Hoffmann. 2019. *Lehreinheit zur Wortschatzdidaktik und zum Einsatz von Wortschatzwissen im Unterricht*. <https://docplayer.org/186912638-Lehreinheit-zur-wort-schatzdidaktik-und-zum-einsatz-von-wortschatz-wissen-im-unterricht.html>.
- ÍÍM = Ídordasafn í menntunarfræði. 2023. *Ídordasafn í menntunarfræði*. <https://namfullordinna.is/wp-content/uploads/2015/08/Idordasafn-til-birtingar-jan.-2023.pdf>.
- Jesenšek, Vida. 2006. „Phraseologie und Fremdsprachenlernen. Zur Problematik einer angemessenen phraseodidaktischen Umsetzung.“ *Linguistik Online* 27/2, 137–147. <https://bop.unibe.ch/linguistik-online/article/view/747>.
- Jón G. Fridjónsson. 1993. *Mergur málsins – Íslensk ordatiltæki, uppruni, saga og notkun*. Reykjavík: Mál og menning.
- Jón Hilmar Jónsson. 1998. „Glíman við orðasamböndin.“ *Orð og tunga* 4, 17–24. <https://timarit.is/page/6760590#page/n28/mode/2up>.
- Kacjan, Brigita, Milka Enčeva og Saša Jazbec. 2023. „Didaktisches Modell zur Vermittlung von phraseologischen Einheiten im Fremdsprachenunterricht.“ Í *Didaktische Perspektiven der Phraseologie in der Gegenwart. Ansätze und Beiträge zur deutschsprachigen Phraseodidaktik in Europa*. Ritstýrt af Wenke Mückel, 177–199. Berlin og Boston: de Gruyter.
- Kilian, Jörg. 2016. „Wortschatzerweiterung und Wortschatzvertiefung.“ Í *Wortschatzarbeit*. Ritstýrt af Inge Pohl og Winfried Ulrich, 133–142. Baltmannsweiler: Schneider Verlag Hohengehren.
- Kilian, Jörg. 2021. *Wortschatz lernen und reflektieren. Grundlagen, Befunde, Methoden für den Deutschunterricht in den Sekundarstufen I und II*. Hannover: Kallmeyer og Klett.
- Kühn, Peter. 1992. „Phraseodidaktik, Entwicklungen, Probleme und Überlegungen für den Muttersprachenunterricht und den Unterricht DaF.“ *Fremdsprachen lernen und lehren* 21, 169–189.
- Kühn, Peter. 2013. „Wortschatz.“ Í *Deutsch als Fremdsprache*. Ritstýrt af Ingelore Oomen-Welke, 153–164. Baltmannsweiler: Schneider Verlag Hohengehren.
- Laskowski, Marek. 2010. „Phraseodidaktische Einsatzmöglichkeiten von Fernsehwerbung im DaF-Unterricht.“ Í *Europhras 2008. Beiträge zur internationalen Phraseologiekonferenz vom 13.–16.08.2008 in Helsinki*. Ritstýrt af Jarmo Krohonen, Wolfgang Mieder, Elisabeth Piirainen, og Rosa Piñel, 399–409. Helsinki: Universität Helsinki.
- Legutke, Michael. 1997. „„Spielräume“ – Über die Rolle von Übungen und Aufgaben im Deutschunterricht (DaF) der Primarstufe.“ Í *Sprachenlernen – Primarschule – Unterrichtsanalyse*. Ritstýrt af Michael Legutke, 105–132. München: Goethe-Institut.
- Legutke, Michael. 2006. „Projekt Airport – Revisited: Von der Aufgabe zum Szenario.“ Í *Motivation Revisited. Festschrift für Gert Solmecke*. Ritstýrt af Almut Küppers og Jürgen Quetz, 71–80. Berlin: LIT Verlag.
- Lüger, Heinz-Helmut. 1997. „Anregungen zur Phraseodidaktik.“ *Beiträge zur Fremdsprachenvermittlung* 32, 69–120.

- Lüger, Heinz-Helmut. 2019. „Phraseologische Forschungsfelder Impulse, Entwicklungen und Probleme aus germanistischer Sicht.“ *Beiträge zur Fremdsprachenvermittlung* 61, 51–82.
- Reder, Anna. 2006. *Kollokationen in der Wortschatzarbeit*. Wien: Praesens-Verlag.
- Reder, Anna. 2023. „Moderne fremdsprachendidaktische Ansätze für die Phrasemvermittlung.“ Í *Didaktische Perspektiven der Phraseologie in der Gegenwart. Ansätze und Beiträge zur deutschsprachigen Phraseodidaktik in Europa*. Ritstýrt af Wenke Mückel, 135–153. Berlin og Boston: de Gruyter.
- Renata Emilsson Pesková. 2022. „Kennsluaðferðir og nálganir í tungumálakennslu: Hvernig geta kennarar byggt á fjöltyni nemenda?“ *Milli mála* 14/1, 45–66. <https://millimala.hi.is/wp-content/uploads/2022/12/2022-1-3>. Renata-Emilsson-Peskova.pdf.
- Steyer, Kathrin. 2020. „Multi-word patterns and networks How corpus-driven approaches have changed our description of language use.“ Í *Computational Phraseology*. Ritstýrt af Gloria Corpas Pastor og Jean-Pierre Colson, 274–295. Amsterdam: John Benjamins Publishing Company. DOI: <https://doi.org/10.1075/ivitra.24.14ste>.
- Sulikowska, Anna. 2023. „On the selection of idioms for didactic purposes using the example of the project PhraseoLab.” *Acta Germanica. German Studies in Africa* 51/1, 139–155.
- Sulikowska, Anna. 2024. „Einen guten Griff tun. Frequenz als Selektionskriterium erwerbsrelevanter Idiome im DaF-Unterricht.“ Í *Interkulturelles und Interdisziplinäres in der Phraseologie und Parömiologie II*. Ritstýrt af Anna Gondek, Alina Jurasz, Przemysław Staniewski, Joanna Szczek og Aleksandra Kamińska, 47–65. Hamburg: Verlag Dr. Kovač.
- Sulikowska, Anna og Marios Chrissou. 2024. „Idiome im DaF-Unterricht. Ergebnisse einer Frequenzuntersuchung für das Projekt PhraseoLab.“ *Korpora Deutsch als Fremdsprache* 4/1, 49–77. <https://kordaf.tu-journals.ulb-tu-darmstadt.de/article/3988/galley/3974/download>.
- Targońska, Joanna. 2023. „Welche Kollokationsdidaktik brauchen wir? Didaktische Aspekte der Arbeit an Kollokationen im DaF- bzw. Fremdsprachenunterricht.“ Í *Didaktische Perspektiven der Phraseologie in der Gegenwart. Ansätze und Beiträge zur deutschsprachigen Phraseodidaktik in Europa*. Ritstýrt af Wenke Mückel, 155–176. Berlin og Boston: de Gruyter.
- Vasylyeva, Tetyana og Gunde Kurtz. 2015. „Das „Robuste Wortschatztraining“ im schulischen Spracherwerb.“ Í *Linguistisch fundierte Sprachförderung und Sprachdidaktik: Grundlagen, Konzepte, Desiderate*. Ritstýrt af Hana Klages og Giulio Pagonis, 237–264. Berlin, München og Boston: De Gruyter Mouton.
- Winzer-Kiontke, Britta. 2016. „Gäbe es das Lehrwerk, würden wir es Ihnen empfehlen.“ *Routineformeln als Lehr-/Lerngegenstand. Eine Untersuchung zu Vorkommen und didaktischer Aufbereitung von Routineformeln in Lehrwerken für Deutsch als Fremd- und Zweitsprache*. München: Iudicium.

Föst orðasambönd í tungumálakennslu

Að auka þekkingu nemenda á orðaforða og hæfni þeirra í að nota orð og orðasambönd eru mikilvæg markmið kennslu í erlendum tungumálum. Í kennslufræði erlendra tungumála og í námsefni er oft lögð mest áhersla á stök orð á meðan föst orðasambönd sitja á hakanum. Þessi grein fjallar um kennslu fastra orðasambanda í erlendum tungumálum. Eftir stutta skilgreiningu á föstum orðasamböndum og lýsingu á ytri og innri áhrifapáttum í kennslu orðasambanda er gerð grein fyrir kenningum um kennslu orðasambanda í rannsóknum á þýsku sem erlendu tungumáli og almennum kenningum um tungumálakennslu með áherslu á fjöltyngi og verkefnismiðun. Greinin byggir að miklu leiti á rannsóknum og vinnu við þróun á gagnvirknu námsefni fyrir þýsku sem erlent tungumál með fjöltyngdri nálgun sem felst í að læra þýsk orðasambönd með því að styðjast við jafngild orðasambönd í ensku. Námsefnið var unnið í Erasmus+ verkefninu *Plurilingual Phraseology: Learning multi-word units through English* (www.phraseolab.org).

Lykilorð: Orðasambönd, orðaforði, tungumálakennsla, þýska, gagnvirktt námsefni

ABSTRACT

Multiword units in Language Teaching

Increasing students' vocabulary knowledge and their ability to use words and multiword units are important goals of foreign language teaching. In foreign language pedagogy and curriculum, the emphasis is mostly on single words, while multiword units are often neglected. This article discusses the teaching of multiword units in foreign languages. After a brief definition of multiword units and a description of external and internal factors influencing the teaching of multiword units, theories of phraseodidactics in research on German as a foreign language and general theories of language teaching are outlined, with an emphasis on plurilingual and task-based approaches. The article is largely based on research on the development of interactive learning materials for German as a foreign language. The materials follow a plurilingual approach that involves learning German phrases by using equivalent phrases in English as a bridge. The learning material was developed in the Erasmus+ project *Plurilingual Phraseology: Learning multiword units through English* (www.phraseolab.org).

Keywords: Phraseology, vocabulary, language teaching, German, interactive learning material

Orðasambönd í tvímála orðabók milli íslensku og frönsku

1. Inngangur

Orðasambönd á borð við *leggja árar í bát* og *leggja hönd á plóg* gæða mál fólks lífi jafnt í ræðu og riti og endurspeglar gjarnan menningu og staðhætti málsvæða. Talið er að „sérkenni hvers tungumáls felist m.a. í föstum orðasamböndum sem bera ákveðinni menningu málhafa, atvinnuháttum, veðráttu o.s.frv. vitni og eru ekki sprottin af sama meiði þó vissulega geti þau átt sér merkningarlega samsvörun í öðru tungumáli.“ (Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir 2023, 12).

Hugtakið fast orðasamband er gjarnan notað í víðtækri merkingu yfir fleiryrtar einingar í málinu sem einnig búa yfir festu og orðtakseðli (Oddný G. Sverrisdóttir 2009, 153). Orðtakseðli¹ vísar til þess að merking þessara fleiryrtu eininga er ógagnsæ og verður ekki ráðin af merkingu einstakra orða, „að liðirnir (einingar orðtakstins) mynda heild sem ekki verður fyllilega útskýrð út frá setningafræðilegum eða merkingarfræðilegum reglum“ (Oddný G. Sverrisdóttir 2009, 158). Hér má sem dæmi nefna fyrirnefndu orðasamböndin *leggja árar í bát* og *leggja hönd á plóg* en einnig orðasambönd á borð við *rífa kjöft* og *drepa tittlinga* þar sem „tiltekin sögn og tiltekið andlag tjá í sameiningu merkingu sem er ekki bókstafleg“ og „ekki er hægt að skipta einingum orðasambandsins upp merk-

1 Hugtakið orðasambandsmerking er einnig notað til aðgreiningar frá bókstaflegri merkingu (Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Jim Wood, 2016, 13).

ingarlega, til dæmis þannig að *drepa* merki ‚depla‘ og tittlingar merki ‚augu“ (Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Jim Wood, 2016, 13).

Festan birtist í því að málnotandi lítur á orðasambönd sem eina einingu eins og um eitt orð væri að ræða. Einnig felur festa í sér málfræðilegar og setningafræðilegar hömlur, til dæmis það að orðasamband á borð við *rífa kjaft* glatar yfirfærðri merkingu sinni í þolmynd: *kjaftur var rifinn* (Anton Ingi Karlsson, Einar Freyr Sigurðsson og Jim Wood 2016, 13–14; Oddný G. Sverrisdóttir 2009, 153–155). Jafnframt felast orðasafns- og merkingarlegar hömlur í festu, þ.e.a.s. að ekki er hægt að skipta um orð þó svo að um samheiti eða yfirheiti sé að ræða án þess að merkingin glatist. Þó ber að hafa í huga að festa er afstæð upp að vissu marki (Oddný G. Sverrisdóttir 2009, 155) og einnig finnast tilbrigði af orðasamböndum, til dæmis *setja/koma á fót* <*fyrirtæki*> og *það er ekki/enginn fótur fyrir* <*þessu*>.

Fjölmargir fræðimenn innan málvísinda og orðasambandafræði hafa lagt áherslu á mikilvægi þess að ná tökum á orðasamböndum þegar kemur að málhæfni (e. *linguistic competence*) í erlendu máli (sjá til dæmis Siepmann 2008, 185, og González-Rey 2002, 14). Ógagnsæ merking og festa gera það að verkum að það getur verið erfitt fyrir erlenda málhafa að skilja þau eða tileinka sér þau. Því er mikilvægt að gera þeim góð skil í tvímála orðabókum sem eiga annars vegar að hjálpa notendum við að þýða/skilja texta á erlendu máli og hins vegar að tjá sig á erlendu máli.

Nálgun fræðimanna í umfjöllun um orðasambönd er oft ólík, sérstaklega þegar kemur að því að skilgreina og flokka orðasambönd. Flokkun orðasambanda verður ekki til umræðu hér en sjá má greinargóða umfjöllun um ólíkar tegundir orðasambanda hjá Oddnýju G. Sverrisdóttur (2009) og Burger (2010). Í þessari grein er sjónum beint að föstum orðasamböndum í yfirfærðri merkingu í tvímála samhengi, einkum út frá framsetningu þeirra í íslensk-franskri veforðabók, *Lexín*. Fjallað er um aðferðafræði og vinnulag ritstjórnar franska markmálsins við samanburð á föstum orðasamböndum í yfirfærðri merkingu í málunum tveimur með það að markmiði að finna orðasambönd í markmálinu, frönsku, sem hefðu merkingarlega samsvörun og samsvari sem best notkun

íslenska orðasambandsins. Loks er hugað að mögulegri hugtakamerkingu orðasambanda í tvímála orðabók á borð við *Lexín*.

2. Orðasambönd í tvímála orðabók milli íslensku og frönsku

Lexía er tvímála veforðabók milli íslensku og frönsku annars vegar (aðgengileg frá 2021), og milli íslensku og þýsku hins vegar (aðgengileg frá 2023). *Lexía* er byggð á ISLEX-orðabókinni sem er margmála orðabók milli íslensku og sex Norðurlandamála, dönsku, finnsku, færeysku, norsks bókmáls, nýnorsku og sænsku (Rósa Elín Davíðsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir 2023, 95).² Notendur *Lexín* eru annars vegar Íslendingar sem nota orðabókina sem málbeitingar-orðabók, þ.e.a.s. til að tjá sig á frönsku í ræðu eða riti (L1→L2) og hins vegar frönskumælandi notendur sem leita að merkingu orða og orðasambanda á íslensku (L2→L1). Jafnframt má segja að þriðji markhópurinn samanstandi af þeim sem fást við þýðingar úr íslensku yfir á frönsku og geta verið hvort heldur sem er Íslendingar eða frönskumælandi þótt þeir síðarnefndu séu vafalaust fleiri. Þannig er leitast við að þjóna tveimur eða jafnvel þremur notendahópum þótt þarfir þeirra séu ólíkar.

2.1 Framsetning og aðgengi að orðasamböndum í *Lexín*

Lexía samanstendur af um 55 þúsund uppflettiordum ásamt um rúmlega 33 þúsund notkunardæmum. Jafnframt er að finna um 10 þúsund orðasambönd og orðastæður í orðabókinni (Rósa Elín Davíðsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir 2023, 96). Í orðabókargrunni *Lexín* er gerður greinarmunur á tvenns konar fastri orðanotkun, annars vegar orðasamböndum en undir þann flokk falla orðasambönd í yfirfærðri merkingu, og hins vegar *orðastæðum*. Orðastæða (e. *collocation*) er fast samband tveggja eða fleiri orða þar sem eitt orðið

2 Vinnan við ISLEX-orðabókina fór að mestu leyti fram á árunum 2006–2010 og töluvert af greinum liggur fyrir um orðabókina og orðabókarvinnuna (sjá til dæmis Aldís Sigurðardóttir og fl. 2008; Þórdís Úlfarsdóttir 2013; Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir 2019).

(og stundum fleiri) er kjarnaliður orðastæðunnar. Merkingin er almennt gegnsæ en dæmi um orðastæður eru *gangur himintunglanna*, *festa blund*, *rennandi blautur* (Rósa Elín Davíðsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir 2023 og Jón Hilmar Jónsson 2013, 12).³ Þessi orðasambönd og orðastæður koma að mestu leyti úr *Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun* (Jón Hilmar Jónsson 2005) en höfundur hennar sá upphaflega um val þeirra fyrir gerð ISLEX-orðabókarinnar (Þórdís Úlfarsdóttir 2013, 55).

Í *Lexíu* koma orðasambönd í yfirfærðri merkingu fyrir neðst í hverri flettu undir því orði sem telst vera aðalorðið eða kjarninn í orðasambandinu en ekki sem sjálfstæðar flettur (Þórdís Úlfarsdóttir 2013, 54).⁴ Kjarnaorð orðasambands er yfirleitt nafnorð en getur líka verið lýsingarorð, til dæmis *harður* í orðasambandinu *vera harður af sér*. Stundum kemur sama orðasambandið fyrir undir fleiri en einu uppflettið, til dæmis *leggja hönd á plóg(inn)* sem er að finna undir nafnorðinu *plógur* en einnig undir nafnorðinu *hönd*. Fleiri tugir orðasambanda geta komið fyrir undir einu uppflettið. Langflest orðasambönd má finna undir flettunni *hönd* (75), *fótur* (55), *mál* (53), *orð* (43), *auga* (31), *maður* (30), *vegur* (26), *dagur* (25), *líf* (24) (Þórdís Úlfarsdóttir 2013, 56).

Orðasamböndin eru ekki sett undir ákveðinn merkingarlið margræðra orða og þess vegna er orðasambandið *leggja hönd á plóg(inn)* ekki sett undir merkingarliðinn 'jarðvinnslutæki' í flettunni *plógur* í *Lexíu* heldur kemur aftast (sjá mynd 1).




Mynd 1. Flettan *plógur* í *Lexíu*. Fyrir neðan merkingarlið 1 og 2 kemur orðasambandið

- 3 Sjá nánari umfjöllun um orðastæður: Rósa Elín Davíðsdóttir 2021 og um orðastæður í tvímála orðabók: Rósa Elín Davíðsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir 2023.
- 4 Um 965 uppflettið í *Lexíu* koma einungis fyrir í ákveðnu orðasambandi, þetta á til dæmis við um nafnorðið *sauðarleggur*. Í slíkum tilvikum er orðið engu að síður uppflettið og orðasambandið er sett fram undir því uppflettið: <þetta> kemur eins og skráttinn úr sauðarleggunum.

leggja hönd á plóg(inn) sem aðskilið er frá merkingarliðunum með línu.

Leitarmöguleikar sem rafrænt viðmót *Lexín* býður upp á gerir það að verkum að fleiryrt sambönd eins og föst orðasambönd þurfa ekki að hafa stöðu uppflettiorðs til að vera aðgengileg og sömu-leiðis þarf notandinn ekki að vita undir hvaða uppflettiorði orðasambandið kemur fyrir. Ef notandi hakar við „leita í texta“ á upphafssíðu orðabókarinnar fær hann upp niðurstöður fyrir fleiryrt orðasambönd (Þórdís Úlfarsdóttir 2013, 66). Ef orð eða orðasamband sem notandi leitar að kemur einungis fyrir undir einni flettu er notandinn sendur beint þangað, þ.e.a.s. viðkomandi fletta opnast samstundis. Ef leitarorðið eða orðasambandið er staðsett undir fleiri en einu uppflettiorði fær notandi upp allar þær flettur þar sem orðasambandið kemur fyrir (sjá mynd 2 sem sýnir niðurstöður leitar að orðasambandinu *leggja hönd á plóginn*). Notandi getur því næst smelt á orðasambandið og lendir þannig á réttum stað í flettunni.⁵



Mynd 2. Niðurstöður textaleitar að orðasambandinu *leggja hönd á plóg* í *Lexín*. Vinstra megin sjást uppflettiorðin *hönd* og *plógur* þar sem orðasambandið *leggja hönd á plóg(inn)* kemur fyrir og hægra megin með bláu skálettri er orðasambandið.

Breytiliðir (afmarkaðir með oddklofum < >) eru notaðir í *Lexín* á sama hátt og í *Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun* (Jón Hilmar Jónsson 2005) til að sýna fallmörkun sem og leyfilegan breytileika í orðavali í orðasamböndum og orðastæðum (Jón Hilmar Jónsson 2013, 9). Þannig sýnir breytileiður innan oddklofa í orðasambandinu *líta* <*hana*> *hýru auga* notanda að andlag sagnarinnar *líta* sé í þolfalli en einnig að skipta mætti persónufornafninu út fyrir annað fornafn

⁵ Þessi möguleiki að smella á orðasambandið liggur niðri þegar þessi grein er skrifuð (í júlí 2025) en til stendur að bæta úr því.

eða nafnorð (til dæmis <konuna>)⁶. Þessi framsetning á breytliðum gerir notanda kleift að sjá upp að einhverju marki hvað er fast eða óhagganlegt í setningagerð orðasambandsins.

Breytliðir voru víða einfaldaðir frá því sem var í *Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun* svo að framsetning þeirra hentaði betur fyrir tvímála orðabók og til að einfalda þýðingu á markmálið (Þórdís Úlfarsdóttir 2013, 55–56; Rósa Elín Davíðsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir 2023, 98). Í stað þess að sýna hvernig fleiryrtar sagnaflettur geta sameinað orðastæður með merkingarskyldum nafnorðum, eins og *borga* <skuldina, lánið> *upp* var eitt dæmigert nafnorð valið sem andlag, *borga* <skuldina> *upp* (undir uppfflettiorðinu *borga* í *Lexín*).

Aðgreining breytliða innan oddklofa er þó ekki alltaf einföld, sem dæmi má nefna að í einhverjum tilvikum þyrfti að sýna betur hvort frumlag orðasambands geti verið hvort heldur sem er manneskja eða hlutur. Þetta á til dæmis við um orðasambandið *vaxa fiskur um brygg* sem í *Lexín* er sýnt með frumlaginu *fyrirtæki*: <fyrirtækinu> *vex fiskur um brygg*. Þessi framsetning segir málhöfum markmálsins (frönskumælandi notendum orðabókarinnar) ekki með skýrum hætti hvort mögulegt væri að nota þetta orðasamband um manneskju, til dæmis <henni> *hefur vaxið fiskur um brygg*. Þetta er dæmi um þær skorður sem tvímála orðabókarlýsingu eru settar.

3. Jafngildi og þýðing orðasambanda í tvímála orðabók

Í tvímála orðabók er leitast við að setja fram jafnheiti í markmáli fyrir hvert uppfflettiorð viðfangsmálsins sem og þýðingu eða jafngilt orðalag á notkunardæmum. Hvað varðar orðasambönd þarf að finna jafngilt orðasamband í markmálinu sem getur reynst þrautin þyngri því merkingarmunur orðasambanda í tveimur tungumálum getur verið hárfinn þótt merking þeirra virðist sambærileg.

6 Í *Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun* (Jón Hilmar Jónsson 2005) sem og við gerð orðabókargrunnnsins fyrir ISLEX-orðabókina (sem *Lexía* byggir einnig á) var farin sú leið að sýna fallstjórn með persónufornöfnum (til dæmis hann, hana) en ekki óákveðnum fornöfnum (*eitt hvað* og *einhver*).

Fræðimaðurinn Dobrovol'skij (1999, 2000) hefur fjallað um samanburð orðasambanda í tveimur eða fleiri tungumálum og þau skilyrði sem þau þurfa að uppfylla til þess að um eiginleg jafngildi sé að ræða. Hann leggur áherslu á að þegar verið sé að leita að jafngildum orðasamböndum í tveimur tungumálum þurfi fyrst og fremst að huga að notkunareiginleikum orðasambandanna (e. *functional properties*) og tryggja að um sé að ræða viðeigandi notkunarjafngildi (e. *functionally adequate equivalents*), þ.e.a.s. að hægt sé að nota orðasamböndin í markmálinu við sömu aðstæður (Dobrovol'skij 2000, 169). Tvímála orðabók sem þarf að sjá notanda fyrir upplýsingum um eiginleika tiltekins orðasambands í málinu ætti ekki bara að telja upp öll möguleg jafnheiti heldur útskýra í hvaða samhengi er hægt að nota þau og hvaða hömlur notkun þeirra eru settar (Dobrovol'skij 2000, 180–181).

Við þetta má bæta að ef einhver blæbrigðamunur er á merkingu (e. *semantic differences*) sambærilegra orðasambanda milli tveggja eða fleiri tungumála þarf að greina þann merkingarmun vel (Dobrovol'skij 2000, 178). Jafnframt þarf að skoða möguleika á samsetningu, það er í hvaða samhengi sé hægt að nota hvort orðasamband fyrir sig (bæði í viðfangsmálinu og markmálinu). Sem dæmi má nefna mikilvægi þess að kortleggja hvaða merkingaflokkum gerandi eða þolandi í orðasambandi getur tilheyrt (til dæmis manneskja, hlutur, eiginleiki, atburður) (Dobrovol'skij 2000, 169). Sömuleiðis þarf að huga að setningagerð orðasambanda, til að mynda gengur ekki að gefa nafnorðasamband upp sem jafngildi sagnorðasambands í tvímála orðabók.

3.1 Aðferðafræði ritstjórnar franska markmálsins í *Lexiu*

Til að fá betri yfirsýn yfir ákveðið svið orðaforðans (til dæmis öll uppflettiorð yfir liti) og stuðla að samræmi í jafnheitavali voru fletturarnar unnar eftir merkingarflokkum (Þórdís Úlfarsdóttir 2013, 58). Þannig vann til dæmis sami ritstjóri eða þýðandi orðabókarinnar að flettum yfir liti eða flettum yfir líkamshluta. Merkingarflokkar eru settir fram í ritstjórnarviðmóti orðabókarinnar með lýsandi hugtakaheiti (yfirleitt nafnorðum eins og LITUR, DÝR, MATUR, STJÓRNARFAR, o.s.frv.). Þessir merkingarflokkar koma að mestu

leyti úr *Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun* og *Íslensku orðaneti* sem sameinar fyrrnefnda orðabók og Orðasambandaskrá Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Í þeim verkum er að finna bæði einyrtar flettur (*áhyggjur*, *hugarvél*, *sút*, o.s.frv.) og fleiryrtar flettur (*hafa áhyggjur*, *<honum> vex þetta í augum, vera í öngum sínum*) undir hverjum merkingarflokki (til dæmis ÁHYGGJUR) (Jón Hilmar Jónsson 2013, 8). Hins vegar eru orðasamböndin í *Lexíu* yfirleitt ekki sett fram eftir merkingarflokkum heldur koma fyrir, sem fyrr segir, í stafrófsröð undir því uppflöttiorði (stundum fleiri en einu) sem telst vera kjarnaorð sambandsins. Því var ekki unnt að vinna orðasamböndin í *Lexíu* út frá hugtakinu sem þau tjá, til dæmis UPPGJÖF fyrir orðasambandið *leggja árar í bát*. Þó hefði óneitanlega verið hagkvæmni í því að vinna samtímis öll orðasambönd sem notuð eru um uppgjöf og bera saman við sambærileg orðasambönd á frönsku.

Þótt fjölmörg rit séu til um orðasambönd í frönsku, bæði fyrir lærða og leika, þar sem orðasamböndum er skipt upp eftir merkingarsviði aðalorðs í orðasambandi (til dæmis líkamshluta á borð við *hönd*) eða eftir hugtaki, var erfitt að nálgast þessar upplýsingar á einum stað í gagnagrunni eða sambærilegu verki og *Íslensku orðaneti* sem er hugtakamiðað, þ.e.a.s. veitir aðgengi að myndhverfum orðasamböndum út frá hugtökum. Þannig gat ritstjórn franska markmálsins ekki auðveldlega kallað fram öll eða algengustu orðasambönd í frönsku sem tjá til dæmis fyrrnefnt hugtak UPPGJÖF í leit að sambærilegu orðasambandi og *leggja árar í bát*. Textasafnið *Base textuelle Frantext* (265 milljónir lesmálsorða) nýttist vel við val á frönskum jafnheitum, þýðingum á notkunardæmum og til að skoða notkun jafnheita í markmálinu. Auk fjölda franskra einmála orðabóka, á borð við le *TLFi informatisé*, *Le Petit Robert de la langue française* og le *Dictionnaire de l'Académie française*, studdist ritstjórnin við þær orðabækur sem til eru milli íslensku og frönsku en það eru einkum tvær orðabækur. Annars vegar *Íslenske-frönske orðabók* (Boots 1950) og hins vegar *Frönske-íslenske orðabók* (Þór Stefánsson, 1995). Sú síðarnefnda er aðgengileg á orðabókarvefnum *snara.is*. Við gerð orðabókarinnar var eingöngu tekið mið af frönsku sem töluð er í Frakklandi öllu en ekki orðaforða eða orðasamböndum sem eru svæðisbundin eða tilheyra frönskumælandi málsmáfélögum utan Frakklands.

Aðferðafræði ritstjórnar markmálsins, frönsku, fól í sér að skoða fyrst hvaða orðasambönd væru til staðar í frönsku, út frá uppflöttiorðinu, til dæmis skoða hvaða orðasambönd hverfðust um jafnheiti aðalorðsins *bönd* (*main* á frönsku). Þannig má segja að franska orðasambandið *mettre la main à la pâte* byggist á sama myndmáli og íslenska orðasambandið *leggja hönd á plóg(inn)*, í þessu tilviki þeirri hugmynd að það að leggja sitt af mörkum, að gera sinn hluta í einhverju verki felist í því að leggja hönd á viðfangsefnið svo sem verkfæri (plógur á íslensku) og deig (á frönsku). Slík samsvörun hvað varðar myndmál orðasambanda er þó undantekning. Því næst var leitað að orðasamböndum eftir merkingarsviði þar sem ýmis rit, orðabækur og textasöfn fyrir frönsku voru nýtt (sjá hér fyrir ofan). Ef orðasamband sambærilegrar merkingar fannst í frönsku var málsnið þess borið saman við það íslenska, það er að segja þar sem óformlegt orðasamband í markmáli getur ekki talist fullkomlega jafngilt orðasambandi í viðfangsmálinu sem tilheyrir formlegra málsniði. Ef málsnið orðasambanda í málunum tveimur reyndist sambærilegt þá var tíðni orðasambandanna skoðuð og mat lagt á það hvort orðasambandið sem um ræddi í markmálinu væri ef til vill sjaldgæft og kæmi þar af leiðandi ekki til greina í tvímála orðabók. Ef ekkert orðasamband fannst eða ekkert orðasambanda var talið jafngilt hvað varðar málsnið og notkun var merking orðasambandsins þýdd og þess gætt að málsnið væri sambærilegt (ekki óformlegt). Slík þýðing gerir frönskumælandi notendum kleift að skilja merkingu íslenska orðasambandsins, til dæmis *ganga á bak orða sinna* sem þýtt er með *manquer à sa parole* (standa ekki við orð sín) eða orðasambandið *fara huldu höfði* sem þýtt var með *entrer/être dans la clandestinité* (fara í felur/vera í felum). Annað dæmi er orðasambandið *vera ekki af baki dottinn* sem er þýtt með *ne pas abandonner* (gefast ekki upp) og *ne pas être découragé* (láta ekki hugfallast).

Þegar orðasambönd svipaðrar merkingar og þau íslensku fundust komu engu að síður upp ýmsar áskoranir enda í raun sjaldnast um jafngild orðasambönd að ræða. Til að henda reiður á þessum helstu áskorunum fer hér á eftir flokkun og samantekt á helstu tilvikum þar sem sambærileg orðasambönd finnast í báðum málum og þeim gróflega skipt í þrennt: jafngild orðasambönd í bæði viðfangsmáli og markmáli, orðasambönd sambærileg hvað varðar

merkingu en málsnið ólíkt og sambærileg merking orðasambanda en setningagerð of ólík.

3.2 Sambærileg orðasambönd í bæði viðfangsmáli og markmáli

Myndmál orðasambanda á yfirleitt rætur að rekja til menningar málsamfélagsins, þannig tengjast orðasambönd á íslensku gjarnan sjómannamáli (*sitja við sinn keip*), reiðmennsku (*riða á vaðið*) og veðurfari (*vita ekki hvaðan á sig stendur veðrið*) (Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir 2023, 15). Þó kemur fyrir að í markmálinu séu til sambærileg orðasambönd sem byggjast á sama myndmáli og þá er jafnvel um að ræða svokölluð algild orðasambönd, þ.e.a.s. orðasambönd sem koma fyrir í mörgum tungumálum. Stundum má rekja uppruna orðasambanda til sameiginlegra heimilda eða orðasambönd hafa borist í þýðingum úr einu máli í annað (Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir 2023, 12). Orðasambandið *hér liggur fiskur undir steini* (það býr eitthvað að baki) sem samsvarar franska orðasambandinu nánast orð fyrir orð með þeirri undantekningu að á frönsku er talað um ál (fr. *anguille*): *il y a anguille sous roche* (það er ál undir steini) í merkingunni 'það er eitthvað grunsamlegt á seyði/falið' (*Le Petit Robert de la langue française* 2025, flettan *anguille*).

Orðasambandið *að leggja hönd á plóg(inn)* er notað í merkingunni 'vinna með öðrum að ákveðnu verkefni' og það sama á við um franska orðasambandið *mettre la main à la pâte* (setja höndina á deigið) (*Le Petit Robert de la langue française* 2025, fletturnar *main* og *pâte*). Þar að auki fer saman sambærileg setningagerð sem og myndmál þar sem hönd táknar vinnu eða framlag til verkefnis. Munurinn liggur einungis í því að á frönsku er verkefnið eða vinnan sem þarf að inna af hendi táknuð með deigi og vísar þannig í matargerð en á íslensku er það plógur sem táknar vinnuna og sækir myndmálið til landbúnaðar.

Eins og fyrr segir er það frekar undantekning að svo mikil samsvörun sé á milli orðasambanda í íslensku og frönsku og stundum finnast myndhverf sambönd sömu merkingar þótt myndmálið sé ekki alveg það sama. Dobrovol'skij (2000) greinir á milli jafngildra

orðasambanda eftir því hvort þau byggjast á sama myndmáli eða ekki. Við gerð *Lexíu* var hugtakanotkunin ekki tekin með í reikninginn heldur einungis horft til merkingar orðasambandsins. Sem dæmi um þetta má nefna orðasambandið *gera úlfalda úr mýflugu* (undir uppflettiorðunum úlfaldi og mýfluga í *Lexíu*) en merking þess er sú sama og í franska orðasambandinu *se faire une montagne de quelque chose* (orðrétt „gera sér fjall úr einhverju“).

3.3. Sambærilegt orðasamband til en málsnið ólíkt eða notkun ekki sú sama

Í fjölmörgum tilvikum fann ritstjórn franska markmálsins orðasamband sömu merkingar í frönsku en málsniðið reyndist of ólíkt, oftast á þann veg að um formlegra málsnið var að ræða í íslensku en í frönsku. Í flestum tilvikum studdist franska ritstjórnin við merkingar á málsniði í frönskum einmála orðabókum. Í frönskum orðabókum er málsnið jafnan merkt með *soutenu* (formlegt), *littéraire* (ritmál), *familier* (óformlegt) og *vulgaire* (gróft, óviðurkvæmlegt). Hins vegar er ekki gerður greinarmunur á því hversu óformlegt tiltekið orð eða orðasamband sé, til dæmis með því að tilgreina að orðalag eða orðasamband sé óformlegt eða mjög óformlegt. Ritstjórn franska ritmálsins tók sér í einhverjum tilvikum það bessa-leyfi að styðjast við málvitund ritstjórnarmeðlima og meta orðasamband sem hlutlaust orðalag þrátt fyrir slíka merkingu í frönskum orðabókum. Sem dæmi um þetta má nefna franska orðasambandið *avoir du cran* (*Le Petit Robert de la langue française*, uppflettiorðið *cran*) sem er sömu merkingar og íslenska orðasambandið *hafa bein í nefinu* en er óformlegt ólíkt því íslenska sem telst hlutlaust orðalag. Annað orðasamband í frönsku sömu merkingar *avoir du coulot* er einnig merkt sem óformlegt í orðabókum (*Le Petit Robert de la langue française*, uppflettiorðið *culot*) og er enn óformlegra en *avoir du cran*. Í þessu tilviki ákvað ritstjórnin að leggja *avoir du cran* fram sem jafnheiti fyrir *hafa bein í nefinu* en merkja það sem óformlegt. Þar að auki var merking íslenska orðasambandsins þýdd. Yfirleitt var þó farin sú leið að gefa upp franska þýðingu á merkingu íslenskra orðasambanda í sambærilegum tilvikum.

Annað dæmi um orðasamband í íslensku sem á sér að því er virðist fullkomið jafngildi í frönsku er *<ræðast við>* *undir fjögur augu*. Á frönsku er til orðasambandið *entre quatre yeux* (milli fjögurra augna), yfirleitt í rithættinum *entre quatre'x'yeux* sem gefur betur til kynna framburð orðasambandsins en telst óformlegur. Því bætti ritstjórn franska markmálsins við orðasamböndunum *en tête à tête* og *en privé* (í einrúmi).

3.4 Orðasambönd sem byggjast á sama myndmáli en eru ólík hvað varðar setningagerð

Þegar kom að því að finna sambærilegt orðasamband og *bíða skipbrot* á frönsku var nafnorðið *nauffrage* eða 'skipbrot' á frönsku skoðað því nafnorðasambandið *nauffrage de* ásamt öðru nafnorði er alengt, til dæmis *nauffrage des espoirs* (skipbrot vona), *nauffrage d'une idéologie* (skipbrot hugmyndafræði). Í þessu tilviki er setningagerðin ólík og ekki hægt að stilla upp nafnorði eða nafnorðasambandi sem jafnheiti fyrir sagnasamband í tvímála orðabók. Hér var því orðasambandið umorðað á frönsku með *plonger dans un abattement total* (sökva í algjöra uppgjöf).

Orðasambandið *geta ekki litið einhvern réttu auga* (*<ég> get ekki litið <hana> réttu auga*) samsvarar merkingu franska orðasambandsins *voir/considérer quelque chose d'un mauvais œil* (sjá/líta á eitthvað slæmu auga). En franska orðasambandið er hins vegar einkum notað með andlagi sem er hlutur eða atburður og sjaldnar um manneskju. Þar að auki er franska orðasambandið líka notað í jákvæðri merkingu með lýsingarorðinu *bon* (góður) *voir/considérer quelque chose d'un bon œil* (sjá/líta á eitthvað góðu auga). Því var þetta franska orðasamband útilokað sem jafngildi þess íslenska og orðasambandið *porter un jugement favorable sur quelqu'un* (fella jákvæðan dóm um einhvern) notað með neitun: *<je> ne peux pas (/ plus) porter un jugement favorable sur <elle>*.

Orðasambandið *augu <hans> opnast* var þýtt með afturbeygðu sögninni *s'apercevoir de* (gera sér grein fyrir / átta sig á) og notkunar-dæmið *augu hans opnuðust fyrir því tjóni sem hann hafði valdið* þýtt með *il s'est aperçu du dégât qu'il avait causé* (hann gerði sér grein fyrir tjóninu sem hann hafði valdið). Í frönsku er til orðasamband svipaðrar

merkingar en það er notað með geranda *ouvrir les yeux à quelqu'un* (opna augu einhvers) og því passaði það ekki við merkingu íslensku miðmyndarsagnarinnar *opnast*. Einnig er hægt að nota sögnina *dessiller* á frönsku: *dessiller les yeux de quelqu'un* (eða á *quelqu'un*) sem merkir að opna og er eingöngu notuð í yfirfærðri merkingu. Hún er einnig notuð í afturbeygðri mynd (*se dessiller*) og hægt að segja *mes yeux se dessillèrent* (augu mín opnuðust) en hins vegar er hún yfirleitt notuð án forsetningarliðar (eða óbeins andlags á frönsku) og hentar því ekki þegar tekið er fram fyrir hverju augu einhvers opnast.

Franska orðtakið *à chaque jour suffit sa peine* (hverjum degi nægir sín þjáning) samsvarar merkingarlega íslenska orðasambandinu *láta hverjum degi nægja sína þjáningu* en þegar horft er á setningagerð er franska orðasambandið í raun frekar jafngildi íslenska orðtaksins *hverjum degi nægir sín þjáning* (Jón G. Friðjónsson 2012, undir uppflettiorðinu *dagur*). Hægt er að nota íslenska orðasambandið *láta hverjum degi nægja sína þjáningu* með frumlagi (<hann létur> *hverjum degi nægja sína þjáningu*) en það sama á ekki við um franska orðasambandið og því gaf ritstjórnin frekar upp *vivre au jour le jour* (lífa frá degi til dags) sem jafngilt orðasamband í *Lexín*. <hann létur> *hverjum degi nægja sína þjáningu*. <il vit> *au jour le jour* (<hann lifir> frá degi til dags).

Vinnan við *Lexín*, íslensk-franska veforðabók fór að mestu fram á árunum 2016 til 2020. Þegar farið var yfir vinnulag ritstjórnar hér að ofan var því ekki komið inn á tvímála gagnasöfn (e. *corpus*), þýðingarforrit og vélþýðingar því það eina sem ritstjórn franska markmálsins gat gripið til var *Google translate* sem virkaði ekki vel milli íslensku og frönsku og réð ekki við að þýða orðasambönd í yfirfærðri merkingu. Landslagið er gjörbreytt nú þótt ekki séu mörg ár liðin frá opnun orðabókarinnar (1. júní 2021) og fleygir máltækninni fram. Nú má fletta upp á vefnum *m.is* og fá góðar og réttar þýðingar milli íslensku og ensku. Þó ræður vefurinn ekki við að þýða orðasamband á borð við *rífa kjaft* heldur þýðir til dæmis setninguna *nemandinn rifur kjaft við kennarann* með *the student is talking to the teacher* eða nemandinn er að tala við kennarann. Nýlega kom annað þýðingarforrit fram á sjónarsviðið, *Erlendur*, sem býður upp á þýðingar milli fjölmargra tungumála, þ.á.m. milli íslensku og frönsku. Ef við skoðum fyrst hvernig setningin hér að ofan er

þýdd á ensku fáum við *The student talks back to the teacher* sem nær merkingu orðasambandsins *rífa kjaft* mun betur. Hins vegar kemur merking íslenska orðasambandsins ekki fram í frönsku þýðingunni sem *Erlendur býður upp á: L'élève répond à son professeur* sem merkir ‚nemandinn svarar kennara sínum‘. Hér þyrfti að bæta við *avec impertinence* ‚á óskammfeilinn hátt‘ til að ná merkingu orðasambandsins: *L'élève répond avec impertinence à son professeur*.

4. Niðurlag

Vinnan við *Lexín*, íslensk-franska veforðabók, sýnir að ekki er hlaupið að því að finna orðasambönd í tveimur tungumálum sem eru merkingarlega sambærileg og sömuleiðis jafngild hvað varðar notkun. Gríðarleg vinna fólst í samanburði orðasambanda í málunum tveimur, íslensku og frönsku, sem og þýðingu íslenskra orðasambanda á frönsku þegar ekkert jafngilt orðasamband fannst. Helsta niðurstaða vinnunnar við *Lexín* er sú að þegar kemur að því að finna sambærileg orðasambönd milli íslensku og frönsku er munur á málsniði orðasambanda í málunum oft mikill og reyndist það stærsta áskorunin. Ólík setningagerð var önnur áskorun þegar kom að því að finna orðasambönd í málunum tveimur sem gætu talist jafngild.

Þá vaknar óneitanlega sú spurning fyrir hvern þetta sé unnið. Sér í lagi nú á tímum þegar sífellt betri máltækni- og þýðingartól eru komin til sögunnar. Þó má benda á að vélrænar þýðingar eru ekki svo langt komnar milli íslensku og frönsku að þær leysi af hólmi orðabækur.

Þannig ætti sú vinna sem lögð er í að þýða og finna jafngild orðasambönd milli tungumála fyrir gerð tvímála orðabókar að nýtast öllum þeim sem fást við þýðingar, og vinnan sem ritstjórn *Lexín* lagðist í ætti að flýta fyrir þýðendum og gera þeim kleift að komast að því hvort sambærilegt orðasamband sé til í markmálinu. Tvímála orðabók á borð við *Lexín*, sem byggist á traustum orðabókargrunni og á ríkulegri einmála lýsingu og heimildum fyrir orðasambönd, nýtist Íslendingum sem eru lengra komnir í frönsku sem og þýðendum og frönskumælandi notendum sem lesa orðið

erfiðari texta á íslensku. Orðabækur eru raunar einn besti efniviður sem völ er á í þróun vélþýðinga sem verða að grundvallast á traustu efni.

Það væri áhugaverð tilraun að afraksturinn af vinnunni við bæði *Lexín* og ISLEX-orðabókina yrði til þess að útbúa gagnagrunn yfir orðasambönd milli nokkurra mála út frá hugtökum og „[b]yggja upp tvímála lýsingu á grundvelli íslenska efnisins, þar sem samstaður hugtakalisti tengir málin saman“. (Jón Hilmar Jónsson 2013, 19).⁷ Þannig mætti hugsa sér að útbúa leitarmöguleika fyrir notendur eftir hugtökum og gera þeim kleift að leita eftir hugtaki á borð við REIÐI og fá upp allar einyrta og fleiryrtar flettur sem falla undir það hugtak, þar með talin orðasambönd í yfirfærðri merkingu burtséð frá því undir hvaða uppflöttiorði þau eru sett fram í orðabókinni.⁸

7 Vinna við íslensk-sænska lýsingu af þessu tagi er hafin (Jón Hilmar Jónsson 2013, 19).

8 Í *Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun* (Jón Hilmar Jónsson 2005) er að finna hugtakalista þar sem íslensku hugtakaheitin í flettulista orðabókarinnar eiga sér samsvarandi heiti á ensku, dönsku og þýsku (sem koma fram í stafrófsröðuðum lista fyrir hvert tungumál) og gera erlendum notendum þannig kleift að finna orðasamband í íslensku eftir hugtaki.

HEIMILDIR

- Aldís Sigurðardóttir, Anna Helga Hannesdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Håkan Jansson, Lars Trap-Jensen og Þórdís Úlfarsdóttir. 2008. ISLEX – An Icelandic-Scandinavian Multilingual Online Dictionary. Í *Proceedings of the XIII Euralex International Congress*, ritstýrt af E. Bernal og J. DeCesaris, 779–789. <https://euralex.org/category/publications/euralex-2008/>.
- Anna Helga Hannesdóttir og Jón Hilmar Jónsson. 2001. „Að hafa í sig og á“ Ísländsk fraseologi í ett isländsktsvenskt perspektiv“. *LexicoNordica* 8, 67–91.
- Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Jim Wood. 2016. „Þáttur var tekinn í hlaupinu af Höskuldi“ Samspil fastra orðasambanda og setningagerðar. *Milli mála*, 13–42.
- Dobrovol'skij, D. O. 1999. Cross-linguistic equivalence of idioms: „Does it really exist?“ *Language and Parole in Synchronic and Diachronic Perspective*, 203–219. DOI:10.1016/B978-008043581-7/50067-0.
- Dobrovol'skij, D. O. 2000. „Contrastive idiom analysis: Russian and German idioms in theory and in the bilingual dictionary“. *International Journal of Lexicography*, 13 (3), 169–186.
- Dobrovol'skij, D. O. og E. Piirainen. 1998. „On Symbols: Cognitive and Cultural Aspects of Figurative Language“. *Lexicology* 2: 1–34.
- Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir. 2023. „Menning, staðhættir og saga sem endurspeglast í föstum orðasamböndum í íslensku, spænsku og þýsku“. *Milli mála*, 15 (2),
- Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir. 2019. „Íslensk nútímamálsorðabók. Kjarni tungumálsins“. *Orð og tunga* 21, 1–25.
- Jón Hilmar Jónsson. 2013. „Að byggja undir íslensk-erlenda orðabók. Forgreinir og orðabókarefni“. *Orð og tunga* 15, 1–22.
- Oddný G. Sverrisdóttir. 2009. „Orð til taks. Af eiginleikum og flokkum fastra orðasambanda“. *Milli mála*, 149–172.
- Rósa Elín Davíðsdóttir. 2013. „Hlutverk tvímála orðabóka. Ólíkar notendapárir í íslensk-frönsku ljósi“. *Orð og tunga* 15, 73–93.
- Rósa Elín Davíðsdóttir. 2021. „Pieux mensonge ou mensonge blanc? Les collocations dans les dictionnaires bilingues“. *Milli mála* 13, 142–164.
- Rósa Elín Davíðsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir. 2023. „Íslensk-frönsk orðabók. Nokkrar áskoranir“. *Orð og tunga* 25, bls. 95–116. DOI: <https://doi.org/10.33112/ordogtungu.25>.
- Starkaður Barkarson, Steinþór Steingrímsson og Hildur Hafsteinsdóttir. 2022. „Evolving Large Text Corpora: Four Versions of the Icelandic Gigaword Corpus“. Í *Proceedings of the Language Resources and Evaluation Conference*, ritstýrt af Nicoletta Calzolari og fl.
- Þórdís Úlfarsdóttir. 2013. „ISLEX – norræn margmála orðabók“. *Orð og tunga* 15, 41–71.

Orðabækur og gagnagrunnar

- Base textuelle Frantext* [textasafn]. 1998–2022. ATILF-CNRS & Université de Lorraine. <frantext.fr> (sótt í júlí 2025).
- Bernet, Charles og Pierre Rézeau. 2010. *On va le dire comme ça. Dictionnaire des expressions quotidiennes*. París: Librairie générale française.
- Duneton, Claude. 1990. *Le Bouquet des expressions imagées. Encyclopédie thématique des locutions figurées de la langue française*. París: Édition du Seuil.
- Erlendur (2025). Miðeind. <<https://malstadur.mideind.is/erlendur>> (sótt í október 2025).
- Frönske-íslensk orðabók*. 1995. Þór Stefánsson, ritstj. Reykjavík: Örn og Örlygur; París: Dictionnaires Le Robert.
- ISLEX-orðabókin. Þórdís Úlfarsdóttir, aðalritstj. Reykjavík: Árnastofnun. <<http://islex.is>> (sótt í júlí 2025).
- Íslenske-frönske orðabók*. 1950. Gerard Boots, ritstj. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Íslensket ordanet* (e.d.). Árnastofnun. <<https://ordanet.arnastofnun.is/>> (sótt í júlí 2025).
- Íslensket textasafn* (e.d.). Árnastofnun. <https://corpus.arnastofnun.is/> (sótt í júlí 2025).
- Jón G. Friðjónsson. 2012. *Mergur málsins. Íslensk orðatiltæki, uppruni, saga og notkun*. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Jón Hilmar Jónsson. 2005. *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun*. Reykjavík: JPV.
- Lexía*. Þórdís Úlfarsdóttir, aðalritstj., Rósa Elín Davíðsdóttir, ritstj. frönsku. Reykjavík: Árnastofnun. <<http://lexia.hi.is>> (sótt í júlí 2025).
- m.is þýðing (e.d.). Árnastofnun. <<https://m.is/thyding>> (sótt í október 2025).
- Rey, Alain og Sophie Chantreau. 2003. *Dictionnaires des expressions et locutions*. París: Dictionnaires Le Robert
- Risamálheildin. 2022. <https://igc.arnastofnun.is/is/#About> (sótt í júlí 2025).
- TLFi = *Trésor de la langue française informatisé. Dictionnaire de la langue du XIX^e et du XX^e siècle (1789–1960)*. (1971–1994). Paul Imbs og Bernard Quemada, ritstj.. París: Éditions du CNRS ; Gallimard, 16 bindi. Vefútgáfa af *Trésor de la langue française*. <<http://atilf.atilf.fr>> (sótt í júlí 2025).

ÚTDRÁTTUR

Orðasambönd í tvímála orðabók milli íslensku og frönsku

Orðasambönd á borð við að *leggja árar í bát* og *leggja hönd á plóg* gæða mál fólks lífi jafnt í ræðu og riti og endurspegla gjarnan menningu og staðhætti málsvæða. Ógagnsæ merking og festa orðasambanda gera það hins vegar að verkum að það getur verið erfitt fyrir erlenda málhafa að skilja þau eða tileinka sér þau. Því er nauðsynlegt að gera þeim góð skil í tvímála orðabókum sem eiga annars vegar að hjálpa notendum við að þýða/skilja texta á erlendu máli (L2→L1) og hins vegar að tjá sig á erlendu máli (L1→L2).

Í þessari grein er sjónum beint að föstum orðasamböndum í yfirfærðri merkingu í tvímála samhengi, einkum út frá framsetningu þeirra í nýrri íslensk-franskri veforðabók, *Lexín*. Fjallað er um aðferðafræði og vinnulag ritstjórnar *Lexín* við samanburð á föstum orðasamböndum í yfirfærðri merkingu í málunum tveimur með það að markmiði að finna orðasambönd í markmálinu, frönsku, sem hefðu merkingarlega samsvörun og samsvari sem best notkun íslensku orðasambandanna.

Lykilorð: Orðasambönd, tvímála orðabækur, íslensk-frönsk orðabók, orðabókafræði.

ABSTRACT

Idioms in Icelandic-French bilingual dictionary

Idioms enrich people's language, both written and spoken, and often reflect the culture of the linguistic community. However, their opaque meaning and fixed structure can make them difficult for foreign speakers to understand or use. It is therefore important that they are present in bilingual dictionaries which are intended to help some users to translate and/or understand texts in a foreign language (L2→L1), and other users to express themselves in a foreign language (L1→L2).

This article focuses on idioms in a bilingual context, particularly regarding their presentation in a new Icelandic-French online dictionary, *Lexía*. The article discusses the methodology of the editorial team in comparing both the semantic and functional properties of idioms in Icelandic and French, with the aim of finding functionally adequate equivalents of the Icelandic idioms in the target language, French.

Keywords: Idioms, Bilingual dictionnaires, an Icelandic-French dictionary, Lexicography, Equivalence.

Orðastæður í tungumálakennslu og námi

Inngangur

Fræðimaðurinn Igor Mel'čuk (2006, 15) kemst svo að orði að „móðurmálshafi tali í föstum orðasamböndum“¹, fullyrðing sem undirstrikar þá staðreynd að í öllum tungumálum er skipan orða settar ákveðnar hömlur og að málhafar raða þeim ekki saman út í bláinn. Ósjaldan mynda þessar samstæður orðasambönd. Oft og tíðum er augljóst að um orðasamband er að ræða eins og sést í tilfelli orðtaka á borð við *leggjast undir feld* en merking orðarunnar er ekki bókstafleg heldur yfirfærð „huga lausn á vandamáli í ein-rúmi“ (ÍNO). Á hinn bóginn virðast samstæður eins og *brosa breitt* ekki reynast móðurmálshöfum flóknar. Það gildir hins vegar ekki um spænskumælandi tungumálanema sem leggur stund á íslensku sem erlent mál þar sem í móðurmáli hans kemur atviksorðið *breitt* ekki fyrir í þessu tilviki heldur er notað *abiertamente*, eða „brosa vítt“.

Niðurstöður ýmissa rannsókna á enskri tungu sýna að orðasambönd eru um 70–80% af málnotkun og tali fullorðins móðurmálshafa (Sanromán Vilas 2016b, 38). Augljóst má vera að betri skiln-

1 *Frasema* (e. *phraseeme*) er hugtak sem fræðimaðurinn notar yfir setningarliði sem eru óhagganlegir. Hugtakið kemur fyrir í kenningum hans (e. *Meaning-Text Theory*) frá seinni hluta síðustu aldar. Þessar kenningar eru í stöðugri endurskoðun; hér er vísað í skrif fræðimannsins frá 2023.

ingur og tjáning á erlendu máli (M2) næst með því að vita hvaða takmarkanir eða skorður gilda um skipan orða í samstæðum. Í þessari grein beinast sjónir að orðastæðum (sp. *colocación*), t.d. *brosa breitt*, í kennslu og tileinkun erlends máls og byggist hún að hluta til á efni sem var til umfjöllunar í nýlegri doktorsritgerð sem snerist um orðastæður í spænsku og íslensku (Frías Jiménez 2024a).² Fyrst er gerð grein fyrir umfjöllun um orðastæður í íslensku almennt, og síðan er sjónum beint að engilsaxneskum rannsóknum á þessu sviði en fræðimenn á því málsvæði hafa verið leiðandi í rannsóknum í annarsmálsfræðum. Í framhaldinu er sjónum beint að orðastæðum í spænsku og íslensku. Þá verða reifaðar tillögur að einfaldari og skýrari skilgreiningu á orðastæðum sem gæti nýst í kennslu fyrir annarsmálsnema. Einnig verður gerð grein fyrir skyldum fyrirbærum, svo sem kennslufræði orðasambanda (sp. *fraseológica*) og „orðastæðufærni“ (sp. *competencia colocacional*) og leitast við að draga fram það sem reynist helst erfitt í tileinkun orðastæða í tungumálanámi. Greininni lýkur með umræðu um hvenær ætti helst að kenna þessi orðasambönd í tungumálanáminu, og að lokum er fjallað í stuttu máli um helstu rannsóknarsvið á þessum vettvangi.

Um orðastæður í íslensku

Þegar umfjallanir um orðastæður eru skoðaðar blasir við að fræðimenn eru ekki á einu máli þegar kemur að því að skilgreina þær og hvernig eigi að aðgreina orðastæður frá öðrum skyldum fyrirbærum. Ekki er ætlunin að taka hér upp þráðinn í þeirri umræðu heldur verður gengið út frá því að orðastæður (t.d. *taka ákvörðun*) séu fast samband orða (Frías Jiménez, 2024). Hvað gerð eða samsetningu orðastæðu snertir þá er hún fastmótuð og einskordast við tiltekin fylgdarorð og er notkun hennar almennt viðtekin í málsamfélaginu. Alla jafna er festan bundin við ákveðnar einingar í samstæðunni en nær þó ekki sömu festu og í tilfelli *orðtaka* (sp. *locución*) sem sýna lítinn sem engan sveigjanleika þegar skipt er út orði, jafn-

2 Titill ritgerðarinnar er: „Orðastæður í íslensku og spænsku: samanburðarrannsókn fyrir orðabókargerð og gerð kennsluefnis í spænsku“.

vel þó að um samheiti sé að ræða, eða þegar bætt er við öðru orði. Nefna má, til að mynda, *taka einhvern í bakarið*, þar sem **taka í bakari* yrði ekki viðtekið. Merking orðastæða er iðulega gagnsæ, en það getur þó verið breytilegt.³ Þau einkenni sem nefnd hafa verið gefa tilefni til að skilgreina orðastæður sem ákveðna tegund af orðasamböndum en ekki laustengdar orðarunur eða segðir (t.d. *taka bók [úr hillunni]*).

Rannsóknir á orðastæðum í íslensku eru tiltölulega nýtilkomnar og lítið hefur verið fjallað um fyrirbærið miðað við það sem gengur og gerist í hinum spænskumælandi heimi. Hér á landi hafa sjónir einkum beinst að orðtökum (sp. *locución*). Hugtakið *orðastæða* kemur fyrst fyrir í *Nordisk leksikografísk ordbok* (NLO, Bergenholtz o.fl., 1997). Það var Nordisk forening for leksikografi sem stóð fyrir útgáfunni en tilgangur hennar var að gera grein fyrir fræðasviðinu og hugtakanotkun innan þess á hinum ýmsu tungumálum (7). Um íslenska hluta verksins sá Jón Hilmar Jónsson en hann hafði áður notað heitið *orðastæða* í bók sinni *Orðastæður* (1994).⁴ Titill orðabókarinnar virðist vísa til nýyrðisins.⁵ Hann kys að nota íslenskt orð yfir fyrirbærið en ekki enska orðið *collocation* eins og gert er í öðrum norrænum tungumálum. Jón Hilmar Jónsson skilgreinir hugtakið í verki sínu⁶ og segir að hér sé um að ræða „samband orða sem mynda merkingarlega heild og koma iðulega fyrir sem samstæða innan setningar“ (1994, XVI). Þá bætir hann við að þessar samstæður skiptist yfirleitt í tvo aðalliði: annars vegar það sem hann kallar *kjarni* og hins vegar *ákvaði*, í seinni skrifum sínum kys hann að nota hugtökin *kjarnaliður* og *stöðliður*.⁷ Í mörgum orðastæðum

3 Mel'chuk (2023) bendir á að gagnsæi orðasambanda geti verið mismunandi frá einum málhafa til annars á sama málsvæði. Og að nauðsynlegt sé að hafa það í huga þegar rannsókn snýst um orðastæður á ákveðnum málsvæðum.

4 Fyrirhugaður titill var *Íslensk orðtengslabók* (Jón Hilmar Jónsson 1992, 92). Þetta hugtak kemur ekki fyrir í NLO.

5 Jón Hilmar Jónsson smíðar önnur hugtök út frá þessu nýyrði, eins og t.d. *orðastæðuorðabók*.

6 Rétt er að geta þess að nokkrir höfundar hafa fjallað um orðasambönd í íslensku, einkum í formálum að orðasambandabókum sem þeir gáfu út á síðustu öld. Halldór Halldórsson gerir grein fyrir orðasamböndum í íslensku án þess að tiltaka fyrirbærið orðastæður en í flokkun hans koma þó fyrir nokkur dæmi um slík orðasambönd (*Íslensk orðtök* 1954, 12). Árið 1993 kom út *Mergur málsins* eftir Jón G. Friðjónsson. Í umfjöllun hans er minnst á *talsbatti* og dæmi gefin sem í dag falla í flokk orðastæða. Til nánari glöggvunar er hér vísað í grein Oddnýjar G. Sverrisdóttur frá 2009 og ritgerð Frías Jiménez (2024a).

7 Í annarri útgáfu orðabókarinnar (2004) notar Jón Hilmar Jónsson hugtökin *kjarnaliður* og *stöðliður* í stað *kjarni* og *ákvaði*. Hér í greininni verða hugtökin *kjarna-* og *stöðliður* notuð.

myndar nafnorð kjarnann, eða kjarnaliðinn, en á honum hvílir meginmerking orðasambandsins. Sem dæmi nefnir hann *blátur í dillandi blátur* eða *bresta í blátur* (1994, XVI).⁸ Jón Hilmar Jónsson gerir einnig greinarmun á orðastæðum í íslensku eftir því hvort þær eru af málfræðilegum eða orðfræðilegum toga. Við þá greiningu styðst hann við Benson o.fl. (1986b): þær fyrrnefndu kallar hann *merkingarlegar orðastæður* (t.d. *leiðstrandi fjör*) og þær síðarnefndu *málfræðilegar orðastæður* (*áhyggjur af einhverju*).

Oddný G. Sverrisdóttir (2009, 163–164) hefur einnig gert grein fyrir orðastæðum í ræðu og riti. Hún skilgreinir orðastæðu sem „föst orðasambönd þar sem ekki, eða að mjög takmörkuðu leyti, er um yfirfærða merkingu að ræða. Merking orðanna er sú sama innan og utan fasta orðasambandsins. Venja hefur skapast um notkun þessara orða í ákveðnu samhengi, oft er um algengar athafnir daglegs lífs að ræða.“ Þá má nefna að undanfarin ár hafa birst umfjallanir á þessu sviði sem lúta að samanburði íslensku og annarra tungumála og er þá alla jafna byggt á erlendum aðferðum og kenningum.⁹ Samanburður á íslensku og öðrum norrænum tungumálum er reyndar sjaldséður. Þó nefna Anna Helga Hannesdóttir og Tingsell (2011) nokkrar orðastæður í verki sínu með það fyrir augum að benda á hversu erfitt getur reynst að bera saman skyld mál; til að mynda hefur *gott veður* jafngildið *gott väder* í sænsku. Þessi samsetning er þó minna notuð í sænsku máli heldur en til dæmis *fint, bra* eða *vackert väder*.

Áhuginn á rómönskum tungumálum á Íslandi hefur getið af sér nokkrar samanburðarrannsóknir á milli mála, einkum undir hatti orðabókarfræði. Hér má annars vegar nefna rannsóknir Rósu Elínar Davíðsdóttur (2021) og hins vegar Nuriu Frías Jiménez (2024b) sem lúta að orðastæðum í tvímála orðabókum milli íslensku og frönsku, og íslensku og spænsku.

8 Hann bendir einnig á að lýsingarorð og sagnorð geti verið kjarni í orðastæðum, þó í minni mæli sé (t.d. *brosa breitt, ofsalega reiður*).

9 Oddný G. Sverrisdóttir (1987, 2009) byggir rannsóknir sínar á kenningum Burgers, Buhofers og Sjalms (1982). Hið sama gerir Erla Hallsteinsdóttir en nýjustu rannsóknir hennar snúast um málheildir (Biemann o.fl. 2006; Eckhart o.fl. 2014; Erla Hallsteinsdóttir 2007a, 2015). Erla Hallsteinsdóttir kallar eftir nánari rannóknum á tíðni og notkun orðtaka í íslensku einkum þar sem aðgengi að málheildum er greiðari en áður var. Þá má að lokum nefna Minamisawa (2019) sem í grein sinni ber saman orðastæður í ensku og íslensku og fylgir þar kenningum Lakoffs og Johnsons (1980).

Í íslensku hefur orðastæðum ekki verið skipað niður í flokka eftir setningarfræðilegum einkennum þeirra að fyrirmynd Bensons o.fl. (1986b) og Hausmanns (1989).¹⁰ Hér eru á ferðinni aðferðir sem beita má í sambærilegum rannsóknum í öllum germönskum tungumálum, eins og Heid (1994, 230) bendir á. Í rannsókn höfundar var þessi aðferð viðhöfð fyrir íslensku og sýnir *Tafla 1* nokkur dæmi um niðurstöður hennar. Við greininguna var gengið út frá föllum nafnorðanna sem mynda kjarnalið orðastæðunnar. Hvað varðar gerð 3 og 4 í *Töflu 1* var hinni dæmigerðu orðaröð í íslensku fylgt: Lýsingarorð, hér stoðliður í orðastæðu, kemur á undan nafnorði, sem er kjarnaliðurinn í *allhvass vindur*. Og lýsingarorð, kjarnaliður í þessu tilviki, sem kemur á eftir atviksorði, sem er stoðliðurinn í orðastæðunni *alvarlega slasaður*. Í flokkuninni hér kemur byggingin nafnorð + forsetning + nafnorð ekki fyrir en það er sökum þess hversu sjaldgæf hún er í íslensku.¹¹

GERÐ 1	no. _{nefnifall} + so.	{ <i>bundurinn</i> } <i>geltir</i>
GERÐ 2	so. + no. _{þolfall} so. + fors. + no. _{þolfall} so. + fors. + no. _{þágufall}	<i>taka pásu</i> <i>taka í gikkin</i> <i>eiga í basli</i>
GERÐ 3	lo. + no.	<i>allhvass vindur</i>
GERÐ 4	ao. + lo.	<i>alvarlega slasaður</i>
GERÐ 5	so. + ao.	<i>anda djúpt</i>

Tafla 1

Ekki er úr vegi að nefna að það sem einkennir germönsk tungumál eru samsett orð, eða orðasamsetningar, andstætt því sem gengur og gerist í rómönskum málum en þar eru setningarliðir algengari.¹² Þau fáu dæmi um slíka byggingu í íslensku koma einkum fyrir á ákveðnum sviðum, t.d. í tæknimáli eins og *ús jarðar*, en einnig fyrir-

10 Í inngangi að annarri útgáfu að *Orðastæð* frá 2004 (XXI) nefnir Jón Hilmar Jónsson að til séu ákveðin grunnform orðastæðna og að í flestum tilfellum myndar nafnorðið kjarnaliðinn. Hann tiltekur hins vegar ekki hver þessi grunnform eru og nefnir engin dæmi þar um. Hafa ber í huga að það var ekki markmið Jóns Hilmars að setja fram kenningar varðandi byggingu og innskipan orðasambanda almennt, og ekki heldur orðastæðna. Ætlunin var að safna orðasamböndum á bók, og smíða einmála tengslaorðabók. Hér með er bent á ýmsar greinar og verk Jóns Hilmars, t.d. í *Bundið í orð* frá 2017.

11 Á vefsíðu *ÍOnet* eru 200 flettur með byggingunni no. + no._{eignarfall} og 186 með nafnorði í eignarfalli með greini í orðasafni sem telur samtals 203.272 flettur (apríl 2023). Ef leitað er í *RMH* kemur í ljós að tíðni þessarar formgerðar er afar lág.

12 Til dæmis, *frásagnargreining* er *análisis narrativo* á spænsku.

finnst *stjórn landsins* og *jafnrétti kynjanna*¹³ og samstæður á borð við *kjarni málsins*.

Þá er einnig hægt að flokka orðasambönd eftir merkingu í samræmi við hugmyndir og kenningar Mel’čuk (*Meaning-Text Theory*, 2023). Í sumum efnisflokkum má finna fjölda dæma, sem gefur til kynna að við myndun orðastæða sé afmörkun þeirra ekki háð tilviljunum og miklu kerfisbundnari en virðist við fyrstu sýn (Barrios Rodríguez 2015, 55).

Í *Töflu 2* eru nokkur dæmi um orðastæður af gerðinni sagnorð + nafnorð (sp. *verbonominal*), ásamt dæmum úr íslensku.

með sögnum sem gefa horf til kynna	upphafshorf/byrjunarhorf	<i>skella á stríð</i>
	lokið horf	<i>leysa gátu</i>
	sífelld horf / dvalarhorf	<i>endast vinátta</i>
með orsakar-sögnum	,orsakar að eitthvað verði til/tilurð‘	<i>flytja fyrirlestur</i>
	,orsakar að eitthvað hætti að vera til/endalok‘	<i>bæla niður uppreisn</i>

Tafla 2

Annar af tveimur liðum í orðastæðu, hvort sem um kjarnalið eða stoðlið er að ræða, getur verið orðtak (sp. *locución*) og úr verður margþætt orðastæða (Koike 2001, 56). Í *Töflu 3* eru dæmi þar um í íslensku (Frías Jiménez 2024a).

sagnorð + nafnorðeorðtak	<i>ríkja + friður og ró</i> <i>segja + já og amen</i>
sagnarorðtak + nafnliður	<i>inna <greiðslu> af hendi</i> <i>eiga von + á barni</i>
lýsingarorðsorðtak + nafnorð	<i>gott og gílt + svar</i>
sagnorð + atviksorðsorðtak	<i>fara + buldu höfði</i> <i>lifa + eins og kóngar</i> <i>kunna <eitthvað> + upp á sína tíu fingur</i>
lýsingarorð + atviksorðsorðtak	<i>heimskur + sem naut</i> <i>bleikur + sem nár</i>

Tafla 3

Þá getur orðið sú vending í skipan liða í orðastæðu að einn liður hennar verður kjarnaliður í annarri orðastæðu. Í spænskum mál-

13 Þessi sambönd geta reyndar einnig komið fyrir sem samsett orð: *jarðarás*, *landsstjórn* og *kynjajafnrétti*.

vísindum kallast þetta fyrirbæri samtengdar orðastæður eða orðastæðuruna (*colocación concatenada*) (Alonso Ramos og Wanner 2007). Sem dæmi um slíkt fyrirbæri í íslensku mætti nefna gera *harða bríð* að *<einhverjum>*, eða gera *bríð* + *harða bríð*, og hafa *skyldum* að *gegna*: hafa *skyldur* + *gegna skyldum*. Samkvæmt Castillo Carballo (2005, 16) sýnir þetta fyrirbæri glögglega skilvirkni tungumála og færni málhafa til að skeyta saman mismunandi máleiningum, stærri og smærri, til að tjá sig.

Kennslufræði orðastæðna

Eins og áður sagði þá eiga rannsóknir á orðastæðum rætur í hinum engilsaxneska heimi. Hið sama gildir um rannsóknir í kennslu orðastæðna í erlendum tungumálum (M2) en fyrstu skrefin voru stigin í kennslu ensku sem erlends máls. Í skrifum sínum bendir Ferrando á (2017, 95) að all löngu áður en Firth (1957) fjallaði um orðastæður hafði enskukennarinn Palmer (1933) minnst á þessi orðasambönd og kallað *collocation* en hann hafði margoft rekið sig á að nemendur hans áttu í vandkvæðum með fyrirbærið.

Hvað sem því líður, þá varð ekki framhald á þessari fyrstu umfjöllun um orðastæður og það leið langur tími uns þráðurinn var tekinn upp á nýjan leik í bókinni *Lexical Phrases and Language Teaching* eftir Nattinger og DeCarrico (1992) sem má telja fyrsta vísi að frekari rannsóknum á orðastæðum og flokkun þeirra. Þessir höfundar gera greinarmun annars vegar á því sem þeir kalla *lexical phrases* eða hlunkar (einnig kallað *lexical chunks*), setningarliðir í orðræðu sem hafa pragmatískt, eða málnotalegt, gildi, eins og t.d. í *hvernig gengur?* og hins vegar orðasamböndum sem búa yfir hærri orðtakseðli. Ef orðtakseðli er ekki til staðar, eins og kemur fyrir í mörgum orðastæðum, þá vantar einnig þann þátt (sp. *exponente funcional*) sem aðgreinir orðasambönd. Það er fyrst í verkinu *Lexical Approach* sem Lewis (1993, 1997, 2000) leggur meiri áherslu á kennslu orðaforðans en málfræði, einkum leitaðist hann við að greina hvort athygli tungumálanema beindist að orðahlunkum eða orðasamböndum, og leggur hann þar með línurnar fyrir frekari rannsóknir á orðastæðum. Samkvæmt Lewis (1997, 21) eru orða-

stæður hlunkar (e. *lexical chunks*), rétt eins og föst orðasambönd þó megineinkenni þeirra séu ólík. Þessi sýn hans hefur haft mikil áhrif á kennslu erlendra tungumála og talar Higuera García (2017, 13) um „orðaforðabyltinguna“ sem átti sér stað á þessum árum og varð allsráðandi hvort sem var í kennslustofunni eða í námsbókum.

Frá þessum sjónarhóli hafa rannsóknir á sviði spænsku sem erlends máls (M2) stórauðist og má í þessu samhengi nefna verk Higuera García frá 2006 sem byggir á doktorsrannsókn hennar. Undanfarnir áratug hafa einnig birst ýmis verk sem fjalla á einn eða annan hátt um tileinkun orðastæðna og um notkun og villur í beitingu þeirra meðal tungumálanemenda (Alonso Ramos, 2004, 2010; Higuera García 2011, 2017b; Sanromán Vilas, 2006b).

Hvað varðar íslenska tungu þá má nefna umfjallanir Erlu Hallsteinsdóttur (1997, 2000, 2006c, 2007c, 2011) þar sem koma fyrir dæmi úr íslensku þó að megin umfjöllunarefnið sé tileinkun orðastæða í þýsku sem erlendu máli. Þórhildur Oddsdóttir hefur beint sjónum að kennslu dönsku og ensku í íslenskum grunn- og framhaldsskólum. Hún fylgir hugmyndum Lewis (2000) í umfjöllun sinni frá 2012 en þar bendir hún á að kennslu orðastæða ætti að byggja á niðurstöðum tíðnirannsókna, þ.e. að kenna skuli þær orðastæður sem eru hvað algengastar í markmálinu.

Framangreindar rannsóknir fjalla um tileinkun íslenskra nemenda á orðastæðum í öðrum germönskum málum, á hinn bóginn hefur lítið sem ekkert verið skoðað hvernig erlendir nemendur læra íslenskar orðastæður eða orðasambönd yfirleitt.

Skilgreining og afmörkun

Með auknum áhuga á orðastæðum í kennslu erlendra mála hefur reynst brýnt að skilgreina fyrirbærið á skilmerkilegan hátt með það fyrir augum að auðvelt sé að útskýra og kenna það í tungumálanámi.¹⁴ Margir fræðimenn kalla eftir skilgreiningu sem er gagnsæ og auðskiljanleg, og sem nýtist kennurum í kennslu sinni (Ferrando

14 Rufat (2010, 294) vekur athygli á því að skilgreiningin hafi upphaflega verið fengin úr sálfræðikenningum Bertalanffy sem rannsakaði tengsl og vensl kerfisbundið. Sjá Higuera García (2006, 35) hvað varðar eldri skilgreiningar á engilsaxnesku málsvæði.

2017, 95). Higuera García (2017b, 252) telur auk þess að hugtakið þurfi að vera víðara en almennt gengur og gerist í málvísindum þar sem ekki falla öll orðasambönd í sama flokk, þó að öll séu mikilvæg í málánáminu. Fyrir vikið leggur hún til flokkun orðasambanda í eftirfarandi fimm flokka:


1. Samsettir liðir eða orðastæður sem ekki eru dæmigerðar.
2. Orðastæður.
3. Samsettir orðliðir.
4. Orðatiltæki (orðtök, klisjur, fastar líkingar, orðatiltæki, málhækjur).
5. Samskiptaformúlur.

Í flokkun sinni tekur hún á nýjan leik upp hugmyndina um frumgerðir (sp. *prototipo*), þ.e. að til séu orðasamstæður sem hafi fleiri sérkenni en aðrar og verði fyrir vikið einkennandi fyrir viðkomandi flokk. Í rannsóknnum sínum einbeittir hún sér einkum að orðastæðum sem ekki teljast til frumgerða og sem flokkast fyrir vikið mitt á milli þeirra samstæðna sem eru frjálstengd orðasambönd og þeirra sem teljast dæmigerðar orðastæður en hún telur að þessi flokkur sé hvað mikilvægastur þegar kemur að kennslu orðaforðans (2006, 53).¹⁵

Rufat (2010) hefur einnig fengist við að skilgreina og afmarka orðastæður í spænsku. Flokkun hans (*Mynd 1*) ákvarðast af undirliggjandi afmörkunum orðasambandanna. Til fyrsta flokksins, sem hann kallar „ókerfisbundnar hömlur“ (*restricciones no sistemáticas*), teljast orðastæður sem afmarkast af þáttum sem getur reynst erfitt að henda reiður á, svo sem menningarlegum, samfélagslegum og sögulegum. Hann nefnir sem dæmi tengingu lýsingarorðsins *mortuario* við orð eins og *cámara* í sambandinu *cámara mortuoria* ‚líkhús‘; ‚líkvaka‘, og *esquela*, *esquela mortuoria* ‚dánartilkynning‘ í samanburði við annað orð svipaðrar merkingar: *funerario* sem stendur alla jafna með *coche funerario* ‚líkbíll‘ og *elogio funerario* ‚minningargrein‘. Hinn meginflokkurinn, „kerfisbundnar hömlur“, gefur aftur á móti til

15 Sem dæmi nefnir hún spænsku orðasamböndin *estar contento* [vera ánægður], *sentirse bien* [líða vel] og *estar cansado* [vera þreyttur] sem koma ekki endilega fyrir í orðabókum yfir orðastæður en sem geta vafist fyrir erlendum tungumálanemendum.

kynna að hömlurnar spretti af sjálfu málkerfinu. Þessum flokki skiptir hann í tvo undirflokka: annars vegar er um að ræða orðasambönd sem lúta ytri þáttum (sp. *extralingüístico*) en þar nýtist þekking málhafa á umhverfi sínu til að túlka samstæður. Nefnir hann sem dæmi sögnina *þvo* (*lavar*) sem tekur með sér orð sem tákna hluti eða lífveru sem hægt er að þvo: svo sem *bill* og *skyrta*, eða *hundur*, *bróðir minn* og *Carlos*. Það gengur hins vegar ekki upp ef innri (sp. *intralingüístico*) þættir liggja til grundvallar. Í því tilfelli verður málhafi að vita að sögnin *þvo* tengist nafnorðum sem lúta að einhverju óáþreifanlegu eins og að hreinsa mannorð sitt: *brúþvo sig af einhverju*.



Mynd 1 (Rufat 2010)

Orðasambönd í kennslu og námi

Rétt eins og til er fræðilegur rammi fyrir rannsóknir á orðasamböndum í orðabókum, eða orðabókarlýsing (sp. *fraseografía*), þá er talað um kennslufræði orðasambanda (sp. *fraseodidáctica*) þegar sjónir beinast að kennslu orðasambanda í tungumálanámi. Þar er lögð áhersla á að greina orðasambönd, að þau lærist sem fleiryrtar einingar með eigin merkingu og að tungumálanemar beiti þeim í málinu og noti í víðu samhengi (Ettinger 2008, 96). Þá telja fræðimenn að til sé fyrirbæri sem kalla mætti málhæfni í þessu samhengi (sp. *competencia fraseológica*) (González Rey 2018; Erla Hallsteinsdóttir 2011; Solano Rodríguez 2007), þáttur sem heyrir þá undir rannsóknarsvið orðaforða- og orðasambandakennslu.¹⁶ Hér eru hafðir í huga þeir ferlar og gangverk sem liggja að baki þegar orðasambönd

16 Martí Sánchez (2019, 18) bendir á að aðrir fræðimenn, eins og t.d. Montoro del Arco, kjósi að fara að öllu með gát hvað varðar tal um „orðasambandafærni“.

eru lærð og notuð í erlendu máli. Hvað sem því líður þá eiga þessar vangaveltur ekki upp á pallborðið hjá öllum fræðimönnum á sviðinu þar sem slík orðasambandahæfni, ef hún er til sem slík, byggist að öllum líkindum ekki á traustum grunni og er öllu heldur hluti af hinn almennu málhæfni málhafa. Það er einkum og sér í lagi Martí Sánchez (2019, 14–19) sem hefur dregið í efa að hér sé tilefni til rannsókna og hefur hann bent á ýmis vandkvæði hvað slíkar rannsóknir snertir eins og t.d. þá staðreynd að málhafar, jafnvel móðurmálshafar, hafa litla sem enga hugmynd um byggingu og túlkun margra orðasambanda. Martí Sánchez leggur til að sjónum verði beint á nýjan leik að hugmyndum Coseriu sem snúast um að málhæfni sé tækni eða það að „vita-hvernig“ (*know how, savoir faire*).

Þá hefur hugtakið „orðastæðuhæfni“ skotið upp kollinum í kjölfar þess að orðastæður urðu viðfangsefni í kennslufræðum. Hér er vísað til hæfileika málhafa, þ.e. þeirrar færni sem málhafar búa yfir til að mynda orðastæður og skilja orðastæður (Sanromán Vilas 2006a, 1038). Þessa hæfni er hægt að mæla í þar til gerðum prófum eða könnunum (Orol González 2015) og með breytur eins og móðurmál tungumálanemans í huga (Saurona 2006b) og jafnvel kyn (Quiñones 2016).

Erfiðleikar í tileinkun orðastæðna

Það sem veldur almennt erfiðleikum í tileinkun og notkun orðastæðna er beiting þeirra þegar á hólminn er komið. Yfirleitt er það stoðliður orðastæðna sem veldur annarsmálsnemunum örðugleikum (Castillo Carballo 2015, 69) en þar kemur alla jafna fram munurinn (sp. *anisomorfismo*) á milli ólíkra tungumála. Sem dæmi má nefna að nemandi sem lærir íslensku sem erlent mál og hefur spænsku að móðurmáli, eða jafnvel ensku, mun líklega segja **setja sig í peysu* í stað *fara í peysu* þar sem *setja* er sögnin sem kemur fyrir í þessari orðastæðu í móðurmáli hans (sp. *ponerse un jersey*; e. *put on a jumper*).

Þegar tungumálanemi hefur tileinkað sér ákveðna orðastæðu, þ.e. veit hvaða kjarnaliður og stoðliður eiga saman og hver merking samstæðunnar er, þá stendur hann frammi fyrir annarri þraut, þ.e. að sami stoðliður getur staðið með einum kjarnalið en ekki öðrum

(Long 2015, 307). Cowie (1986) kallar þetta *overlapping collocations*, fyrirbæri sem mætti jafnvel kalla orðastæðnaskörun á íslensku. Sem dæmi um slíkt fyrirbæri í íslensku má nefna sögnina *róa* sem getur staðið hvort sem er með *barn* eða *taugar*: *róa barn* og *róa taugarnar*. Samheitið *sefa* má tengja við *barn* en í íslensku er sjaldgæft að heyra *sefa taugarnar*. Þá getur það einnig valdið tungumálanema vanda að liðir sem mynda orðastæðu birtast ekki hlið við hlið heldur getur verið langt á milli þeirra í setningu, og getur það orðið til þess að hann átti sig ekki á því að um orðastæðu sé að ræða.

Á þessu sviði hafa augu fræðimanna beinst í auknum mæli að jafngildi, eða samsvörun, orðasambanda á milli málkerfa. D’Andrea (2018, 114–115) hefur tekið á ný í notkun samanburðarfyrirbærið *split* – sem Prator lýsti á sínum tíma (1967 sjá Brown 1994, 196) – og notar það til að vísa til orðastæðna með formgerðina [no. + fors. + no.] sem reynast einkum germönskumælandi tungumálanemum torveld þegar þeir læra t.d. rómönsk mál þar sem þeir þurfa að til-einka sér tvær eða fleiri einingar til að vísa í eina, t.d. samsett orð, í eigin móðurmáli.¹⁷ Í Frías Jiménez (2024a) er vakin athygli á ósamræmi sem gætir á milli orðastæðna í íslensku og spænsku (*Tafla 4*) en hér er byggt á hliðstæðri töflu Corpas Pastor (1992, 184–185).

	Veitimál	Markmál
Orðastæðan í veitimálinu er ekki orðastæða í markmálinu	<i>já fríð</i>	<i>estar tranquilo/a</i>
	<i>cejas pobladas</i>	<i>miklar augabrúnir</i>
Orðastæðan í veitimál er eitt orð í markmáli	<i>setja í dósir</i>	<i>enlatar</i>
	<i>hacer bincapié</i>	<i>undirstrika</i>
Orðastæðan í veitimáli er þýdd eða umorðuð á markmálinu eða í stað hennar er notað orðtak	<i>taponarse {los oídos}</i>	<i>fá bellu fyrir eyrun</i>
	<i>fara á ríntinn</i>	<i>dar una vuelta con el coche</i>

Tafla 4

17 Gagnstæða ferlið kallast *coalescence*, þ.e. þegar eitt orð í erlenda málinu verður tvö eða fleiri í M1.

Það að skilja eða túlka orðastæður rétt getur valdið málanemum erfiðleikum þó að alla jafna sé auðveldara að skilja þær en orðtök og málshætti (Koike 2001, 209). Til að mynda getur það gerst að stoðliðir fái yfirfærða merkingu (Corpas Pastor 1996, 66) þannig að orðastæða eins og *cosechar un resultado* (orðrétt: „uppskera árangur“) getur vafist fyrir málanema þó að hún valdi móðurmálshafa engum vandkvæðum. Eins og fræðimenn hafa bent á (Velázquez Puerto 2018, 39–40) þá getur gætt misræmis á milli mála ekki einungis hvað varðar formið heldur einnig festuna. Velázquez Puerto nefnir að annarsmálsnemar hafi grunnmynd, eða fyrirmynd, úr eigin móðurmáli sem gerir þeim oft kleift að túlka rétt þá erlendu orðastæðu sem um ræðir. Sem dæmi má nefna orðastæðu þar sem spænska sögnin *doler* („finna til, sárna“) kemur fyrir ásamt nafnorði sem er óhlutbundið (*actitud, indiferencia*); tungumálanemanum ætti ekki að verða skotaskuld úr því að draga þá ályktun að *doler la actitud* merki að „sárna viðhorfið“ og *doler la indiferencia* „sárna tómlætið“.

Þá má að lokum velta vöngum yfir því hvort í orðastæðugrunni tungumála séu orðastæður sem auðveldara sé að tileinka sér en aðrar. Nefna má að Long (2015, 308) telur að nemendur beini athygli sinni síður að almennum orðum og orðum sem eru margræð. Fyrir vikið er ekki loku fyrir það skotið að sagnir eins og *hacer* „gera“ eða *dar* „gefa“ fari fram hjá þeim og þar af leiðandi tileinki nemendur sér síður orðastæður þar sem þessar sagnir koma fyrir.¹⁸

Hvenær ætti að kenna orðastæður?

Sú spurning hefur brunnið á fræðimönnum á sviði orðaforðarannsóknna með áherslu á tileinkun orðasambanda hvenær í tungumálanáminu ætti að hefja kennslu orðasambanda og hvaða orðasambönd ætti helst að kenna, en einkenni eins og orðtakseðli og festa virðast koma í veg fyrir að nemendur skilji mörg orðasambönd til hlítar og séu færir um að tengja saman orð til að mynda orðasambönd. Sumir fræðimenn telja að kennsla orðasambanda skuli eiga sér stað á miðstigi (Ruiz Gurillo 2001, 89) aðrir halda því aftur á

18 Sagnir af þessu tagi hafa verið til umfjöllunar í ýmsum rannsóknum. Sjá t.d. Levin og Ström Herold 2015 og Viberg 2002.

móti fram að kennslu orðasambanda skuli hefja í byrjun málanámsins (Battaner 2011). Sú trú manna að kennslu orðasambanda eigi ekki að hefja fyrr en á seinni stigum málanáms hefur komið í veg fyrir að orðastæður séu kenndar fyrr en raun ber vitni. Þó má nefna að upp á síðkastið hefur borið á auknum áhuga á að breyta þessari stefnu. Þegar menn verða á eitt sáttir um að hefja kennslu orðastæðna í byrjun málanámsins þá ætti að hafa nokkur atriði í huga þegar þær eru kynntar í skólastofunni. Velázquez Puerto (2018, 35–36) ráðleggur t.d. að haft sé hugfast að tungumálaneminn hafi þegar lært margar þær sagnir sem koma fyrir í orðastæðum. Og Bahns (1993, 60) mælir með því að láta þær orðastæður ganga fyrir sem eiga ekki samsvörun í móðurmáli nemandans.¹⁹

Nokkur rannsóknarsvið

Að lokum er rétt að geta nokkurra rannsókna á sviði orðastæðufræði. Barfield og Gyllstad (2009, nefna eftirfarandi sem helstu rannsóknarsvið á þessum vettvangi:

1. Rannsóknir sem byggjast á svörum nemenda og eru aðgengileg í gagnagrunni.
2. Rannsóknir sem hafa það að markmiði að betrubæta lýsingu orðasambanda í orðabókum og sem nýtast við gerð kennsluefnis.
3. Rannsóknir þar sem lagt er mat á kunnáttu og notkun tungumálanema á orðastæðum.
4. Rannsóknir sem lúta að ferlum og þjálfun í tileinkun og notkun orðastæðna með það fyrir augum að nemendur öðlist betri þekkingu og færni í beitingu þeirra.

Altenberg og Granger (2001, 189) kjósa að beina athyglinni að fyrstnefnda rannsóknarsviðinu þar sem gagnagrunnar af því tagi sem getið er gefa ekki einungis upplýsingar um villur sem málanemendur gera heldur einnig ákveðna vísbendingu um hvað þeir nota rétt í hinu svokallaða millimáli tungumálanemans. Þökk sé

19 Hér má nefna t.d. *fara með lygar* sem á spænsku er *decir mentiras*, orðrétt „segja lygar“.

aðgengilegum málheildum eins og *Corpus Escrito del Español L2* (CEDEL2) (Lozano 2022) þar sem nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar sem varpa ljósi á þekkingu á orðastæðum.²⁰ Þá má nefna að nýverið var opnað aðgengi að *The Icelandic L2 Error Corpus* (Icel2EC) (Ingason o.fl. 2021)²¹ þar sem efniviður er öllum aðgengilegur til að rannsaka villur sem nemendur sem læra íslensku sem erlent mál gera. Ekki er vitað til þess að einhver hafi gefið út niðurstöður rannsókna sinna sem byggjast á þessum gagnagrunni, eða orðastæðurannsóknir, enn sem komið er.

Niðurstöður rannsókna á orðabókum og kennsluefni hafa birst víða á undanförunum árum. Höfundar hafa orðið varir við að í námsefni fyrir M2 koma fleiri orðasambönd fyrir nú á dögum en áður var, einkum orðtök, og meiri áhersla er nú lögð á notkun þeirra. Hins vegar hafa birst margar greinar sem fjalla um stöðu og lýsingu orðastæðna í orðabókum, einkum í einsmálsorðabókum fyrir annarsmálsnema (*Learner's dictionaries*). Í þessari gerð orðabóka er stefnan sú að velja, lýsa og staðsetja orðastæður og önnur orðasambönd almennt skýrar en í einmála orðabókum fyrir móðurmálshafa. Hafa ber í huga að þessi gerð orðabóka er ekki ætluð byrjendum, sem nota alla jafna tvímálaorðabækur, heldur fyrir annarsmálsnema sem eru lengra komnir í málánámi sínu. Helsta markmið þessara orðabóka er að styðja við málbeitingu tungumálanemans (Koike 2001, 203; Svensén 2009, 174). Með það fyrir augum að auðvelda orðabókarnotanda leit í orðabók er alla jafna mælt með því að orðastæður komi fyrir undir kjarnalið en ekki stoðlið (Pöll 2008, 175). Ein helsta fyrirmynd orðabóka af þessu tagi er hin engilsaxneska *Collins Cobuild Advanced Learner's Dictionary* (Sinclair 2006). Skilgreiningar í henni þykja styðja við til-einkun orðastæðna eins og dæmið hér á eftir sýnir: „If you issue a permit, statement, etc. you make it officially or publicly“.²²

Annað sem hafa skal í huga við gerð slíkra orðabóka er festa orðastæðna en það er ekki alltaf sem orðabókarnotandi er fær um

20 Sjá t.d. Pérez Serrano 2014 og Oriol González og Alonso Ramos 2013.

21 Þessi málheild er hluti af annarri og stærri sem kallast *The Icelandic Specializes Error Corpora*, ásamt textasafni sem í eru textar innfæddra málhafa með lesblindu (*The Icelandic Dyslexia Error Corpus*) og öðrum textum rituðum af innfæddum málhöfum á aldrinum 10 til 15 ára (*The Icelandic Child Language Error Corpus*). Sjá: <https://repositoru.clarin.is/repository/xmlui/handle/20.500.12537/106>

22 Undirstrikunin er höfundar.

að geta sér til um hana (Torner og Bernal 2017, 168–169). Sem dæmi má nefna að í spænsku koma fyrir orðastæður þar sem nafn-orðið er í eintölu en í íslensku er því öfugt farið, þ.e. nafnorðið er í fleirtölu: *practicar/hacer deporte* er orðrétt „stunda íþrótt“ en á íslensku er sagt *stunda íþróttir*.

Hvað varðar þriðja liðinn, þann sem lýtur að mati á þekkingu nemenda á orðastæðum, þá er helsta verkfærið til að mæla hana ýmsar kannanir og próf sem hægt er að leggja fyrir nemendur. Slíkar kannanir gera einnig kleift að meta m.a. áhrif móðurmálsins á málbeitingu nemenda. Niðurstöður rannsókna Sanromán Vilas (2006a) og Pérez Serrano (2014), meðal annarra, sýna að villur í sundurgreiningu (sp. *segmentación*) leiða til rangra orðastæðna. Til dæmis má nefna **ganar un grado* sem er bein þýðing úr ensku *earn a degree*, hið rétta er *obtener un grado/título*.²³ Ósjaldan má hinsvegar rekja rétta myndun orðastæðu til þess að í móðurmáli nemenda eru þær svipaðar eða alveg eins, t.d. (sp.) *hacer dinero* eða á ensku *make money* og (sp.) *tener hijos* sem á ensku er eins, eða *have kids*. Hér á sér stað yfirfærsla frá móðurmáli yfir á markmál.

Fjórði og síðasti liðurinn snýst um að beita kennslufræðilegri nálgun og aðferðum í kennslu orðastæðna. Nokkrir fræðimenn hafa búið til æfingar og verkefni sem byggja á slíkum aðferðum og kenningum (Barrios Rodríguez 2015; Velázquez Puerto, 2018) og jafnvel hafa verið skrifaðar bækur sem nýtast í kennslustofunni (Lewis 1997, 2000). Sem dæmi má nefna að Lewis skiptir aðferðum til kennslu orðastæða í þrjú þrep. Fyrst nefnir hann ílag, sem er einkum munnlegt, þá skilningur (sp. *captación*) (þar sem unnið er með orðastæður sem koma fyrir á fyrsta þrepi) og loks þjálfun (sp. *registro*) sem fer fyrst fram á töflunni og síðan skráir hver og einn nemandi orðastæðurnar hjá sér.²⁴ Higuera García (2011) leggur jafnframt til að í stað þess að telja upp samheiti nýrra orða þá sé nemendum sýnd tengslanet orðanna og þeir möguleikar sem gefast til að tengja valin orð við önnur orð (*Mynd 2*). Með því þjálfast nemendur í notkun orðastæðna.

23 „fá gráðu“ eða útskrifast með BA/BS-gráðu.

24 Þetta ferli getur reynst flókið eins og Sanromán Vilas bendir á (2016b, 40) þar sem ekki er líklegt að sama orðastæðan komi fyrir oft en einu sinni.

Traditional explanation	Explanation bearing in mind the combinatory of words
<i>Cometer</i> is to carry out, for example <i>cometer un error</i> [to make a mistake]	<i>Cometer</i> is a verb meaning to carry out acts that are considered negative and can be combined with the following word classes: Nouns denoting errors: <i>error, fallo, equivocación, lapsus...</i> Nouns denoting irregularity: <i>irregularidad, imperfección</i> Nouns denoting senseless, imprudent, foolish or careless acts: <i>locura, disparate, barbaridad, tontería, estupidez...</i> Nouns denoting results of breaking laws or rules: <i>falta, crimen, infracción, robo, asesinato...</i>

Mynd 2 (Higueras García 2011)

Lokaorð

Í þessari umfjöllun hefur verið leitast við að gera grein fyrir nýlegri samiburðarrannsókn á orðastæðum í íslensku og spænsku. Í ljósi þeirra erfiðleika sem orðastæður valda í málátileinkun tungumálanna hafa margir fræðimenn leitast við að skilgreina fyrirbærið á einfaldan og auðskiljanlegan hátt. Þeir eru jafnframt þeirrar skoðunar að taka ætti fleiri flokka orðasambanda fyrir í kennslustofunni því það séu ekki einungis orðastæður sem vefjist fyrir annarsmálsnemunum.

Í kennslufræði spænsku sem erlends máls hafa undanfarin ár orðið stórstígar framfarir á öllum sviðum, þökk sé miklum almennum áhuga á því að læra tungumálið. Þessi áhugi hefur leitt til þess að fjöldi rannsókna hefur séð dagsins ljós, m.a. þær sem lúta að tileinkun orðasambanda eins og t.d. orðastæðna og beitingu þeirra í markmálinu. Þá hafa birst niðurstöður ýmissa kannana, m.a. á kunnáttu og þekkingu á orðasamböndum, t.d. orðastæðum. Þessar niðurstöður gefa vísbendingu um helstu erfiðleika í tileinkun fyrirbærisins og gera tungumálakennurum kleift að búa til námsefni sem nýtist í kennslu og þjálfun í notkun orðastæðna. Higueras García (2016, 15) bendir á að þrátt fyrir þetta sé margt ógert á þessum vettvangi, einkum hvað varðar rannsóknir og gerð náms-efnis.

Á þessu sviði eru rannsóknir í íslensku bernskar. Til að mynda var í þessari rannsókn höfundar sett fram tillaga að flokkun orðastæðna í íslensku en engin slík flokkun virðist vera til, eða a.m.k. ekki aðgengileg. Á þessum vettvangi er því mikið verk að vinna, einkum þar sem fjöldi þeirra sem læra íslensku sem erlent mál hefur aukist verulega, hvort sem er í málaskólum landsins eða í Háskóla Íslands.²⁵ Óhætt er að fullyrða að brýn þörf er á að skoða og vinna með gagnagrunna eins og *IcelandL2EC* (Ingason o.fl. 2021) og máltæki eins og *Íslensket orðanet* (Jón Hilmar Jónsson 2023) sem er aukin og endurbætt netútgáfa af tengslaorðabókinni *Orðastaður* en í henni er m.a. hægt að komast að því hver venslin eru á milli kjarnaliða og stoðliða í orðastæðum.

Erla Erlendsdóttir þýddi úr spænsku

25 Íslenska er einnig kennd sem erlent mál við háskóla víða um heim. Sjá: <https://www.arnastofnun.is/en/icelandic-abroad>.

HEIMILDIR

- Alonso Ramos, Margarita. 2006. „Towards a Dynamic Way of Learning Collocations in a Second Language“. Í *Proceedings of the Twelfth EURALEX International Congress. Volumen II*, ritstj. Elisa Corino, Carla Marelló og Cristina Onesti, 909–21. Turín: Edizioni dell’Orso.
- Alonso Ramos, Margarita og Leo Wanner. 2007. „Collocation chains: how to deal with them?“ Í *Meaning-Text Theory 2007. Proceedings of the 3rd International Conference on Meaning-Text Theory*, ritstj. Kim Gerdes, Tilmann Reuther og Leo Wanner, 11–20. München: Otto Sagner.
- Alonso Ramos, Margarita, Leo Wanner, Orsolya Vincze, Gerard Casamayor del Bosque, Nancy Vázquez Veiga, Estela Mosqueira Suárez og Sabela Prieto González. 2010. „Towards a Motivated Annotation Schema of Collocation Errors in Learner Corpora“. Í *Proceedings of the 7th Conference on International Language Resources and Evaluation (LREC’10)*, ritstj. Nicoletta Calzolari, Khalid Choukri, Bente Maegaard, Joseph Mariani, Jan Odijk, Stelios Piperidis, Mike Rosner og Daniel Tapias, 3209–14. La Valletta: Languages Resources Evaluation.
- Altenberg, Bengt og Sylviane Granger. 2001. „The grammatical and lexical patterning of *MAKE* in native and non-native student writing“. *Applied Linguistics* 22 (2): 173–95.
- Anna Helga Hannesdóttir og Sofía Tingsell. 2011. „Svensk fraseologi för islänningar – om den isländsk-svenska ordboken i ISLEX och en onomasiologisk svensk resurs: Frasbanken“. *Lexico Nordica*, n.º 18: 61–86.
- Bahns, Jens. 1993. „Lexical collocations: a contrastive view“. *ELT Journal* 47 (1): 56–63.
- Bally, Charles. 1951. *Traité de stylistique française*. 3.^a ed. París: Librairie C. Klincksieck.
- Barfield, Andy og Henrik Gyllstad. 2009. *Researching Collocations in Another Language. Multiple Interpretations*. Basingstoke / New York: Palgrave Macmillan.
- Barrios Rodríguez, M^a Auxiliadora. 2015. *Las colocaciones en español*. Madrid: Arco Libros.
- Battaner, Paz. 2011. „Los verbos de frecuencia alta y el diccionario de aprendizaje“. Í *De la lengua por sólo la extrañeza: estudios de lexicología, norma lingüística, historia y literatura en homenaje a Luis Fernando Lara*, ritstj. Luis Fernando Lara, María Eugenia Vázquez, Laslop, Klaus Zimmermann og Francisco Segovia, 313–32. Méxikó D.F.: El Colegio de México.
- Benson, Morton, Evelyn Benson og Robert F. Ilson. 1986. *The BBI Combinatory Dictionary of English. Your Guide to Collocations and Grammar*. John Benjamins.
- Bergenholtz, Henning, Helgi Haraldsson, Hans Kristian Mikkelsen, Jaakko Sivula og Jón Hilmar Jónsson. 1997. *Nordisk leksikografisk ordbok*. Osló: Nordisk forening for leksikografi.
- Biemann, Chris, Erla Hallsteinsdóttir, Uwe Quasthoff og Matthias Richter.

2006. „Exploiting the Leipzig Corpora Collection“. Í *IS-LTC'06 – Proceedings of 5th Slovenian and 1st International Language Technologies Conference*, ritstj. Tomaž Erjavec og Jerneja Žganec Gros. Ljubljana: Jozef Stefan Institute.
- Brown, Henry Douglas. 1994. *Principles of Language Learning and Teaching*. Englewood Cliffs: Prentice-Hall.
- Burger, Harald, Annelies Buhofer og Ambros Sialm. 1982. *Handbuch der Phraseologie*. Berlin og New York: DeGruyter.
- Castillo Carballo, Ma. Auxiliadora. 2005. „Colocaciones léxicas y medios de comunicación“. Í *Lengua española y medios de comunicación: norma y uso*, 11–28. Málaga: VG/ Junta de Andalucía.
- Castillo Carballo, Ma. Auxiliadora. 2015. *De la investigación fraseológica a las decisiones fraseográficas. Un estudio de interrelaciones*. Vigo: Editorial Académica del Hispanismo.
- Corpas Pastor, Gloria. 1992. „Las colocaciones como problema en la traducción actual (inglés/español)“. *Revista del Departamento de Filología Moderna. Universidad de Castilla-La Mancha* 2/3: 179–86.
- Corpas Pastor, Gloria. 1996. *Manual de fraseología española*. 1.^a ed. Madrid: Gredos.
- Cowie, Anthony Paul. 1986. „Collocational Dictionaries – A comparative view“. Í *Fourth Joint Anglo-Soviet Seminar*, ritstj. M. Murphy, 61–69. London: The British Council.
- D’Andrea, Letizia. 2018. „Las colocaciones “sustantivo + de + sustantivo” y su ubicación en el lexicón mental de una muestra de hablantes de E/LE“. *E-Scripta Romanica* 6: 103–40.
- Eckart, Thomas, Erla Hallsteinsdóttir, Sigrún Helgadóttir, Uwe Quasthoff og Dirk Goldhahn. 2014. „A 500 Million Word POS-Tagged Icelandic Corpus“. Í *Proceedings of LREC 9th International Conference on Language Resources and Evaluation*, ritstj. Nicoletta Calzolari, Khalid Choukri, Thierry Declerck, Hrafn Loftsson, Bente Maegaard, Joseph Mariani, Asunción Moreno, Jan Odijk og Stelios Piperidis, 2398–2402.
- Erla Hallsteinsdóttir. 1997. „Aspekte der Übersetzung von Phraseologismen am Beispiel Isländisch-Deutsch“. Í *Translationsdidaktik: Grundfragen der Übersetzungswissenschaft*, ritstj. Eberhard Fleischmann, Wladimir Kutz og Peter Schmitt, 561–69. Tübingen: Narr.
- Erla Hallsteinsdóttir. 2000. „Áhrif móðurmáls a skilning orðtaka í þýsku sem erlendu tungumáli“. *Vefrit Hugvísindapinga*.
- Erla Hallsteinsdóttir. 2006. „Phraseographic“. *Hermes*, n.º 36: 91–128.
- Erla Hallsteinsdóttir. 2007a. „Íslenskur orðasjóður“. *Orð og tunga*, n.º 9: 109–24.
- Erla Hallsteinsdóttir. 2007b. „Orðtök í tungumálanámi“. Í *Kennsla í íslensku sem erlendu og öðru máli. Háskóli Íslands 17.–19. ágúst 2006*, ritstj. Magnús Hauksson, 1–13. Reykjavík.
- Erla Hallsteinsdóttir. 2011. „Phraseological Competence and the Translation of Phrasemes“. Í *Multi-Lingual Phraseography: Second Language Learning and Translation Applications*, 279–88.
- Erla Hallsteinsdóttir. 2015. „Sources and presentation of illustrative examples, and the role of corpora“. *International Journal of Lexicography* 28 (3): 369–75.

- Ettinger, Stefan. 2008. „Alcances e límites da fraseodidáctica. Dez preguntas clave sobre o estado actual da investigación“. *Cadernos de fraseoloxía galega*, n.º 10: 95–127.
- Ferrando, Verónica. 2017. „El papel de las colocaciones en la enseñanza y el aprendizaje del español“. Í *Enseñar léxico en el aula de español. El poder de las palabras*, ritstj. Francisco Herrera, 94–104. Barcelona: Difusión.
- Frías Jiménez, Nuria. 2024a. „Colocaciones en islandés y español: un estudio contrastivo con fines lexicográficos y didácticos“. Universidad de Sevilla og Háskóli Íslands.
- Frías Jiménez, Nuria. 2024b. „El tratamiento de las colocaciones en la lexicografía bilingüe islandés-español“. Í *Lexicografía del español: internacionalización y contrastes*.
- González Rey, María Isabel. 2018. „Competencia fraseológica y modelo pedagógico: el caso del método Phraséotext-le Français Idiomatique“. Í *Fraseología, diatopía y traducción. Phraseology, Diatopic Variation and Translation*, ritstj. Pedro Mogorrón Huerta og Juan Antonio Albaladejo Martínez, 133–54. Amsterdam: John Benjamins.
- Halldór Halldórsson. 1954. *Íslenzket orðtakasafn*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Hausmann, Franz Josef. 1989. „Le dictionnaire de collocations“. Í *Wörterbücher/ Dictionaries/ Dictionnaires. Ein Internationales Handbuch zur Lexikographie. An International Encyclopedia of Lexicography. Encyclopédie internationale de lexicographie*, ritstj. Franz Josef Hausmann, O. Reichman, H. Wiegand og Ladislav Zgusta, 1010–19. Berlín og New York: DeGruyter.
- Heid, Ulrich. 1994. „On Ways Words Work Together – Topics in Lexical Combinatorics“. Í *Euralex 1994*, ritstj. Willy Martin, Willem Meijs, Margreet Moerland, Elsemiek ten Pas, Piet Van Sterkenburg og Piek Vossen, 226–57. Amsterdam: Euralex.
- Higueras García, Marta. 2006. *Estudio de las colocaciones léxicas y su enseñanza en español como lengua extranjera*. Madrid: Secretaría General Técnica.
- Higueras García, Marta. 2011. „Lexical collocations and the learning of Spanish as a foreign language“. Í *Spanish Word Formation and Lexical Creation*, ritstj. José Luis Cifuentes Honrubia og Susana Rodríguez Rosique, 437–64. John Benjamins.
- Higueras García, Marta. 2017a. „Logros y retos de la enseñanza del léxico“. Í *Enseñar léxico en el aula de español. El poder de las palabras*, ritstj. Francisco Herrera, 13–19. Barcelona: Difusión.
- Higueras García, Marta. 2017b. „Pedagogical principles for the teaching of collocations in the foreign language classroom“. Í *Collocations and Other Lexical Combinations in Spanish*, ritstj. Sergi Torner og Elisenda Bernal, 250–66. Abingdon: Routledge.
- Jón G. Friðjónsson. 1993. *Mergur málsins. Íslensk orðatiltaki. Uppruni, saga og notkun*. Reykjavík: Mál og menning.
- Jón Hilmar Jónsson. 1992. „Fra en passiv til en aktiv ordbok. Det kombinatoriske aspektet i fokus“. Í *Nordiska studier i lexicografi 1. Rapport fra Konferanse om*

- leksikografi i Norden* 28.–31. mai 1991, ritstj. Ruth Vatvedt Fjeld, 88–104. Osló: Nordisk forening for leksikografi.
- Jón Hilmar Jónsson. 1994. *Orðastaður*. Reykjavík: Mál og menning.
- Jón Hilmar Jónsson. 2004. *Orðastaður. Orðabók um íslenska málnotkun*. 2.^a ed. Reykjavík: JPV.
- Jón Hilmar Jónsson. 2017. *Bundið í orð: greinasafn*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.
- Jón Hilmar Jónsson, Bjarki Karlson og SÁM. 2023. „Íslenskt orðanet“. 2023. <http://ordanet.arnastofnun.is/>
- Karl Anton Ingason, Lilja Björk Stefánsdóttir, Þórunn Arnardóttir, Xindan Xu og Isidora Glišić. 2021. „The Icelandic L2 Error Corpus (IceL2EC) Version 1.1“. 2021. <http://hdl.handle.net/20.500.12537/106>
- Koike, Kazumi. 2001. *Colocaciones léxicas en el español actual: estudio formal y léxico-semántico*. Alcalá: Universidad de Alcalá de Henares. Servicio de Publicaciones.
- Lakoff, George og Mark Johnson. 1980. *Metaphors We Live By*. Chicago: The University of Chicago Press.
- Levin, Magnus og Jenny Ström Herold. 2015. „Give and take. A contrastive study of light verb constructions in English, German and Swedish“. Í *Cross-Linguistic Perspectives on Verb Constructions*, ritstj. Hilde Hasselgård og Signe Oksefjell Ebeling, 144–68. Newcastle upon Tyne: Cambridge Scholars Publishing.
- Lewis, Michael. 1993. *The Lexical Approach. The State of ELT and a Way Forward*. Hove: LTP.
- Lewis, Michael. 1997. *Implementing the Lexical Approach*. Londres: LTP.
- Lewis, Michael. 2000. *Teaching Collocation. Further Developments in the Lexical Approach*. Ritstj. Michael Lewis. London: LTP.
- Long, Mike. 2015. *Second Language Acquisition and Task-Based Language Teaching*. Hoboken: Wiley-Blackwell.
- López Vázquez, Lucía. 2011. „La competencia fraseológica en los textos de los manuales de ELE de nivel superior“. Í *Del texto a la lengua: La aplicación de los textos a la enseñanza-aprendizaje del español L2-LE*, ritstj. Javier De Santiago, Hanne Bongaerts, Jorge Juan Sánchez Iglesias og Marta Seseña, 531–42. Salamanca.
- Lozano, Cristóbal. 2022. „CEDEL2: Design, compilation and web interface of an online corpus for L2 Spanish acquisition research“. *Second Language Research* 38 (4): 965–83.
- Martí Sánchez, Manuel. 2019. „La competencia fraseológica como objeto problemático de la fraseodidáctica“. Í *Innovación en fraseodidáctica. Tendencias, enfoques y perspectivas*, ritstj. Carlos Crida Álvarez og Arianna Alessandro, 11–23. Berlín: Peter Lang.
- Mel'čuk, Igor. 2006. „Colocaciones en el diccionario“. Í *Diccionarios y fraseología*, ritstj. Margarita Alonso Ramos, 11–44. A Coruña: Universidade da Coruña. Servizo da publicacións.
- Mel'čuk, Igor. 2023. *General Phraseology. Theory and Practice*. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins.

- Minamisawa, Yuki. 2019. „Metaphor and Collocation. The Case of REIDI“. *Orð og tunga* 21: 53–74.
- Moncó Taracena, Sofía. 2013. „Adquisición de las construcciones con el verbo *hacer*, enfoque plurilingüe“. *Revista Nebrija de Lingüística Aplicada* 13.
- Nattinger, James R. og Jeanette S. DeCarrico. 1992. *Lexical phrases and language teaching*. Oxford: Oxford University Press.
- Oddný G. Sverrisdóttir. 1987. *Land in Sicht. Eine kontrastive Untersuchung deutscher und isländischer Redensarten aus der Seemannssprache*. Frankfurt am Main: Peter Lang.
- Oddný G. Sverrisdóttir. 2009. „Orð til taks. Af eiginleikum og flokkum fastra orðasambanda“. *Milli mála*, n.º 1: 149–72.
- Orol González, Ana. 2015. „Construcción de una lista de colocaciones para medir la competencia colocacional“. *E-Aesla* 1: 1–9.
- Orol González, Ana, og Margarita Alonso Ramos. 2013. „A Comparative Study of Collocations in a Native Corpus and a Learner Corpus of Spanish“. *Procedia-Social and Behavioral Sciences*, n.º 95: 563–70.
- Palmer, Harold E. 1933. *Second Interim Report on English Collocations*. Tókió: Kaitakusha.
- Pérez Serrano, Mercedes. 2014. „Análisis de errores colocacionales en un corpus de aprendientes de ELE“. *MarvoELE* 19.
- Quiñones, Virginia de Alba. 2016. „Variable de género y competencia colocacional léxica en el aula de ELE“. *Porta Linguarum*, n.º 26: 201–15.
- Rósa E. Davíðsdóttir. 2021. „*Pieux mensonge* ou *mensonge blanc*? Les collocations dans les dictionnaires bilingues“. *Milli mála* 13: 142–64.
- Rufat, Anna. 2010. „Apuntes sobre las combinaciones léxicas y el concepto de colocación“. *Anuario de Estudios Filológicos*, n.º XXXIII: 291–306.
- Ruiz Gurillo, Leonor. 2001. *Las locuciones en español actual*. Madrid: Arco Libros.
- Sanromán Vilas, Begoña. 2006a. „El papel de la información semántica en el aprendizaje de las colocaciones léxicas“. Í *Proceedings of the XII EURALEX International Congress*, ritstj. Elisa Corino, Carla Marelló og Cristina Onesti, 1037–44. Alessandria: Edizioni dell’Orso.
- Sanromán Vilas, Begoña. 2006b. „Observaciones sobre el uso de colocaciones en aprendices finlandeses de español“. Í *Diccionarios y fraseología*, ritstj. Margarita Alonso Ramos, 145–60. A Coruña: Universidade da Coruña. Servizo da publicacións.
- Sanromán Vilas, Begoña. 2016. „Searching and understanding collocations to improve dictionaries and language teaching: A tale in eight languages“. Í *Collocations Cross-Linguistically: Corpora, Dictionaries and Language Teaching*, 9–64.
- Sinclair, John. 2006. *Collins COBUILD Advanced Learner’s English Dictionary*. London: Collins.
- Solano Rodríguez, M^a Ángeles. 2007. „El papel de la conciencia fraseológica en la enseñanza y aprendizaje de una lengua extranjera“. Í *Les expressions figées en didactique des langues étrangères*, ritstj. Maria Isabel González Rey, 201–21. Louvain-La-Neuve: E.M.E (Éditions Modulaires Européennes) og InterCommunications S.P.R.L.

- Svensén, Bo. 2009. *A Handbook of Lexicography. The Theory and Practice of Dictionary-Making*. Cambridge: CUP.
- Torner, Sergi og Elisenda Bernal. 2017. „Collocations in learner’s dictionaries“. Í *Collocations and Other Lexical Combinations in Spanish*, ritstj. Sergi Torner og Elisenda Bernal, 157–98. Abingdon: Routledge.
- Velázquez Puerto, Karen. 2018. *La enseñanza-aprendizaje de fraseología en ELE*. Madrid: Arco Libros.
- Viberg, Åke. 2002. „The Polysemy of Swedish *ge give* from a Crosslinguistic Perspective“. Í *Proceedings of the Tenth EURALEX International Congress*, ritstj. Anna Braasch og Claus Povlsen, 2:669–82. Kaupmannahöfn: Center for Sprogteknologi.
- Þórhildur Oddsdóttir. 2012. „Orð eru til alls fyrst“. *Milli mála*, n.º 4: 257–92.

ÚTDRÁTTUR

Orðastæður í tungumálakennslu og námi

Í þessari grein er fjallað um rannsóknir sem tengjast kennslu og tileinkun á orðastæðum. Orðastæður eru sambönd orða sem saman mynda ákveðna merkingu. Orðastæður skiptast í tvo orðsliði: annars vegar er kjarnaliður, sem er grunnur í merkingu orðastæðunnar, og hins vegar er það stoðliður sem er útvalið fylgdarorð. Merking orðastæðna er alla jafna gagnsæ (*fara í gönguferð*, *úrbellis ríðning*) en erlendum málhöfum getur þó reynst erfitt að henda reiður á því hvaða skorður þeim eru settar. Fyrst eru reifaðar helstu umfjallanir um orðastæður í íslensku, einkum er litið til þess sem Jón Hilmar Jónsson, Oddný G. Sverrisdóttir, Erla Hallsteinsdóttir og Rósa Elín Davíðsdóttir hafa fjallað um í þessu tilliti. Þá er sjónum beint að ákveðnum þáttum í engilsaxneskum og spænskum málheimi. Meðal annars er gerð grein fyrir þáttum sem lúta að þeim erfiðleikum sem málánemendur standa frammi fyrir í tileinkun orðastæðna í erlenda málinu, orðasambandahæfni í tileinkun fastra orðasambanda, orðabækur og námsefni. Að lokum er í stuttu máli fjallað um nokkrar kannanir sem gætu nýst í rannsóknum á íslenskum vettvangi en fjöldi þeirra sem leggja stund á íslensku sem erlent mál hefur aukist undanfarið og þá hefur íslenska málheildin *IceL2MC* verið gerð aðgengileg sem auðveldar rannsóknir á þessum vettvangi.

Lykilorð: orðastæður, íslenska, spænska, nám og kennsla L2, sam-
burðarmálvísindi

ABSTRACT

Collocations in language teaching and learning

This article introduces studies and research related to the teaching and learning of collocations in the Icelandic context. Collocations are word combinations formed by two elements: one is considered the base of the whole combination and the other (*collocator*) is selected by it. Although they normally show a transparent meaning (*take a walk, heavy rain*), their restriction is not always predictable, particularly for non-native learners.

First, theoretical approaches that have been addressed in the Icelandic language are examined, drawing on the works of scholars such as Jónsson, Sverrisdóttir, Hallsteinsdóttir and Davíðsdóttir. Second, insights on several topics from both the Anglophone and Hispanic contexts are discussed. These topics are, among others, difficulties in acquiring collocations, phraseological competence, dictionaries and teaching materials. Finally, potential research is outlined that may prove fruitful for the study of collocations in Icelandic, further considering the increase of learners of the language and the availability of advanced digital tools to support linguistic analysis.

Keywords: collocations, Icelandic, Spanish, L2 teaching and learning, contrastive linguistics

M^a AZUCENA PENAS IBÁÑEZ
UNIVERSIDAD AUTÓNOMA DE MADRID
ERLA ERLENDSDÓTTIR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Með hjartað í lúkunum eða buxunum¹ Um myndhvörf í spænskum og íslenskum orðasamböndum

1 Inngangur

Undanfarin ár og áratugi hafa fræðimenn um víða veröld ritað bækur og greinar í anda hinna svokölluðu hugrænu fræða. Mörgum hefur orðið tíðrætt um myndlíkingar í máli og hugsun í skrifum sínum en meðal þeirra sem hafa beint sjónum að myndhvörfum í tungumálinu eru Lakoff og Johnson (2001). Sporgöngumenn þeirra á Spáni eru fræðimenn við ýmsa háskóla landsins, meðal annars í Granada og Barcelona. Þeir fræðimenn, sem einkum hafa skoðað spænsk orðasambönd frá sjónarhóli hugrænna málvísinda, eru Antonio Pamies og Eva María Iñesta (2000, 2002, Pamies 2001a). Þau smíðuðu líkan til að flokka orðasambönd og til að bera saman myndhvörf í orðasamböndum ólíkra tungumála með það fyrir augum að greina hvort þau væru algild eða ekki. Líkanið er byggt á hugmyndum Lakoffs og Johnsons um hugtaks-

1 Endurbirt með leyfi *Orða og tungu*.

myndhvörf en einnig er leitað í smiðju ýmissa annarra kennimanna í hugrænni merkingarfræði.

Í rannsókn byggðri á áður nefndu líkani báru höfundar þessarar greinar saman orðasambönd í spænsku og íslensku.² Hér er ætlunin að gera grein fyrir rannsókninni sem náði til samtals sex marksviða en þrjú þeirra verða reifuð og orðasambönd sem heyra undir þau. Meginniðurstaða samanburðarins er sú að sömu hugtaksmyndhvörf liggja að baki mörgum þeim íslensku og spænsku orðasamböndum sem rannsóknin náði til.

Efnisskipan greinarinnar er þannig að í öðrum kafla eru hugmyndir hugfræðinga um hugtaksmyndhvörf kynntar til sögunnar. Þá er í stuttu máli fjallað um orðasambönd og hugræn fræði og í framhaldi af því er sagt frá hugmyndum spænsku fræðimannanna Pamies og Iñesta og rannsóknum þeirra á orðasamböndum. Síðan er sagt frá samanburðinum á íslenskum og spænskum orðasamböndum og að því búnu er niðurstaðan dregin saman í lokaorðum.

2 Myndhvörf, hugtaksmyndhvörf og viðtekin myndhvörf

Þeir fræðimenn, sem aðhyllast hugræn fræði, telja myndhvörf gegna veigamiklu hlutverki í allri skynjun og hugsun mannsins; myndmál sé ríkur þáttur í tilveru hans og að myndhvörf gegnsýri tungumálið (Lakoff og Johnson 2001:39; Fichtner 1992). Sumir ganga jafnvel svo langt að segja að myndhvörf séu grundvöllur allrar hugsunar (Lakoff og Johnson 2001:39; Zanotto et al. 2002:11).

Myndhvörf eru samkvæmt *Íslenskri orðabók* (2002:1029) ‘líking, myndlíking, það að orð fær (fyrir líkingu) aðra merkingu en það hefur upphaflega’, t.d. *fótur á borði*, *tínbalí*. Jakob Benediktsson útskýrir hugtakið sem „notkun orða og hugtaka í myndrænni (óeiginlegri) merkingu“ á þann hátt að „venjuleg merking þeirra færist yfir á annað merkingarsvið“ (1983:187). Á svipuðum nótum

2 Í grein, sem höfundar birtu í *Tonos Digital*, riti Háskólans í Murcia (2014), er gerð grein fyrir niðurstöðum á samanburði á orðasamböndum í nokkrum tungu málum, m.a. íslensku og spænsku.

er skilgreining Lakoffs og Johnsons sem segja myndhvörf vera það að „skilja eitt í gegnum annað“³ (2001:41).

Myndhvörf eru lykilatriði í kenningum hugrænnar mál- og merkingarfræði og grunnur kenningarinnar um hugtaksmyndhvörf. *Hugtaksmyndhvörf* eða *hugtakslíkingar* eru samsettar úr tveimur sviðum. Annars vegar er *upptakasvið* og hins vegar *marksvið*. Á *upptakasviði* vísa hugtök alla jafna til þess áþreifanlega. Á *marksviði* vísa þau aftur á móti til hins sértæka eða óhlutbundna. Eins og Þórhallur Eypórsson bendir á eru *upptakasvið* og *marksvið* í „raun sambærileg við kennilið og myndlið í hefðbundinni umfjöllun um myndhvörf og líkingar“ (2012:247). Kerfisbundin miðlun, eða yfirfærsla, þátta frá *upptakasviði* til *marksviðs* kallast *vörpun* en frá *upptakasviðinu* varpast eða yfirfærast þættir sem skýra *marksviðið*.

Þekkt dæmi úr ranni hugrænna líkingafræða er til að mynda hugtakslíkingin ÁSTIN ER FERÐALAG þar sem *upptakasviðið* er FERÐALAG og *marksviðið* ÁSTIN. Svo má velta vöngum yfir því hvert stefnir í þessu ástarsambandi, hvaða hindranir verða á vegi þeirra sem mynda sambandið, hvort það verði aftur snúið þegar að krossgötum er komið eða hvort komið sé að leiðarlokum og þar fram eftir götunum (Lakoff 1993). Annað dæmi er DEILUR ERU STRÍÐ þar sem beitt er myndmáli sem heyrir undir átök eða stríð eins og sjá má í dæmum á borð við *Í umræðuþættinum ræðst Jón að andstæðingi sínum og sagði skoðanir hans með öllu óverjandi* (Lakoff og Johnson 2001:40–43). Önnur kunn hugtakslíking er LÍKAMINN ER ÍLÁT sem skýtur upp kollinum m.a. þegar geðshræring eins og *reiði* á í hlut: REIÐI ER HEITUR VÖKVI Í ÍLÁTI (Lakoff og Kövecses 1987; Lakoff 1993). Þessi hugtakslíking liggur að baki orðasamböndum eins og að *springa úr reiði*, það *sýður á einhverjum af reiði* og *froðufella af reiði*. Þá má geta þess að Lakoff og Johnson (2001) telja *viðtekin myndhvörf* vera hugtakslíkingar sem eru inngrónar í mál og hugsun afmarkaðs hóps eða samfélags þar sem þær eiga alla jafna langa sögu að baki. Sumar hugtakslíkingar standa fastari fótum en aðrar eins og til dæmis ÁSTIN ER FERÐALAG í samanburði við ÁST ER SAMEIGINLEGT LISTAVERK. Sú síðarnefnda gæti verið skammlíf hugtakslíking innan afmarkaðs hóps málsamfélagsins.

3 „La esencia de la metáfora es entender y experimentar un tipo de cosa en términos de otra.“ Í grein sinni orðar Bergsveinn Birgisson þessa hugsun Lakoffs og Johnsons sem „að skilja eitt í gegnum annað“ (2012:43). Fichtner skrifar: „to see something as something else“ (1992:3).

Myndhvörf spretta oft af líkamlegri reynslu eða viðbrögðum líkamans við ýmiss konar áreiti. Samanburðarrannsóknir hafa leitt í ljós að í ólíkum menningarsamfélögum lýsir geðshræring sér á svipaðan hátt (Wierzbicka 1999, 2000). Með það í huga hafa margir kennimenn á sviði merkingarfræði aðhyllst þá skoðun að myndhvörf spretti meðal annars af sammannlegri reynslu og eru dæmi þar um í myndmáli ólíkra menningarsamfélaga. Því skal þó haldið til hags að myndhvörf eru mörg hver menningarbundin (Dobrovolskij og Piirainen 2006) og ná ekki út fyrir hugmyndaheim og menningu stakra heimsálfa (algild myndhverfð orðasambönd í Evrópu kallast alla jafna „Euroversals“) eða þjóða, samanber myndmál sem á rót sína að rekja til nautaats, til dæmis, og á sér ekki hliðstæður í öðrum tungumálum en spænsku (Luque Durán og Manjón Pozas 1998).

3 Orðasambönd og hugræn fræði

3.1 Um orðasambönd, myndhvörf og líkingar

Efniviður í orðasambönd, orðtök og orðatiltæki er gjarnan sóttur í smiðju myndhvarfa og líkinga. Að undanfögnu hafa fræðimenn, sem aðhyllast hugræn fræði, skoðað myndhvörf í orðasamböndum með það fyrir augum að greina þau, einkum þann hugtakslega veruleika sem liggur að baki þeim, til dæmis í orðasamböndum sem tjá hræðslu, hungur, ofát, reiði og fleira í þeim dúr. Vöngum er velt yfir því hvaða hugtakslíkingar liggi að baki orðasamböndum eins og *náfölna af skelfingu*, *springa úr reiði*, *vera gutlandi svangur* eða *éta sig í belg*. Eins og áður sagði eru hugfræðingar almennt þeirrar skoðunar að líkingar og myndhvörf eigi gjarnan upptök sín í líkamsreynslu. Þegar við finnum fyrir hræðslu þá bregst líkaminn við með ýmsum hætti, til dæmis örari hjartslætti eða öfugt, hækkuðum blóðþrýstingi, breyttu hitastigi, örari andardrætti, jafnvel þvagláti ef því er að skipta. Svipað er uppi á teningnum þegar við reidumst eða sveltum heilu hungri. Viðbrögð líkamans eða manneskjunnar geta orðið kveikjan að orðasambandi. Og þar sem lífeðlisfræðileg viðbrögð líkamans eru alla jafna sammannleg (Wierzbicka 1999) má álykta sem svo að hugtaksmýndhvörfin, sem

liggja að baki orðasamböndum af því tagi sem hér eru til umfjöllunar, séu algild (sjá Kövecses 1995:181–182). Þá má allt eins álykta að orðasambönd af sama toga séu það líka.

Í skrifum sínum bendir Pamies (2001b, 2002) á að hugræn fræði, einkum hugræn merkingarfræði, hafi auðveldað til muna rannsóknir í orðasambandafræði og boðið upp á kenningaramma sem hefur gert fræðimönnum á þessu sviði kleift að skipa orðasamböndum í kerfi í samræmi við hugtakslíkingar, vensl þeirra og andstæður sem þau mynda. Slík flokkun og skilgreining er að hans mati markvissari og nákvæmari en aðferðir sem hafa verið notaðar hingað til, t.a.m. flokkun eftir stafrófsröð. Einnig telur hann að kenningar hugfræðinga nýtist í þýðingarfræði með þeim hætti að flokkun byggð á hugtakslíkingum auðveldi að finna viðeigandi jafnheiti orða eða orðasambanda á milli ólíkra tungumála (Pamies 2001b, 2002; Penas (ritstj.) 2009).

3.2 Orðasambönd og hugmyndir spænskra fræðimanna

Eins og áður var vikið að hafa Antonio Pamies og Eva María Iñesta, fræðimenn við Granadaháskóla, smíðað líkan sem byggir á hugmyndum Lakoffs og Johnsons og fleiri sérfræðinga og áhugamanna um hugræn fræði og merkingarfræði (Wierzbicka; Dobrovol'skij; Kövecses; Moreno Cabrera). Markmiðið með líkaninu var að komast að því hvort sameiginleg hugtaksmyndhvörf eða hugtakslægur veruleiki lægi orðtökum eða orðasamböndum til grundvallar í mismunandi tungumálum; en einnig hvort hægt væri að flokka orðasambönd eftir hugtaksmyndhvörfum sem eru að baki þeim.

Pamies og Iñesta benda á að þótt myndhvörf falli undir sama marksvið sé ekki þar með sagt að orð eða orðasambönd, sem byggjast á þeim, séu algerlega samræð, þ.e. hafi sömu eða næstum sömu merkingu. Séu þau samræð ætti að vera unnt að skipta um þau í hvaða samhengi sem er án þess að merkingarbreyting verði. Þau benda hins vegar á að þegar myndhverfar yrðingar eru á sama marksviði og sama upptakasviði megi segja að talsverð líkindi séu með þeim. Í rannsókn þeirra er því litið svo á að tvö orðtök séu jafnheiti að því leyti að skilgreiningin er sú sama, t.d. *Jón náfölnaði af*

skelfingu, Jón stírnaði af skelfingu, Jón lamaðist af skelfingu, Jón gerði í sig, Jón missti hjartað í buxurnar, Jón vætti buxurnar. Orðasamböndin eða yrðingarnar tjá allar það sama: 'Jón varð hræddur', þ.e. þau tjá 'hræðslu'.

Áður var sagt að *marksvið* og *upptakasvið* mynduðu eina heild sem kallast *hugtaksmyndhvörf* eða *hugtakslíkingar*. Pamies og Iñesta bæta við tveimur sviðum sem nú skal lítið nánar á: Hið fyrra kalla þau *grunnmynd* (*modelo icónico*) en það er annað tveggja millistiga á milli upptakasviðs og myndlíkinga. Það getur verið samsett úr tveimur eða fleiri þáttum af upptakasviðinu. Þá tekur við svið sem þau nefna *erkimyndhvörf* eða *erkilíkingar* (*archimetáfora*). Um er að ræða næst síðasta þrepið í líkaninu og er það nánari útlistun á hverjum og einum lið eða þætti sem fellur undir *grunnmynd*. Að lokum kemur sjálf myndlíkingin. Í *Töflu 1* er líkan Pamies og Iñesta (2000) fyrir marksviðið hræðslu.


VERA HRÆDDUR / HRÆÐSLA

	UPPTAKA-SVIÐ	GRUNN-MYND	ERKIMYNDHVÖRF	
M A R K S V I Ð : H R Æ Ð S L A	LÍKAMI HREYFING HITASTIG LITUR DÝR EIGN ÁTÖK	1. [LÍKAMI] + [HREYFING]	1. Hræðsla er líkamshreyfing niður (á við)	M Y N D L Í K I N G A R
			2. Hræðsla er líkamshreyfing upp (á við)	
			3. Hræðsla er líkamshreyfing inn (á við)	
			4. Hræðsla er líkamshreyfing út (á við)	
			5. Hræðsla er líkamsskjálfti	
			6. Hræðsla er það að geta ekki hreyft sig	
		2. [LÍKAMI] + [HITASTIG]	7. Hræðsla er þegar líkaminn hitnar	t.d. 1.1. með hjartað í buxunum
			8. Hræðsla er þegar líkaminn kólnar	
			9. Hræðsla er þegar líkaminn hitnar og kólnar í senn	
		3. [LÍKAMI] + [LITUR]	10. Hræðsla er litaskipti	
		4. [DÝR]	11. Hræddur maður er dýr	
		5. [EIGN]	12. Hræðsla er eign manneskjunnar	
			13. Hræðsla nær tökum á manneskjunni	
		6. [ÁTÖK]	14. Hræðsla ræðst á manneskjuna	
			15. Hræðsla er að vera hvorki lífs né liðinn	
			16. Hræðsla drepur manneskjuna	

Tafla 1. Líkan fyrir mark- og upptakasviðið HRÆÐSLA⁴

4 Byggt á Pamies- og Iñesta (2000:68).

Einnig má setja líkanið upp með eftirfarandi hætti: efst er marksviðið (hræðsla) sem hvílir á upptakasviði og þar fyrir neðan kemur grunnmyndin og þannig koll af kolli uns komið er að stökum myndlíkingum sem liggja að baki orðasambandi eða orðasamböndum. Tölur og myndir skýrast betur við einstök dæmi í eftirfarandi köflum.



Mynd 1. Líkan fyrir mark- og upptakasviðið hræðsla.

4 Samanburður á spænskum og íslenskum orðasamböndum á marksviðunum *hræðsla, hungur og ofát*

4.1 Inngangur

Nú skal vikið að spænsk-íslensku samanburðarrannsókninni sem er kjarni þessarar greinar. Þess má geta að í rannsókninni var að flestu eða öllu leyti farið eftir hugmyndum Pamies og Iñesta (2000, 2002; Pamies 2001a). Til að byrja með var ákveðið að takmarka rannsóknina við eftirfarandi merkingarsvið eða marksvið: HRÆÐSLA (sp. MIEDO), HUNGUR (sp. HAMBRE), MEGURD (sp. DELGADEZ),

OFÁT (sp. COMER MUCHO), REIDI (sp. IRA) og VINNA (sp. TRABAJO). Hér verða þrjú marksvið reifuð og orðasambönd sem heyra undir þau. Marksviðin, sem urðu fyrir valinu, eru *vera bræddur / bræðsla*, *vera svangur / hungur* og *borða of mikið / ofát*.

Í fyrstu voru fundin orðasambönd⁵ sem féllu undir marksviðið *bræðsla*. Þá var hafist handa við að skipa orðasamböndunum í svið í samræmi við upptök þeirra, þ.e. þau voru flokkuð eftir *upptakasviði* og í framhaldinu undir áðurnefnda *grunnmynd*. Þannig á orðasambandið *missa hjartað í buxurnar* sér marksvið sem í því tilviki er HRÆDSLÁ. Marksviðið hvílir aftur á móti á upptakasviði og grunnmynd. Grunnmyndin er í þessu tilviki samsett, þ.e. tvö *upptakasvið* koma hér við sögu: annars vegar [LÍKAMI] og hins vegar [HREYFING].

Grunnmyndin greinist síðan í nokkur undirsvið. Til að mynda deilist grunnmyndin [LÍKAMI] + [HREYFING] í *erkimyndhvörf* eftir því hver stefna hreyfingarinnar er. Hreyfingin getur verið: HREYFING UPP, HREYFING NIÐUR, HREYFING ÚT, HREYFING INN og þar fram eftir götunum (sjá Pamies og Iñesta 2000; Pamies 2002). Í orðasambandinu *missa hjartað í buxurnar* stefnir hreyfingin niður á við. Og það á einnig við um *blóðið sem fer niður í hala* (*bajarsele la sangre a los talones a alguien*) hjá Spánverjum þegar þeir verða skelkaðir (samanburðarrannsóknin nær ekki til spænsku eins og hún er notuð í öðrum löndum en Spáni).

4.2 Hræðsla

Lítum nánar á marksviðið *bræðsla* og hvernig hún er látin í ljós í nokkrum orðasamböndum á þessum tveimur tungumálum. Fyrst skal segja frá myndhvörfum þar sem hreyfing niður er undirliggjandi, eða það sem fellur undir *modelo icónico 1* – sem við köllum hér til hægðarauka GRUNNMYND 1.

GRUNNMYND 1 [LÍKAMI] + [HREYFING]

Moreno Cabrera (1997) kemst að þeirri niðurstöðu að í mörgum tungumálum veraldar beiti málnotendur kerfisbundið staðarmynd-

5 Helstu heimildir: Ruiz (1998), García-Page Sánchez (2008), *Orðasambandaskrá Orðabókar Háskóla Íslands*, Jón Hilmar Jónsson (2005), Jón G. Friðjónsson (2006), *Íslensk orðabók* (2002).

hvörfum til að tjá það sem þeir skynja (svengd, hatr, depurð, kulda o.s.frv.). Það gerist þannig að þolandinn birtist annaðhvort sem „aðsetur“ eða „áfangastaður“ tilfinninganna. Með þessa hugmynd Morenos Cabrera í huga er eftirfarandi grunnmynd [LÍKAMI] + [HREYFING] skipt í sex undirflokka eða erkimyndhvörf: *Hræðsla er líkams breyting niður (á við)*, *hræðsla er líkamsbreyting upp (á við)*, *hræðsla er líkamsbreyting inn (á við)*, *hræðsla er líkamsbreyting út (á við)*, *hræðsla er líkamsskjálfti*, *hræðsla er það að geta ekki breytt sig* (Pamies og Iñesta 2000, 2002; Pamies 2001a). Verður nú fjallað stuttlega um hvern flokk fyrir sig.

1. *Hræðsla er líkamsbreyting niður (á við)*

Í erkimyndhvörfunum *hræðsla er líkamsbreyting niður (á við)* á sér stað yfirfærsla eða vörpun sem er í samræmi við hugtaksmyndhvörf sem Lakoff kallar HRÆDSL A ER FALL en einnig mætti setja það undir hugtaksmyndhverfinguna NIÐUR ER MINNA sem aftur á móti felur í sér HRÆDSL A ER SAMDRÁTTUR. Þessi mynd á sér upptök í líkamanum sem fer í keng en slík hreyfing er dæmigerð fyrir hræðsluviðbrögð.

Íslenska: *Missa hjartað í buxurnar, hjartað fer niður í brækur, brökkva saman (af hræðslu), kíkna í hnjálidunum af hræðslu, svitna í hnésbótum.*

Spænska: *Bajársele la sangre a los talones (a alguien)*, ‘missa blóðið niður í hæla’, *encogerse el corazón (a alguien)* ‘hjartað herpist saman (á einhverjum)’, *encogerse el ombligo (a alguien)* ‘naflinn herpist saman (á einhverjum)’.

2. *Hræðsla er líkamsbreyting upp (á við)*

Hér er í grunninn sama mynd og áður var til umfjöllunar nema hvað nú er hreyfingin upp á við. Í tveimur fyrstu dæmunum er hreinlega um eitt og sama orðasambandið að ræða í báðum tungumálunum. Þriðja dæmið er athyglisvert fyrir það að í íslensku er það líkamlegur úrgangur sem hreyfist upp á við til hjartans; í spænsku eru það kynfæri karla sem færast upp (á við) og líkt við hálsbindi á bringu þess sem er óttasleginn.

Íslenska: *Hárin rísa á höfði einhvers, vera með hjartað í hálsinum, fá bland fyrir hjartað.*

Spænska: *Ponersele los pelos de punta (a alguien), 'hárin rísa á höfði einhvers', subírsele el corazón a la garganta 'hjartað fer upp í háls', ponersele los cojones de corbata 'kynfæri karls fara upp að hálsi'.*

3. Hræðsla er líkamsbreyfing inn (á við)

Hræðsla getur í sumum myndum breyst í geranda sem framkvæmir verknaðinn sem um ræðir, í þessu tilviki fer hræðslan á kreik og þrengir sér inn í mannslíkamann. Hér skýtur upp kollinum hugmynd Lakoffs og Johnsons um að LÍKAMINN SÉ ÍLÁT sem eitt-hvað er sett í eða sem fyllist.

Íslenska: *Fyllast skelfingu, fyllast hræðslu, fyllast ótta.*

Spænska: *Tener el miedo metido dentro (del cuerpo) 'hræðslan hefur komið sér fyrir inni (í líkamanum)', entrarle miedo/pánico a alguien 'einhver fyllist hræðslu/skelfingu'.*

4. Hræðsla er líkamsbreyfing út (á við)

Sumir hlutar líkamans og líkamsvessar geta leitað út. Þessi yfirfærsla tengist áður nefndri hugtakslíkingu Lakoffs og Johnsons, LÍKAMINN ER ÍLÁT. Í þessu tilfelli er líkaminn ílát sem tæmist gagnstætt því sem áður var reifað. Í þennan flokk má setja myndhvörf þar sem saur- og þvaglát koma við sögu, þ.e. þegar úrgangur líkamans – þvag og saur – leitar út úr líkamanum en þetta eru sammanleg hræðsluviðbrögð. Orðasambönd sem byggjast á slíkum myndlíkingum falla undir það sem kallast gróft mál hvort sem er í íslensku eða spænsku. Í báðum tungumálum er notkun skrauthvarfa algeng í þeirra stað og er þá sagt að gera í buxurnar eða *hacersele en los pantalones* (Casas Gómez 2000). Væntanlega er það til að draga úr grófleika yrðinganna þótt hugarmyndin sem slík sé enn til staðar. Í spænsku sem og í íslensku er líka sagt að *væta buxurnar* eða *gera í sig* eins og kemur fram hér að neðan.

Íslenska: *Augun standa á stilkum, vera utan við sig af hræðslu, gera í*

brækurnar af hræðslu, gera á sig af hræðslu, gera í sig, skíta á sig af hræðslu, skíta á sig, drulla á sig af hræðslu, vera drullubræddur, vera skíthræddur, míga á sig af hræðslu, vata buxurnar, skíta hjartanu af hræðslu.

Spænska: *Tener los ojos dilatados de miedo* ‘augun standa á stilkum af hræðslu’, *estar fuera de sí de miedo* ‘vera utan við sig af hræðslu’, *cagarse de miedo* ‘kúka á sig af hræðslu’, *estar cagado de miedo* ‘vera drullu-hræddur’, *ciscarse de miedo* ‘tæma görnina af hræðslu’, *bacérselo en los pantalones* ‘gera í buxurnar’, *mearse de miedo* ‘míga á sig af hræðslu’, *tener caguitis/caguetatis* ‘vera með drullu’, *apretar el culo* ‘herpa saman afturendann’.

5. Hræðsla er líkamsskjálfti

Þessi myndlíking byggist á hugmyndinni að *missa stjórn* á líkamanum sem felur einnig í sér eðlileg óttaviðbrögð. Í báðum málunum, sem hér eru borin saman, bregður ýmsum líkamshlutum fyrir í orðasamböndum sem láta í ljós hræðslu með þessum hætti, til að mynda tennur, fætur og hnjáliðir í íslensku, og tennur, fætur og hold í spænsku. Stundum birtast önnur myndhvörf í orðasambandinu þegar skjálftinn er yfirfærður á hluti eða efni eins og sést í spænska orðasambandinu *temblar como un flan* ‘skjálfa eins og karmellubúðingur’.

Íslenska: *Tennurnar glamra uppi í einhverjum af hræðslu, skjálfa af hræðslu/ötta, titra af hræðslu, nötra af hræðslu, skjálfa á beinunum, skjálfa á leggjunum, skjálfa eins og nástrá, röddin skelfur.*

Spænska: *Dar diente con diente* ‘tennurnar skella saman’, *temblar de miedo* ‘skjálfa af hræðslu’, *temblarle las carnes (a alguien)* ‘holdið skelfur/titra’, *estremecerse de miedo* ‘engjast af hræðslu’, *temblarle las piernas (a alguien)* ‘skjálfa á beinunum’, *temblar como un flan* ‘titra eins og karmellubúðingur’, *estar hecho/como un flan* ‘vera eins og karmellubúðingur’, *temblar como una hoja* ‘skjálfa eins og lauf’, *temblar como a zogue* ‘skjálfa/titra eins og kvikasilfur’.

6. Hræðsla er það að geta ekki hreyft sig

Það að geta ekki hreyft sig eða lamast af hræðslu heyrir undir upp-

takasviðið HREYFING. Má líta á myndlíkingarnar sem liggja að baki þessari mynd sem afbrigði af grunnmyndinni [LÍKAMI] + [HREYFING]. Það að tvær andstæðar hugmyndir – hreyfing og hreyfingarleysi – tákni hið sama (*hræðslu*) má skýra sem samsömun við raunveruleikann þar sem hræðsla getur jú valdið hvoru tveggja.

Íslenska: *Stirðna upp af hræðslu (óttu), vera lamaður af skelfingu (óttu, hræðslu), vera stökkefrosinn af hræðslu, vera stjarsfur af hræðslu, fá hjartastopp af hræðslu.*

Spænska: *Quedar petrificado de miedo* ‘verða steinrunninn af hræðslu’, *quedarse clavado de miedo* ‘vera sem niðurnegldur af ótta’, *quedarse sin aliento* ‘standa á öndinni af hræðslu’.

GRUNNMYND 2 [LÍKAMI] + [HITASTIG]

Geðshræringu fylgir breyttur líkamshiti og ekki er óalgengt að manneskjan hitni eða kólni af hræðslu. Það gefur tilefni til að smíða erkimyndhvörf fyrir marksviðið hræðsla. Í mörgum orðasamböndum í báðum tungumálum kemur kuldi við sögu og óbeint tengist kuldi myndlíkingunni *skjálfti* og *lömum* þar sem kuldi stuðlar að skjálfta og kuldi getur einnig leitt til hreyfingarleysis þegar viðkomandi „frys“ af hræðslu. Hið gagnstæða, það að hitna og afleiðingar þess, svitinn, tjáir einnig hræðslu eins og drepíð verður á hér að neðan.

7. *Hræðsla er þegar líkaminn hitnar*

Íslenska: *Svitna af skelfingu.*

Spænska: *Sudar de miedo* ‘svitna af skelfingu’.

8. *Hræðsla er þegar líkaminn kólnar*

Íslenska: *Vera kaldur af hræðslu, kólna upp af hræðslu, blóðið frýs í æðum einhvers.*

Spænska: *Dejar helado a alguien* ‘verða kaldur af hræðslu’, *quedarse*

helado ‘kólna upp’, *helarse la sangre en las venas (a alguien)* ‘blóðið frýs í æðum einhvers’.

9. *Hræðsla er þegar líkaminn hitnar og kólnar í senn*

Það að hitna og kólna í senn eru algeng viðbrögð manneskjunnar þegar hún verður óttaslegin. Þessi viðbrögð eru undirliggjandi í orðasamböndum í bæði spænsku og íslensku:

Íslenska: *Það slær köldum svita um einhvern af hræðslu, það slær út köldum svita á einhverjum.*

Spænska: *Sentir sudores frías* ‘finna kaldan svitann’, *tener sudores frías* ‘það slær köldum svita um einhvern’.

GRUNNMYND 3 [LÍKAMI] + [LITUR]

Litir hafa margvíslega merkingu í menningarsamfélögum veraldar (Wierzbicka 1990) en úr þessum jarðvegi spretta myndlíkingar sem eru aftur á móti grunnurinn að orðasamböndum sem lúta að ýmsum tilfinningum, geðbrigðum og hugaræsingi. Vegna æðsamdráttar verða menn fölrir, nábleikir eða litlausir; menn verða aftur á móti rauðir ef æðarnar tútna út. Í báðum tungumálunum koma fyrir orðasambönd sem undirstrika fölva andlitsins en einnig er talað um að hvítna af hræðslu. Í spænsku kemur gulur litur einnig við sögu til að tjá ótta.

10. *Hræðsla er litaskipti*

Íslenska: *Fölina af skelfingu/ hræðslu, verða fölur sem nár, náfölna, vera náfölnur af skelfingu, hvítna af hræðslu.*

Spænska: *Ponerse pálido* ‘verða fölur’, *ponerse blanco como la cera* ‘verða hvítur sem vax’, *ponerse blanco como el papel* ‘verða hvítur sem pappír’, *quedarse descolorido* ‘verða litlaus’, *ponerse amarillo* ‘verða gulur af hræðslu’.

GRUNNMYND 4 [DÝR]

Samlíkingar við dýr eru frjór jarðvegur fyrir orðasambönd (Nazárenko og Iñesta 1998). Lakoff (1987) bendir á að hér séu á

ferðinni hugtaksmyndhvörfin MANNESKJAN ER DÝR sem gera kleift að smíða kjörgerðir sem endurspeglar ýmsa mannlega eiginleika. Samlíkingar við dýr geta verið heildar- eða deildarmyndhvörf.

11. *Hræddur maður er dýr*

Það vekur athygli að í báðum tungumálum er tilvísun í skjálfandi fugla. Einnig koma hundar við sögu auk lamba, beint í íslensku og óbeint í spænsku í orðasambandinu *verle las orejas al lobo* 'sjá eyru úlfins'. Hér er vísað til úlfins sem vekur ótta hjarðarinnar.

Íslenska: *Leggja á flóttu með skottið á milli fótanna, skjálfa eins og fuglsungi, vera hræddur eins og hundelt lamb, hræddur sem mús, fá gæsa húð af ótta/ hræðslu.*

Spænska: *Achantar el rabo* 'með skottið á milli fótanna', *temblar como un pajarito* 'skjálfa eins og lítill fugl', *verle las orejas al lobo* 'sjá eyru úlfins', *temblar como una liebre cazada* 'skjálfa eins og veiddur héri', *tener un miedo cerval* 'vera eins og hrætt dádýr', *ponérsele a alguien la carne de gallina* 'fá gæsa húð', *tener alguien la carne de gallina* 'vera með gæsa húð'.

GRUNNMYND 5 [EIGN]

Í spænsku eru algeng þau myndhvörf sem taka með sér sögnina *hafa* en alla jafna er notuð sögnin *vera* í íslensku þegar um er að ræða skynjun eða tilfinningar. Spánverjar *hafa* hræðslu og kulda, þorsta, þreytu, sorg og þar fram eftir götunum en Íslendingar *eru* hræddir, þyrstir, þreyttir o.s.frv. Í eftirfarandi orðasamböndum birtast dæmi þess að í spænsku *hefur* manneskjan þessar tilfinningar.

12. *Hræðsla er eign manneskjunnar*

Íslenska: Engin dæmi fundust.

Spænska: *Tener miedo* 'hafa hræðslu', *tener más miedo que siete viejas* 'vera hræddari en sjö gamlar kerlingar', *llevarse un susto padre* 'hafa með sér ofsahræðslu', *pillar un susto* 'næla sér í ótta', *tomarle miedo (a alguien/ a algo)* 'verða hræddur við einhvern/eitthvað'.

13. Hræðsla nær tökum á manneskjunni

Hér er um það að ræða að manneskjan verður gripin ótta eða skelfingu, myndlíking sem liggur nokkrum orðasamböndum til grundvallar í báðum tungumálum.

Íslenska: *Vera yfirtekinn af ótta, gagntekinn af ótta, vera gripinn ótta, vera haldinn ótta, ótti nær tökum á einhverjum.*

Spænska: *Sentirse poseído por el miedo* ‘vera haldinn hræðslu’, *el miedo se apodera de alguien* ‘vera yfirtekinn ótta’, *el miedo se adueña de alguien* ‘óttinn nær tökum á einhverjum’, *caer presa del pánico* ‘vera haldinn skelfingu’, *ser presa del pánico* ‘vera gripinn ótta’.

GRUNNMYND 6 [ÁTÖK]

Í þessum flokki eru orðasambönd og orðtök þar sem óttinn birtist sem árás eða atлага að manneskjunni, það sem ræðst gegn henni. Árás eða atlögu er víða að finna á upptakasviði í fræðunum og er skemmst að minnast hugtaksmyndhvarfa Lakoffs og Johnsons sem í þessu tilfelli eru DEILUR ERU STRÍÐ. Flokkurinn greinist í þrjú undirsvið eða erkimyndhvörf: *Hræðsla ræðst á manneskjuna*, *hræðsla er millistig lífs og dauða* og *hræðsla drepur manneskjuna*.

14. Hræðsla ræðst á manneskjuna

Í spænsku jafnt sem íslensku skjóta upp kollinum orðasambönd þar sem óttinn ræðst á manneskjuna og yfirtekur hana.

Íslenska: *Vera bertekinn af ótta, vera beltekinn af ótta, vera gagntekinn af ótta (og skelfingu), vera yfirbugaður af hræðslu, vera yfirkominn af ótta.*

Spænska: *Ser derrotado por el miedo* ‘vera yfirbugaður af hræðslu’, *ser invadido por el miedo* ‘hræðslan ræðst inn á einhvern’, *ser vencido por el miedo* ‘vera sigraður af ótta’, *estar dominado por el miedo* ‘vera yfirbugaður af ótta’.

15. Hræðsla er að vera hvorki lífs né liðinn

Í báðum tungumálum býr sama myndhverfingin að baki orðasambandinu þegar sagt er að *vera hálfdaður úr hræðslu*.

Íslenska: *Vera nærri dáinn úr hræðslu, vera hálfdaður úr hræðslu.*

Spænska: *Estar medio muerto (de miedo)* ‘vera hálfdaður úr hræðslu’.

16. *Hræðsla drepur manneskjuna*

Hér er svipuð mynd að baki orðasamböndum í báðum tungumálunum. Samkvæmt sérfræðingum (sjá t.d. Margréti Björk Sigurðardóttur 2006) er sá möguleiki fyrir hendi að fólk verði svo óttaslegið að það hreinlega deyi úr hræðslu og má vera að sá veruleiki liggi eftirfarandi orðasamböndum til grundvallar. Þá má hafa í huga að árás endar oft með dauða þess sem ráðist er á.

Íslenska: *Dauðbræddur, deyjja úr hræðslu, dauðskelkaður.*

Spænska: *Estar muerto de miedo* ‘vera dáinn úr hræðslu’, *morirse de miedo* ‘deyjja úr hræðslu’.

4.3 Hungur

Hugtakið *hungur* nær yfir tilfinningu sem er algild í dýraríkinu. Þó er ekki um algilt hugtak að ræða frá sjónarhóli merkingarfræðinnar þar sem orðfræðileg afmörkun getur verið mismunandi eftir tungumálum. Það er ekki svo að í öllum tungumálum sé greint á milli *hungurs* og *þorsta* né heldur er hungur tjáð á sama hátt þegar um menn eða dýr er að ræða. Þá má benda á að orðið *hungur/hambre* á sér ekki jafnheiti í öllum tungumálum heims (Pamies og Iñesta 2002; Penas (ritstj.) 2009). Hins vegar er því ekki að neita að kjarni hugtaksins er tjáður á einn eða annan hátt í öllum heimsins málum (Pamies og Iñesta 2002).

Það þarf ekki að koma á óvart að merkingarsviðið HUNGUR sé frjór jarðvegur fyrir myndmál. Myndhvörf skapa grunninn að ótal orðasamböndum sem lúta að svengd eða hungri hvort sem er í spænsku eða íslensku, eða öðrum tungumálum. Eins og Pamies og Iñesta (2002) benda á má nefna sem dæmi þá vörpun eða yfirfærslu sem á sér stað þegar hungur fær merkinguna ‘löngun’, ‘þrá’, jafnvel ‘græðgi’, í orðasamböndum eins og *hungra í völd* eða *hungra í skemmtun* á íslensku og *hambre de triunfo* ‘hungra í sigur’ eða *hambre*

de riquezas ‘hungra í ríkidæmi’ í spænsku. Yfirfærslan getur einnig verið á hinn veginn, þ.e. *löngun*, þrá fær merkinguna ‘hungur’. Á spænsku er sagt estar *desganado* ef einhver er ‘ekki svangur/hungur-aður’; á íslensku er einnig sagt að *langa ekki í neitt* ‘vera ekki svangur’. Í greiningunni hér á eftir sést nokkuð glögggt að *hungur* er alla jafna marksviðið í myndhvörfum sem búa að baki orðtökunum sem voru skoðuð.


Eins og áður var byrjað á því að viðað sér orðasamböndum sem lúta að marksviðinu hungur í báðum tungumálunum og síðan var þeim skipað niður í flokka og svið í samræmi við hugmyndir Pamies og Iñesta til að freista þess að flokka þau eftir upptakasviðum, grunnmyndum og erkimyndhvörfum. Í *Töflu 2* birtist grunnskemað sem var notað við flokkunina og þá *Mynd 2*.

VERA SVANGUR / HUNGUR				
M A R K S V I Ð : H U N G U R	UPPTAKA-SVIÐ	GRUNN-MYND	ERKIMYNDHVÖRF	M Y N D L Í K I N G A R t.d. 1.1. <i>ganga í hungur-keng</i>
	LÍKAMI HREYFING LITUR DÝR EIGN ÁTÖK HLUTUR	1. [LÍKAMI] + [HREYFING]	1. Hungur er líkamshreyfing niður (á við) 2. Hungur er hljóð frá líkama	
		2. [LÍKAMI] + [LITUR]	3. Hungruð manneskja skiptir litum	
		3. [DÝR]	4. Hungruð manneskja er dýr	
		4. [EIGN]	5. Hungur er eign manneskjunnar	
		5. [ÁTÖK]	6. Hungur kvelur manneskjuna 7. Hungur drepur manneskjuna	
		6. [HLUTUR]	8. Hungruð manneskja borðar hvað sem er	

Tafla 2. Líkan fyrir mark- og upptakasviðið hungur⁶

Hér verður gerð grein fyrir hverjum lið fyrir sig en textinn endurspeglar töfluna sem er hér að ofan. Til að byrja með eru skoðuð orðasambönd sem falla undir grunnmyndina [LÍKAMI] og [HREYFING] en hreyfingin er að þessu sinni einungis niður og inn á við.

6 Byggt á Pamies og Iñesta (2002:183).



Mynd 2. Líkan fyrir mark- og upptakasviðið hungur

GRUNNMYND 1 [LÍKAMI] + [HREYFING]

Maginn kemur alla jafna við sögu í orðasamböndum sem lúta að *hungri* eða *svengd* eins og sést glögglega í spænsku orðasamböndunum *tener el estómago en los pies* ‘vera með magann í fótunum’ og *tener el estómago en los talones* ‘maginn er kominn niður að hælum’ þar sem brugðið er upp mynd af maga sem hefur færst niður. Í íslensku dregst líkaminn saman af hungri og má kalla það hreyfingu fram og niður á við, jafnvel inn á við, þegar einhver *er í keng af hungri* eða *gengur í hungurkeng*. Í spænsku er einnig sagt að *svengdin* komi að utan og þrengi sér inn í líkamann (LÍKAMINN ER ÍLÁT) í orðasamböndum eins og *entrarle hambre (a alguien)* ‘einhver verður svangur’ (‘hungrið smeygir sér inn’).

1. Hungur er líkamsbreyfing niður (á við)

Íslenska: *Vera kviðdreginn af sulti, vera í keng af hungri, ganga í hungurkeng, vera í sultarkeng.*

Spænska: *Tener el estómago en los pies* ‘vera með magann í fótunum’, *tener el estómago en los talones* ‘vera með magann í hælunum’, *entrarle hambre (a alguien)* ‘verða svangur’, *entrarle apetito a alguien* ‘fyllast matarlyst’.

Eitt kunnasta merki um hungur eða svengd er hljóðið sem berst frá görnum eða maga vegna þess að meltingarfærin eru á hreyfingu. Hljóðin eru oftast ekki yfirfærð í dýraríkið og maginn sagður *gelta*, *rymja* eða *öskra* í spænsku; og í íslensku *gaula* eða *urga* garnirnar.

2. Hungur er hljóð frá líkama

Íslenska: *Garnirnar gaula, vera með garnagaul, einhvern golar í görn, vera gutlandi svangur, sulturinn urgar innan í einhverjum.*

Spænska: *Sonarle las tripas (a alguien)* ‘garnirnar gaula’, *ladrar el estómago* ‘maginn geltir’, *rugir el estómago* ‘maginn rymur’, *el estómago emite gritos* ‘maginn öskrar’, *música militar* ‘hermars berst frá maganum’.

GRUNNMYND 2 [LÍKAMI] + [LITUR]

Örfá orðasambönd í spænsku og íslensku gefa til kynna að manneskjan verði litlaus eða skipti litum þegar hún finnur til hungurs. Í spænsku verður maður *fölur af hungri* og hið sama er uppi á teningnum í íslensku, einhver verður *hungurfölur*. Í íslensku verður maður jafnvel gulgrár af hungri eða *glorsoltinn*.

3. Hungruð manneskja skiptir litum

Íslenska: *Vera hungurfölur, vera glorsoltinn.*

Spænska: *Tener el rostro pálido de hambre* ‘vera fölar úr hungri’.

GRUNNMYND 3 [DÝR]

Þegar hungraður maður er ímynd dýra í orðasamböndum er yfirleitt um að ræða vísun í villt dýr (kjötætur) eða húsdýr (grasætur). Spænska er auðugri að orðasamböndum af þessu tagi en íslenska

og fleiri dýrategundir koma við sögu. Það má kannski rekja til fábrotins dýralífs þar sem íslenska er töluð. Þó er ekki annað að sjá en að sum orðasamböndin séu fengin að láni og gildir það jafnt um spænsku sem íslensku þegar sagt er að einhver sé *ljónhungraður* eða *tener más hambre que un león en una huerta* ‘vera soltnari en ljón í grasa-garði’ eða þegar einhver er eins og *hungraður úlfur* í íslensku. Í spænsku koma dýr eins og asni, fló, ormur, köttur og hundur við sögu í orðasamböndunum sem eru til umfjöllunar og oftár en ekki gætir glettni í þeim eins og sést í *tener más hambre que un piojo en una peluca* ‘vera hungraðri en fló í hárkollu’ eða *tener más hambre que el burro de los gitanos* ‘vera soltnari en asni sígaunanna’.

4. *Hungraður manneskja er dýr*

Íslenska: *Vera ljónhungraður, vera eins og hungraður úlfur.*

Spænska: *Tener más hambre que un león en una huerta* ‘vera soltnari en ljón í grasa-garði’, *tener un hambre lobuna* ‘vera eins og hungraður úlfur’, *tener un hambre canina* ‘vera hundsvangur’, *tener más hambre que un lagarto* ‘vera soltnari en ormur’, *tener más hambre que un piojo en una peluca* ‘vera hungraðri en fló í hárkollu’.

GRUNNMYND 4 [EIGN]

Í spænsku eru tilfinningar eða geðshræringar oft látnar í ljós með sögninni *hafa* þar sem í íslensku er notuð sögnin *vera*. Spánverjar *hafa* hræðslu og kulda, þorsta, þreytu, sorg og þar fram eftir göt-unum en Íslendingar *eru* hræddir, þyrstir, þreyttir o.s.frv. Í eftirfarandi orðasamböndum birtast dæmi þess að í spænsku *hefur* mann-eskjan þessar tilfinningar og hugaræsing.

5. *Hungur er eign manneskjunnar*

Íslenska: Engin dæmi fundust.

Spænska: *tener hambre* ‘hafa hungur’, *tener gaza* ‘hafa svengd’, *tener carpanta* ‘hafa sult’.

GRUNNMYND 5 [ÁTÖK]

Fæða er orka sem knýr líkamann áfram. Ef líkaminn fær ekki þá næringu sem honum er nauðsynleg er hætt við að það komi niður á daglegum störfum hans. Líkaminn bregst við á ýmsan hátt en víst er að hann þjáist og örmagnast eins og kemur fram í orðasamböndum í báðum tungumálunum: í spænsku er sagt *sufrir hambre* ‘þjáist af hungri’ og það sama er sagt í íslensku. Í spænsku er hægt að verða svo svangur að maður missi sjónina, *tengo un hambre que no veo*, og í íslensku er það kvalafullt að vera hungraður, maður verður *sársvangur*. Svo hungruð verður manneskjan að hún fellur í yfirlið, *estar desmayado de hambre*, eins og sagt er í spænsku en í íslensku verður maður *örmagna* eða *aðframkominn af hungri*.

6. Hungur kvelur manneskjuna

Íslenska: *Þjáist af hungri, vera sársvangur, liða hungurkvalir, vera örmagna/ aðframkominn af hungri.*

Spænska: *Sufrir hambre* ‘þjáist af hungri’, *el hambre tortura al hombre* ‘hungrið kvelur manneskjuna’, *tengo un hambre que no veo* ‘að sjá ekki fyrir hungri’, *estar desmayado de hambre* ‘vera í yfirliði af hungri’.

7. Hungur drepur manneskjuna

Eins og áður sagði er ekki þrautalaust að vera soltinn eða aðframkominn af hungri og jafnvel að því kominn að *deyja úr hungri* eða *morirse de hambre* eins og sagt er á spænskri tungu. Í spænsku er einnig haft á orði að vera *hálfdaður af hungri* eða *estar medio muerto de hambre*. Eins og sést hér að neðan á íslenskan litríkari orðasambönd en spænskan yfir það að deyja úr sulti.

Íslenska: *Vera dauður úr sulti, drepast úr hungri, deyja úr hungri, farast/ sálast úr hungri, vera (falla) hungurmorða, vera banhungraður, deyja úr sulti og seyru.*

Spænska: *Estar muerto de hambre* ‘vera dauður úr hungri’, *morir(se) de hambre* ‘deyja úr hungri’.

GRUNNMYND 6 [HLUTUR]

Það að leggja sér hvað sem er til munns er merki heils hungurs. Í spænsku er slíkt hungur tjáð með orðasamböndum eins og *comerse los codos* ‘éta eigin olnboga’ og *estar tan hambriento que se come uno hasta las piedras* ‘vera svo illa haldinn af hungri að vera að því kominn að leggja sér grjótið til munns’. Í íslensku er hungrið tjáð með magninu sem viðkomandi gæti hugsað sér að innbyrða til að slá á það, þ.e. éta heilt naut eða heilan hest og þá væntanlega með húð og hári.

8. *Hungruð manneskja borðar hvað sem er*

Íslenska: *Vera svo svangur að geta étið heilt naut, geta étið heilan hest.*

Spænska: *Comerse los codos* ‘éta olnbogana’, *estar que se come las piedras* ‘vera svo svangur að geta lagt sér grjótið til munns’.

4.4 Ofát


Líkaminn bregst við á ýmsan hátt þegar manneskja innbyrðir mat eða drykk. Hér er ætlunin að skoða nánar hvernig viðbrögð líkamans við ofáti eru orðuð og annað sem lýtur að því að innbyrða (of) mikla fæðu. Enn og aftur liggur hugtaksmyndhverfingin LÍKAMINN ER ÍLÁT til grundvallar mörgum þeirra orðasambanda sem hér eru í brennidepli. Að þessu sinni er gengið út frá upptakasviðunum LÍKAMI, HREYFING, LITUR, HITASTIG, HLUTUR, DÝR, MAGN og ÁTÖK sem einnig liggja grunnmyndunum til grundvallar. Erki-myndhvörfin eru á hinn bóginn eftirfarandi: *Að borða mikið er líkamsbreyfing inn á við, að borða mikið er að fylla líkamann, manneskja sem borðar mikið skiptir litum, manneskja sem borðar mikið hitnar, manneskja sem borðar mikið er blutur, manneskja sem borðar mikið er dýr, einstaklingur sem borðar mikið er hópur og að borða mikið er sjálfsárás.*

Í *Töflu 3* gefur að líta upptakasviðin sem stuðst er við, sem og grunnmyndir og erki-myndhvörf, og þar fyrir aftan er *Mynd 3*.

BORÐA OF MIKIÐ / OFÁT

	UPPTAKA-SVIÐ	GRUNN-MYND	ERKIMYNDHVÖRF	
M A R K S V I Ð : O F Á T	LÍKAMI	1. [LÍKAMI] + [HREYFING]	1. Að borða mikið er líkams-hreyfing inn á við	M Y N D L Í K I N G A R t.d. 5.6. <i>vera át-vargur</i>
	HREYFING		2. Að borða mikið er að fylla líkamann	
	LITUR	2. [LÍKAMI] + [LITUR]	3. Manneskja sem borðar mikið skiptir litum	
	HITASTIG	3. [LIKAMI] + [HITASTIG]	4. Manneskja sem borðar mikið hitnar	
	HLUTUR	4. [HLUTUR]	5. Manneskja sem borðar mikið er hlutur	
	DÝR	5. [DÝR]	6. Manneskja sem borðar mikið er dýr	
	MAGN	6. [MAGN]	7. Einstaklingur sem borðar mikið er hópur	
	ÁTÖK	7. [ÁTÖK]	8. Að borða mikið er sjálfsárás	

Tafla 3. Líkan fyrir mark- og upptakasviðið ofát'



Mynd 3. Líkan fyrir mark- og upptakasviðið ofát

7 Byggt á Pamies og Iñesta (2002:171).

GRUNNMYND 1 [LÍKAMI] + [HREYFING]

Alla jafna ber manneskjan fæðuna upp að munni sér og tryggur áður en henni er rennt niður. Sú mynd, sem hér er varpað upp, sýnir hreyfinguna upp á við að munni og inn á við. Einnig er um hreyfingu að ræða þegar maturinn er tugginn eins og sést í spænsku orðasamböndunum hér fyrir neðan.

1. Að borða mikið er líkamshreyfing inn (á við)

Íslenska: *Borða/éta allt sem að kjafði kemur, borða/éta allt sem tönn á festir, gleypa í sig, troða í sig.*

Spænska: *Comer a dos carrillos* ‘borða mikið og hratt’, *comer a cuatro carrillos* ‘borða mikið og ofsahratt’, *tener buen diente* ‘éta allt sem tönn á festir’.

2. Að borða mikið er að fylla líkamann

Líkaminn, öllu heldur maginn, er ílát sem tekur við mat þegar borðað er. Þetta ílát er hægt að fylla, belgja út og troðfylla eins og orðasamböndin í báðum tungumálunum gefa til kynna. Hér er undirliggjandi hreyfing að utan og inn á við.

Íslenska: *Éta fylli sína, éta/ borða magafylli sína, éta/ borða sig saddan, éta sig í belg, éta yfir sig, troða í sig, troða sig út af mat, belgja sig út af mat, éta sig pakksaddan, éta sig fullsaddan, kýla vömbina.*

Spænska: *Darse una panzada* ‘belgja sig út’, *darse un hartazgo* ‘éta sig pakksaddan’, *llenarse la andorga* ‘éta magafylli sína’, *pegarse una hartada* ‘éta sig fullsaddan’, *ponerse hasta las orejas* ‘borða fylli sína (upp að eyrum)’, *ponerse hasta las tetas* ‘borða fylli sína (upp að brjóstum)’, *ponerse hasta los ojos* ‘borða fylli sína (upp að augum)’.

GRUNNMYND 2 [LÍKAMI] + [LITUR]

Að belgja sig út af mat eða drykk getur leitt til þess að menn ekki bara þrútni heldur skipti litum, einkum í andliti. Á spænsku er sagt að manneskja verði fjólublá af miklu áti, *ponerse morado de comer*, í íslensku er haft á orði að menn verði rauðþrútnir af mikilli drykkju.

3. Manneskja sem borðar mikið skiptir litum

Íslenska: Engin dæmi fundust.

Spænska: *Ponerse morado de comer* ‘verða fjólublár af áti’.

GRUNNMYND 3 [LÍKAMI] + [HITASTIG]

Ekki er óalgengt að líkamshitinn hækki eftir miklar máltíðir og segja Spánverjar að manneskjan verði „volg“, *ponerse tibio*. Þetta á hins vegar ekki við um íslenskuna þar sem orðasamband af þessum toga fannst ekki.

4. Manneskja sem borðar mikið hitnar

Íslenska: Engin dæmi fundust.

Spænska: *Ponerse tibio* ‘verða volgur af áti’.

GRUNNMYND 4 [HLUTUR]

Hér eru á ferðinni orðasambönd sem spretta upp af ýkjum (ofhvörf) en í þeim koma fyrir líkingar þar sem sá sem borðar birtist ekki sem lifandi vera heldur hlutur: gámur, poki eða svelgur sem tekur óendanlega við, þ.e.a.s. er botnlaus. Í báðum tungumálunum finnast orðasambönd þar sem þessari hugarmynd er brugðið upp.

5. Manneskja sem borðar mikið er hlutur

Íslenska: *Vera botnlaus, vera matargat, vera gámur, vera hámur, vera hit, vera svelgur, matsvelgur.*

Spænska: *Ser un saco roto* ‘vera matargat (vera eins og götugur poki)’, *ser un saco sin fondo* ‘vera botnlaus (poki)’, *comer como si tuviera la tripa rota* ‘éta eins og gat væri á maganum (vera matargat)’, *comer más que una lima (como una lima)* ‘éta meira en (eins og) ryksuga’, *comer como una lima sorda* ‘éta meira en hljóðlát ryksuga’, *comer más que un sabañón* ‘borða mikið og gleypilega’, *comer como un descosido* ‘borða

mikið og ákaflega', *ponerse como un trompo* 'vera eins og skoppara-kringla', *ser una buena cuchara* 'vera eins og stór ausa'.

GRUNNMYND 5 [DÝR]

Manneskjunni er oft líkt við dýr sem étur mikið og er dýrt á fóðrum. Skepnan getur verið kjötæta (*tígrisdýr, úlfur*) en einnig húsdýr sem er grasæta eða alæta (*hross, svín*). Fuglar koma hér einnig við sögu: *brægammur* í spænsku og *skarfur* í íslensku.

6. Manneskja sem borðar mikið er dýr

Íslenska: *Éta eins og skepna, éta eins og bestía, éta eins og hross, éta eins og svín, éta eins og gaddbestur, éta eins og bestur í afmæli, éta eins og hungraður úlfur, vera átvargur, vera átvagl, vera búrsnati, vera matarkind, matarkogni, matarskepna, mathákur, matgoggur, skarfur.*

Spænska: *Comer como un lobo* 'éta eins og úlfur', *comer como una fiera* 'éta eins og skepna', *comer como una bestia* 'éta eins og bestía', *comer como un animal* 'éta eins og dýr', *comer como un caballo* 'éta eins og hross', *comer más que un caballo* 'éta meira en hross', *comer como un cerdo* 'éta eins og svín', *comer como un buitre* 'éta eins og hræfugl', *comer más que un buitre* 'éta meira en hræfugl', *comer más que un gusano de seda* 'éta meira en silkiormur'.

GRUNNMYND 6 [MAGN]

Hér er varpað upp þeirri mynd að einhver borði svo mikið að það sé á við tiltekinn fjölda fólks og jafnvel herdeild eða heilan her. Magnið, sem er innbyrt, er gefið í skyn með því að nefna fjölda munna sem það annars myndi metta.

7. Einstaklingur sem borðar mikið er hópur

Íslenska: *Éta á við heilan her, éta meira en heill her, borða á við tvo, borða á við fjóra.*

Spænska: *Comer más que un regimiento* 'borða meira en herdeild', *comer (una persona) por siete* 'borða á við sjö'.

GRUNNMYND 7 [ÁTÖK]

Það má ef til vill líta á ofát og ofdrykkju sem illa meðferð á líkam-
anum og jafnvel tala um árás á hann þar sem afleiðingarnar geta
orðið slæmar þótt ýktar séu í orðasamböndum eins og þegar sagt
er að einhver *springi úr ofáti* eða *éti á sig óþrif*. Dæmi um orðasam-
bönd af þessu tagi er allmörg í íslensku. Í spænsku fundust þrjú
orðasambönd þar sem þessi hugarmynd birtist.

8. Að borða mikið er sjálfsárás

Íslenska: *Borða/éta yfir sig, éta á sig gat, springa úr ofáti, borða undir
spreng, éta sig í spreng, éta sig máttlausan, éta á sig óþrif, éta sig í kút, éta sér
til óbóta, éta sér til óhagðar, deyja af ofáti.*

Spænska: *Darse un atracón* ‘éta yfir sig’, *pegarse un atracón* ‘éta sig í
spreng’, *pegarse una comilona* ‘kýla vömbina’, *pegarse una hartada* ‘éta sig
sprengsaddan’.

5 Lokaorð

Í rannsókninni, sem hér er fjallað um, voru borin saman orðasam-
bönd í íslensku og spænsku. Stuðst var við líkan spænsku fræði-
mannanna Pamies og Iñesta (2000, 2002; Pamies 2001a) sem var
smíðað með það fyrir augum að flokka orðasambönd í ólíkum
tungumálum eftir hugtaksmyndhvörfum, og einnig til að fá úr því
skorið hvort þau væru algild eða ekki. Í brennidepli voru orðasam-
bönd sem spretta af viðbrögðum manneskjunnar eða mannslíkam-
ans við ýmsar aðstæður. Samanburðurinn náði til samtals sex mark-
sviða og orðasambanda sem heyra undir þau. Marksviðin voru:
HRÆDSLÁ, HUNGUR, MEGURÐ, OFÁT, REIDI og VINNA. Hér var
gerð grein fyrir þremur þessara sviða: *hræðsla* / *vera hræddur, hungur*
/ *vera svangur og ofát* / *borða of mikið*. Orðasamböndum, sem lúta að
þessum þremur marksviðum, var skipað niður í flokka og svið í
samræmi við hugmyndir áður nefndra fræðimanna, þ.e. upptaka-
svið, grunnmynd og erkimyndhvörf.

Upptakasviðin fyrir marksviðið *hræðsla/vera hræddur* voru sjö: LÍKAMI, HREYFING, HITASTIG, LITUR, DÝR, EIGN og ÁTÖK. Grunnmyndir, sex talsins, voru að hluta samsettar úr þáttum af upptakasviði: LÍKAMI + HREYFING, LÍKAMI + HITASTIG, LÍKAMI + LITUR, DÝR, EIGN og ÁTÖK. Þær greindust í sextán undirsvið eða erkimyndhvörf. Til að mynda deildist grunnmyndin líkami + hreyfing í *breyfing upp, breyfing niður, breyfing út (á við), breyfing inn (á við), líkamsskjálfti, líkamslömun*. Dæmi um hreyfingu út (á við) eru orðasamböndin *míga á sig af hræðslu* og *mearse de miedo* ‘míga á sig af hræðslu’ á spænsku.

Upptakasviðin fyrir *hungur / vera svangur* voru einnig sjö: LÍKAMI, HREYFING, LITUR, DÝR, EIGN, ÁTÖK og HLUTUR; og grunnmyndirnar sex að hluta til samsettar úr þáttum af upptakasviðinu eins og í fyrra tilfellinu: LÍKAMI + HREYFING, LÍKAMI + LITUR, DÝR, EIGN, ÁTÖK og HLUTUR. Hér voru undirsviðin eða erkimyndhvörfin samtals átta. Grunnmyndin LÍKAMI + HREYFING deildist í erkimyndhvörfin *breyfing niður á við* og *hljóð frá líkama (breyfing sem framkallar hljóð)*. Dæmi um hið síðarnefnda eru orðasamböndin *garnirnar gaula* og *ladrar el estómagó* ‘maginn geltir’ á spænsku.

Upptakasviðin fyrir *ofát / borða of mikið* voru samtals átta: LÍKAMI, HREYFING, LITUR, HITASTIG, HLUTUR, DÝR, MAGN og ÁTÖK. Grunnmyndirnar voru sjö og, eins og áður, samsettar úr þáttum af upptaka sviðinu: LÍKAMI + HREYFING, LÍKAMI + LITUR, LÍKAMI + HITASTIG, HLUTUR, DÝR, MAGN og ÁTÖK. Þær deildust í samtals átta erkimyndhvörf. Grunnmyndin LÍKAMI + HREYFING skiptist í erkimyndhvörfin *líkamshreyfing inn á við* og *breyfing sem fyllir líkamann*. Dæmi um hið síðarnefnda eru orðasamböndin *éta magafylli sína* og *llenarse la andorga* ‘fylla á sér magann, éta magafylli sína’ á spænsku.

Eins og var reifað í meginmáli greinarinnar liggja sömu hugtaksmyndhvörf að baki mörgum þeim íslensku og spænsku orða samböndum sem rannsóknin náði til. Spánverjar jafnt sem Íslendingar „gera á sig af hræðslu“, eru „hungurfölir“ og „éta sig í spreng“ ef því er að skipta og tjá tilfinningar sínar og líðan í orðasamböndum sem byggjast á myndhvörfum sem spretta af líkamlegri svörun manneskjunnar við ákveðnar aðstæður. Samanburðurinn á orða-

samböndum í íslensku og spænsku staðfestir svo að ekki verður um villst að í tungumálunum eru mörg orðasambönd af sama meiði og má þar af leiðandi draga þá ályktun að mannleg hugsun sækir sér efnivið í algilt hugrænt gangverk þegar fólk tjáir tilfinningar eins og til dæmis *hræðslu* og jafnvel *hungur* og *ofát*. Samkvæmt rannsóknnum fræðimanna (Penas Ibáñez, Pamies og Iñesta) fyrirfinnast orðasambönd af þessum toga í ýmsum tungumálum og spænska og íslenska skipa sér í þann hóp. Í þessu sambandi má geta þess að Kínverjar „gera á sig af hræðslu“ og sama er uppi á teningnum meðal Rússa og hjá Gvaraníum í Suður-Ameríku. Í kínversku er t.a.m. sagt *væta buxurnar af hræðslu* (湿了裤子), á rússnesku *míga á sig af hræðslu* (описать от страха) (Penas Ibáñez og Erla Erlendsdóttir 2014) og Gvaraníar segja *okyhyje okakapa peve* ‘hann hræðist, hann gerir í sig’ (Pamies og Iñesta 2000).

Flokkun orðasambanda með skapalóni Pamies og Iñesta gerir kleift að sýna merkingarvensl þeirra og flokka þau eftir tiltölulega fáum grunnmyndum og erkimyndhvörfum en það auðveldar til muna að bera saman orðasambönd milli tungumála og finna jafngildi þeirra í þeim málum sem um ræðir hverju sinni.

HEIMILDIR

- Bergsveinn Birgisson. 2012. Stuttur kveikur Skalla-Gríms. Tvær umþenkingar um hugræn fræði. *Ritid* 3:43–66.
- Casas Gómez, Miguel. 2000. Tabú de palabra e interdicción conceptual. Í: Antonio Pamies Bertrán og Juan de Dios Luque (ritstj.). *Trabajos de lexicología y fraseología contrastivas*, bls. 79–98. Granada: Método Ediciones.
- Dobrovol'skij , Dimitri og Elisabeth Piirainen. 2006. Cultural knowledge and idioms. *International Journal of English Studies* 6 (1):27–41.
- Fichtner, Bernd. 1992. Metaphor and Learning Activity. Í: Y. Engeström, R. Miettinen og R.L. Punamäki (ritstj.). *Perspectives on Activity Theory*, bls. 314–324. Cambridge: Cambridge University Press.
- García-Page Sánchez, Mario. 2008. *Introducción a la fraseología española. Estudios de las locuciones*. Barcelona: Anthropos.
- Íslensk orðabók. 2002. Ritstj. Mördur Árnason. Reykjavík: Edda.
- Jakob Benediktsson. 1983. Myndhverfing. Í: Jakob Benediktsson (ritstj.). *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 187–188. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands / Mál og menning.
- Jón. G. Friðjónsson. 2006. *Mergur málsins – Íslensk orðatiltæki, uppruni, saga og notkun*. Reykjavík: Mál og menning.
- Jón Hilmar Jónsson. 2005. *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Kövecses, Zoltán. 1995. Anger: Its language, conceptualization and physiology. Í: John R. Taylor og Robert E. MacLaury (ritstj.). *Language and the Cognitive Construal of the World*, bls. 181–196. Berlin / New York: Mouton de Gruyter.
- Lakoff , George. 1987. *Women, Fire and Dangerous Things: What Categories Reveal About the Mind*. Chicago: University of Chicago Press.
- Lakoff, George. 1993. The Contemporary Theory of Metaphor. Í: A. Ortony (ritstj.). *Metaphor and Thought*, bls. 202–251. Cambridge: Cambridge University Press.
- Lakoff, George og Mark Johnson. 2001. *Metáforas de la vida cotidiana*. Madrid: Cátedra.
- Lakoff, George og Zoltán Kövecses. 1987. The cognitive model of anger inherent in American English. Í: Dorothy Holland og Naomi Quinn (ritstj.): *Cultural Models in Language and Thought*, bls. 195–221. Cambridge: Cambridge University Press.
- Luque Durán, Juan de Dios og Francisco José Manjón Pozas. 1998. Fraseología, metáfora y lenguaje taurino. Í: Juan de Dios Luque Durán og Antonio Pamies Bertrán (ritstj.). *Léxico y fraseología*, bls. 43–69. Granada: Departamento de Lingüística General y Teoría de la Literatura de la Universidad de Granada. Serie Collectae.
- Margrét Björk Sigurðardóttir. 2006. Er hægt að deyja úr hræðslu? *Vísindavefurinn* 16.5.2006. <http://visindavefur.is/?id=5934> (20. júní 2014).
- Moreno, J. C. 1997. Tipología y semántica de las construcciones sensitivas. Í: J.A.

- Molina og Juan de Dios Luque (ritstj.). *Estudios de Lingüística General* I, bls. 91–105. Granada: Método Ediciones.
- Nazarenko, Lilia og Eva M^a Iñesta. 1998. Zoomorfismos fraseológicos. Í: Juan de Dios Luque og Antonio Pamies (ritstj.). *Léxico y fraseología*, bls. 101– 109. Granada: Método Ediciones.
- Orðasambandaskrá Orðabókar Háskóla Íslands. Á vefsíðu OH: <http://www.lexis.hi.is/osamb/osamb.pl> (20. júní 2014).
- Pamies Bertrán, Antonio. 2001a. Modelos icónicos y archimetáforas: algunos problemas metalingüísticos en el ámbito de la fraseología. *Language Design. Journal of Theoretical and Experimental Linguistics* 4:75–86.
- Pamies Bertrán, Antonio. 2001b. El concepto de equivalencia cognitiva en fraseografía bilingüe. Í: José A. Sabio, Joëlle Guatelli, Gonzalo Guillén og María Saukó (ritstj.): *Traductología y lingüística aplicada*, bls. 23–31. Granada: Método Ediciones.
- Pamies Bertrán, Antonio. 2002. Fraseología contrastiva y universales metafóricos. *Actas. VII encuentro de profesores de español de Eslovaquia*, bls. 73–86. Bratislava.
- Pamies Bertrán, Antonio og Eva M^a Iñesta. 2000. El miedo en las unidades fraseológicas: enfoque interlingüístico. *Language Design. Journal of Theoretical and Experimental Linguistics* 3:41–76.
- Pamies Bertrán, Antonio og Eva M^a Iñesta. 2002. *Fraseología y metáfora: aspectos tipológicos y cognitivos*. Granada: Granada Lingvistica.
- Penas, M^a Azucena (ritstj.). 2009. *Traducción e Interculturalidad. Aspectos metodológicos, teóricos y prácticos*. Rabat: Universidad Mohamed V de Rabat, Universidad de Bergen de Noruega y Editorial CantArabia.
- Penas Ibáñez, M^a Azucena og Erla Erlendsdóttir. 2014. Ítems léxicos metafóricos de los campos nocionales ‘miedo’, ‘tener hambre’ y ‘comer mucho’ en español, islandés y ruso. *Tonos digital* 26. Á vefsíðu *Tonos digital*: [http://www.um.es/tonosdigital/znum26/ indice26.htm](http://www.um.es/tonosdigital/znum26/indice26.htm) (20. júní 2014).
- Ruiz Gurillo, Leonor. 1998. *La fraseología del español coloquial*. Barcelona: Ariel.
- Wierzbicka, Anna. 1990. The Meaning of Color Terms: Semantics, Culture and Cognition. *Cognitive Linguistics* 1:99–150.
- Wierzbicka, Anna. 1999. Emotional Universals. *Language Design* 2:23–69.
- Wierzbicka, Anna. 2000. Primitivos semánticos y universales léxicos: Teoría y algunos ejemplos. Í: Antonio Pamies Bertrán og Juan de Dios Luque Durán (ritstj.): *Trabajos de lexicografía y fraseología contrastivas*, bls. 1–28. Granada: Departamento de Lingüística General y Teoría de la Literatura de la Universidad de Granada.
- Zanotto, Maria Sophia, H.M. Moura, S. Vereza og Maria Isabel Nardi M. 2002. *A apresentação à Edição Brasileira de Metaphors We Live By*. São Paulo / Campinas: EDUC, Mercado de Letras.
- Þórhallur Eyþórsson. 2012. „Bara hrægammar.“ Myndhvörf hjá Lakoff og Pinker. *Milli mála* 4:243–256.

Með hjartað í lúkunum eða buxunum.

**Um myndhvörf í spænskum og
íslenskum orðasamböndum**

Í þessari grein er fjallað um samanburðarrannsókn á orðasamböndum í spænsku og íslensku. Útgangspunktur rannsóknarinnar eru nokkrar grunnhugmyndir hugrænna málvísinda og merkingarfræði. Hér er notuð aðferð sem spænsku málvísindamennirnir Pamies og Iñesta (2000, 2002, Pamies 2001a) mótuðu til að flokka orðasambönd í ólíkum tungumálum út frá myndhvörfum með það fyrir augum að greina hvort þau væru algild eða ekki. Í ritgerðinni er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum af samanburði á orðasamböndum í spænsku og íslensku sem falla undir sviðin ÓTTI, HUNGUR og OFÁT. Meginniðurstaða samanburðarins er sú að sömu hugtaksmýndhvörf liggja að baki mörgum þeim íslensku og spænsku orðasamböndum sem rannsóknin náði til.

Lykilorð: hugræn fræði - samanburðarrannsókn – spænsk og íslensk orðasambönd

ABSTRACT

With the heart in the hands or in the trousers.

About metaphors in spanish and icelandic phrases

This paper is a comparative study of phrases and idioms in Spanish and Icelandic. Our point of departure are some basic ideas of cognitive linguistics and semantics, and first and foremost the scheme constructed by the Spanish linguist Pamies and Iñesta (2000, 2002, Pamies 2001a) aiming at systematising phrases and expressions of diverse languages based on conceptual metaphors in order to establish whether they are universal or not. The article gives an account of the conclusions drawn from a comparison of idioms concerning FEAR, HUNGER and OVEREATING in Spanish and Icelandic. The main conclusion of the comparison is that the same conceptual metaphors form the basis of many of the Icelandic and Spanish idioms covered by the study.

Keywords: cognitive linguistics – comparative study – Spanish and Icelandic phrases and idioms

Höfundar, þýðendur og ritstjórar

Auður Hauksdóttir (f. 1950) lauk doktorsprófi í dönsku frá Kaupmannahafnarháskóla. Hún er prófessor emeritus við Háskóla Íslands og fyrrum forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Netfang: *auhan@hi.is*

Azucena Penas Ibáñez (1957) lauk doktorsprófi frá Háskólanum í Salamanca, Spáni, og er prófessor í spænskum málvísindum við Autónoma-háskólann í Madrid.

Netfang: *azucena.penas@uam.es*

Dmitrij Dobrovol'skij (f. 1953) lauk doktorsprófi frá Háskólanum í Leipzig, Þýskalandi. Hann er prófessor í rússneskum og þýskum málvísindum, og fræðimaður við Málvísindastofnun Rússnesku Akademiunnar í Moskvu.

Netfang: *dm-dbrv@yandex.ru*

Elisabeth Piirainen (f. 1943 – d. 2017) lauk doktorsprófi frá Westfälische Wilhelms-háskólanum í Münster, Þýskalandi. Hún lagði stund á rannsóknir í orðasambandafræði og samanburðarmálvísindum.

Erla Erlendsdóttir (f. 1958) lauk doktorsprófi í spænskum fræðum frá Háskólanum í Barcelona, Spáni, og er prófessor í spænsku við Háskóla Íslands.

Netfang: *erlaerl@hi.is*

Erla Hallsteinsdóttir (f. 1970) lauk doktorsprófi frá Háskólanum í Leipzig, Þýskalandi, og er dósent í þýsku við Háskólann í Árósum.

Netfang: *eball@cc.au.dk*

Guðrún Kvaran (f. 1943) lauk doktorsprófi frá Georg-August Háskólanum í Göttingen, Þýskalandi. Hún er prófessor emeritus við Háskóla Íslands og fyrrum forstöðumaður orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Netfang: *gudrun.kvaran@arnastofnun.is*

Nuria Frías Jiménez (f. 1987) lauk doktorsprófi í spænskum fræðum frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Sevilla, Spáni.

Netfang: *nfi@hi.is*

Oddný G. Sverrisdóttir (f. 1956) lauk doktorsprófi í þýskum fræðum, málvísindum og norrænu frá Westfälische Wilhelms-háskólanum í Münster og er prófessor í þýsku við Háskóla Íslands.

Netfang: *oddny@hi.is*

Rósa Elín Davíðsdóttir (f. 1981) lauk doktorsprófi í málvísindum frá Sorbonne og Háskóla Íslands. Hún er ritstjóri íslensk-franskrar orðabókar og adjunkt í frönsku við Háskóla Íslands.

Netfang: *rd@hi.is*

Sigrún Ástríður Eiríksdóttir (f. 1954) lauk meistaraþrófi í spænskum og rómönsk-amerískum fræðum frá Edinborgarháskóla og er þýðandi.

Netfang: *sigruneir@hi.is*